Íslenskir radíóamatörar, ÍRA

Stjórn ÍRA starfsárið 2021/22. Ljósmyndin var tekin fyrir utan félagsaðstöðuna í Skeljanesi. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

Skýrsla um starfsemi félagsins 2021/2022

– 75 ára afmæli 14. ágúst 2021 –

Aðalfundur 20. febrúar 2022

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður

Útgefandi: Íslenskir radíóamatörar, ÍRA, pósthólf 1058, 121 Reykjavík.
Tölvupóstfang: ira@ira.is / Vefsíða: http://www.ira.is
Ábyrgðarmaður: Jónas Bjarnason, TF3JB.
Höfundur ljósmynda: Jónas Bjarnson, TF3JB nema annars sé getið.
Heimilt er að birta efni úr skýrslunni en þess skal getið hvaðan það er fengið.
Útgáfudagur: 20. febrúar 2022.

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT 3

STJÓRN ÍRA STARFSÁRIÐ 2021/22 6

FORMÁLI 7

1. STJÓRN, EMBÆTTISMENN OG FUNDIR 9

1.1 Aðalfundur og stjórn 9
1.2 Stjórnarfundir 13
1.2.1 Orðsendingar formanns til stjórnar 14
1.3 Embættismenn 15
1.3.1 Embætti með stoð í lögum 17
1.4 Starfshópar, nefndir og fundir innanlands 20
1.5 Starfshópar, nefndir og fundir erlendis 23
1.5.1 NRAU. 23
1.5.2 IARU Svæði 1, fastanefnd um neyðarfjarskipti 24
1.5.3 NOTA, YOTA og fleira 25
1.5.4 Fjarfundir í NRAU og IARU Svæði 1 26
1.5.5 Heimsókn framkvæmdastjórnar IARU Svæðis 1 27
1.5.5.1 Heimsókn framkvæmdastjórnar IARU Svæðis 1 í Skeljanes 27
1.5.5.2 Samráðsfundur með PFS 28
1.6 Fundargerðir stjórnar og aðalfunda 2018-2021 29
1.6.1 Fundargerðir stjórnarfunda 2018-2021 í ársskýrslum 29
1.6.2 Fundargerðir aðalfunda 2018-2021 í CQ TF 29

2. FÉLAGSAÐSTAÐAN Í SKELJANESI 31

2.1 Framkvæmdir í fundarsal. 31
2.1.1 Innrömmun ljósmynda fyrir 75 ára afmæli ÍRA; hluti af sögu félagsins 33
2.1.2 Nýtt gólfteppi á fundarsal 35
2.2 Framkvæmdir í fjarskiptaherbergi 36
2.2.1 KiwiSDR viðtæki flutt úr Skeljanesi. 36
2.2.2 Tekið til hendinni í fjarskiptaherbergi TF3IRA. 37
2.2.3 Loftnetavinna; loftnet fyrir 160 metra bandið 39
2.2.4 TF3IRA í samband á ný um QO-100 gervitunglið. 40
2.2.5 Hugbúnaðaruppfærsla búnaðar í Skeljanesi. 41
2.2.6 Loftnetavinna; loftnet endurnýjað fyrir 160 metra bandið. 42
2.2.7 Loftnetsvandræði í Skeljanesi. 43
2.2.8 Tekið til í stjórnarskáp í fjarskiptaherbergi. 46
2.2.9 Viðurkenningaskjöl TF3IRA 47
2.2.10 Vinnuaðstaða bætt í fjarskiptaherbergi 47
2.2.11 DXCC viðurkenning TF3EA fest á vegg í fjarskiptaherbergi. 49
2.2.12 Ljósnet tengt í Skeljanesi. 49
2.3 Aðrar framkvæmdir í húsnæði félagsins í Skeljanesi 50
2.3.1 Tiltekt í fordyri, gangi og QSL herbergi. 53
2.4 Snyrt til við Skeljanes 54
2.4.1 Málað yfir veggjakrot (8. júní). 54
2.4.2 Málað yfir veggjakrot (24. ágúst) 55

3. VETRARDAGSKRÁ; ERINDI Í SKELJANESI 59

3.1 Til upprifjunar 59

4. AÐRIR VIÐBURÐIR Í SKELJANESI 61

4.1 Fimmtudagskvöld í félagsaðstöðunni 61

5. NÁMSKEIÐ OG PRÓF TIL AMATÖRLEYFIS 75

5.1 Námskeið ÍRA til amatörprófs 75
5.1.1 Setning námskeiðs til amatörprófs 22. mars 76
5.1.2 Próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis 5. júní 76
5.1.3 Um námskeiðið 22. mars til 5. júní 78
5.2 Fyrirhugað námskeið yfir netið 4. október til 11. desember 78
5.2.1 Fyrirhugað námskeið yfir netið fellt niður 79
5.3 Undirbúningur nýs námskeiðs í febrúar-maí 2022 79
5.4 Prófkröfur til amatörprófs samkvæmt reglugerð 80
5.5 Hverjir geta gengist undir próf til amatörleyfis á Íslandi? 81
5.6 Framkvæmd munnlegra prófa 82
5.7 Fyrirkomulag ef próftaki glímir við lesblindu 83

6. TF ÚTILEIKAR ÍRA 2021 85

6.1 Keppnisreglur 86
6.2 Verðlaun og viðurkenningar í TF útileikunum 89

7. PÁSKALEIKAR ÍRA 2021 91

7.1 Yfirlit 91
7.1.1 Úrslit 2021; fyrstu þrjú sætin 92
7.1.2 Heildarúrslit 93
7.1.3 Verðlaun í Páskaleikunum 2021 94

8. VHF/UHF LEIKAR ÍRA 2021 97

8.1 Yfirlit 97
8.1.1 Úrslit 2021; fyrstu þrjú sætin 98
8.1.2 Verðlaun og viðurkenningar 98
8.1.3 Lengstu QSO vegalengdir 100
8.1.4 Úrslit samkvæmt heildarstigum 100
8.1.5 Verðlaun í VHF/UHF leikunum 2021 101

9. VITAHELGIN, KALLMERKI OG KEPPNIR 103

9.1 Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 2021 103
9.2 Sérstök kallmerki ÍRA QRV á starfsárinu 104
9.2.1 TF3WARD; 18. apríl 104
9.2.2 TF3IRA; 18. júní 105
9.2.3 TF1IRA; 21.-22. ágúst 105
9.2.4 TF3YOTA; 26.-30. desember 105
9.3 Viðburðir og keppnir; þátttaka frá TF3IRA og TF3W 106
9.3.1 Innlendir keppnisviðburðir 106
9.3.1.1 Páskaleikar ÍRA 106
9.3.1.2 VHF/UHF leikar ÍRA 106
9.3.1.3 TF útileikar ÍRA 106
9.3.2 Alþjóðlegir keppnisviðburðir 106

10. ÚTGÁFUMÁL ... 109

10.1 Yfirlit ... 109
10.2 Félagsritið CQ TF ... 109
10.3 Heimasíðan www.ira.is ... 111
10.4 Facebook síðan Íslenskir radíóamatörar ... 112
10.5 Facebook síða TF3OM; flóamarkaður ... 113
10.6 Póstlisti ÍRA; irapostur@groups.io ... 113
10.7 Aðgangur félagsmanna að tímaritum norrænu systurfélaganna ... 114
10.8 Ávarpsbréf; útgáfa 2022 ... 115
10.9 Kynningarbæklingur; 1. útgáfa 2022 ... 116

11. SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD ... 117

11.1 Viðræður við stjórnvöld ... 117
11.2 Sérheimild á 4 metrum (70.200-70.250 MHz) ... 117
11.3 Sérheimild á 6 metrum (50.000-52.000 MHz) ... 118
11.4 Heimild á 60 metrum (5.351,5-5.366,5 MHz) ... 122
11.5 Sérheimild á 160 metrum (1850-1900 kHz) ... 124
11.6 Nýjar afl- og tíðniheimildir til skoðunar ... 125

12. ENDURVARPAR, STAFVARPAR OG RADÍÓVITAR ... 127

12.1 Yfirlit ... 127
12.2 Endurvarpar ... 128
12.3 Stafvarpar og Internetgáttir ... 130
12.4 Radíóvitar á 50 og 70 MHz ... 131

13. VIÐTÆKI YFIR NETIÐ ... 133

13.1 Yfirlit ... 133
13.1.1 Upplýsingar um tæki og búnað ... 133
13.2 Viðtæki yfir netið; fyrirkomulag og möguleikar ... 133

14. ERLENDIR GESTIR Í SKELJANESI ... 137

15. GJAFIR TIL ÍRA ... 143

15.1 ÍRA fært listaverk að gjöf í tilefni 75 ára afmælis félagsins ... 143
15.2 ÍRA færð gjöf frá SRAL í tilefni 75 ára afmælis félagsins ... 144
15.3 Radíódót af ýmsu tagi (TF3FG) ... 145
15.4 Húsamálning (TF2BE) ... 145
15.5 Radíódót af ýmsu tagi (TF3FG) ... 145
15.6 Álrör og veggfestingar fyrir loftnet (TF3ID) ... 146
15.7 Radíódót af ýmsu tagi (TF3WS) ... 146
15.8 „Cavity“ síur (TF3WS) ... 146
15.9 Radíódót af ýmsu tagi (TF2BE) ... 147
15.10 Radíódót frá dánarbúi TF3GB; sending 2 (TF1GW, TF3AO, TF3PPN) ... 147
15.11 Radíódót frá dánarbúi TF3GB; sending 3 (TF1GW) ... 148
15.12 Radíódót af ýmsu tagi (TF3WS) ... 148
15.13 Yagi loftnet fyrir 2 metra bandið (TF1OL) ... 148
15.14 Radíódót af ýmsu tagi (TF3FG) ... 149
15.15 Radíódót af ýmsu tagi (TF3WS) ... 149
15.16 Diskloftnet með festingum (TF3GZ) ... 149
15.17 Radíódót af ýmsu tagi (TF3WS) ... 150
15.18 Radíódót af ýmsu tagi (TF3FG) ... 150

15.19 Tölvur, tölvuskjáir og radíódót (TF3FG) 151
15.20 Radíódót af ýmsu tagi (TF3FG) 151
15.21 Radíódót af ýmsu tagi (TF3FG) 151
15.22 Gólfteppi á fundarsal (N.N.) 152

VIÐAUKI A FUNDARGERÐIR STJÓRNAR STARFSÁRIÐ 2021/22 153

VIÐAUKI B ÝMIS GÖGN ER VARÐA STARFSÁRIÐ 2021/22 179

LJÓSMYND: VETRARSTEMNING Í SKELJANESI 189

STJÓRN ÍRA STARFSÁRIÐ 2021-2022

Fremri röð: Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri, Guðmundur Sigurðsson TF3GS ritari og Heimir Konráðsson TF1EIN varamaður. Aftari röð: Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA varamaður, Georg Kulp TF3GZ meðstjórnandi, Jónas Bjarnason TF3JB formaður og Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður. Myndin var tekin í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

Formáli

JÓNAS BJARNASON, TF3JB.

Starfsemi félagsins Íslenskir radíóamatörar gekk vel á starfsárinu 2021/22 þrátt fyrir röskun á starfinu vegna Covid-19 faraldursins (annað árið í röð). Að baki góðum árangri er samhent stjórn og áhugasamir félagsmenn.

Óneitanlega var starfsemin í Skeljanesi þó rekin í skugga faraldursins. Engu að síður tókst að halda félagsaðstöðunni opinni allflest fimmtudagskvöld, þótt vissulega hafi verið um að ræða „skertar opnanir“ megnið af árinu. Hér er átt við grímuskyldu, lokun eða takmörkun fjölda félaga í fjarskiptaherbergi TF3IRA og QSL stofu (vegna smæðar herbergja), auk þess fella þurfti niður kaffiveitingar mörg opnunarkvöld. Þegar þetta er skrifað (í janúar) erum við á ný komin í þá stöðu að þurfa að hafa félagsaðstöðuna lokaða, þ.e. frá 13. janúar. En sama staða var uppi þegar lokun var innleidd í Skeljanesi skömmu eftir síðasta aðalfund, þ.e. frá 25. mars 2021. Það jákvæða er þó, að um þessar mundir er talið líklegt að faraldurinn muni gefa eftir þegar liður á árið 2022. Tilhlökkunarefni er, þegar við getum „endurræst“ 30 viðburði á metnaðarfullri vetraráætlun sem hafa beðið frá vorinu 2020 þegar þeim þurfti að fresta.

Árið 2021 var afmælisár þar sem félagið okkar, Íslenskir radíóamatörar, átti 75 ára afmæli. Á stjórnarfundi 22. júní var ákveðið að halda upp á afmælið með því að bjóða félagsmönnum og fjölskyldum þeirra að líta við í Skeljanesi á afmælisdaginn, laugardaginn 14. ágúst á milli kl. 15 og 18 og þiggja veitingar. Afmælisboðið var formlega kynnt í 3. tbl. CQ TF sem kom út 18. júlí. En skjótt skipast veður í lofti því 31. júlí þurfti að taka þá þungbæru ákvörðun að fresta viðburðinum í ljósi vaxandi útbreiðslu Covid-19 faraldursins. Ekki reyndist unnt að efna til afmælisfagnaðarins það sem eftir lifði starfsársins.

ÍRA bárust fjölmargar kveðjur frá félagsmönnum og landsfélögum radíóamatöra um heiminn í tilefni afmælisins. Þar fyrir utan var listaverki veitt móttaka að gjöf frá ORG – Ættfræðiþjónustunni ehf. þann 17. nóvember. Afhending fór fram að viðstaddri stjórn ÍRA. Þá kom Erik Finskas, OH2LAK (TF3EY) færandi hendi með gjöf frá systurfélagi okkar í Finnlandi, SRAL í tilefni afmælisins, sem voru áletraðar morspöllur. Gjöfinni var veitt viðtaka í Skeljanesi að viðstaddri stjórn ÍRA 16. desember.

Kærkominn áfangi náðist í maímánuði þegar Póst- og fjarskiptastofnun veitti íslenskum radíóamatörum auknar aflheimildir í 50-50,5 MHz tíðnisviðinu á 6 metrum, frá og með 1. júní 2021. Gildistími var 3 mánuðir eða til 31. ágúst. G-leyfishafar fengu heimild til að nota allt að 1kW og N-leyfishafar allt að 100W. Þess er að vænta að heimildin verði fest í sessi í uppfærðri reglugerð. Þá var sérheimild á tíðnisviðinu 1850-1900 kHz vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum, endurnýjuð fyrir árið 2022 af Fjarskiptastofu þann 7. desember.

Námskeið ÍRA til amatörprófs 2021 hófst 22. mars og lauk með prófi Póst- og fjarskiptastofnunar 5. júní. Kennsla og próf til amatörleyfis fóru fram í Skeljanesi þar sem HR heimilaði ekki utanaðkomandi starfsemi í skólanum vegna Covid-19. Alls þreyttu fimm próf Póst- og fjarskiptastofnunar 5. júní og náðu fjórir fullnægjandi árangri.

Námskeið yfir netið til amatörprófs var í fyrsta skipti í boði 4. október til 11. desember. Viðamikill undirbúningur var unninn í samvinnu stjórnar og prófnefndar. Þann 28. september þurfti hins vegar að fresta námskeiðinu. Ástæðan var lítil þátttaka, en aðeins þrír höfðu skráð sig og greitt námskeiðsgjald. Fyrirhugað er að bjóða námskeið á ný í vor, bæði í staðar- og fjarnámi.

Hefðbundin verkefni, svo sem samskipti við Póst- og fjarskiptastofnun (Fjarskiptastofa eftir 1. júlí 2021) gengu vel. Samskiptin við erlend systurfélög, NRAU og IARU voru í föstum skorðum og gengu með ágætum. Ráðstefnur NRAU og IARU Svæðis 1 (síðari hluti) voru haldnar yfir netið og heppnuðust vel. NRAU fundurinn var 2. október og ráðstefna IARU var 16.-21. október. Kristján Benediktsson, TF3KB, tengiliður ÍRA tók þátt fyrir hönd félagsins (sbr. ágæta grein hans í 1. tbl. CQ TF 2022).

Þann 12. janúar uppgötvaðist, að einn af þremur fótum turnsins sem heldur uppi OptiBeam Yagi loftneti TF3IRA hafði brotnað frá festingunni, en mjög hvasst hafði verið í Skeljanesi dagana á undan. Vegna þessa hallaði turninn sjáanlega. Hér kom glögglega í ljós hve mikilvægt félaginu er hvað almennir félagsmenn eru reiðubúnir að leggja hönd á plóg, því hugvit og hraðar hendur komu til og var fjarskiptavirkinu bjargað. Sérstakar þakkir til Sigurðar Harðarsonar, TF3WS, Georgs Kulp, TF3GZ og Benedikts Sveinssonar, TF3T fyrir aðkomu að verkefninu. Ennfremur til Henrys A. Hálfdánarsonar, TF3HRY og Þórðar Adolfssonar, TF3DT sem veittu ráðgjöf. Einnig til þeirra mörgu félagsmanna sem höfðu samband til að fylgjast með framvindu verksins og/eða til bjóða fram aðstoð.

KiwiSDR viðtækin yfir netið í Bláfjöllum, á Bjargtöngum og á Raufarhöfn hafa fest sig í sessi. Tvö viðtæki bættust við á árinu. Annars vegar KiwiSDR viðtæki í Vík í Mýrdal (í umsjá TF1TJN) og Airspy R2 SDR viðtæki í Reykjavík (í umsjá TF3CZ). Viðtækið í Vík var flutt að Galtafelli í Flóa 29. janúar. Sama dag var viðtækið í Bláfjöllum tekið niður og er leitað nýrrar staðsetningar. Fyrsti endurvarpinn í 1200 MHz tíðnisviðinu hér á landi var settur upp í Bláfjöllum 19. ágúst. Hann vinnur á 1297 MHz og er tengdur við VHF/UHF endurvarpskerfið í Bláfjöllum/Skálafelli/Mýrum. Búnaður er í eigu TF1A. Þakkir til viðkomandi félagsmanna fyrir dugnað og verðmætt framlag.

Þess má geta að opnunarsíða heimasíðu ÍRA var uppfærð í desember. Í dálknum hægra megin var sett ný fyrirsögn: SDR VIÐTÆKI YFIR NETIÐ. Þar undir eru vefslóðir á SDR viðtækin fjögur. Aðeins neðar er fyrirsögnin TENGLAR. Þar undir eru vefslóðir á þrjár nýjustu ársskýrslur ÍRA og þar fyrir neðan er vefslóð á undirsíðu CQ TF sem veitir aðgang að öllum félagsblöðum frá árinu 1964.

Starfsárinu 2021/22 er lokið og fráfarandi stjórn skilar af sér þessari viðamiklu skýrslu um starfsemi félagsins. Eins og lesa má um í skýrslunni, hefur fjöldi félagsmanna komið að starfinu á árinu í ár þrátt fyrir og samhliða Covid-19 faraldrinum. Allt þetta fólk á miklar þakkir skildar fyrir framlag í þágu ÍRA á erfiðum tímum í þjóðfélaginu.

Stjórn ÍRA og embættismenn áttu samskipti og samstarf við fjölmarga á starfsárinu. Eðlilega eru okkar eigin félagsmenn fjölmennastir, en ástæða er til að nefna farsæl samskipti við starfsfólk Póst- og fjarskiptastofnunar/Fjarskiptastofu, aðra opinbera aðila, stofnanir og samtök hér á landi og erlendis, að ógleymdum forsvarsmönnum aðila sem félagið deilir með húsnæði í Skeljanesi. Hér með er komið á framfæri þakklæti og hlýjum kveðjum fyrir okkar hönd til þessa hóps.

Að lokum vil ég sérstaklega þakka samstarfsmönnum mínum í stjórn ÍRA, hverjum og einum fyrir frábært samstarf og ánægjulega persónulega viðkynningu í öllum samskiptum er varða málefni félagsins. Það er erfitt að hugsa sér betri samstarfsmenn sem allir hafa verið virkir og áhugasamir. Þegar við vinnum saman er svo auðvelt að ná árangri og það hefur svo sannarlega sýnt sig í verki á starfsárinu 2021/22.

Reykjavík 7. febrúar 2022,

Jónas Bjarnason, TF3JB,
formaður ÍRA.

1. Stjórn, embættismenn og fundir

AÐALFUNDUR, STJÓRN, EMBÆTTISMENN, FUNDIR OG NEFNDIR.

1.1 AÐALFUNDUR OG STJÓRN.
Aðalfundur ÍRA 2021 var haldinn laugardaginn 13. mars í fundarsal safnaðarheimilis Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík. Embættismenn fundarins voru kjörnir þeir Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS fundarstjóri og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA fundarritari. Alls sóttu 25 félagsmenn fundinn. Fundurinn var settur kl. 13:00 og slitið kl. 13:59.

Jónas Bjarnason TF3JB, formaður ÍRA flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2020/21 á aðalfundinum 13. mars 2021. Ljósmynd: TF3KB.

Í samræmi við 22. gr. félagslaga fór fram kjör í stjórn fyrir starfsárið 2021-2022. Einn var í kjöri til formanns, Jónas Bjarnason, TF3JB og var hann endurkjörinn með lófaklappi. Guðmundur Sigurðsson TF3GS og Jón Björnsson, TF3PW voru kjörnir til setu í stjórn til 2 ára. Varamenn til 1 árs voru endurkjörnir þeir Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Heimir Konráðsson, TF1EIN; allir kjörnir með lófaklappi.

Fyrir sitja í stjórn Georg Kulp, TF3GZ og Óskar Sverrisson, TF3DC sem sitja sitt síðara starfsár 2021/2022. Félagsgjald var samþykkt óbreytt fyrir 2021/22, kr. 6.500.

Stjórnarskiptafundur var haldinn í Skeljanesi 25. mars. Í beinu framhaldi, 1. fundur nýrrar stjórnar sem skipti með sér verkum. Ný stjórn ÍRA var þannig skipuð á starfsárinu 2021/22:

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður.
Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður.
Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, ritari.
Jón Björnsson, TF3PW, gjaldkeri.
Georg Kulp, TF3GZ, meðstjórnandi.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Heimir Kornráðsson, TF1EIN voru kosnir varamenn á aðalfundi.

Formaður og varamenn eru kjörnir til eins árs á aðalfundi. Fundargerð aðalfundar og önnur fundargögn voru birt í 2. tbl. CQ TF, 2021 sem kom út 25. apríl.

Svipmyndir frá aðalfundi 2021.

Aðalfundur 2021. Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri, Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA fundarritari, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS fundarstjóri og Jónas Bjarnason TF3JB formaður. Ljósmynd: TF3KB.

Aðalfundur 2021. Mynd úr fundarsal.

Aðalfundur 2021.
Fremst: Yngvi Harðarson TF3Y, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3 UA og Kristinn Andersen TF3KX.
Fjær: Hinrik Vilhjálmsson TF3VH, Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX og Guðrún Hannesdóttir TF3GD.
Ljósmynd: TF3SB.

Eiður Kristinn Magnússon TF1EM. Ljósmynd: TF3SB.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ. Ljósmynd: TF3SB.

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Heimir Konráðsson TF1EIN og Georg Kulp TF3GZ. Ljósmynd: TF3SB.

Hinrik Vilhjálmsson TF3VH, Kristinn Andersen TF3KX, Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, Guðrún Hannesdóttir TF3GD og Svanur Hjálmarsson TF3AB. Ljósmynd: TF3KB.

Haukur Konráðsson TF3HK, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB, Anna Henriksdóttir TF3VB og Yngvi Harðarson TF3Y. Ljósmynd: TF3KB.

Einar Kjartansson TF3EK, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS.

Fremst: Svanur Hjálmarsson TF3AB, Yngvi Harðarson TF3Y og Mathías Hagvaag TF3MH. Fjær: Erling Guðnason TF3E, Ólafur Örn Ólafsson TF1OL og Kristinn Andersen, TF3KX. Mynd: TF3KB.

Gögn sem lögð voru fram í fundarmöppu á aðalfundi13. mars 2021:

- Dagskrá fundarins samkvæmt 19. gr. félagslaga.
- Sérprentun á lögum félagsins
- Skýrsla um starfsemi ÍRA 2020/21; afhent á prentuðu formi. Ársskýrslan skiptist í 12 kafla og tvo viðauka, auk formála og efnisyfirlits; alls 171 blaðsíða að stærð.
- Ársreikningur ÍRA fyrir rekstrarárið 2020.
- Upplýsingablað um Íslandsmet TF3ML og TF1JI í vegalengd fjarskiptasambands á 1,2 GHz sem sett var í VHF/UHF leikum ÍRA árið 2020 (155 km).



Fundargögn sem lögð voru fram við upphaf aðalfundar ÍRA 13. mars 2021.

Glæsilegir verðlaunagripir ÍRA vegna Íslandsmets þeirra TF3ML og TF1JI í vegalengd fjarskiptasambands á 1,2 GHz sem sett var í VHF/UHF leikunum árið 2020 voru til afhendingar á aðalfundi 2021.

1.2 STJÓRNARFUNDIR.

Stjórn ÍRA hélt alls 7 formlega fundi á starfsárinu 2021/22, auk stjórnarskiptafundar. Fyrsti fundur (fundur 1/2021) var haldinn 25. mars 2021 og síðasti fundurinn (fundur 8/2022) var haldinn 18. janúar 2022. Allir fundirnir voru haldnir í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

Auk formlegra stjórnarfunda sem eru taldir upp í meðfylgjandi töflu, voru haldnir óformlegir fundir stjórnarmanna sín á milli og/eða með embættismönnum, eftir þörfum.

Í samræmi við ákvæði í 9. gr. félagslaga[1] voru samþykktar fundargerðir stjórnar hengdar upp jafnóðum í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Að auki, voru fundargerðir stjórnarfunda birtar í CQ TF. Þá eru fundargerðir starfsársins 2021/22 birtar í Viðauka-A með skýrslu þessari, sem er lögð fram á prentuðu formi á aðalfundi 20. febrúar 2022. Eftir aðalfund er ársskýrslan aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu félagsins.

Yfirlit yfir fundi stjórnar ÍRA á starfsárinu 2021/22.

STJÓRNARFUNDIR	DAGSETNING	FUNDARSTAÐUR
Stjórnarskiptafundur	25. mars	Skeljanes
Fundur 1/2021	25. mars	Skeljanes
Fundur 2/2021	6. maí	Skeljanes
Fundur 3/2021	22. júní	Skeljanes
Fundur 4/2021	31. ágúst	Skeljanes
Fundur 5/2021	28. september	Skeljanes
Fundur 6/2021	17. nóvember	Skeljanes
Fundur 7/2022	18. janúar	Skeljanes

Mynd frá stjórnarfundi 4/2021 í september 2021. Frá vinstri: Georg Kulp TF3GZ meðstjórnandi, Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður, Jónas Bjarnason TF3JB formaður, Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri og Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA varamaður. Á myndina vantar Heimi Konráðsson TF1EIN varamaður sem einnig var á fundinum. Ljósmynd: TF3JON.

[1] 9. grein laga (hluti greinarinnar sem m.a. varðar fundargerðir). Ritari sér til þess að bréfleg erindi fái afgreiðslu, sinnir fundargerðum og heldur gögnum til haga. Skrifi aðrir í nafni félagsins er þeim skylt að láta ritara í té eintak. Ritari sér til þess að afrit af fundargerðum og erindum sem varða marga liggi jafnóðum fyrir í félagsaðstöðu.

1.2.1 Orðsendingar formanns til stjórnar.

Á starfsárinu var haldið áfram því fyrirkomulagi sem hafið var á fyrra starfsári (2020/21) að formaður sendi orðsendingar til stjórnarmanna í tölvupósti um það sem efst var á baugi í félaginu – eftir því sem málefni kölluðu eftir. Markmiðið var að halda mönnum upplýstum. Meginástæða var, að vegna faraldursins áttu stjórnarmenn þess ekki kost að hittast í félagsaðstöðunni á opnunarkvöldum eins og fyrir Covid-19, m.a. til að bera saman bækur sínar.

Orðsendingarnar voru því farvegur fyrir áframhaldandi aukið/virkt samráð á starfsárinu, enda hafði þessi nýbreytni komið vel út. Orðsendingarnar voru einnig prentaðar út og afhentar í möppu með fundargögnum á næsta stjórnarfundi. Formið er ein A4 blaðsíða í hvert skipti.

Á tímabilinu 25. mars 2021 til 20. febrúar 2022 voru sendar alls 145 orðsendingar af þessu tagi til stjórnarmanna ÍRA.

Orðsendingar formanns til stjórnarmanna ÍRA á milli stjórnarfunda 25.3.2021-16.2.2022.

MÁNUÐUR / ÁR	FJÖLDI	DAGSETNING ORÐSENDINGA
Mars 2021	1	30.3.
Apríl 2021	12	4., 7., 12., 14., 15., 17., 18., 21., 25., 26., 29. og 30.4.
Maí 2021	13	5., 7., 8., 11., 12., 15., 17., 19., 21., 25., 28., 29. og 31.5.
Júní 2021	15	2., 3., 4., 5., 6., 8., 10., 11., 12., 14., 16., 23., 24., 27. og 29.6.
Júlí 2021	18	1., 2., 4., 6., 8., 11., 13., 15., 17., 19., 20., 24., 25., 27., 28., 29., 30. og 31.7.
Ágúst 2021	15	3., 4., 5., 9., 10., 14., 16., 17., 18., 19. 20., 21., 23., 24. og 26.8.
September 2021	13	1., 3., 6., 7., 10., 14., 16., 17., 18., 22., 23. og 26. og 29.9.
Október 2021	14	1., 4., 6., 7. 9., 11., 12., 14., 16., 18., 22., 25., 26. og 28.10.
Nóvember 2021	15	1., 6., 8., 9., 11., 18., 20., 22., 24., 25., 26., 27., 29., 30. (fyrri) og 30.11. (síðari).
Desember 2021	12	1., 2., 3., 5., 8., 10., 11., 15., 17., 22., 26. og 30.12.
Janúar 2022	14	4., 6., 11., 12., 13., 16., 20., 22., 25., 26., 28., 29., 30. og 31.1.
Febrúar 2022	3.	3., 9. og 18. 2.



Sýnishorn af 1 blaðsíðu orðsendingu formanns til stjórnar sem send var á 75 ára afmælisdegi ÍRA, 14. ágúst 2021. Vinstra megin á myndinni er yfirlitsblað um orðsendingar sem lagðar voru fram á stjórnarfundi 4/2021; 31. ágúst.

1.3 EMBÆTTISMENN.
Trúnaðarmenn félagsins á starfsárinu 2021/22 voru alls 43 talsins. Þar af voru 8 kosnir á aðalfundi 2021. Af þessum átta voru 5 kosnir í stjórn, þ.e. formaður (TF3JB) og tveir varamenn til eins árs (TF1EIN og TF3UA) og tveir aðalmenn til tveggja ára (TF3GS og TF3PW). Tveir aðalmenn voru fyrir í stjórn sátu sitt síðara tímabil í stjórn á starfsárinu 2021/22 (TF3DC og TF3GZ). Ennfremur voru kosnir 2 skoðunarmenn reikninga (TF3HK og TF3Y) og 1 til vara (TF3VS) á aðalfundinum, allir til eins árs.

Stjórn ÍRA framlengdi skipan 33 félaga í embætti fyrir starfsárið 2021/22 vegna endur-skoðunar embættismannakerfis félagsins. Tillaga um verkefnið hafði verið samþykkt á 4. stjórnarfundi fyrra starfsárs (2020/21) 8. september 2020 samkvæmt eftirfarandi bókun: „Stjórn hefur hug á að boða alla embættismenn ÍRA til viðtals og fara yfir starfið. Stjórn hefur til skoðunar, að eiga árlega fund með þessum aðilum sem vinna dýrmæt störf fyrir félagið. Möguleg útfærsla er að viðtöl fari fram t.d. á 2-3 laugardögum. Formanni er falin nánari útfærsla“.

Hugmynd að verkefninu hafði verið kynnt á 3. stjórnarfundi tveimur mánuðum fyrr (18.7.2020). Á þessum tíma óraði engan fyrir hve kóranafaraldurinn átti eftir að verða útbreiddur og langvinnur. Að því kom þess vegna að samþykkja frestun verkefnisins vegna faraldursins. Það var gert á stjórnarfundi 5/2021; 24.11.2020.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar starfsárið 2021/22 (25. mars 2021) var samþykkt að á meðan endurskoðun embættismannakerfis félagsins standi yfir, muni skipan embættismanna (frá fyrra tímabili) gilda.

Vegna faraldursins reyndist hins vegar ekki unnt að hefja endurskoðunina og er því litið til næsta starfsárs, 2022/23 með framkvæmd.

Eftirfarandi atriði um verkefnið komu fram í upphaflegu minnisblaði formanns til stjórnar, sem lagt var fram á stjórnarfundi 4/2020; 8. september:

Mismunandi er hve lengi embættismenn sinna trúnaðarstörfum fyrir félagið í tilteknum embættum eða nefndum, enda áhugi og tími aflögu til að sinna félagsmálum mismunandi eftir aðstæðum hvers og eins. Undirritaður er þeirrar skoðunar, að mikilvægt sé að hafa festu í störfum félagsins og hrófla ekki við embættisskipan ef félagsmaður er ánægður í embætti og stjórn félagsins álítur að störf hans í nafni félagsins séu vel úr hendi leyst.

Á hinn bóginn finnst mér hafa ríkt ákveðið sambandsleysi í samskiptum okkar við embættismenn félagsins sem þarf að lagfæra. Í því sambandi verður mér hugsað til fyrsta fundar sem nokkru sinni hafði verið haldinn með stjórn ÍRA og prófnefnd, sem við héldum 18. ágúst 2009. Sá fundur var afar vel heppnaður.

Sú reynsla sem þá fékkst, hefur smám saman mótast í huga mér í þá veru, að taka upp þessa aðferð hvað varðar önnur embætti félagsins. Ég er sannfærður um, að það geti orðið félaginu til framdráttar. Leyfi mér því að leggja fram eftirtaldar tillögur til stjórnar félagsins í dag:

● Stefnt er að endurskoðun á embættismannakerfi félagsins og gera breytingar, reynist þess þörf.

● Með það að markmiði, mun stjórn m.a. eiga fundi á tímabilinu með sérhverjum embættismanna um hans/hennar verksvið.

● Á meðan endurskoðun stendur yfir, mun skipan embættismanna (frá fyrra tímabili) gilda áfram, uns niðurstaða liggur fyrir.

Til skýringar: Í 9. gr. laga er ákvæði um að skiptingu stjórnar og setningu aðstoðarmanna skuli vera lokið svo fljótt sem auðið er og tilkynnt félagsmönnum og PFS. Fyrra ákvæði greinarinnar hefur verið uppfyllt. Hér er aðeins átt við skipan aðstoðarmanna.

Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að hrinda endurskoðun á embættismannakerfinu í framkvæmd á starfsárinu, var útfærsla þessara mikilvægu starfa rædd innan og utan stjórnarfunda. Menn telja t.d. jákvætt, að semja erindisbréf þar sem fram kemur til hvers er ætlast af viðkomandi embættismanni. Hér er átt við texta sem ekki má þó vera lengri en svo að hann rúmist u.þ.b. á hálfri A4 blaðsíðu.

Í fundarhléi á stjórnarfundi 4/2021; 31. ágúst var embættismannakerfið m.a. rætt. Jónas Bjarnason TF3JB formaður og Heimir Konráðsson TF1EIN varamaður. Ljósmynd: TF3JON.

Í fundarhléi á stjórnarfundi 4/2021; 31. ágúst. Georg Kulp TF3GZ meðstjórnandi og Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður. Ljósmynd: TF3JON.

Það er mikilvægt fyrir félagið og viðkomandi félagsmann að ljóst sé, hvaða verkefni falla innan hvaða embættis, enda nauðsynlegt að skil á milli verkefna séu ljós. Hér kemur m.a. einnig til sá þáttur þegar verkefni skarast og „sammengi“ verkefna falla á milli embætta. Það er því mikilvægt að semja embættisbréf í samráði við embættismenn og aðlaga eftir umsögnum þeirra.

Loks eru stjórnarmenn sammála um að mikilvægt sé að ræða við hvern og einn félagsmann sem hefur tekið að sér tiltekið embætti, ekki bara einu sinni heldur með eðlilegu millibili. Ein hugmynd er, að sett verði í lög félagsins að varaformaður annist samskipti við embættismenn félagsins. Þar með væri komin tenging inn í stjórn félagsins. Varaformaður mundi jafnframt fylgjast með starfinu og aðstoða eftir því sem um væri beðið.

Í lögum ÍRA (19. gr.) er tiltekið hvaða mál skuli tekin fyrir á aðalfundi. Í 6. undirlið segir: „Aðrir embættismenn gefa skýrslu um starfsemi sinna embætta". Árum saman hefur nánast verið teljandi á fingrum annarrar handar sá fjöldi embættismanna sem hafa kveðið sér hljóðs á aðalfundi og flutt fregnir af sérsviðum sínum á liðnu starfsári. Verði framangreind breyting gerð á lögum félagsins má ennfremur hugsa sér, að varaformaður gæti aðstoðað embættismenn við skýrslugerð til undirbúnings fyrir flutning á aðalfundi. Loks má spinna hugmyndina áfram á þann veg, að skýrslur embættismanna yrðu í framtíðinni hluti af skýrslu félagsins fyrir hvert starfsár.

Markmiðið með embættiskerfi ÍRA er að dreifa verkefnum til að sérhæfðir félagsmenn geti annast daglega útfærslu/afgreiðslu tilgreindra mála/erinda og geti verið stjórn til ráðgjafar við ákvarðanatöku. Við endurskoðun, er sjálfsagt að líta til fyrirkomulags í þessum efnum hjá systurfélögum okkar í nágrannalöndunum. Markmiðið hlýtur ávallt að vera að efla starfsemi félagsins samhliða því að auka vegsemd og virðingu með faglegri aðkomu sem byggir á hefðum áhugamálsins.

1.3.1 Embætti með stoð í lögum.

Embætti í félaginu sem eiga sér stoð í lögum með tilheyrandi ákvæðum varða sérstaklega stjórn (9. grein) og skoðunarmenn (20. grein). Önnur embætti með tilheyrandi sérákvæðum eru alls fimm: Prófnefnd, EMC nefnd, QSL stjóri, ritstjóri CQ TF og vefstjóri. Hér fyrir neðan er tilvísan í viðkomandi lagagreinar og á næstu síðu er heildarlisti yfir embættismenn ÍRA starfsárið 2021/22.

- **Prófnefnd.** Nefndin er skipuð 5 mönnum. Sérákvæði er um leyfisbréf og útskiptingu, sbr. 24. gr.[2] Líkt og fram kemur í greininni velur nefndin sér sjálf formann.
- **EMC nefnd.** Nefndin er skipuð 3 mönnum. Sérákvæði er um útskiptingu, sbr. 25. gr.[3] Líkt og fram kemur í greininni velur nefndin sér sjálf formann.
- **QSL stjóri.** Sérákvæði er um fjármál, sbr. 26. gr.[4]
- **Ritstjóri CQ TF.** Sérákvæði er um umsjón með söfnum blaðanna, sbr. 27. gr.[5]
- **Vefstjóri.** Sérákvæði er um uppfærslur vefsins, sbr. 28. gr.[6]

[2] 24. grein. Hlutverk prófnefndar félagsins: (1) Halda próf sem ÍRA er falin umsjón með. (2) Veita upplýsingar um prófkröfur og námsefni. Í prófnefnd sitja 5 menn, G-leyfishafar að meirihluta, skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.

[3] 25. grein. Hlutverk EMC-nefndar félagsins (*e. Electro Magnetic Compatibility*): (1) Vera félagsmönnum til aðstoðar um EMC málefni, þ.á.m. truflanir. (2) Fjalla um EMC mál fyrir hönd félagsins sem geta komið frá Póst- og fjarskiptastofnun, IARU eða öðrum. (3) Starfa með stjórnvöldum að úrlausn EMC mála sem tengjast radíóamatörum, óski þau slíks samstarfs. (4) Stuðla að fræðslu félagsmanna um EMC. Í EMC nefnd sitja þrír menn skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.

[4] 26. grein. Reka skal QSL þjónustu fyrir félagsmenn. QSL stjóri er skipaður af stjórn og fer með fjármál þjónustunnar. Reksturinn skal kostaður af hóflegu gjaldi á útsend kort.

[5] 27. grein. Félagið skal halda úti blaði með heitinu CQ TF. Minniháttar útgáfu blaðsins má auðkenna sem fréttabréf. Stjórn skipar ritstjóra. Hann sér til þess að haldið sé saman tveimur söfnum blaðanna, annað aðgengilegt félagsmönnum, en hitt í vörslu ritstjóra á hverjum tíma.

[6] 28. grein. Félagið skal halda úti vefsíðu með heitinu „ira.is". Stjórn skipar vefstjóra. Hann sér til þess að efni vefsins sé uppfært eftir þörfum og aðgengilegt félagsmönnum á hverjum tíma.

EMBÆTTISMENN ÍRA 2021/22; MYNDIR Í STAFRÓFSRÖÐ EFTIR KALLMERKJUM.

Ari Þórólfur, TF1A.

Heimir, TF1EIN.

Elín, TF2EQ.

Óskar, TF3DC.


Vilhjálmur Þór, TF3DX.

Einar, TF3EK.

Gísli, TF3G.

Guðmundur, TF3GS.

Georg, TF3GZ.

Haukur, TF3HK.

Kristinn, TF3KX.

Jónas, TF3JB.

Kristján, TF3KB.

Mathías, TF3MH.

Jón, TF3PW.

Sigurbjörn Þór, TF3SB.

Sæmundur, TF3UA.

Vilhjálmur, TF3VS.


Sigurður, TF3WS.

Yngvi, TF3Y.

Ölvir Styrr, TF3WZ.

Brynjólfur, TF5B.

Hrafnkell, TF8KY.

Árni Freyr, TF8RN.

Embættismenn ÍRA skipaðir á árinu 2021:

5.1.2021: Jón Björnsson, TF3PW, aðstoðarvefstjóri.
22.2.2021: Kristinn Andersen, TF3KX, prófnefnd.
2.3.2021: Yngvi Harðarson, TF3Y, prófnefnd.

Stjórn og embættismenn ÍRA starfsárið 2021/22.

EMBÆTTI	NAFN	KALLMERKI	LEYFISBRÉF
Kjörnir á aðalfundi			
Formaður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
Varaformaður	Óskar Sverrisson	TF3DC	99
Ritari	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS	251
Gjaldkeri	Jón Björnsson	TF3PW	451
Meðstjórnandi	Georg Kulp	TF3GZ	301
Varamaður	Sæmundur E. Þorsteinsson	TF3UA	90
Varamaður	Heimir Konráðsson	TF1EIN	177
Skoðunarmaður reikninga	Yngvi Harðarson	TF3Y	89
Skoðunarmaður reikninga	Haukur Konráðsson	TF3HK	215
Skoðunarmaður reikninga, til vara	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	TF3VS	235
Skipaðir af stjórn			
Prófnefnd, formaður	Kristinn Andersen *(frá 22.2.2021)*	TF3KX	91
- prófnefnd	Vilhjálmur Þór Kjartansson	TF3DX	44
- prófnefnd	Einar Kjartansson	TF3EK	308
- prófnefnd	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	TF3VS	235
- prófnefnd	Yngvi Harðarson *(frá 2.3.2021)*	TF3Y	89
EMC nefnd, formaður	Sæmundur E. Þorsteinsson	TF3UA	90
- EMC nefnd	Gísli Gissur Ófeigsson	TF3G	105
- EMC nefnd	Yngvi Harðarson	TF3Y	89
Ritstjóri CQ TF og formaður ritnefndar	Sigurbjörn Þór Bjarnason	TF3SB	69
- ritnefnd	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
- ritnefnd	Óskar Sverrisson	TF3DC	99
- ritnefnd	Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson	TF3VS	235
Vefstjóri	Ölvir Styrr Sveinsson	TF3WZ	438
- Aðstoðarvefstjóri	Jón Björnsson *(frá 5.1.2021)*	TF3PW	451
Viðurkenningastjóri	Brynjólfur Jónsson	TF5B	125
VHF stjóri	Guðmundur Sigurðsson *(frá 27.5.2020)*	TF3GS	251
Stöðvarstjóri félagsstöðvar	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
Keppnisstjóri félagsstöðvar	Óskar Sverrisson	TF3DC	99
QSL stjóri TF ÍRA QSL Bureau	Mathías Hagvaag	TF3MH	411
Páskaleikar, umsjónarmaður	Hrafnkell Sigurðsson	TF8KY	423
VHF leikar, umsjónarmaður	Hrafnkell Sigurðsson	TF8KY	423
TF útileikar, umsjónarmaður	Einar Kjartansson	TF3EK	308
Umsjónarmaður námskeiða	Jón Björnsson	TF3PW	451
Umsjónarmaður félagsaðstöðu	Mathías Hagvaag	TF3MH	411
Umsjónarmaður endurvarpa	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS	251
- umsjónarmaður endurvarpa	Sigurður Harðarson	TF3WS	218
- umsjónarmaður endurvarpa	Ari Þórólfur Jóhannesson	TF1A	174
FST tengiliður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
Neyðarfjarskipti, tengiliður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
IARU/NRAU tengiliður	Kristján Benediktsson	TF3KB	41
Ungmennafulltrúi	Elín Sigurðardóttir	TF2EQ	434
YOTA verkefnisstjóri	Elín Sigurðardóttir	TF2EQ	434
- YOTA aðstoðarverkefnisstjóri	Árni Freyr Rúnarsson	TF8RN	447

1.4. STARFSHÓPAR, NEFNDIR OG FUNDIR INNANLANDS.

Á starfsárinu 2021/22 voru haldnir tveir formlegir fundir stjórnar ÍRA með prófnefnd félagsins í Skeljanesi. Sá fyrri var haldinn 10. ágúst og sá síðari 17. ágúst.

Nánar er vikið að forsendum í 5. kafla skýrslunnar og fundargerðir þeirra eru birtar í Viðauka-B. Efnt var til fundanna í kjölfar samþykktar sem gerð var á fundi í stjórn þann 22. júní: "Finna þarf heppilegra fyrirkomulag á námskeiðshaldi. Stefna skal að fundi með prófnefnd. Skoða þarf m.a. möguleikann á að halda námskeið og jafnvel próf yfir netið, sem er gert í sumum löndum. Námsefni þarf að endurnýja".

Fundurinn 10. ágúst var afar vel heppnaður. Ákveðið að stefna að námskeiði yfir netið. Það hefjist í byrjun október. Prófað verði 11. desember. Samþykkt að endurskoða námsefni. Rætt um leiðbeinendur. Samþykkt að námskeiðsgjald hækki í 22 þúsund krónur.

Nauðsynlegar fjárfestingar ræddar. TF3KX sýndi m.a. nýja vefmyndavél. Menn velta fyrir sér samskipta-forritunum Zoom, MS Teams og Google Meet (sem bættist við). Verkefnum var deilt niður á menn. Ákveðið að hittast aftur eftir viku, þriðjudaginn 17. ágúst kl. 18:00 í Skeljanesi.

Útdráttur úr fundargerð Guðmundar Sigurðssonar, TF3GS:

Mynd af fundarborði 10. ágúst í Skeljanesi áður en fundur hófst.

Stjórnarmenn mættir: TF3JB, TF3GS, TF3PW, TF3GZ og TF3UA. TF1EIN og TF3DC boðuðu forföll. Prófnefndarmenn mættir: TF3KX og TF3VS. TF3EK og TF3Y boðuðu forföll.

Tímasetning fyrir næsta próf .
Stefnan er sett á próf til amatörleyfis laugardaginn 11. desember.

Framkvæmdaratriði fyrir næsta námskeið.
- Stjórn ÍRA mun sjá um að auglýsa námskeiði
- Stjórn ÍRA mun sjá um að halda utan um þátttakendalista
- Stjórn ÍRA og námskeiðstjóri munu hafa samband við leiðbeinendur
- Prófnefnd er falið að skoða uppfærslu á námsefni
- Stjórn ÍRA mun sjá um samskipti við Fjarskiptastofu.

Kostir fjarkennslu eða staðkennslu.
- Rætt var um hvað væri hægt að gera mið stöðu mála og hvað aðstaða væri fyrir hendi til að halda námskið. Fundarmenn voru sammála að stefna að því að þetta námskeið verði haldið í fjarkennslu.
- Internet aðgangur, tækjabúnaður, upptaka og staðsetning fyrir kennara. Farið var yfir málið og rætt; ýmsar lausnir. Niðurstaðan var að kennari muni koma í Skeljanes þar sem búnaður verður uppsetur og að hafa tæknistjóra sem getur aðstoða við útsendingu og upptöku.
- Rætt var um helsta hugbúnað sem notaður er við svona viðburði, ZOOM, Teems og Google Meet. TF3VS ætlar að ræða þetta við son sinn (TF3VH) sem er að vinna í málum af þessu tagi.

Sérstakur búnaður við kennslu
TF3KX sýndi myndavél sem hann hefur verið að nota við kennslu hjá sér. Stjórn ætlað að skoða vélar frá þessum framleiðanda.

Kaupa þarf hljóðnema til að hengja á kennarann til að hljóð verði gott. Innbyggði hljóðneminn í fartölvum er ekki mjög góður Passa þarf að lýsing hjá kennara sé í lægi. Skoða þarf hvort kaupa þurfi ljós

Aðdragandi og framkvæmd prófs, þ.e. upplýsingar til próftaka þegar próf nálgast.
- Hjálpargögn til aðstoðar í prófi að tilkynna fyrir 2 vikum fyrir próf (t.d. v/lesblindu).
- Skoða þarf útfærslu á því hvort prófin eigið að vera samliggjandi eða í sitt hvoru lægi eins og nú er.
- Rætt um með hvaða fyrirvara próftakar þurfi að tilkynna um þátttöku til að upplag sé nægilegt af prófum á staðnum.
- Aðstaða fyrir próf þarf að uppfylla þær reglur sem verða á þeim tíma. Samstaða var um að prófið verði ekki á netinu, skoða á með þá sem ekki eru búsettir á suðverstur-horninu hvort aðstaða verði útveguð fyrir próftöku í heimahéraði.

Fundurinn 17. ágúst var ekki síður vel heppnaður en sá fyrri. Lokið var við að ganga frá undirbúningsatriðum fyrir próf yfir netið 4. október.

Útdráttur úr fundargerð Guðmundar Sigurðssonar TF3GS fylgir neðar.

Stjórn ÍRA og prófnefnd á fundi 17. ágúst.

Frá vinstri: Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri og umsjónarmaður námskeiða félagsins, Georg Kulp TF3GZ meðstjórnandi, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS ritari prófnefndar, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA varamaður, Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður, Kristinn Andersen TF3KX formaður prófnefndar, Einar Kjartansson TF3EK prófnefnd, Heimir Konráðsson TF1EIN varamaður og Guðmundur Sigurðsson TF3GS ritari.

Á myndina vantar: Yngva Harðarson TF3Y og Jónas Bjarnason TF3JB, sem einnig voru á fundinum.

Stjórnarmenn mættir: TF3JB, TF3DC, TF3GS, TF3PW, TF3GZ, TF3UA og TF1EIN. Prófnefndarmenn mættir: TF3KX, TF3VS, TF3EK og TF3Y.

Staðir sem bjóða upp á farpróf.
Farið var yfir þá staði sem nú þegar bjóða upp á farpróf, sem eru: Hafnarfjörður, Akureyri og Egilsstaðir. Kostnaður er mismunandi eftir þessum stöðum.

Akureyri tekur að sér að halda próf og þá kostar það 4.000 kr. á virkum degi og um helgar 10.000 krónur. Austurbrú (Egilsstaðir) gamalt verð 60.000 kr. (ekki staðfest). Einar bendir á að fulltrúar félagsins geti tekið að sér að vera á staðnum.

Hugbúnaður.
TF3VS fór yfir kosti mismunandi hugbúnaðar eftir að hafa rætt málið við TF3VH sem er mikið að vinna við þetta. Hinrik mælir með að nota Google Meet. Samþykkt að prófa þennan hugbúnað annað kvöld (18. ágúst). TF3UA boðar til fundarins.

Kaup á búnaði.
Kaupa þarf fartölvu, myndavél og hljóðnema. Stjórn fer í málið og leitar tilboða. Mögulega þarf að kaupa lampa til að fá sem besta lýsingu fyrir myndavélina. Athugað verði með nettengingu í Skeljanesi.

Umsögn um hugbúnað.
Farið yfir reynslu manna hvað varðar mismunandi hugbúnað yfir netið. Meet og Zoon kosta um $20 fyrir stjórnandaleyfi, en notandi er frír.

Kynning á námskeiði.
TF3JB kynnti hugmynd að tilkynningu um námskeiðið sem yrði sett á heimasíðu ÍRA, FB síður og víðar. Var hún rædd og orðalag lagað til og verður hún svo send á menn í tölvupósti eftir fundinn til frekari yfirlestrar.

Námsefni.
Búið er að skoða námsefni frá ýmsum löndum. Ekki er til neitt heildstætt efni en skoða þarf þetta að eins betur og finna þær bækur sem búið var að kaupa og sjá hvaða efni er opið til afnota. TF3JB pantar kennslubók frá EDR. Stefnt er að því að halda námsefninu sem notað hefur verið, en benda kennurum á linka á efni frá öðrum landsfélögum radíóamatöra.

Annað.
Senda þarf póst á kennara og sjá hvort þeir hafi tök á að kenna og hvort þeir hafi áhuga á að kenna námsefni á námskeiðinu í fjarnámi.

Eins og fram kemur í útdrætti úr fundargerð TF3GS (að ofan) frá fundinum 17. ágúst, var samþykkt að fundarmenn hittust aftur kvöldið eftir til að prófa hin mismunandi samskiptaforrit yfir netið til notkunar á námskeiðinu.

Sæmundur TF3UA.

Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA tók að sér að boða fundinn og fer hér á eftir umsögn hans um netfundinn 18. ágúst:

„Við prófuðum Google Meet á miðvikudagskvöldið. Það stóðst allar væntingar, afar einfalt að setja upp fund, gæðin mikil, einfalt að sýna videó bæði á vefsíðu og í skrá, skjalamyndavélin virkaði vel og vandræðalaust. Google Meet er ódýrasti kosturinn sem býðst og held að ég mæli fyrir munn allra sem mættu að við mælum með þeirri lausn. Þær sem mættu voru: TF3UA, TF3Y, TF3GZ, TF3VS og TF3PW. Þakkir til allra sem gátu mætt fyrir þessa niðurstöðu, því allt veltur á góðu samskiptaforriti“.

Auglýsingar um námskeið ÍRA yfir netið voru birtar á heimasíðu félagsins og FB síðum 7., 14., 18., 21. og 25. september, samanber eftirfarandi:

Næsta námskeið ÍRA til amatörleyfis hefst 4. október og lýkur með prófi Fjarskiptastofu 11. desember.

Námskeiðið verður í fjarnámi, þ.e. haldið yfir netið og kennt í gegnum tölvu (eða snjalltæki) þar sem leiðbeinandi og þátttakandi „hittast“ í rafrænni kennslustund gegnum eigin búnað. Notað verður forritið Google Meet.

Kennd verður raffræði, radíótækni, reglugerð og radíóviðskipti. Námskeiðið fer fram þrjá daga í viku, mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga kl. 18:30-21:30.

Skráning hefst í dag, 15. september á heimasíðu ÍRA á „ira hjá ira.is“. Vinsamlegast skráið nafn, kennitölu, heimilisfang og símanúmer. Eftir að skráning er móttekin varða sendar upplýsingar um fyrirkomulag í tölvupósti, svo sem um kennsluefni og fleira.

Námskeiðsgjald er 22.000 krónur. Reikningur: 0116-26-7783 og kennitala: 610174-2809. Vinsamlegast skráið kennitölu í athugasemdir. Þátttakendum er bent á fræðslustyrki stéttarfélaga og Vinnumálastofnunar til að sækja námskeiðið.

Fyrirspurnir má senda á póstfangið ira[hjá]ira.is eða á umsjónarmann, Jón Björnsson, TF3PW á póstfangið nonni.bjorns[hjá]gmail.com

Til grundvallar er reglugerð um starfsemi radíóáhugamanna nr. 348/2004 með síðari breytingum. Vefslóð: https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/samgonguraduneyti/nr/3732

Stjórn ÍRA.

1.5 STARFSHÓPAR, NEFNDIR OG FUNDIR ERLENDIS.

Á starfsárinu 2021/22 voru ekki sóttir fundir erlendis á vegum ÍRA. Líkt og á fyrra starfsári var það Covid-19 faraldurinn sem var þess valdandi að hætt var við fundarhöld þar sem fólk kom saman, auk þess sem ferðalög um heiminn með flugi voru ýmist ekki í boði eða framboð verulega skert samanborið við stöðuna í eðlilegu ári.

Gott dæmi um ástandið er, að þremur stærstu sýningum fyrir radíóamatöra sem haldnar eru um heiminn var öllum aflýst. Það eru Ham Radio í Friedrichshafen í Þýskalandi, Dayton Hamvention í Ohio í Bandaríkjunum og Tokyo Ham Fair í samnefndri höfuðborg Japans. Dayton sýningunni (21.-23. maí) var aflýst 11. janúar, sýningunni í Friedrichshafen (24-25. júní) var aflýst 26. mars og sýningunni í Tokyo (2.-3. október) var aflýst 13. september.

Samskipti á milli fulltrúa landsfélaga radíóamatöra um heiminn á fundum sem varða áhugamálið breyttust því í fjarfundi yfir netið og gekk það ágætlega. Fulltrúar okkar í starfshópum og nefndum á starfsárinu 2021/22 voru Jónas Bjarnason, TF3JB formaður, Óskar Sverrisson, TF3DC varaformaður, Kristján Benediktsson, TF3KB NRAU/IARU tengiliður og Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi.

Jónas Bjarnason TF3JB.

Óskar Sverrisson TF3DC.

Kristján Benediktsson TF3KB.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ.

1.5.1 Nordisk Radio Amatør Union, NRAU.

NRAU eru sameiginlegur vettvangur landsfélaga radíóamatöra á Norðurlöndunum. Aðildarfélög eru EDR (Danmörku), FRA (Færeyjum), ÍRA (Íslandi), NRRL (Noregi), SRAL (Finnlandi) og SSA (Svíþjóð). Samtökin voru stofnuð árið 1935 af Norðurlandafélögunum fjórum, EDR, NRRL, SRAL og SSA. ÍRA og FRA gerðust aðilar síðar, en ÍRA var stofnað árið 1946 og FRA árið 1965.

Í hugum íslenskra radíóamatöra er NRAU e.t.v. þekktast fyrir að halda Scandinavian Activity Contest (SAC) keppnirnar. Aðrar keppnir á vegum NRAU eru NRAU-Baltic keppnirnar og NRAU Activity keppnirnar (NAC) sem eru mánaðarlegar á 28, 50, 70, 144, 432 og 1296 MHz og á 2.3 GHz.

Á starfsárinu 2021/22 voru Jónas Bjarnason, TF3JB og Óskar Sverrisson, TF3DC fulltrúar ÍRA í stjórn og varastjórn Nordisk Radio Amatør Union.[7] Skipan formanns og varaformanns í þessi embætti hjá NRAU fylgist að við skipan stjórnar ÍRA og var því óbreytt frá fyrra starfsári (2020/21).

Enginn formlegur fundur var haldinn í NRAU á starfsárinu vegna faraldursins, en nauðsynleg samskipti fóru fram í tölvupósti.

[7] Heiti NRAU á ensku: Nordic Radio Amateur Union.

1.5.2 IARU Svæði 1, fastanefnd um neyðarfjarskipti.

Á starfsárinu 2021/22 var Jónas Bjarnason, TF3JB fulltrúi ÍRA í fastanefnd IARU Svæðis 1 um neyðarfjarskipti. Fulltrúar alls 48 landsfélaga í IARU Svæði 1 eiga sæti í nefndinni.

Nefndin heldur formlegan fund a.m.k. einu sinni á ári í tengslum við Ham Radio sýninguna í Friedrichshafen í Þýskalandi. Fyrirhuguðum fundi starfsársins, þann 25. júní 2021 var aflýst á sama tíma og Ham radio sýningunni í Friedrichshafen, þann 26. mars vegna Covid-19.

Myndin sýnir hluta þátttakenda á síðasta fundi fastanefndar IARU Svæðis 1 um neyðarfjarskipti (sem haldinn var fyrir Covid-19) í Friedrichshafen 21. júní 2019.

Líkt og á fyrra starfsári (2020/21) voru haldnir tveir fundir yfir netið 15. maí og 29. janúar. Jónas Bjarnason, TF3JB fulltrúi félagsins, sat báða fundina.

Að venju voru fundirnir um margt áhugaverðir, en fjallað var um nýjungar í neyðarfjarskiptum, m.a. um notkun QO-100 gervitunglsins, auk upplýsinga frá félögunum.

Hlutverk neyðarfjarskiptastjóra IARU Svæðis 1 er í meginatriðum í sjö liðum:

Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA og Greg Mossop GØDUB neyðarfjarskiptastjóri IARU Svæðis 1 í Friedrichshafen 22. júní 2019. Ljósmyndir: G7NEH.

- Að halda saman og uppfæra upplýsingar um neyðarfjarskiptagetu aðildarfélaganna.
- Að vinna sem miðstöð upplýsinga um neyðarfjarskiptagetu innan svæðisins gagnvart alþjóðasamtökum og notendum (svo sem Rauða krossinum).
- Að sinna/annast samvinnu við IARU Svæði 2 og 3 um málefni sem varða neyðarfjarskipti.
- Að undirbúa og hafa á takteinum almennar leiðbeiningar um neyðarfjarskipti radíóamatöra.
- Að birta og dreifa upplýsingum um neyðaratburði þar sem radíóamatörþjónustan hefur haft aðkomu.
- Að standa fyrir fundum (þegar telst nauðsynlegt) til að ræða meginatriði og málefni sem varða neyðarfjarskipti radíóamatöra.
- Að standa fyrir æfingum til að kynna og efla alþjóðaneyðarfjarskipti, m.a. með því að tengja saman neyðarfjarskipti radíóamatöra í mismunandi þjóðlöndum.

1.5.3 NOTA, YOTA og fleira.

Á starfsárinu 2021/22 tók Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA þátt í nefndum ungmennastarfs hjá systurfélögum ÍRA á Norðurlöndunum og í ungmennastarfi innan IARU Svæðis 1. Alls á 101 landsfélag radíóamatöra fulltrúa í ungmennastarfinu, en Elín starfaði m.a. að nýjung á vegum vinnuhóps um „12 klukkustunda YOTA keppnir" sem fyrst voru haldnar í maí, júlí og desember 2021; opnar öllum radíóamatörum. Þar er m.a. verðlaunað fyrir sambönd við unga leyfishafa. Þátttaka var góð og er fyrirhugað að halda sambærilega viðburði á komandi árum. Elín tók þátt í keppninni í desember 2021 frá TF3YOTA í Skeljanesi.

Elín tók einnig þátt í „CQ Kids Day" viðburðunum (haldnir á vegum ARRL) 2. janúar og 18. júní. Að auki virkjaði hún TF3YOTA frá félagsaðstöðunni í Skeljanesi í YOTA mánuðinum 2021 (desember). Þar var hún m.a. QRV um ES'hail-2/QO-100 gervitunglið líkt og árið áður.

Myndin sýnir þátttakendur á síðasta YOTA fundi ungmennafulltrúa landsfélaga radíóamatöra í IARU Svæði 1 (sem haldinn var fyrir Covid-19) í Friedrichshafen 22. júní 2019. Elín Sigurðardóttir TF2EQ er í næstneðstu röð.

Fram kom m.a. í skýrslu Elínar við upphaf starfsársins (á aðalfundi 13. mars 2021) að ekki liti vel út hvað varðar ungmennastarfið 2021/22 nema að sigrast verði á Covid-19, enda væri þá þegar ljóst að t.d. „Nordics On The Air, NOTA" verkefnin hafi verið flutt til ársins 2022 líkt og flestir aðrir ungmennaviðburðir landsfélaganna.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi 1. júlí 2021.

1.5.4 Fjarfundir í NRAU og IARU Svæðis 1.

Kristján Benediktsson, NRAU/IARU tengiliður ÍRA tók þátt í fjarfundi Nordisk Radio Amatør Union (NRAU) þann 2. október 2021. Líkt og á fyrra starfsári, var fundurinn haldinn yfir netið (vegna Covid-19 faraldursins). Þar hittust fulltrúar systurfélaganna á Norðurlöndum og „stilltu saman strengi“ landsfélaganna fyrir síðari hluta ráðstefnu Svæðis 1 (2021).

Á starfsárinu tók Kristján einnig þátt í síðari hluta ráðstefnu IARU Svæðis 1 sem haldin var yfir netið (vegna Covid-19 faraldursins) dagana 15.-24. október 2021. Um var að ræða framhald fyrrihluta ráðstefnunnar sem haldin var 11.-16. október 2020 (einnig yfir netið af sömu ástæðum).

Kristján Benediktsson TF3KB sótti síðasta fundi framkvæmdastjórnar IARU Svæðis 1 með fulltrúum landsfélaganna (fyrir Covid-19 faraldurinn) sem haldinn var í Friedrichshafen 21. júní 2019.

Á ráðstefnunni 2021 var m.a. kosin ný framkvæmdastjórn Svæðis 1 og er hún skipuð þessum leyfishöfum:

G2BVN verðlaunin eru æðsta viðurkenning IARU Svæðis 1.

Ole Garpestad LA2RR.

Hans B. Timmerman PB2T.

Formaður: Sylvain Azarian, F4GKR. Varaformaður: Hani Raad, OD5TE. Ritari: Mats Espling, SM6EAN. Gjaldkeri: Andreas Thiemann, HB9JOE. Meðstjórnendur: Ahmad AlHoli, 9K2DB; Joerg Jaehrig, DJ3HW; Alessandro Carletti, IV3KKW; Lisa Leenders, PA2LS og Oliver Tabakovski, Z32TO.

Í lok ráðstefnunnar var tilkynnt um viðtakendur Roy Stevens, G2BVN minningarverðlauna IARU Svæðis 1. Þau féllu í skaut þeirra Ole Garpestad, LA2RR og Hans Blondeel Timmerman, PB2T.

Ole Garpestad, LA2RR var kosinn í framkvæmdastjórn IARU Svæðis 1 árið 1999. Hann gegndi embætti formanns frá árinu 2002 til 2008 og hefur, frá 2009, gegnt embætti varaforseta heimssamtaka landsfélaga radíóamatörfélaga, International Amateur Radio Union, IARU. Ole Garpestad hefur starfað að hagsmunum amatör radíós í meir en 30 ár.

Hans Blondeel Timmerman, PB2T var kosinn í framkvæmdastjórn IARU Svæðis 1 árið 2002. Hann gegndi embætti formanns frá 2008 til 2014. Hann hefur, síðastliðin fjögur ár, gegnt embætti ritara frá 2017 til 2021. Þar á undan var hann í forsvari fyrir ráðgjafarnefnd Svæðis 1 sem fjallar um ytri samskipti, auk þess að sinna ráðgjöf um gervihnattasamskipti frá árinu 2016. Hann hefur, á sama tíma, verið í forsvari fyrir alþjóðaráðgjafanefnd IARU um tíðniskipan fjarskipta um gervitungl á tíðnisviðum radíóamatöra.

Bæði Ole, LA2RR og Hans Blondeel Timmerman, PB2T eru félagsmönnum ÍRA að góðu kunnir. Þeir hafa heimsótt Ísland ótal sinnum og komu t.d. báðir í maí 2013 þegar framkvæmdastjórn IARU Svæðis 1 hélt árlegan fund hér á landi, sbr. næstu blaðsíðu.

1.5.5 Heimsókn framkvæmdastjórnar IARU Svæðis 1 (árið 2013).

Bæði Ole, LA2RR og Hans Blondeel, PB2T eru félagsmönnum ÍRA að góðu kunnir. Þeir hafa báðir heimsótt Ísland ótal sinnum og komu t.d. báðir til Íslands í maí 2013 þegar framkvæmdastjórn IARU Svæðis 1 hélt árlegan fund sinn 5.-7. maí í Reykjavík. Minnisstætt er þegar öll framkvæmdastjórnin, auk maka og annarra erlendra gesta heimsótti ÍRA í Skeljanesi sunnudaginn 5. maí. Þriðjudaginn 7. maí var síðan haldinn sameiginlegur fundur með fulltrúum IARU, IARU Svæðis 1 og ÍRA í húsakynnum Póst- og fjarskiptastofnunar. Umfjöllunarefni fundarins var kynning á fyrirhuguðum tillögum radíóamatörhreyfingarinnar vegna tíðnikvörðunarráðstefnu Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU), WRC-15. Hér á eftir verður heimsóknin og tengdir viðburðir stuttlega rifjaðir upp.

1.5.5.1 Heimsókn framkvæmdastjórnar IARU Svæðis 1 í Skeljanes 5. maí 2013.

Það voru um 20 erlendir gestir sem mættu í Skeljanes sunnudaginn 5. maí 2013 og fór vel á með félagsmönnum Í.R.A. og gestunum, en nær 30 félagsmenn okkar mættu í Skeljanes.

Auk framkvæmdarnefndarmanna IARU Svæðis 1, mættu varaforseti IARU og formaður IARU Svæðis 2 í Skeljanes, en þeir Ole Garpestad, LA2RR og Renaldo Leandro, YV5AM voru gestir fundar Svæðis 1 ásamt Timothy S. Ellam, VE6SH, forseta IARU. Timothy þurfti hins vegar að taka flug til Evrópu síðdegis sama dag, þannig að hann átti þess ekki kost að mæta í Skeljanes.

Erlendu gestirnir ásamt félagsmönnum ÍRA fyrir utan Skeljanes sunnudaginn 5. maí 2013. Ljósmynd: TF3JON.

Jónas Bjarnason, TF3JB formaður ÍRA og Hans Blondeel Timmerman PB2T formaður IARU Svæðis 1. Hans færði formanni ÍRA þessa hollensku tréskó að gjöf sem eru þjóðartákn Hollendinga. Bæði Hans Blondeel og XYL Margreet K2XYL, rituðu kveðjur á gjöfina. Ljósmynd: TF3JON.

Andrés Þórarinsson TF3AM varaformaður ÍRA ásamt Ole Garpestad LA2RR, varaforseta IARU, alheimssamtaka landsfélaga radíóamatöra og XYL Karin Margot Garpestad LA8UW. Ljósmynd: TF3JON.

1.5.5.2 Samráðsfundur með PFS 7. maí 2013.

Sérstakur fundur fulltrúa ÍRA og fulltrúa IARU og IARU Svæðis 1, var haldinn í húsnæði Póst- og fjarskiptastofnunar að Suðurlandsbraut 4 í Reykjavík þriðjudaginn 7. maí. Efnt var til fundarins að ósk fulltrúa IARU og IARU Svæðis 1.

Þeir Ole Garpestad, LA2RR, varaforseti IARU og Hans Blondeel Timmerman, PB2T, formaður framkvæmdastjórnar IARU Svæðis 1 kynntu drög að frumvarpi IARU um nýtt amatörband á 60 metrum (5 MHz) sem síðar var lagt fyrir Alþjóðlega radíófjarskipta-ráðstefnu ITU, WRC-15 *(World Radio-communication Conference)* sem haldin var í Genf í Sviss, 2.-27. nóvember 2015. Einnig var almenn rætt um tíðnimál radíóamatöra. Fundurinn var mjög vinsamlegur.

Þátttakendur á samráðsfundi ÍRA, IARU og IARU Svæðis 1 þann 7. maí 2013. Frá vinstri: Hörður R. Harðarson, sérfræðingur hjá PFS; Þorleifur Jónasson, forstöðumaður tæknideildar PFS; Kristján Benediktsson TF3KB; Jónas Bjarnason TF3JB; Ole Garpestad LA2RR, varaforseti IARU; Hans Blondeel Timmerman PB2T, formaður IARU Svæðis 1; Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA og Bjarni Sigurðsson, sérfræðingur hjá PFS. Ljósmynd: TF3JON.

1.6 FUNDARGERÐIR STJÓRNAR- OG AÐALFUNDA 2018-2022.

Heimasíða félagsins var til uppfærslu á starfsárinu 2021/22. Verkefnið er viðamikið og meðal þess sem er í vinnslu og bíður uppfærslu, eru undirsíður sem halda utan um fundargerðir stjórnar- og aðalfunda á tímabilinu 2018-2022. Vegna seinkunar á verkefninu var gerð sérstök innsetning á heimasíðu og FB síður með ábendingum um, hvar megi finna þessar upplýsingar þar til uppfærslu lýkur.

1.6.1 Fundargerðir stjórnarfunda 2018-2022 í ársskýrslum.

Frá: 20.3.2018 til 16.1.2019; bls. 91-122 í Ársskýrslu 2018/19:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2019/02/20190216-arsskrysla-tf3jb.pdf

Frá: 26.2.2019 til 3.2.2020; bls. 125-155 í Ársskýrslu 2019/20:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/02/15022020-%C3%81rssk%C3%BDrsla-2019-20-pdf.pdf

Frá: 10.2.2020 til 2.3.2021; bls. 135-163 í Ársskýrslu 2020/21:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2021/03/20210313-arsskyrsla_ira-tf3jb.pdf

Frá: 25.3.2021 til 18.1.2022; bls. 149 í Ársskýrslu 2021/22:
Sjá vefslóð á heimasíðu ÍRA: http://www.ira.is

1.6.2 Fundargerðir aðalfunda 2018-2021 í CQ TF.

Aðalfundur ÍRA 2018; bls. 30-32 í 1. tbl. CQ TF 2018:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2018/05/cqtf_32arg_2018_01tbl.pdf

Aðalfundur ÍRA 2019; bls. 18-20 í 2. tbl. CQ TF 2019:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2019/03/cqtf_33arg_2019_02tbl.pdf

Aðalfundur ÍRA 2020; bls. 17-18 í 2. tbl. CQ TF 2020:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/03/cqtf_34arg_2020_02tbl.pdf

Aðalfundur ÍRA 2021; bls. 27-30 í 2. tbl. CQ TF 2021:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2021/04/cqtf_35arg_2021_02tbl.pdf



Samþykktar fundargerðir stjórnar ÍRA eru hverju sinni festar á tilkynningatöflu í fjarskiptaherbergi TF3IRA.

ÚR FÉLAGSSTARFINU.

Sigurður Harðarson TF3WS tók að sér að útvega Arngrími B. Jóhannessyni, TF5AD „græju“ sem mætti nota á milli morslykils og risatölvuskjás samhliða flutningi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands á tónleikum í menningarhúsinu Hofi á Akureyri.

Sigurður leitaði til nokkurra félagsmanna sem og til félagsins. Til að gera langa sögu stutta, komst hann í samband við Hrafnkel Sigurðsson, TF8KY (fyrir milligöngu Guðmundar Inga Hjálmtýssonar, TF3IG) og smíðaði Hrafnkell morsþýðara og gerði kláran. Þess má geta að hann hafði áður smíðað svipað/samskonar tæki fyrir Guðmund Inga.

Á myndinni er Siggi að stilla „morsþýðarann“ í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi 11. október. Lítill skjár er „monteraður“ á kassann með stillitökkum. Síðan var morsað með handlyklinum og „Voila!“ stafirnir birtust á skjá tölvunnar sem og á litlum skjá á tækinu sjálfu. Tækið virkar vel og var prófað að senda bæði orð og kallmerki, punkta og kommur. Skemmtilegt dæmi um gott samstarf á milli félagsmanna.

Slegið á létta strengi í Skeljanesi. Georg Kulp TF3GZ og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A. Myndin var tekin í Skeljanesi 6. október þegar unnið var við loftnet fyrir félagsstöðina TF3IRA.

2. Félagsaðstaðan í Skeljanesi

FUNDARSALUR, FJARSKIPTAHERBERGI, KORTASTOFA OG UMHVERFI.

Aðsókn að félagsaðstöðunni í Skeljanesi var ótrúlega góð á starfsárinu þrátt fyrir að Covid-19 faraldurinn væri verulega til trafala, annað árið í röð. Stjórn félagsins var knúin til að fresta opnunarkvöldum (þó sjaldnar en á fyrra starfsári (2020/21) og ekki opnaðist möguleiki á að „gangsetja“ hefðbundna vetrardagskrá. Halda þurfti fjarskiptaherbergi TF3IRA lokuðu mánuðum saman, þótt síðan opnaðist möguleiki (eftir tilslakanir stjórnvalda) á að bjóða takmarkaðan aðgang (mest 3 félagar) en herbergi QSL stofu á 2. hæð er það lítið að oftast var aðeins í boði að menn gætu (einn í einu) farið þangað til að sækja/skila QSL kortum. Starfsemin sem fór fram í félagsaðstöðunni á starfsárinu var því bundin við „opið hús“.

Umfjöllun og fjölbreytni í þessum kafla skýrslunnar fyrir starfsárið 2021/22 er því keimlík skýrslu fyrra árs að umfangi, en er í raun ekki nema svipur hjá sjón samanborið við umfjöllun í „eðlilegu“ ári sem sjá má í ársskýrslum starfsáranna 2018/19 og 2019/20. Á móti kemur, að ótrúlega margt var gert miðað við aðstæður. Ástæðan er fyrst og fremst lifandi áhugi félagsmanna sem sýna frumkvæði og stjórnar sem leitast við að gera sitt besta.

Í þessum kafla er farið yfir það helsta sem varðar félagsaðstöðuna, svo sem húsnæði og fjarskiptaaðstöðu, þ.m.t. loftnet. Umfjöllunin skiptist í framkvæmdir í fundarsal, fjarskiptaherbergi, sem og aðrar framkvæmdir í húsnæði félagsins, einstakar gjafir til TF3IRA og félagsins, ásamt yfirliti yfir vinnu sem innt var af hendi utanhúss í Skeljanesi. Umfjöllun er í tímaröð þar sem því verður við komið.

2.1 Framkvæmdir í fundarsal.

Eftir töluverðar breytingar í salnum árin 2018, 2019 og 2020 þurfti að þessu sinni eingöngu að uppfæra möppur í tímaritahillum. Svo háttar til að hverju sinni eru fimm árgangar af hverju tímariti hafðir í tiltekinni hillu. Í ár var árgangur 2016 færður í geymslu en merkt ný mappa fyrir 2021. Þannig að tímarit áranna 2017-2020 liggja frammi, auk 2021.



Mynd af tímaritahillum félagsins í fundarsal í Skeljanesi 19. mars 2021.

ÍRA berast tímarit frá alls 11 landsfélögum radíóamatöra. Þar af eru sjö á pappír: Frá ARRL, RSGB, DARC, REF, ARI, USKA og JARL og fjórum rafrænt: Frá SSA, NRRL, EDR og SRAL.

Fimm árgangar (árin 2017, 2018, 2019, 2020 og 2021) eru aðgengilegir í félagsaðstöðunni á prentuðu formi. Það eru QST, RadCom, CQ DL, Radio REF og JARL News.[8] Norrænu tímaritin koma í dag út á rafrænu formi, en sum þeirra voru prentuð til ársins 2013-2015, samanber meðfylgjandi töflu. Hjá okkur, líkt og systurfélögunum á Norðurlöndum, var CQ TF síðast prentað til dreifingar á pappír í apríl 2012.[9]

Viðbót við tímarit sem eru á boðstólum í félagsaðstöðunni í Skeljanesi á starfsárinu 2021/22 er HBradio, sem er félagsblað landsfélags radíóamatöra í Sviss, USKA.[10] Það kemur út 6 sinnum á ári.

Þetta lesefni stendur félagsmönnum til boða öll fimmtudagskvöld, en rafrænn aðgangur að Norrænu blöðunum er í boði á borðtölvu í fjarskiptaherbergi á 2. hæð. Félagsmenn geta ennfremur lesið Norrænu tímaritin í eigin tölvum með aðgengi gegnum heimasíðu félagsins.[11]

Í töflunni er yfirlit yfir tímarit erlendra landsfélaga radíóamatöra sem berast reglulega til félagsins.

TÍMARIT	ÚTGEFANDI	TUNGA	ÚTGÁFUTÍÐNI	PRENTÁRGANGAR	RAFRÆN
QST	ARRL, American Radio Relay League	Enska	1 x mánuði	2014-15-16-17-18	-
RadCom	RSGB, Radio Society of Great Britain	Enska	1 x mánuði	2014-15-16-17-18	-
CQ DL	DARC, Deutscher Amateur-Radio-Club e.V.	Þýska	1 x mánuði	2014-15-16-17-18	-
Radio REF	REF, Reseau des Emetteurs Francais	Franska	1 x mánuði	2014-15-16-17-18	-
HBradio	USKA, Union Schweizerischer Kurzwellen Amateure	Þý/fr/ít.	6 x ári	2021	Frá 2021
Radio Rivista	ARI, Associazione Radioamatori Italiani	Ítalska	1 x mánuði	2014-15-16-17-18	-
QTC	SSA, Föreningen Sveriges Sändareamatörer	Sænska	1 x mánuði	2012-13-14-15 (*til 2016*)	Frá 2016
Amatör Radio	NRRL, Norsk Radio Relæ Liga	Norska	6 x ári	2014-15-16-17 (*til 2018*)	Frá 2018
OZ	EDR, Experimenterende Danske Radioamatører	Danska	6 x ári	2008-09-10-11-12 (*út 2012*)	Frá 2013
Radioamatööri	SRAL, Suomen Radioamatooriliitto	Finnska	1 x mánuði	2009-10-11-12-13 (*til 2013*)	Frá 2013
JARL News	JARL, Japan Amateur Radio League	Japanska	4 x ári	2014-15-16-17-18	-
CQ TF	ÍRA, Íslenskir radíóamatörar	Íslenska	4 x ári	2018, 1. og 2. tbl.	Frá 2012

[8] JARL News berst ársfjórðungslega á prentuðu formi.
[9] Eitt af forgangsverkefnum nýrrar stjórnar sem kosin var á aðalfundi 2018 var að hefja á ný útgáfu félagsblaðsins CQ TF sem þá hafði ekki komið út í fimm ár. Útgáfa CQ TF var hafin því á ný með 1. tölublaði 2018 sem kom út aðeins um 6 vikum eftir aðalfund, eða 29. apríl 2018. Samþykkt var gerð á stjórnarfundi þann 11. júní 2018 að rétt væri að ráðast í prentum 25 eintaka hvers tölublaðs CQ TF sem kemur út. Samþykktir af þessu tagi hafa síðan verið gerðir á 1. stjórnarfundi nýrrar stjórnar eftir aðalfund og var svo einnig á þessu starfsári, þ.e. 25. mars 2021.
[10] 5. Það var Ralf Doerendahl, HB9GKR sem heimsótti Skeljanes í september 2021 og tók eftir því, að félagsblað landsfélags radíóamatöra í Sviss (USKA) HBradio, var ekki á boðstólum fyrir félagsmenn ÍRA. Ralf, sem m.a. er vefstjóri USKA, ræddi við stjórn félagsins eftir að heim kom þar sem ákveðið var að að senda ÍRA mánaðarlega eintak af HBrado frá og með desemberhefti 2021. Þakkir góðar til USKA.
[11] Þessi þjónusta var á ný í boði frá 6. hefti 2021. Félagar þurfa að vera skuldlausir til að nota aðganginn.

2.1.1 Innrömmun ljósmynda fyrir 75 ára afmæli ÍRA; hluti af sögu félagsins.
Sumarið 2021 vann stjórn ÍRA að undirbúningi 75 ára afmælis félagsins þann 14. ágúst. Meðal verkefna var innrömmun svart/hvítra ljósmynda úr sögu félagsins. Þann 23. júlí var innrömmun lokið og voru myndirnar þá hengdar upp í salnum. Sama dag voru endur-innrömmuð DXCC og WAS viðurkenningarskjöl TF3IRA hengd upp í fjarskiptaherbergi.

Ljósmyndirnar úr safni ÍRA í fundarsalnum eru níu talsins og voru upphaflega límdar upp á karton fyrir sýningarbás ÍRA á Alþjóða vörusýningunni í Laugardagshöll árið 1975 og veita áhugaverða innsýn í sögu félagsins. Viðurkenningarnar í fjarskiptaherbergi félagsstöðvar-innar eru fjórar saman (DXCC) og þrjár saman (WAS), samanber frásögn í kafla 2.2.8.

Myndirnar þrjár af frumherjum félagsins hanga á austurvegg í salnum í Skeljanesi.

Þórhallur Pálsson TF5TP (1913-1994).
Þórhallur („Tóti Páls“) var lengst af búsettur á Akureyri. Þórhallur var hvað virkastur íslenskra radíóamatöra um áratuga skeið. Ljósmynd: Vigfús Sigurgeirsson.

Þorsteinn Gíslason TF6GI (1887-1969).
Þorsteinn var búsettur á Seyðisfirði. Hann stóð m.a. að fyrstu þráðlausu sendingum á Íslandi árið 1913.

Einar Pálsson, TF3EA (1914-1973).
Einar var fyrsti formaður ÍRA, fyrsti heiðursfélagi og handhafi leyfisbréfs radíóamatöra á Íslandi nr. 1. Ljósmynd: Pétur Thomsen, TF3PT.

Mynd af safni QSL korta frá íslenskum leyfishöfum sem komið var á framfæri við félagið af aðstandendum [sonar Þórhalls] Stefáns Þórhallssonar TF3S; 21. nóvember 2020.

Á myndinni má t.d. sjá QSL kort TF5TP (neðst til hægri) og QSL kort TF3ST (síðar TF3S) efst. Kortið frá TF5TP er frá árinu 1950.

Sex myndir úr sögu félagsins hanga á suður- og vesturveggjum í salnum í Skeljanesi.

Myndir á suðurvegg.

Sigrún Gísladóttir, TF3YL (1930-2010).
Sigrún var lengst af búsett á Seltjarnarnesi. Hún var fyrsta íslenska konan sem tók próf sem radíóamatör árið 1970. Þess má geta að eiginmaður Sigrúnar var Hallgrímur Steinarsson, TF3HS. Ljósmynd Kristján Magnússon, TF3KM.

Fjarskiptaaðstaða TF7V á Stórhöfða í Vestmannaeyjum í júlí 1975.
Kallmerkið TF7V var virkjað frá Stórhöfða í Vestmannaeyjum sumarið 1975 (tveimur árum eftir gos) þegar sex félagar í ÍRA gerðu ferð til Eyja; TF3AC, TF3AW, TF3AX, TF3KD, TF3SE og TF3SB. Þá hafði forskeytið TF7 verið QRT í aldarfjórðung. Á myndinni má sjá þá Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB og Kristinn Daníelsson, TF3KD**.** Ljósmynd: Guðjón Einarsson, TF3AC.

Vitinn á Stórhöfða í Vestmannaeyjum.
Unnið að uppsetningu loftneta fyrir TF7V. Ljósmynd: Guðjón Einarsson, TF3AC.

Ingibjörg Ósk Kjartansdóttir.
Ingibjörg var radíóskáti í Reykjavík árið 1974 á refaveiðum. Íþrótt sem er vinsæl meðal radíóamatöra og radíóskáta. Þess má geta að bróðir Ingibjargar er Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX. Ljósmynd: Kristján Magnússon, TF3KM.

Myndir á vesturvegg.

Marie Marr.
Marie var búsett í Washington D.C. í Bandaríkjunum og vann að samsetningu og prófun á OSCAR 7 gervitungli radíóamatöra sem einnig má sjá á myndinni. Því var skotið á braut 7. nóvember 1974.

Yngvi Harðarson, TF3Y.
Yngvi er búsettur í Reykjavík. Myndin var tekin þegar hann var yngstur íslenskra leyfishafa, aðeins 14 ára. Hann smíðaði öll sín tæki sjálfur. Ljósmynd: Kristján Magnússon, TF3KM.

2.1.2 Nýtt gólfteppi á fundarsal.

Félaginu barst nýtt gólfteppi í fundarsalinn í Skeljanesi þann 9. desember. Nýja teppið kemur í stað annars sem er minna. Það eldra var fært og sett undir fundarborðið, samanber meðfylgjandi ljósmyndir. Gefandi óskaði að láta nafns síns ekki getið.

Nýja gólfteppið er mun stærra en það eldra og fer vel.

Eldra teppið var flutt og sett undir fundarborðið.

2.2 FRAMKVÆMDIR Í FJARSKIPTAHERBERGI.

Í þessum kafla er gefið yfirlit yfir framkvæmdir í fjarskiptaherbergi TF3IRA á 2. hæð í Skeljanesi á starfsárinu. Sex atriði falla undir þessa flokkun.

- 18. apríl var KiwiSDR viðtækið sem vistað hafði verið til bráðabirgða um 5 mánaða skeið í fjarskiptaherberginu í Skeljanesi flutt til Erlings Guðnasonar, TF3E.
- 20. maí var unnið við gervihnattastöð TF3IRA auk þess sem uppfærslur voru gerðar á búnaði og tengingum.
- 26. júní var loftnet sett upp fyrir 160 metra bandið.
- 25. júlí var gert við sendiloftnet gervihnattastöðvar félagsins.
- 1. og 5. ágúst var stýrikerfi Icom IC-7610 stöðvar félagsins uppfært.
- 6. október voru settar upp nýjar festingar fyrir 160 metra loftnet félagsins.
- Endurinnrammaðar viðurkenningar settar upp 28. júlí.

Fjögur atriði falla undir aðrar framkvæmdir í fjarskiptaherbergi TF3IRA.

- 29. mars til 12. maí var stjórnarskápurinn í fjarskiptaherberginu tekinn í gegn.
- 28. júlí var endurinnrömmuðum DXCC viðurkenningum TF3IRA komið fyrir.
- 2. júlí og 9. ágúst að unnið að almennum endurbótum í fjarskiptaherberginu.
- 27. september var DXCC viðurkenningu TF3EA frá 1948 komið fyrir.

2.2.1 KiwiSDR viðtæki flutt úr Skeljanesi.

KiwiSDR viðtækið sem hafði verið vistað í fjarskiptaaðstöðu ÍRA í Skeljanesi frá 12. desember (2020) var flutt þann 18. apríl og sett upp hjá Erling Guðnasyni, TF3E á heimili hans í Álftamýri í Reykjavík. Viðtækið notaði Cushcraft MA6V stangarloftnet (fyrir 14-54 MHz). Viðtækið var loks flutt úr Álftamýrinni í Bláfjöll þann 30. júlí.

Viðtækið hefur síðan verið vistað í Bláfjöllum í upphituðu húsi og notar 70 metra langt vírloftnet fyrir amatörböndin frá 160 til 10 metra. Unun frá Ultimax 100 er notuð til að taka sýndarviðnám niður í fæðipunkti. Það voru þeir Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Georg Kulp TF3GZ gerðu ferð á fjallið og gengu frá uppsetningu.

Sjá nánar umfjöllun um viðtæki yfir netið í 13. kafla skýrslunnar.

Myndin var tekin þegar viðtækið var sett upp til bráðabirgða í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi. Tækið sjálft er ekki mikið fyrirferðar. Það má sjá lengst til hægri á myndinni.

2.2.2 Tekið til hendinni í fjarskiptaherbergi TF3IRA.
Það var vaskur hópur sem mætti til verka eftir hádegið sunnudaginn 30. maí: Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A; Georg Kulp, TF3GZ og Jónas Bjarnason, TF3JB. Málið var, að fjarskiptaherbergi TF3IRA hafði verið opnað á ný fimmtudaginn 27. maí eftir að hafa verið lokað í tæpt 1 ár vegna Covid-19. Það þótti því ekki seinna vænna en að gera fjarskiptaaðstöðuna klára þótt aðeins þrír félagar hafi mátt vera þar samtímis á þeim tíma (vegna Covid-19). Eftirfarandi var gert:

Diamond SX-200N húsloftnetið komið upp á ný eftir viðgerð.

Kenwood TS-2000 gervihnattastöð TF3IRA var yfirfarin sem og allar tengingar við diskloftnetið. Allt reyndist í góðu lagi, þ.e. kaplar og tengingar, þ.m.t. „transverter“ og fylgibúnaður. Sendiafl mælist hins vegar of lágt og var talið líklegast að um bilun væri að ræða í tengi við GHz sendinetið. Ákveðið var að geyma þá viðgerð.

Georg setti upp Diamond SX-200N VHF/UHF húsloftnetið við Icom IC-208H APRS stöð félagsins, TF3IRA-1Ø (í stað J-póls loftnets). Diamond 200N netið var áður í notkun við félagsstöðina, hafði bilað en Ari Þórólfur annaðist viðgerð.

Ari Þórólfur og Georg skiptu um „ethernet switch“ í herberginu. „Netgear“ rofinn er fjölhæfari og hraðvirkari, auk þess að vera skermaður. Við breytinguna hurfu truflanir á 14 MHz (og öðrum HF böndum) sem áður hafa „plagað“ fjarskiptin frá félagsstöðinni.

Kenwood TS-2000 gervihnattastöð TF3IRA sendi út of lítið afl á 2.4 GHz. Allsherjar bilanagreining var framkvæmd og var staðsett bilun í SMA-tengi við GHz loftnetið (úti við loftnetsdiskinn).

Þeir félagar grisjuðu ennfremur [og skiptu um] snúrur og settu skermaðar að baki fjarskipta-borða A og B. Góð breyting tæknilega en einnig útlitslega.

Georg endurstillti og uppfærði föstu tíðnirnar í Yaesu FT-7900E VHF/UHF stöð TF3IRA. Mikill munur, því nú eru endurvarparnir rétt merktir til aflestrar á stöðinni.

Icom IC-7610 stöð félagsins þarfnast hugbúnaðaruppfærslu úr 1.20 í 1.30. Ekki vannst tími til uppfærslunnar þennan sunnudag og var ákveðið að láta verkefnið bíða um sinn. Icom IC-7300 stöð félagsins fékk hugbúnaðaruppfærslu í útgáfu 1.40 þann 20. maí.



Vönduðum mælitækjum var beitt við bilanagreiningu: M.a. annars Rhode & Schwartz tíðnirófsgreini sem nær upp í 6 GHz.



Ari Þórólfur og Georg "grisja" og skipta út millisnúrum (fyrir skermaðar) að baki fjarskiptaborðs "B".

Ethernet "switch'inn" er frá Netgear. Hann er mun hraðvirkari heldur en sá eldri, auk þess sem hann er vel skermaður og er gerður fyrir fleiri tengingar. Þakkir til Hans Konrad Kristjánssonar TF3FG sem gaf félaginu rofann.

Georg *forritar* rásir *endurvarpanna á VHF og UHF tíðnum í Yaesu FT-7900E stöð TF3IRA.*

Þakkir til þeirra Ara Þórólfs, TF2A og Georgs, TF3GZ fyrir verðmætt vinnuframlag þennan ágæta sunnudag.

Tíðnirnar sem Georg forritaði í Yaesu FT-7900E stöðina eru sýndar í meðfylgjandi töflu. Georg prentaði töfluna út með tíðnunum sem eru að baki hverri rás á stöðinni. Taflan er höfð á borðinu við hliðina á stöðinni í fjarskiptaherberginu.

	Yaesu FT-7900			
	RX	TX	Endurvarpi	Sítónn
Rás 1	145.500	145.500		
Rás 2	145.600	145.000	Skálafell 1	
Rás 3	145.575	144.975	Skálafell 2	88.5
Rás 4	145.650	145.050	Bláfjöll vhf	88.5
Rás 5	145.700	145.100	Búrfell	88.5
Rás 6	145.750	145.150	Mýrar	88.5
Rás 7	439.975	432.975	Bláfjöll uhf	
Rás 8	431.000	431.000		
Rás 9	433.000	433.000		
Rás 10	433.500	433.500		

2.2.3 Loftnetavinna í Skeljanesi; loftnet fyrir 160 metra bandið.

Georg Kulp, TF3GZ átti tíma aflögu laugardaginn 26. júní, kom við í Skeljanesi og setti upp loftnet fyrir félagsstöðina á 160 metrum. Loftnetið er 78 m. langt vírnet; endafædd hálfbylgja. Það var keypt tilbúið frá HEC fyrirtækinu; gerð „HyEndFed 160 Meter Monoband".

Loftnetið er lagt frá húsinu út í turninn og fer þaðan í 45° (eilítið niðurhallandi) í austurátt þar sem það er fest í 4 metra hátt vatnsrör sem var reist með samsíðafestingu við einn af girðingarstaurunum sem þarna eru.

Georg gengur frá festingum loftnetsins fyrir 160 metra bandið.

Jónas Bjarnason, TF3JB varð samferða Georg í Skeljanes sunnudaginn 27. júní þegar gengið var frá fæðingu á loftnetinu og tengingu inni í fjarskiptaherberginu. Standbylgja var mæld 2,2 á 1810 kHz. Prófað var að hlusta eftir merki frá TF3IRA á morsi á 1825 kHz í KiwiSDR viðtækinu á Látrabjargi og mældist merkið S9 á mæli þar (sendiafl TF3IRA var 10W).

Loftnetið tengt við kóax kapalinn.

Loftnetið kemur í réttri lengd (78 metrar) fyrir lægstu tíðnina á 160 metrum (1810 kHz). Stytta má þá lengd (ef þarf) og færir hver metri sem klipptur er af „resónans" upp um 100 kHz. Næstu skref eru að sjá hvaða áhrif það hefur að auka fjarlægðina frá vír út í turn og hækka endastólpann ca. í 6 metra. Uppgefin bandbreidd er 140 kHz. Sérstakar þakkir til Georgs fyrir verðmætt vinnuframlag.

Sent var "test de TF3IRA" á morsi frá félagsstöðinni á 10W á 1825 kHz og var merkið S9 á KiwiSDR viðtækið á Látrabjargi.

2.2.4 TF3IRA í samband á ný um QO-100.

Þegar unnið var í fjarskiptaherbergi TF3IRA 30. maí (2021) kom í ljós, að gervihnattastöð félagsins sendi út of lítið afl á 2.4 GHz. Allsherjar bilanagreining var framkvæmd á staðnum og líklegast var talið að um bilun væri að ræða í SMA-tengi við GHz loftnetið (úti við loftnetsdiskinn).

Sendi- og viðtökuhlutar gervihnattaloftnetsins eru aðskildir og þurfti að skipta út hluta af búnaði fyrir sendishlutann. Georg er í tröppunni og Ari Þórólfur fylgist með.

Á ný voru þeir félagar Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ mættir í Skeljanes til góðra verka sunnudaginn 25. júlí. Skemmst fer frá því að segja, að bilanagreining reyndist rétt og eftir útskiptingu kapla úti við loftnetsdiskinn og eftir stillingar á búnaði við stöðina, varð TF3IRA QRV á ný um Oscar 100 gervitunglið um fimmleytið þá um daginn. Og, 15 mínútum síðar var haft samband við ZD7GWM á St. Helen eyju í Suður-Atlantshafinu. Bestu þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar TF1A og Georgs Kulp TF3GZ fyrir að taka tíma í að gera félagsstöðina QRV á ný um QO-100 gervihnöttinn.

Stöðin prófuð og gerðar nauðsynlegar stillingar á búnaðinum sem tengdur er við Kenwood TS-2000 stöð TF3IRA.

2.2.5 Hugbúnaðaruppfærsla búnaðar í Skeljanesi.

Við vinnu í fjarskiptaherbergi TF3IRA þann 30. maí, þegar þeir Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ voru á staðnum kom í ljós, að nýr hugbúnaður var fáanlegur til uppfærslu á stýribúnaði ICOM IC-7610 stöð félagsins. Á ný gafst tím til endurbóta í Skeljanesi 25. júlí þegar þeir Ari og Georg mættu í Skeljanes og skiptu m.a. út búnaði við diskloftnet sem gerði gervihnattastöð félagsins QRV á ný um QO-100.

Þriðja hluta verkefnisins var síðan lokið sunnudaginn 1. ágúst þegar Ari Þórólfur gerði góða ferð í Skeljanes og lauk uppfærslu stýrikerfis IC-7610 stöðvarinnar. Uppfærslan var gerð úr útgáfu 1.06 í 1.30, sbr. https://www.icomjapan.com/support/firmware_driver/3298/ Bestu þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir verkefni vel úr hendi leyst.

Skeljanesi 1. ágúst. Uppfærslu hugbúnaðar ICOM IC-7610 stöðvar TF3IRA lokið.

Skeljanesi 5. ágúst. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A mætti á opið hús í Skeljanesi og lauk við stillingar og enduruppsetningu Icom IC-7610 stöðvarinnar. Heimir Konráðsson TF1EIN fylgdist með, en hann á einmitt samskonar stöð og hefur í hyggju að uppfæra stýrikerfi hennar í nýju útgáfuna (1.30.). Ari og Heimir voru sammála um að uppfærslan væri þess virði; því það væri mun „skemmtilegra" að vinna á stöðina eftir uppfærsluna.

2.2.6 Loftnetsvinna; loftnet endurnýjað fyrir 160 metra bandið.
Loftnetið fyrir 160 metra bandið sem Georg Kulp, TF3GZ setti upp 26. júní, slitnaði niður í roki í ágústmánuði. Hér á eftir er stuttlega lýst vinnu við enduruppsetningu loftnetsins.

5. og 6. október. TF3GZ tók niður gömlu festinguna og setti upp 3 metra hátt vatnsrör á þakið fyrir utan fjarskiptaherbergið. Síðari daginn lauk hann við verkið með frágangi á stagfestu í þakið sem notast sem mótvægi vegna togs frá loftnetsþræðinum.

5. október. TF3GZ gengur frá 3 m. háa rörinu á húsið.

20. nóvember. TF3GZ setti upp tengikassa á rörið á þakinu, tengdi loftnetsvírinn og gekk frá fæðilínu inn í fjarskiptaherbergið. Ennfremur var loftnetsvírinn strengdur í einu hafi, þvert yfir portið á bak við húsið (en vírinn endar í vatnsröri úti við girðinguna við skolpdælustöðina; alls 78 metrar að lengd.


6. október. TF3GZ gengur frá staginu út í þakið sem mun vinna sem mótvægi eftir að loftnetsvírinn verður strekktur.

28. nóvember. TF3GZ flutti nýtt 6 metra langt vatnsrör í Skeljanes. Eldra rörið (4 metra) var samt notað áfram (en fært á milli staura) svo það hentaði betur fyrir vírinn (sem hafði viljandi verðið keyptur of langur). Vírinn var styttur í einni atrennu, en niðurstöður reyndust ekki nógu góðar. Vegna þess að myrkur var að skella á og komin var hellirigning var ákveðið að hverfa af vettvangi að sinni.

20. nóvember. Georg gekk frá tengikassanum á rörið og í framhaldi var loftnetsvírinn tengdur og strekktur.

4. desember. TF3GZ gerði nokkrar atrennur við að því að fá loftnetsvírinn í rétta lengd. Farið var gætilega (til að stytta ekki um of) en í fjórðu atrennu voru menn ánægðir, samanber meðfylgjandi skjámynd af loftnetsgreini. Ekki gafst tími til að setja upp nýja 6 metra rörið að þessu sinni, en það verður gert við næsta tækifæri.

Álesning á loftnetsgreini eftir styttingu vírsins.



Nýi loftnetsvírinn var keyptur hjá Ísfelli og er hann gerður fyrir íslenskar aðstæður.

Áformað er að ljúka enduruppsetningu loftnetsins fyrir 160 metrana fljótlega á nýju ári (2022) áður en tekið verður til við uppsetningu loftneta fyrir 80, 40, 60 og 30 metra böndin. Þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ fyrir frábært vinnuframlag.

2.2.7 loftnetsvandræði í Skeljanesi.

12. janúar. Skömmu eftir hádegið 12. janúar 2022, uppgötvaðist að einn af þremur fótum turnsins sem heldur uppi 4 staka OptiBeam YAGI loftneti TF3IRA var brotinn, en mjög hvasst hafði verið í Skeljanesi líkt og annarsstaðar á landinu dagana á undan. Annar fótur turnsins virtist einnig laskaður. Vegna þessa hallaði turninn sjáanlega.

Skeljanesi 12. janúar. Guðmundur Birgir TF3AK sést á myndinni.

Benedikt Sveinsson, TF3T (sem býr í nágrenninu) var snöggur á staðinn með bönd og strekkjara og upp úr kl. 15 var vinnu lokið við að treysta turninn eins vel og hægt var. Ákveðið var á þeim tímapunkti að gera ekki meira þann dag, enda stutt í myrkur.

Sérstakar þakkir til Benedikts, TF3T fyrir verðmæta aðstoð. Ennfremur til Guðmundar Birgis Pálssonar, TF3AK sem mætti á staðinn með keðjur og strekkjara og til þeirra fjölmörgu sem hringdu og buðu fram aðstoð. Næsta skref var að hefjast handa í birtingu daginn eftir.

13. janúar. Vaskur hópur félagsmanna mætti í Skeljanes í birtingu þann 13. janúar til að treysta loftnetsvirki TF3IRA og var aðgerðum lokið kl. 15 þann dag og var turn og loftnet þar með tryggt til bráðabirgða.

Skeljanesi 13. janúar. Turninn reistur rétt fyrir kl. 15. Sigurður Harðarson TF3WS tekur saman verkfærin og gengur frá.

Georg Kulp, TF3GZ byrjaði fyrstur og rauf op í bárujárnsvegginn (sjávarmegin) á lóðinni til að opna aðgang að turnfestingunni. Það var mjög til þæginda því þar með var aðgangur greiður til athafna þar sem turnfóturinn stendur þétt upp við bárujárnið.

Sigurður Harðarson, TF3WS tók við. Hann festi öflugan handstrekkjara til að rétta turninn af og var tóg bundið í dráttarkúluna á jeppabifreið hans til öryggis. Síðan festi Siggi flatjárn við turnfótinn (þar sem festingin hafði brotnað). Hinn endinn var festur í múrbolta sem hann boraði fyrir í steypuvegginn (sjá myndir).

Veður var rysjótt á köflum, mikill strekkingur og kalt og gekk á með hríðarveðri, sérstaklega eftir kl. 14.30, en verkinu var lokið laust fyrir kl. 15.

Það voru þeir Benedikt Sveinsson, TF3T; Georg Kulp, TF3GZ; Sigurður Harðarson, TF3WS og Jónas Bjarnason, TF3JB sem mættu á svæðið. Henry Arnar Hálfdánarson, TF3HRY var til ráðgjafar. Þakkir til þessara félaga fyrir snögg viðbrögð og framúrskarandi góða aðkomu að verkefninu.

Georg Kulp TF3GZ rauf op í bárujárnsvegginn sem opnaði aðgang að turnfætinum og flýtti mjög fyrir vinnu dagsins.

Sigurður Harðarson TF3WS gerir sig kláran til að ganga frá og festa flatjárnið sem sett var upp til styrktar í stað turnfótarins sem hafði gefið sig.

Verkefnið var í höfn laust fyrir kl. 15. Eins og sjá má á myndinni er Sigurður kuldalegur að sjá (en hress) þrátt fyrir 2. Klst. útivist í strekkingi og hríðarveðri.

15. janúar. Aftur mættu menn í Skeljanes í birtingu laugardaginn 15. janúar. Verkefni dagsins var að ljúka við að treysta loftnetsvirki TF3IRA. Það gekk eftir og var aðgerðum lokið um kl. 13. Turn, loftnet og rótor eiga því að standast íslenskt vetrarveður á ný.

Sigurður Harðarson, TF3WS hafði hannað og smíðað öflugan ramma sem boraður var á skorsteininn og náði utan um turninn. Hann var settur upp fyrir neðan strekkjarana (sbr. ljósmynd). Þeir Georg Kulp, TF3GZ hjálpuðust að við að setja upp og stilla búnaðinn.

Siggi hafði einnig smíðað nýjan og öflugri „hjálparfót“ í stað þess sem hafði verið settur upp til bráðabirgða daginn áður (sbr. ljósmynd). Veðuraðstæður voru hinar ákjósanlegustu, logn (að mestu) og -1°C frost.

Það voru þeir Georg Kulp, TF3GZ; Sigurður Harðarson, TF3WS og Jónas Bjarnason, TF3JB sem mættu á svæðið, auk Benedikts Sveinssonar, TF3T. Þakkir til þessara félaga fyrir framúrskarandi góða aðkomu að verkefninu.

Skeljanesi 15. janúar. Aðgerðum lokið. Nýi ramminn sem festur er í skorsteininn sést vel á myndinni.



Sigurður Harðarson TF3WS og Georg Kulp TF3GZ festa kjálkunum fyrir rammann á skorsteininn.

Á myndinni má sjá hve vel ramminn skorðar turninn af.

Verklok laugardaginn 15. janúar. Sigurður Harðarson TF3WS og Georg Kulp TF3GZ ánægðir með vel heppnað verk.

2.2.8. Tekið til í stjórnarskáp í fjarskiptaherbergi.

Á tímabilinu frá 29. mars til 12. maí var farið yfir dót og skjöl félagsins sem geymd eru í svokölluðum „stjórnarskáp“ í fjarskiptaherbergi félagsins. Þetta var mikil vinna sem fór fram í nokkrum áföngum. Jónas Bjarnason, TF3JB annaðist verkefnið.

Öll skjöl voru flokkuð og sett í sérstaka merkta plastkassa. Eftirfarandi myndir sýna verkefnið þegar því var u.þ.b. lokið í byrjun maí.

Eins og sjá má á myndinni var skápurinn svo gott sem tæmdur áður en raðað var á ný inn í hann.

Allt herbergið var undirlagt meðan á tiltektinni stóð, en á þessum tíma var fjarskiptaherbergið haft lokað vegna Covid-19 faraldursins.

2.2.9 Viðurkenningaskjöl TF3IRA.
Eins og fram kemur í kafla 2.2.1 var gengið frá innrömmun DXCC og WAS viðurkenninga-skjala sumarið 2021 og þær hengdar upp í fjarskiptaherbergi 28. júlí.

Ofar eru fjögur DXCC viðurkenningaskjöl og neðar þrjú WAS viðurkenningaskjöl TF3IRA.

DXCC viðurkenningar.
Viðurkenningarnar eru fyrir: DXCC Mixed; DXCC Phone; DXCC CW og DXCC Digital.

WAS viðurkenningar.
Viðurkenningarnar eru fyrir: WAS Mixed; WAS Phone og WAS CW).

DXCC viðurkenningarnar eru þekktar og vinsælar á meðal radíóamatöra sem stunda DX fjarskipti. Þær njóta ennfremur mestrar virðingar. Skammstöfunin stendur fyrir „DX Century Club“ sem stofnað var til innan landsfélags radíóamatöra í Bandaríkjunum, ARRL árið 1937. Málið snýst um að hafa staðfest sambönd við aðra leyfishafa í a.m.k. 100 DXCC einingum (löndum) á amatörböndunum. Þegar þeim árangri er náð er hægt að sækja um viðurkenningarskjal til ARRL.

Til að sækja um WAS viðurkenningarnar þarf að hafa staðfest sambönd við sérhvert 50 ríkja Bandaríkjanna. Sambönd við „District of Columbia“ má nota í staðinn fyrir Maryland.

2.2.10 Vinnuaðstaða bætt í fjarskiptaherbergi.
Sumarið 2021 voru keypt leðurundirlegg á fjarskiptaborðiðn þrjú í Skeljanesi og komið fyrir 2. júlí og 9. ágúst. Auk vinnuhagræðingar fylgja því aukin þægindi að fá stór undirlegg (sjá ljósmyndir) m.a. fyrir lyklaborð, mús og morslykil og pöllur.

Þann 9. ágúst var unnið í fjarskiptaaðstöðunni. Breytt var uppsetningu á fjarskiptaborði B og Icom IC-7300 stöðin færð til og sett upp við hlið aflgjafans. Einnig voru tengingar og leiðslur snyrtar við gervihnattastöðina. Við sama tækifæri var Telepost LP-100A sambyggða standbylgju-/aflmælinum frá (N8LP) komið fyrir á ný við Icom IC-7610 stöðina. Mælirinn er mjög nákvæmur og sýnir samtímis nettó útgangsafl og standbylgju og er aflestur mjög greinilegur. Mikill munur var að fá mælinn aftur tengdan.



Fjarskiptaborð A. Icom IC-7610 stöðin og fylgibúnaður.



Fjarskiptaborð B. Icom IC-7300 stöðin TF3IRA og fylgibúnaður.



Fjarskiptaborð C. Kenwood TS-2000 gervihnattastöð TF3IRA.

2.2.11 DXCC viðurkenning TF3EA fest á vegg í fjarskiptaherbergi.

DXCC viðurkenningarskjal Einars Pálssonar, TF3EA (1914-1973) fannst í fórum félagsins við tiltekt vorið 2021. Það var gefin út 8. mars 1949, er númer 412 og er fyrir „Mixed“ DXCC ásamt uppfærslumiða í 110 einingar sama dag. Líkur benda til, að DXCC viðurkenning TF3EA hafi verið sú fyrsta sem gefin var út til íslensks leyfishafa, en Sigurður Finnbogason, TF3SF varð einnig handhafi DXCC á svipuðum tíma.

Einar virðist hafa verið virkur strax/fljótlega eftir útgáfu leyfisbréfs, en fyrsta reglugerðin um starfsemi radíóamatöra var gefin út af Póst- og símamálastjórninni 7. febrúar 1947. Til marks um virkni Einars, geta heimildir m.a. um að hann hafi tekið þátt í fyrstu CQ World Wide DX keppninni árið 1948 (bæði í tal- og morshlutanum). Þess má geta, að TF3EA var handhafi leyfisbréfs nr. 1 á Íslandi, var fyrsti formaður ÍRA og fyrsti heiðursfélagi ÍRA.

DXCC viðurkenningaskjal Einars Pálssonar TF3EA frá 8. mars 1949 var sett í vandaðan viðarramma og komið fyrir í fjarskiptaherbergi TF3IRA 14. september. Þetta 72 ára gamla skjal er ótrúlega vel varðveitt þótt það hafi líklega lent í raka (eins og merkja má af meðfylgjandi mynd).

2.2.12 Ljósnet tengt í Skeljanesi.

Benedikt Sveinsson, TF3T (starfsmaður Vodafone) mætti í hús 9. desember og tengdi ljósnet í Skeljanesi. Nú er mun betra netsamband og „Upload/download“ hlutfall er 90/25, sem er gott miðað við VDSL um ljósnet. Þakkir til Benedikts.

Fjarskiptaherbergi TF3IRA 9. desember. Frá vinstri: Jón Björnsson TF3PW, Benedikt Sveinsson TF3T (tengir nýja beininn) og Georg Kulp TF3GZ.

2.3 AÐRAR FRAMKVÆMDIR Í HÚSNÆÐI FÉLAGSINS Í SKELJANESI.

Félaginu berast gjafir frá félagsmönnum á hverju starfsári og er þeim gerð skil í 15. kafla skýrslunnar. Í ár barst félaginu óvenjulega mikið magn af radíódóti frá dánarbúi Bjarna Sverrissonar, TF3GB. Til að vinna úr þessari rausnarlegu gjöf og til að undirbúa framsetningu þess, þurfti að nýta húsnæði félagsins til hins ýtrasta og er gerð grein fyrir verkefninu hér á eftir.

Gjöfin frá dánarbúinu barst í þremur hlutum, 17. febrúar, 12. júní og 22. júlí. Stærsta sendingin barst 12. júní og var hún flutt í Skeljanes í þremur bifreiðum þeirra Þórs Þórssonar, TF1GW, Ársæls Óskarssonar, TF3AO og Jóns Gunnars Harðarsonar, TF3PPN. Sjá nánar meðfylgjandi myndir.

Skeljanesi 17. febrúar. Þór Þórisson TF1GW færir félaginu fyrsta hluta gjafarinnar.

Dótið komið í hús í Skeljanesi og bíður flokkunar.

Sendingin sem barst 12. júní var stærri og þurfti þrjár bifreiðir til flutninganna í Skeljanes, samanber meðfylgjandi ljósmyndir.

Skeljanesi 12. júní. Annar hluti gjafarinnar fluttur í hús. Þór Þórisson TF1GW, Jón Gunnar Harðarson TF3PPN.

Ársæll Óskarsson TF3AO.

Dótið var fyrst borið inn í ganginn á Skeljanesi.

Hluti af dótinu í ganginum í Skeljanesi.

Mestur hluti dótsins kominn upp í fundarsal á 2. hæð og bíður flokkunar.

Þótt dótið væri komið upp í fundarsal var mikil vinna framundan við flokkun, en lokið var við að flytja dótið upp í fundarsalinn 15. júní. Daginn eftir, 16. júní barst liðsauki þeirra Ólafs Arnar Ólafssonar, TF1OL, Sigurbjörns Þórs Bjarnasonar, TF3SB og Ásgeirs Sigurðssonar, TF3TV og var tekið til við flokkunarvinnu.

TF1OL og TF3SB fara yfir smádótið í kössunum.

Mjög litlu þurfti að henda; nánast allt var nýtilegt.

Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Ásgeir Sigurðsson TF3TV.

Skeljanesi 23. júní. Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Reynir Björnsson TF3JL aðstoðuðu við upprööun dótsins.

Skeljanesi 24. júní. Baldvin Þórarinsson TF3-Ø33 fór með það sem gekk af og var ónothæft í Sorpu.

Vinnu var að mestu lokið við flokkun radíódótsins frá dánarbúi TF3GB 23. júní og tókst að gera salinn snyrtilegan fyrir opnun félagsaðstöðunnar fimmtudaginn 24. júní. Verkefnið er þá búið að standa yfir í 2 vikur.

Eins og sjá má á meðfylgjandi ljósmyndum var dóti sem félagarnir geta haft með sér heim, dreift á tvö hvítu borðin, auk þess sem bætt var við tveimur stærri borðum (við bókahillurnar) og lágborðinu í horninu til vinstri (þar sem ræðupúltið var áður). Vírloftnetum og kóaxefni var komið fyrir í horninu við hliðina á hvítu borðunum.

Fest voru kaup á stórum plastkössum fyrir verðmætari hluti (neðsta mynd) sem voru teknir frá og eru hugsaðir til sölu á flóamarkaði félagsins.

Það sem kemur inn fyrir selda hluti mun renna í félagssjóð. Hver kassi var merktur með innihaldi, þannig að gott er að átta sig á hvaða hlutir eru hvar, auk þess sem kassarnir eru nánast gegnsæir.

Þakkir til allra sem komu að þessu verkefni, en Þór Þórisson, TF1GW; Ársæll Óskarsson, TF3AO og Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN sem færðu dótið á staðinn frá aðstandendum. Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL, Reynir Björnsson, TF3JL, Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB og Ásgeir Sigurðsson, TF3TV aðstoðuðu við flokkun og Baldvin Þórarinsson, TF3-Ø33 flutti það sem gekk af á endurvinnslustöð Sorpu. Loks hafði Jónas Bjarnason, TF3JB umsjón með verkefninu.

Eftir að myndin var tekin var bætt við stærri hlutum undir hvítu borðin tvö.

Gott úrval af mælum og margskonar íhlutum.

Spennar, vírloftnet, kóax kaplar og fleira.



Stæri og verðmætari hlutir voru teknir til hliðar til geymslu.

2.3.1 Tiltekt í fordyri, gangi og QSL herbergi.

Á starfsárinu 2021/22 barst mjög mikið af notuðu og nýju radíódóti til félagsins sem koma þurfti fyrir á gangi í Skeljanesi. Mest af þessu dóti stoppaði stutt við og voru félagarnir duglegir að taka með sér heim nytsamlega hluti. Leitast var við að laga til jafn óðum eftir því sem dót gekk út, samanber með meðfylgjandi myndir.

Ljósmynd tekin 19. mars.

Mynd 15. apríl. Hans Konrad Kristjánsson TF3FG í húsi.

Ljósmynd tekin 18. september.

Ljósmynd tekin 27. október.

2.4 SNYRT TIL VIÐ SKELJANES.

Baldvin Þórarinsson, TF3-Ø33 og Mathías Hagvaag, TF3MH mættu í Skeljanes upp úr hádeginu þann 22. júlí. Á dagskrá var að árlegt sumarverkefni, að slá, hreinsa til og gera snyrtilegt við húsið og innganginn. Verkið gekk hratt og fljótt fyrir sig og síðdegis var orðið boðlegt fyrir félagsmenn og gesti að heimsækja staðinn.

Leigumarkaður BYKO í Breidd sá okkur fyrir Honda sláttuorfi með öflugum bensínmótor, en Baldvin kom færandi hendi með stunguskóflu og rakstursáhöld heiman að frá sér. Þakkir til þeirra Baldvins og Mathíasar fyrir verk vel úr hendi leyst.

Skeljanesi 22. júlí. Eins og sjá má á myndinni er ekki seinna vænna en taka til við að slá og hreinsa til.

Mathías TF3MH og Baldvin TF3-033 fylla þriðja og síðasta svarta ruslapokann.

Strákarnir litu yfir vettvang og voru ánægðir með dagsverkið. Baldi hafði á orði að það sæist á framhlið hússins að við áttum bara málningu í eina umferð í fyrrasumar. Hann hefur áhuga á að mála aðra umferð fyrir haustið.

2.4.1 Málað yfir veggjakrot (8. júní).

Drifið var í því að mála langa grindverkið fyrir utan Skeljanes 8. júní. En veggjakrotið var verra í ár heldur en í hitteðfyrra að sögn Baldvins Þórarinssonar, TF3-Ø33.

Oddur kom síðan út þegar málningarvinnunni var lokið og spígsporaði drjúgur á svip og sagði að radíóamatörarnir væru sko góðir nágrannar!

Svona leit bárujárnsgrindverkið út áður en byrjað var að mála yfir veggjakrotið.

Verkefninu lokið. Baldvin var ánægður en nefndi að ákjósanlegt væri að heilmála bárujárnsvegginn.

2.4.2 – Málað yfir veggjakrot (24. ágúst).

Upp úr miðjum ágúst urðu menn varir við að á ný var búið að mála fleiri en eitt „listaverk“ á langa bárujárnsvegginn á lóðinni við Skeljanes. Félagsmaður okkar, Baldvin Þórarinsson, TF3-Ø33 var óhress með þennan verknað enda tiltölulega stuttur tími liðinn frá því hann málaði yfir samskonar „listverknað“.

Rigningardagar hömluðu málningarvinnu utanhúss þar til 24. ágúst að það stytti upp og mættu menn þá í Skeljanes og var rennt yfir bárujárnsveginn með málningarkústi. Aðkoman að húsinu varð allt önnur, samanber meðfylgjandi ljósmyndir. Þakkir til Flügger Lita sem útveguðu málninguna og til Baldvins, TF3-Ø33 fyrir gott frumkvæði og góða aðstoð.

Svona var aðkoman áður en Baldvin hófst handa.

Baldi var ánægður með málninguna og sagðist bjartsýnn á að nú fengið þetta að vera í friði. Málið væri nefnilega að þegar menn sem væru að setja veggjakrot af þessu tagi á hús og byggingar fældi það frá þegar fljótlega væri málað yfir „verkin“ því ef þeir færu að krota aftur þá vissu þeir að krotið fengi aldrei að „lifa“ lengi.

Verkefninu lokið. Allt önnur aðkoma að húsinu.

ÚR FÉLAGSSTARFINU.

Útvarpsþættir á RÚV. Sunnudaginn 1. ágúst kl. 09:05 og mánudaginn 2. ágúst kl. 09:03 voru fluttir fluttur fyrri og síðari hluti þáttarins „Stutt langt stutt“ á RÚV Rás 1. Þátturinn fjallaði um mors og þátt morsfjarskipta í menningu okkar.

Í síðari hlutanum (á mánudag) var m.a. umfjöllunin um íslenska radíóamatöra sem „enn“ nota mors til fjarskipta um heiminn. Einnig var stutt kynning á ÍRA sem landsfélagi íslenskra radíóamatöra.

Nokkrir leyfishafar voru teknir tali, m.a. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ; Georg Kulp, TF3GZ; Guðrún Hannesdóttir, TF3GD; Jónas Bjarnason, TF3JB og Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX. Verkefnið var unnið af Guðbjörgu Guðmundsdóttur þáttagerðarkonu á RÚV. Báðir hlutar þáttarins hafa verið aðgengilegir sem upptaka á vefnum eftir lok útsendinga. Almenn ánægja var á meðal félagsmanna með verkefnið. Þess má geta að þættirnir voru endurfluttir laugardaginn 11. desember.

RÁS 1

AF VETTVANGI FÉLAGSMANNA.

Kallmerki fer óneitanlega vel sem bílnúmer/einkanúmer. Kallmerki radíóamatöra sem skráningarmerki voru níu talsins í desember 2021. Þetta eru kallmerkin: TF3DX, TF3GB, TF3GL, TF3IT, TF3KJ, TF5B, TF5BW, TF8SM og TF8YY. Eitt einkanúmer, TF8GX var afskráð á árinu þar sem þau Guðlaugur K. Jónsson, TFGX og XYL Birna fluttu búferlum til Svíþjóðar. Greiða þarf sérstaklega fyrir útgáfu einkanúmera og gildir sérútgáfan í átta ár. Eftir þann tíma má endurnýja einkanúmerið til jafn langs tíma. Eftir 65 ára aldur eru skráningarmerkin endurnýjuð að kostnaðarlausu. Heimild: Samgöngustofa, ökutækjaskrá, 21. desember 2021.

Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX var einn af þeim fyrstu til að fá kallmerki sem einkanúmer. Meðfylgjandi ljósmynd var tekin af þeim John Devoldere ON4UN þegar John heimsótti Vilhjálm og XYL Guðrúnu TF3GD í júlí 2011. Ljósmynd: TF3JON.

AF VETTVANGI FÉLAGSMANNA.

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA, vann til fyrstu verðlauna í 12. lotukeppni YOTA On-Line sem haldin var á netinu 29. apríl 2021.

Verðlaunin voru ekki af verri endanum, ICOM IC-7300 HF/50 MHz 100W SDR sendi-/móttökustöð. Kórónafaraldurinn hafði þau áhrif að afhendingu stöðvarinnar seinkaði þar til í október s.l. Elín er mjög ánægð með stöðina og er með hana tengda úti í Hollandi, samanber meðfylgjandi ljósmynd.

Þess má geta, að Elín vann einnig til 1. verðlauna á Virtual YOTA Day 24. júní 2020. Verðlaunin voru Heil BM-14 sambyggð heyrnartól með hljóðnema, DXE-FS-001 fótrofi frá DX Engineering og sérmerktur kaffibolli með YOTA merkinu.

Myndin var tekin þegar Elín setti nýju stöðina í fyrsta skipti í samband í október (2021) heima í Hollandi þar sem hún notar kallmerkið PA2EQ. Ljósmynd: TF2EQ.

ÚR FÉLAGSSTARFINU.



Í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi 11. október 2018. Frá vinstri: Njáll H. Hilmarsson TF3NH, Elísabet Shishmolina RA1AUW, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Þórður Adolfsson TF3DT.

3. Vetrardagskrá; erindi í Skeljanesi

FLUTNINGUR ERINDA, FLÓAMARKAÐUR OG ÁRLEGT JÓLAKAFFI.

Starfsárið 2021/22 kom og fór án þess að hægt væri að bjóða hefðbundna vetrardagskrá í febrúar-maí og október-desember vegna Covid-19 faraldursins. Flutningur erinda, flóamarkaður, árlegt viðhafnarkaffi ÍRA (jólakaffi) og fleiri viðburðir frestuðust því til næsta árs, 2022. Ákvörðun stjórnar frá starfsárinu á undan (2020/21) sem tekin var 10. mars 2020 gilti því áfram fyrir árið 2021.[12]

Bókunin sem stóð óhögguð var þessi: „Samþykkt að fresta öllum viðburðum öðrum en opnu húsi á fimmtudagskvöldum til haustsins, þ.á.m. flóamarkaði (sem áður hafði verið frestað til 3. maí). Framhald yrði síðan að ráðast af framvindu COVID-19 veirunnar og tilmælum stjórnvalda í þeim efnum“.

Þrátt fyrir að ekki sé frá miklu að segja undir þessu kaflaheiti, var engu að síður ákveðið að hafa kaflanum með í þessari skýrslu starfsársins 2021/22. Þess má geta að erindi og viðburðir í sal í Skeljanesi hafa gjarnan verið vel sóttir. Ekki hefur verið óalgengt að allt að 40 félagar hafi mætt á fyrirlestra, en flóamarkaður hefur árum saman verið best sótti viðburðurinn, gjarnan með yfir 50 félaga í húsi.

3.1 Til upprifjunar.
Síðasti viðburður á vetrardagskrá félagsins í Skeljanesi fyrir Covid-19 faraldurinn, fór fram sunnudaginn 1. mars (2020) þegar Yngvi Harðarson, TF3Y, mætti í Skeljanes með upprifjunarnámskeið á WinTest keppnisforritinu.

Mynd frá afar vel heppnuðu námskeiði Yngva Harðarsonar TF3Y í Skeljanesi sunnudaginn 1. mars 2020.

[12] Stjórn ÍRA hafði áður (5. mars 2020) tilkynnt um frestun á auglýstum flóamarkaði félagsins, sem fyrirhugað var að halda sunnudaginn 8. mars. Rök voru þessi: “Flóamarkaðir ÍRA hafa, síðustu ár, verið fjölsóttustu viðburðir félagsins og gjarnan hafa komið um og yfir 50 manns í Skeljanes. Ljóst er, þegar slíkur fjöldi mætir í salinn, verða mikil þrengsli. Leitað var til fagaðila um álit vegna þessa í dag og okkur ráðlagt að fresta viðburðinum, sé þess kostur”.

AF VETTVANGI FÉLAGSMANNA.

TF6M 30 árum síðar; 2008.

TF6M leiðangurinn var farinn í júlí 1978 að Kirkjubæjarklaustri. Áttmenningarnir sem fóru í ferðina hittust á veitingastaðnum Við tjörnina í Reykjavík árið 2008 þegar 30 ár voru liðin frá því að kallmerkið var virkjað, dagana 20-23. júlí 1978.

Við það tækifæri tók Jón Svavarsson, TF3JON ljósmynd af hópnum. Í sumar (2021) kom hann á framfæri við TF3JB litmynd sem hann hafði stækkað á pappír. Í lok nóvember komst það síðan í verk að ramma ljósmyndina inn með stuttum texta sem segir frá leiðangrinum.

Myndin var afhent 2 desember fyrir hönd áttmenningana í fjarskiptaherbergi TF3IRA, þar sem henni hefur verið valinn staður á vegg til varðveislu.

4. Aðrir viðburðir í Skeljanesi

OPIÐ HÚS Í FÉLAGSAÐSTÖÐUNNI Í SKELJANESI.

Í þessum kafla er veitt yfirlit yfir aðra viðburði en þá sem gert var grein fyrir í þriðja kafla. Í eðlilegu starfsári (fyrir Covid-19 faraldurinn) hefur í þessum kafla gjarnan verið veitt yfirlit yfir aðra viðburði en erindi í vetrardagskrá, þ.e. viðburði sem auglýstir voru sérstaklega, svo sem opnanir félagsaðstöðu á laugardögum og sunnudögum, námskeið (önnur en til amatörprófs) og myndakvöld. Þar sem slíku er ekki til að dreifa þetta starfsárið, verður hér á eftir gerð grein fyrir opnu húsi í Skeljanesi og stiklað á stóru, að mestu í tímaröð.

4.1 Fimmtudagskvöld í félagsaðstöðunni.

Á starfsárinu var hægt að bjóða upp á opið hús í félagsaðstöðunni í Skeljanesi flest fimmtudagskvöld, en lokanir voru auglýstar sérstaklega. Verulegan hluta starfsársins þurfti hins vegar að hafa fjarskiptaaðstöðu lokaða eða takmarka aðgang við mest þrjá félaga. Sama gilti um QSL herbergi. Framan af starfsárinu var mismunandi hvort hægt var að bjóða upp á kaffiveitingar. Hér á eftir má sjá ljósmyndir frá nokkrum af opnunarkvöldunum.

Fimmtudagur 15. apríl.

Félagsaðstaða ÍRA í Skeljanesi var opnuð á ný fimmtudaginn 15. apríl. Þá voru liðnar 4 vikur frá því síðast var opið í mars vegna faraldursins.

Skeljanesi 15. apríl. Frá vinstri: Sigurður Elíasson TF3-Ø44, Baldvin Þórarinsson TF3-Ø33, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Garðar Vilberg Sveinsson TF8YY, Georg Kulp TF3GZ, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG og Mathías Hagvaag TF3MH.

Grímuskylda var í húsnæðinu ásamt þeirri kvöð að leitast við að halda 2 metra fjarlægðarmörkum. Aðgangur að herbergi QSL stofu á 2. hæð var takmarkaður við 1 félaga í einu, en fjarskiptaherbergi var lokað. Ekki var boðið upp á kaffiveitingar.

Fimmtudagur 29. apríl.

Skeljanesi 29. apríl. Frá vinstri: Jón G. Guðmundsson TF3LM, Þór Þórisson T1GW (standandi), Þórður Adolfsson TF3DT, Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Garðar Valberg Sveinsson TF8YY, Georg Kulp TF3GZ, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Mathías Hagvaag TF3MH.

Frá vinstri: Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Garðar Valberg Sveinsson TF8YY, Georg Kulp TF3GZ og Mathías Hagvaag TF3MH og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS (með bak í myndavél) og Jakob Geir Kolbeinsson TF3XO.

Fimmtudagur 27. maí.

Frá vinstri: Mathías Hagvaag TF3MH (bak í myndavél), Sigurður Elíasson TF3-044, Eiður Kristinn Magnússon TF1EM og Baldvin Þórarinsson TF3-Ø33.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, færði á staðinn tvö splunkuný „all mode“ ferðaviðtæki, Malahit-DSP (50 kHz til 2 GHz) og Belka DX (1,5-31 MHz). Lítil fyrirferð, góð tæknileg geta og ótrúlega góð hljómgæði. Frá vinstri: Georg Kulp TF3GZ og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

Lavazza kaffi og meðlæti sem var í boði þetta fimmtudagskvöld.

Fimmtudagur 3. júní.

Við stóra fundarborðið. Frá vinstri: Jón Björnsson TF3PW, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Garðar Valberg Sveinsson TF8YY, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Pálmi Ólafur Árnason TF3PO og Kjartan Birgisson TF1ET.

Ágæt mæting var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi 3. júní, þrátt fyrir skertan opnunartíma þar sem salurinn var upptekinn til kl. 21 vegna upprifjunartíma hjá þátttakendum á námskeiði ÍRA til amatörleyfis vegna prófs Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis laugardaginn 5. júní.

Fjarskiptaherbergi TF3IRA var opið annan fimmtudaginn í röð, en þurft hefur að halda því lokuðu vegna Covid-19 næstum því í heilt ár. Einnig var herbergi QSL stofunnar opið.

Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX og Mathías Hagvaag TF3MH ræða málin.

Fimmtudagur 1. júlí.

Frá vinstri enda fundarborðsins: Jón G. Guðmundsson TF3LM, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Georg Kulp TF3GZ, Þórður Adolfsson TF3DT, Garðar Valberg Sveinsson TF8YY, Rúnar Þór Valdimarsson TF3RJ, Valtýr Einarsson TF3VG, Mathías Hagvaag TF3MH (bak í myndavél) og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS.

Ánægja var með radíódótið í boði í salnum. Frá vinstri: Kjartan Birgisson TF1ET, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Elín Sigurðardóttir TF2EQ (fjær), Mathías Hagvaag TF3MH (fjær), Sigurður Kolbeinsson TF8TN og Rúnar Þór Valdimarsson TF3RJ (fjær).

Elín Sigurðardóttir TF2EQ í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi 1. júlí.

Fimmtudagur 8. júlí.

Létt yfir mönnum við stóra fundarborðið. Hans Konrad Kristjánsson TF3FG og Ólafur Vignir Sigurðsson TF3OV heilsast (höfðu ekki sést lengi). Síðan frá vinstri: Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Kjartan Birgisson TF1ET, Jónas Bjarnason TF3JB, Baldvin Þórarinsson TF3-033 og Mathías Hagvaag TF3MH. Ljósmynd: TF3JON.

Heimir Þór Sverrisson TF3ANT/W1ANT, sem var sérstakur gestur félagsins þetta fimmtudagskvöld, Kristján Benediktsson TF3KB og Ágúst H. Bjarnason TF3OM.

Frá vinstri: Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Yngvi Harðarson TF3Y, Heimir Þór Sverrisson TF3ANT/W1ANT, Kristján Benediktsson TF3KB, Ágúst H. Bjarnason TF3OM og Jón Svavarsson TF3JON.

Fimmtudagur 5. ágúst.

Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A prófar félagsstöðina TF3IRA. Hann sagði að það væri ekkert mál að hafa QSO í gegnum andlitsgrímuna. Aðrir á mynd: Jón G. Guðmundsson TF3LM og Baldvin Þórarinsson TF3-033.

Ari byrjaður að prófa stöðina eftir enduruppsetningu. Heimir Konráðsson TF1EIN fylgist með (en hann á einmitt samskonar stöð).

Enduruppsetningu lokið og viðtakan prófuð í samanburði við KiwiSDR viðtækið í Bláfjöllum. Jón Björnsson TF3PW fylgist með.

Fimmtudagur 12. ágúst.

Ársæll Óskarsson TF3AO og Marcel B. Badia EA3NA í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Marcel var sérstakur gestur félagsins fimmtudaginn 12. ágúst.

Rætt um DX'inn og DXCC. Frá vinstri: Jónas Bjarnason TF3JB, Jón G. Guðmundsson TF3LM og Marcel B. Badia EA3NA. Ljósmynd: TF3KB.

Marcel B. Badia, EA3NA gestur okkar er mikill DX-maður; alls 368 DXCC einingar „undir belti" og skráning á heiðurslista DXCC. Leyfishafi frá árinu 1959.

Marcel er mikill ferðagarpur og TF var 4. síðasta DXCC landið í Evrópu sem hann sótti heim þann 12. ágúst. Hann hafði sambönd frá TF3IRA við vini sína í Katalóníu og var mikil gleði og töluð hröð spænska í samböndunum.

Þeir Marcel og Ársæll Óskarsson, TF3AO þekkjast vel. Sæli hefur meira að segja heimsótt hann þegar hann var á ferð í Katalóníu á Spáni.

Fimmtudagur 19. ágúst.

Loftur E. Jónasson, TF3LJ var sérstakur gestur félagsins 19. ágúst. Hann var staddur á landinu í sumarleyfi, en býr í Kanada og hefur kallmerkið VE2AO þar. Hann hafði frá mörgu fróðlegu að segja enda gróska í áhugamálinu þar í landi.

Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA og Loftur Jónasson TF3LJ / VE2AO. Ljósmynd: TF3KB.

Fimmtudagur 26. ágúst.

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW var sérstakur gestur félagsins 26. ágúst. Hann var staddur á landinu í sumarleyfi, en býr á Spáni. Siggi hafði að venju frá mörgu fróðlegu að segja og hyggst m.a. taka þátt í stóru alþjóðlegu keppnunum frá landinu í haust/vetur.

Slegið á létta strengi. Sigurður R. Jakobsson TF3CW, Kristján Benediktsson TF3KB og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

Óskar Sverrisson TF3DC, Kristján Benediktsson TF3KB, Mathías Hagvaag TF3MH (bak í myndavél), Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Sigurður Kolbeinsson TF8TN, Garðar Valberg TF8YY og Hans Konrad Kristjánsson TF3FG.

Fimmtudagur 16. september.

Ralf Doerendahl, HB9GKR var gestur félagsins 16. september. Hann er búsettur í Aarau skammt frá Zürich í Sviss. Ralf var hér á landi í 9. skipti. Hann mætti í félagsaðstöðuna ásamt Yngva Harðarsyni, TF3Y en þeir hafa m.a. virkjað saman fjallatinda hér á landi. Ralf er mikill áhugamaður um SOTA (Summits On The Air) verkefnið og hefur verið QRV frá mörgum löndum, m.a. Færeyjum.

Ralf náði sambandi við leyfishafa heima í Sviss frá félagsstöðinni TF3IRA. Yngvi TF3Y fylgdist með.

Ralph HB9GKR, Ólafur Örn Ólafsson TF1OL og Óskar Sverrisson TF3DC.

Jón G. Guðmundsson TF3LM í fjarskipta-herbergi TF3IRA. Jón skoðaði m.a. viðtöku á 2 metra bandinu í viðtæki Karls Georgs Karlssonar, TF3CZ sem er yfir netið. Það þekur 24-1800 MHz. QTH er Perlan í Öskjuhlíð í Reykjavík. Sjá umfjöllun í 13. kafla skýrslunnar.

Fimmtudagur 23. september.

Baldvin Þórarinsson, TF3-Ø33 færði í hús stóra rjómatertu frá Reyni bakara í Kópavogi sem stundum er kennd við Hressingarskálann í Reykjavík. Sagðist hann vilja deila henni með félögunum því hann ætti 71 árs afmæli þennan fimmtudag.

Menn létu ekki segja sér það tvisvar, og var sungið fyrir Baldvin: „Hann á afmæli í dag, hann á afmæli hann Baldi…“. Að því búnu var tertunni skipt á milli manna og líkaði hún vel.

Við stóra fundarborðið. Frá vinstri: Mathías Hagvaag (með bak í myndavél), Þórður Adolfsson TF3DT, Guðmundur Birgir Pálsson TF3AK, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, Baldvin Þórarinsson TF3-033 (afmælisbarn), Sigmundur Karlsson TF3VE, Jón E. Guðmundsson TF8KW og Sigurður Smári Hreinsson TF8SM. Ljósmynd: TF3GZ.

Frá vinstri: Ágúst H. Bjarnason TF3OM, Bernhard M. Svavarsson TF3BS (standandi), Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Einar Kjartansson TF3EK og Jón Björnsson TF3PW. Ljósmynd: TF3GZ.

Fimmtudagur 14. október.

Daggeir H. Pálsson, TF7DHP á Akureyri var sérstakur gestur félagsins 14. október. Að auki mættu þeir félagar Egill Þórðarson, loftskeytamaður TF3CG og Guðni Skúlason loftskeytamaður sem hefur hug á að fá útgefið leyfisbréf og koma í loftið á morsi.

Við stóra fundarborðið. Frá vinstri: Erling Guðnason TF3E, Kristján Benediktsson TF3KB, Mathías Hagvaag TF3MH og Hans Konrad Kristjánsson TF3FG (með bak í myndavél).

Daggeir sagði að það væri alltaf jafn gaman að koma suður og hitta félagana.

"Þetta snýst allt um loftnetin" sögðu strákarnir. Frá vinstri: Georg Magnússon TF2LL og Þórður Adolfsson TF3DT.

Rætt um skilyrðin í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Frá vinstri: Guðni Skúlason, Daggeir H. Pálsson TF7DHP, Þórður Adolfsson TF3DT og Egill Þórðarson TF3CG.

Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A útskýrði virkan gervihnattastöðvar TF3IRA. Egill Þórðarson TF3CG, Guðni Skúlason og fleiri fylgjast með. Daggeir H. Pálsson TF3DHP tók "fyrirlestur" Ara upp á myndband.

Fimmtudagur 21. október.

Þórður Adolfsson TF3DT og Andrés Þórarinsson TF3AM. Ljósmynd: TF3DC.

Fimmtudagur 28. október.

Rætt um nýjustu stöðvarnar. Mathías Hagvaag TF3MH, Guðmundur Birgir Pálsson TF3AK og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.

Baldvin Þórarinsson TF3-033, Bernhard M. Svavarsson TF3BS, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og til hægri, Sigmundur Karlsson TF3VE.

Loftnetamálin í brennidepli. Georg Magnússon TF2LL, Georg Kulp TF3GZ og Þórður Adolfsson TF3DT.

Á góðri stundu í Skeljanesi. Kristján Benediktsson TF3KB og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS ræða málin.

Þó nokkuð er enn í boði af radíódóti. Georg Magnússon TF2LL og Hans Konrad Kristjánsson TF3FG. Ljósmyndir: TF3DC.

Fimmtudagur
11. nóvember.

Nýjustu tímaritunum flett yfir kaffinu. Garðar Valberg Sveinsson TF8YY, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Mathías Hagvaag TF3MH.

Georg Kulp TF3GZ og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS í herbergi QSL stofunnar á 2. hæð.

Georg Kulp TF3GZ, Björgvin Víglundsson TF3BOI og Baldur Sigurðsson TF6-009. Björgvin er að velta fyrir sér kaupum á nýrri HF sendi-/móttökustöð um þessar mundir.

Við stóra fundarborðið. Mathías Hagvaag TF3MH, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Kjartan Birgisson TF1ET og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.

5. Námskeið og próf til amatörleyfis

NÁMSKEIÐ TIL AMATÖRPRÓFS – PRÓF TIL AMATÖRLEYFIS.

5.1 NÁMSKEIÐ ÍRA TIL AMATÖRPRÓFS.

Námskeið til amatörprófs 2021 hófst 22. mars og lauk með prófi Póst- og fjarskiptastofnunar 5. júní. Að þessu sinni var kennt þrjá daga í viku, kl. 18:30-21:30. Kennsla fór fram í fundarsal félagsaðstöðunnar í Skeljanesi þar sem HR heimilaði ekki utanaðkomandi starfsemi í húsnæði sínu vegna Covid-19 faraldursins. Skráðir þátttakendur voru 20 talsins. Jón Björnsson, TF3PW umsjónarmaður námskeiða félagsins setti upp og vann skipulag í samráði við prófnefnd.

Kennsla fór fram á námskeiði félagsins til amatörprófs 2021 í fundarsal ÍRA í Skeljanesi.

Að þessu sinni voru leiðbeinendur tíu talsins: Andrés Þórarinsson, TF3AM; Ágúst Úlfar Sigurðsson, TF3AU; Haukur Konráðsson, TF3HK; Henry Hálfdánarson, TF3HRY; Hörður Mar Tómasson, TF3HM; Jón Björnsson, TF3PW; Kristinn Andersen, TF3KX; Óskar Sverrisson, TF3DC; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Vilhjálmur Kjartansson, TF3DX.

Andrés, TF3AM.

Ágúst, TF3AU.

Haukur, TF3HK.

Henry, TF3HRY.

Hörður, TF3HM.

Jón, TF3PW.

Kristinn, TF3KX.

Óskar, TF3DC.

Sæmundur, TF3UA.



Vilhjálmur, TF3DX.

Skipulag námskeiðsins í heild er birt í Viðauka-B með skýrslu þessari.

5.1.1 Setning námskeiðs til amatörprófs 22. mars.

Námskeið ÍRA til amatörprófs 2021 var sett í félagsaðstöðunni í Skeljanesi mánudaginn 22. mars. Jón Björnsson, TF3PW, umsjónarmaður námskeiða ÍRA bauð viðstadda velkomna og veitti greinargóðar upplýsingar um fyrirkomulag námskeiðsins. Þeir Hörður Mar Tómasson, TF3HM (sem annaðist kennslu fyrsta námskeiðskvöldið) og Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður ÍRA voru viðstaddir. Fjórtán þátttakendur voru mættir af alls tuttugu sem voru skráðir.

Skeljanesi 22. mars 2021. Mynd frá setningu námskeiðs ÍRA til amatörprófs í Skeljanesi.

Námskeiðið hófst í beinu framhaldi sama kvöld (22. mars) og lauk með prófi Póst- og fjarskiptastofnunar laugardaginn 5. júní. Prófnefnd setti upp og vann skipulag námskeiðsins í samvinnu við umsjónarmann. Kennt var þrjá daga í viku í Skeljanesi, mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga kl. 18:30-21:30. Leiðbeinendur frá félaginu voru tíu talsins.

5.1.2 Próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis 5. júní.

Próf Póst- og fjarskiptastofnunar fór fram í félagsaðstöðu ÍRA 5. júní. Alls þreyttu fimm prófið. Fjórir náðu fullnægjandi árangri, þar af þrír til G-leyfis og einn til N-leyfis.

Próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis fór fram í félagsaðstöðunni 5. júní 2021. Alls þreyttu fimm prófið.

Eftirtaldir stóðust prófið:

Arnlaugur Guðmundsson, TF3RD, 101 Reykjavík (G-leyfi).
Jón E. Guðmundsson, TF8KW, 230 Reykjanesbæ (N-leyfi).
Kjartan Birgisson, TF1ET, 109 Reykjavík (G-leyfi).
Pálmi Árnason, 110 Reykjavík, TF3PO (G-leyfi).

Prófnefnd ÍRA annaðist framkvæmd að viðstöddum fulltrúa PFS. Prófað var í raffræði og radíótækni og reglum og viðskiptum. Prófið hófst kl. 10 árdegis og lauk með prófsýningu kl. 15.00. Bæði prófin voru skrifleg en einn próftaki þreytti munnlegt próf.

Farið yfir prófúrlausnir. Frá vinstri: Kristinn Andersen TF3KX, formaður prófnefndar, Bjarni Sigurðsson, fulltrúi Póst- og fjarskiptastofnunar, Yngvi Harðarson TF3Y prófnefnd og Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3KX, prófnefnd.

Prófsýning hófst stundvíslega kl. 15:00. Þátttakendur fengu úrlausnir afhentar og formaður prófnefndar fór yfir rétt svör. Frá vinstri: Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Einar Kjartansson TF3EK prófnefnd, Jón E. Guðmundsson, Júlía Guðmundsdóttir, Pálmi Árnason, Arnlaugur Guðmundsson, Jón Björnsson TF3PW umsjónarmaður námskeiða félagsins, Yngvi Harðarson TF3Y prófnefnd, Kjartan Birgisson (snýr baki í myndavél) og Kristinn Andersen TF3KX, formaður prófnefndar ÍRA.

Fulltrúar prófnefndar á prófstað: Kristinn Andersen, TF3KX, formaður; Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX; Einar Kjartansson, TF3EK; Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS; og Yngvi Harðarson, TF3Y. Fulltrúi PFS: Bjarni Sigurðsson.

Fulltrúar stjórnar á prófstað: Jón Björnsson, TF3PW; Jónas Bjarnason, TF3JB; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY.

5.1.3 Um námskeiðið 22. mars - 5. júní.
Það voru vonbrigði hve fámennur hópur skilaði sér í prófið 5. júní. En, af þeim fimm sem sátu prófið, náðu fjórir fullnægjandi árangri til N- eða G-leyfis sem ber að fagna.

Námskeiðið fór vel af stað og staðfestu 20 þátttöku. Af þeim hópi mættu 14 manns við setningu í Skeljanesi, auk 2 sem bættust við síðar. Þegar til kom, þurfti hins vegar að fresta námskeiðinu í tvígang (samtals í meir en 5 vikur) vegna Covid-19 faraldursins. Af þeim sökum fækkaði í nemendahópnum og loks (eftir frestun sem líka varð á prófdegi) mættu fimm til prófs.

Undirbúningur af hálfu félagsins var eins og best verður á kosið. Meginástæða fækkunarinnar virðist því vera að það rask sem varð vegna frestunar vegna Covid-19.

Mest mæddi á þeim Jóni Björnssyni, TF3PW umsjónarmanni og Kristni Andersen, TF3KX nýjum formanni prófnefndar, auk leiðbeinenda sem komu að verkefninu. Að auki komu félagar í prófnefnd og félagar í stjórn ÍRA að verkefninu á mismunandi stigum þess. Sérstakar þakkir til allra þessara aðila fyrir vel unnin störf.

5.2 FYRIRHUGAÐ NÁMSKEIÐ 4. OKTÓBER - 11. DESEMBER.
Á stjórnarfundi í félaginu 22. júní var gerð eftirfarandi samþykkt: “Finna þarf heppilegra fyrirkomulag á námskeiðshaldi. Stefna skal að fundi með prófnefnd. Skoða þarf m.a. möguleikann á að halda námskeið og jafnvel próf yfir netið, sem er gert í sumum löndum. Námsefni þarf að endurnýja“.

Fljótlega eftir fundinn var haft samband við Kristinn Andersen, TF3KX formann prófnefndar og ákveðið að stefna að sameiginlegum fundir stjórnar og prófnefndar 10. ágúst. Sá fundur gekk eftir og þar var m.a. ákveðið að stefna að námskeiði yfir netið í byrjun október. Á þeim fundi var ákveðið að hittast aftur viku síðar og undirbúa fund 17. ágúst.

Stjórn ÍRA og prófnefnd á fundi 17. ágúst.
0Frá vinstri:
Jón TF3PW gjaldkeri og umsjónarmaður námskeiða,
Georg TF3GZ meðstjórnandi,
Vilhjálmur TF3VS ritari prófnefndar,
Sæmundur TF3UA varamaður,
Óskar TF3DC varaformaður,
Kristinn TF3KX formaður prófnefndar,
Einar TF3EK prófnefnd,
Heimir TF1EIN varamaður og
Guðmundur TF3GS ritari.
Á myndina vantar:
Yngva TF3Y prófnefnd og
Jónas TF3JB formann ÍRA
sem einnig sátu fundinn.

Sá fundur var ekki síður vel heppnaður og var ákveðið (í ljósi framlagða gagna) að halda námskeið yfir netið í október. Degi síðar, 18. ágúst hittust aðilar á netfundi til prufu á samskiptaforritum og varð niðurstaðan Google Meet forritið.

Óneitanlega var leitt að fyrra námskeiðinu lauk með fámennri prófþátttöku þann 5. júní. En þar má líklega slá því föstu að Covid-19 faraldurinn sé sökudólgurinn. Hins vegar valda fáar skráningar á síðara námskeiðið í október ekki síður vonbrigðum.

Undirbúningur námskeiðs til amatörprófs er ætíð stórt verkefni fyrir lítið félag eins og ÍRA. Að þessu sinni var undirbúningur stjórnar og prófnefndar viðameiri, enda grundvallarbreyting fyrirhuguð, þ.e. frá staðarnámi í fjarnám. Margir komu að verkefninu og unnu vel. Nýjung var m.a. að bjóða upp á próf á þremur stöðum á landinu, Egilsstöðum, Akureyri og Hafnarfirði. Fjórði staðurinn, Blönduós, bættist við síðar.

Ljóst er, að fyrirvari hefur sjaldan verið betri, auk þess sem gefið var til kynna strax í júlímánuði að námskeið yfir netið væri í uppsiglingu. Vísbendingar um litla aðsókn bentu einkum til þess að margir teldu sig ekki hafa til að bera næga netkunnáttu og/eða eiga hæfan tölvubúnað. Einn sagði: „*Þið þurfið að bjóða upp á kynningarkvöld um hvernig svona námskeið fara fram*“. Annar sagði. „*Það er aldrei það sama að vera yfir netið samanborið við að mæta á staðinn, hlusta á kennarann og geta spurt spurninga*“. Hver sem ástæðan er, verður væntanlega komið til móts við alla/flesta þegar boðið verður upp á næsta námskeið á vegum félagsins; samtímis í staðarnámi og yfir netið.

5.2.1 Fyrirhugað námskeið yfir netið fellt niður.

Stjórn ÍRA samþykkti á fundi 28. september að fresta auglýstu námskeiði til amatörleyfis, sem átti að hefjast 4. október og ljúka með prófi Fjarskiptastofu 11. desember. Ástæðan var lítil þátttaka, en aðeins þrír höfðu skráð sig og greitt námskeiðsgjald. Tilkynning þessa efnis var sett á heimasíðu og FB síður eftir stjórnarfundinn 28. september.

Í tilkynningunni kom jafnframt fram, að næsta námskeið verði í boði í febrúar til maí 2022 og að athugað verði með að bjóða samtímis, staðarnámskeið í Háskólanum í Reykjavík og fjarnámskeið yfir netið. Ennfremur var opnaður möguleiki fyrir þá sem hefðu á huga á að undirgangast próf til amatörleyfis (án undangengins námskeiðs) að sitja próf 11. desember. Óskir þess efnis bárust hvorki til félagsins né til Fjarskiptastofu.

Námskeið til amatörprófs voru haldin í Háskólanum í Reykjavík frá 2013 til 2019. Ekki fékkst inni með námskeiðið 2021 enda skólinn lokaður öllum utanaðkomandi vegna Covid-19 faraldursins. Félaginu stendur til boða afnot af HR á ný þegar faraldurinn hefur gengið niður.

5.3 UNDIRBÚNINGUR NÝS NÁMSKEIÐS Í FEBRÚAR-MAÍ 2022.

Vinna til undirbúnings námskeiðs í febrúar til maí 2022 hófst um miðjan nóvember. Verkefnið var unnið í samvinnu stjórnar ÍRA og prófnefndar. Þegar þetta er skrifað er hins vegar óljóst hvort fresta þarf þeirri dagsetningu vegna Covid-19 faraldursins.

5.4 PRÓFKRÖFUR ERU BUNDNAR Í REGLUGERÐ.
Úr reglugerð um starfsemi radíóáhugamanna
nr. 348 19. apríl 2004:

5. gr. Próf og prófkröfur.

Póst- og fjarskiptastofnun heldur próf fyrir radíóáhugamenn að jafnaði að vori og hausti. Væntanlegir þátttakendur skulu tilkynna sig til Póst- og fjarskiptastofnunar annaðhvort skriflega eða með tölvupósti eigi síðar en viku fyrir próf en próf falla niður ef fyrirhuguð þátttaka réttlætir ekki að þau séu haldin. Póst- og fjarskiptastofnun getur falið samtökum radíóáhugamanna að hafa umsjón með prófum og taka þátt í gerð prófgagna. Stofnunin getur einnig falið samtökum radíóáhugamanna að annast próf enda sé tilnefndur ábyrgðarmaður af hálfu samtakanna. Samtök radíóáhugamanna bera sjálf kostnað af þátttöku sinni í prófhaldi.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út ef þess er óskað prófskírteini sem eru í samræmi við tilmæli CEPT 61-02 (*Harmonised Amateur Radio Examination Certificate, HAREC*). Prófkröfur taka mið af sömu tilmælum eftir því sem við á og eru eftirfarandi:

a) N-próf:

1. Grunnatriði í rafmagns- og radíófræði.
2. Innlendar og alþjóðlegar reglur og aðferðir í viðskiptum.
3. Helstu atriði í lögum um fjarskipti og reglugerð um radíóáhugamenn.

b) G-próf:

1. Tækni:
   Raf-, rafsegul- og radíófræði.
   Íhlutir.
   Rásir.
   Viðtæki.
   Sendar.
   Loftnet og sendilínur.
   Útbreiðsla rafsegulbylgna.
   Mælingar.
   Truflanir og truflanavernd.
   Öryggismál í sambandi við rafmagn.

2. Innlendar og alþjóðlegar reglur um viðskipti og aðferðir:
   Stöfun með orðum.
   Q-skammstafanir.
   Skammstafanir sem eru notaðar í viðskiptum.
   Alþjóðleg neyðarmerki, neyðarköll og fjarskipti í náttúruhamförum.
   Kallmerki.
   Skipulag alþjóðlegu radíóáhugamannasamtakanna (IARU) á tíðnisviðum radíóáhugamanna.

3. Innlendar og alþjóðlegar reglur um þráðlaus fjarskipti áhugamanna:
   Radíóreglugerð ITU.
   Reglur CEPT.
   Innlend löggjöf, reglugerðir og leyfisskilyrði.

Fjarskiptastofa setur nánari reglur um efni til prófs í samræmi við tilmæli CEPT.

Próf skulu vera skrifleg en heimilt er að bregða út af því er aðstæður réttlæta. Póst- og fjarskiptastofnun skipar prófdómara nema samtökum radíóáhugamanna hafi verið falið að annast próf.

5.5 HVERJIR GETA GENGIST UNDIR PRÓF TIL AMATÖRLEYFIS Á ÍSLANDI?

Hér á landi geta útlendingar gengist undir próf til amatörleyfis hjá Fjarskiptastofu til jafns við Íslendinga, þ.e. ekki er krafist íslensks ríkisborgararéttar. Í flestum þjóðlöndum setja stjórnvöld ekki skorður hvað slíkt varðar, t.d. er töluvert um að Íslendingar hafi undirgengist próf af þessu tagi erlendis, m.a. í Bandaríkjunum (gjarnan þeir sem þar stunda nám).

Sömu kröfur eru gerðar til allra einstaklinga sem undirgangast próf stofnunarinnar hvað varðar þekkingu, burtséð frá líkamlegu ástandi, þ.m.t. fötlun. Hins vegar er sérstakt tillit tekið til lesblindu og þá er í boði munnlegt próf, en próftaki ræður að hvaða marki hann notast við skriflegan þátt og munnlegan. Tafla og túss eru til reiðu. Einnig er í boði að fá prófverkefni stækkað í A3 sem og að verða við ósk um annan lit en hvítan á prófgögn.

Á námskeiði félagsins sem er í boði til undirbúnings prófs til amatörleyfis, er um 65% náms-efnis á ensku og um 35% á íslensku. Námskeiðsgjald er 22 þúsund krónur og er innifalið í þeirri fjárhæð kennsla og allt námsefni (útprentað) og félagsaðild að ÍRA.

Í áranna rás hefur próf til amatörleyfis yfirleitt verið lagt fyrir á íslensku, en jafnframt á ensku þegar óskir hafa borist þess efnis. Líkt og fram kemur að ofan, jafnframt munnlega þegar óskir hafa borist um það.

Skráning í próf til amatörleyfis er opin fyrir alla, burtséð frá því hvort einstaklingur hefur setið námskeið félagsins eða ekki. Þess eru dæmi, að einstaklingar hafi komið beint í próf án undirbúnings hjá félaginu. Skráning í próf fer fram hjá Póst- og fjarskiptastofnun og er án gjaldtöku.

Tilmæli CEPT er varða aðgang fatlaðra að prófum fyrir radíóamatöra voru samþykkt 14. október 2014; ECC „*Amateur Radio Licence Examinations for Persons with Disabilities*“. Tilmælin má kalla fram á vefslóðinni: https://docdb.cept.org/download/c5bb7f24-3007/REC1405.PDF

Mynd úr prófi til amatörleyfis sem haldið var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fyrir nokkrum árum. Þá náðu fjórtán fullnægjandi árangri til N- eða G-leyfis.

5.6 FRAMKVÆMD MUNNLEGRA PRÓFA.
Framkvæmd munnlegs prófs til amatörleyfis fer fram samkvæmt ákveðnum vinnureglum. Þær eru eftirfarandi:

1. Þrír menn annist prófið, tveir frá Prófnefnd ÍRA og prófdómari frá Fjarskiptastofu. Annar prófnefndarmanna einbeitir sér að samskiptum við próftaka en hinir tveir gefi einkunn hvor í sínu lagi fyrir hvern lið, á bilinu 0,0 - 1,0 með upplausninni 0,1. Hvor um sig hafi eintak af prófinu með réttum svörum við höndina.

2. Æskilegt er að þeir sitji ekki andspænis próftaka, svo nærvera þeirra og athafnir dreifi athygli hans sem minnst. Þeir geta þó í hófi lagt til málanna ef þess gerist þörf, en aldrei skulu prófendur ræða mat sitt svo próftaki heyri. Þó er spyrjanda heimilt að láta í ljós við próftaka staðfestingu á velgengni þegar við á.

3. Að prófun lokinni beri þeir tveir sem skráðu einkunn fyrir hvern lið saman bækur sínar, skoða skriflega úrlausn að því marki sem hún liggur fyrir og geta ráðfært sig við spyrjandann. Náist ekki samstaða um einkunn skal meðaltal af tillögum hvors um sig gilda.

4. Munnlega prófið fari fram þegar skriflega prófið er haldið, má gjarnan byrja fyrr svo því sé lokið í tæka tíð. Nauðsynlegt er að gefa sér góðan tíma, ríflegri en fyrir skriflega prófið ef þess gerist þörf.

5. Prófa skal úr öllum liðum skriflega prófsins. Próftaki fái skriflegu spurningarnar eins og hann kærir sig um, að öðru leyti verði leitast við að koma efni þeirra til skila munnlega og, eftir atvikum, með myndrænum hætti. Próftaka standa sömu leiðir til boða til að koma svörum sínum á framfæri. Nota skal töflu og túss eftir atvikum og óskum próftaka.

6. Prófanda ber að krefja próftaka svars við öllum liðum og skal hjálpa honum að henda reiður á hvaða svör eru í boði við fjölvalsspurningum. Taka má tillit til óska próftaka um röð spurninga, og geyma sumar til annarrar yfirferðar sé þess óskað.

7. Ef próftaki á í erfiðleikum með að skilja spurningu eins og hún er fram sett, má leita eftir skilningi á efni hennar í áföngum eða með öðrum spurningum um sama efni. Einkunnargjöf fyrir slíka spurningu taki þá mið af þeirri hjálp sem þetta er talið veita.

Mynd úr prófi til amatörleyfis sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík fyrir nokkrum árum. Þá náðu tíu fullnægjandi árangri til N- eða G-leyfis.

5.7 FYRIRKOMULAG EF PRÓFTAKI GLÍMIR VIÐ LESBLINDU.
Leiðbeiningar um fyrirkomulag vegna próftöku þegar einstaklingur glímir við skrifblindu (lesblindu) og hefur hug á að sitja próf til amatörleyfis hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

1. Sækja þarf um munnlegt próf til Fjarskiptastofu sem er hinn raunverulegi prófhaldari.

2. Farskiptastofa hefur farið fram á eftirfarandi: „…fá vottorð frá sérfræðingi í lesblindu og þá sérstaklega með tilliti til fyrirhugaðs prófs radíóáhugamanna“.

3. Í sama bréfi frá Fjarskiptastofu: „…og þá var leitað til Lestrarseturs Rannveigar Lund, vefslóð: http://www.lrl.is/ FST leggur til að haft verði samband við hana, því hún þekkir hvers konar próf við erum að tala um.

4. Í maí 2013 svaraði Rannveig Lund eftirgrennslan Prófnefndar ÍRA þannig: „Bentu þessum manni (á) að hafa samband. Kostnaður verður kr. 8.500“. Við getum endurnýjað þessa málaleitan og kannað hvert verðtilboðið væri nú.

5. Í upphafi, árið 2006, fékk Rannveig góða greinargerð um hvað fælist í prófum fyrir radíóamatöra. Hún sendi prófnefnd þá líka ýmsar leiðbeiningar sem varða gögn fyrir lesblinda. Í eftirgrennslan til hennar 2013 frá prófnefnd sagði meðal annars:

"Mótaðar voru framgangsreglur um munnlegt próf, þar sem prófandinn gefur ekki sjálfur einkunn, heldur sitt hvor prófdómarinn frá Fjarskiptastofu og félaginu Íslenskir radíóamatörar. Þeir láta lítið á sér bera. Þetta er gert til að draga úr streitu í samskiptum próftaka og prófanda. Prófverkefnið er það sama og hjá þeim sem taka skriflega prófið um leið, en próftaki ræður að hvaða marki hann notast við skriflegan þátt og munnlegan. Tafla og túss eru til reiðu. Einnig er ávallt hægt að fá prófverkefnið stækkað í A3 og verða við ósk um annan lit en hvítan á pappír. Nokkrir hafa þegið þessi ráð með góðum árangri án þess að ráðist sé í munnlegt próf“.

6. Þau skipti sem prófað hefur verið munnlega, var fylgt tillögum um framkvæmd sem prófnefnd gerði fyrst árið 2006 og nú síðast 5. júní 2021.

Beðið yfirferðar prófúrlausna í Skeljanesi 5. júní í Skeljanesi. Frá vinstri: Hrafnkell Sigurðsson TF8KY fulltrúi stjórnar, Guðmundur Sveinsson TF3SG, Jón Björnsson TF3PW umsjónarmaður námskeiða félagsins, Jón E. Guðmundsson (sem náði prófinu og fékk síðar kallmerkið TF8KW) og Einar Kjartansson TF3EK prófnefnd.

ÚR FÉLAGSSTARFINU.

Grein um starfsemi ÍRA í 6. tbl. HBradio2021.
6. tbl. HBradio, félagsblað landfélags radíóamatöra í Sviss, barst til ÍRA 8. desember (2021) og lá frammi í félagsaðstöðunni fimmtudaginn 9. desember (en HBradio berst nú reglulega til félagsins).

Á bls. 46-49 er skemmtileg frásögn Ralf Doerendahl, HB9GKR af ferð til Íslands í sumar (2021). Ralf var hér á landi í 9. skiptið í september og heimsótti m.a. félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi ásamt Yngva Harðarsyni, TF3Y en þeir hafa m.a. virkjað saman fjallatinda hér á landi í SOTA verkefninu (*e. Summits On The Air*).

USKA gefur út 6 tölublöð á ári og er hvert blað 50-80 bls. að stærð. Það veitir áhugaverða innsýn í viðamikið og vandað starf Svissneskra radíóamatöra. Greinar í blaðinu eru [mest] á þýsku, frönsku og ítölsku; en móðurmál meirihluta Svisslendinga er þýska. Þakkir til Ralf, HB9GKR fyrir skemmtilega grein.

6. TF útileikar ÍRA 2021

TF ÚTILEIKAR: 1,8 – 3,5 – 5,3 – 7 – 10,1 – 14 MHz.

TF útileikarnir fóru fram um verslunarmannahelgina samkvæmt venju. Að þessu sinni bar leikana upp á dagana 31. júlí til 2. ágúst. Alls var skilað inn dagbókum fyrir 13 stöðvar, með 233 færslum um sambönd. Samanlagður stigafjöldi var 4337. Þetta er næst mesta virkni sem hefur verið samanborið við undanfarin 5 ár, síðan núverandi fyrirkomulag á dagbókum og stigagjöf var tekið upp sumarið 2017. Heildarfjöldi stiga hvort árið var meira en tvöfaldur samanborið það sem mest var áður. Umsjónarmaður er Einar Kjaransson, TF3EK.

Þetta er að mestu vegna þess að fleiri sambönd voru milli landshluta. Ekki voru send inn keppnisgögn fyrir fjórar stöðvar sem höfðu sambönd: TF1OL, TF1EM, TF3IG og TF3VG.

Taflan sýnir niðurstöður fyrir þær stöðvar sem skiluðu inn dagbókum. TF1AM, Andrés Þórarinsson, fékk flest stig eða 1284. Þetta er í fyrsta skipti sem hann tekur þátt í TF útileikum.

Taflan sýnir árangur þátttakenda í TF útileikunum 2021.

KALLMERKI	FJÖLDI SAMBANDA	STIG FYRIR SAMBÖND	MARGFALDARI	STIG
TF1AM	53	214	6	1284
TF3EK	27	185	6	1110
TF8KY	51	204	5	1020
TF3IRA	24	71	3	213
TF1EM	18	49	3	147
TF3GZ	14	47	3	141
TF3Y	14	34	3	102
TF1JI	5	24	3	72
TF3JA	5	17	4	68
TF3JB	9	21	3	63
TF3DX	8	16	3	48
TF3LB	3	7	3	21
TF3VS	2	5	3	15
Samtals	233	905	-	4337

Tvær aðrar stöðvar, TF3EK og TF8KY fengu líka margfaldara og TF1AM fyrir að hafa sambönd frá fleiri „Maidenhead“ reitum.

Taflan sýnir yfirlit virkni í TF útileikum síðan núverandi fyrirkomulag var tekið upp fyrir 5 árum.

ÁR	2017	2018	2019	2020	2021
Fjöldi dagbóka	12	10	11	14	13
Færslur í dagbókum (QSO)	122	125	130	302	233
Stig fyrir sambönd	384	582	369	1093	905
Meðal margfaldari	3.,23	3,53	3,58	4,33	3,69
Heildarfjöldi stiga	1242	2056	1322	4737	4337
Þáttakandi með flest stig	TF2LL	TF2LL	TF8KY	TF1OL	TF1AM
Mesti stigafjöldi	304	728	425	1386	1284

6.1 Keppnisreglur

Reglur TF útileikanna fyrir árið 2021 voru óbreyttar frá því þær voru síðast uppfærðar fyrir leikana 2017. Markmið frá upphafi hefur verið að auka færni radíóamatöra í fjarskiptum innanlands og auka þekkingu á útbreiðslu í MF og HF tíðnisviðunum. Í útileikunum er lögð áhersla á að nota lægri böndin, 160, 80, 60 og 40 metra, en sambönd á hærri HF tíðnum teljast einnig til stiga, eins og um væri að ræða sambönd á 40 metrum. Heimilt er að hafa sambönd hvenær sem er þessa tvo sólarhringa, en til að „þétta" virknina eru fjögur tímabil gefin upp: Kl. 17-19 á laugardag, 9-12 á sunnudag, 21-24 á sunnudag og 8-10 á mánudag. Samband við sömu stöð, á sama bandi, telst gilt svo fremi sem a.m.k. 8 klukkustundir eru liðnar frá fyrra sambandi.

Þótt hafa megi samband hvenær sem er þessa 3 daga má heildarþátttökutími hverrar stöðvar ekki fara yfir 9 klst. m.v. höfð QSO. Ef haft er samband, telst tíminn minnst 30 mín., jafnvel þótt aðeins sé um eitt samband að ræða. Hver byrjaður hálftími til viðbótar reiknast 30 mínútur. Þrjú sambönd er hámarksfjöldi sambanda sem er heimilaður við sömu stöð á sama bandi.

Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX og XYL Guðrún Hannesdóttir TF3GD fylgdust með verðlaunaafhendingunni. Þess má geta, að Vilhjálmur er líklega sá leyfishafi sem hefur tekið þátt í flestum TF útileikum frá upphafi (í 40 ár) og sagðist hann líklega bara hafa misst af tveimur útileikum frá upphafi. Hann tók að sjálfsögðu þátt í útileikunum 2021. Ljósmynd: TF3JON.

Lágmarksupplýsingar sem skipst er á eru QSO raðnúmer (001 o.s.frv.) og QTH. Viðbótarstig fæst ef einnig er skipst á RS(T) og afli. RS(T) táknar læsileika, styrk og tón merkis. Miðað er við afl í wöttum frá sendi út í loftnet. QTH má gefa upp sem 4 eða 6 stafa hnit/staðarreiti (*e. Maidenhead locator*) t.d. HP94bc[13] eða breidd og lengd, í gráðum, t.d. 6421. Stigafjöldi fyrir hvert samband fer eftir staðsetningu í reitum sem skilgreindir eru með 4 stafa hnit/staðarreit, t.d. HP94. Eitt eða tvö stig fást fyrir sambönd innan sama reits. Fyrir sambönd milli reita bætist við samanlagður mismunur á númerum reita norður og austur. Þannig gefur fullt samband milli HP83 og HP94 4 stig en samband milli HP94 og IP04 gefur 3 stig. Einn margfaldari, sem fer eftir fjölda reita sem sent er frá, er notaður til að reikna endanlegan stigafjölda. Margfaldarinn er 3 ef öll sambönd eru frá sama reit, ef sent er frá fleiri reitum bætist 1 við fyrir hvern reit; margfaldari verður þó ekki hærri en 6.

[13] Sjá t.d. http://www.arrl.org/grid-squares

Myndir frá TF útileikunum 2021.

TF3EK á Hvallág á Melrakkasléttu; Snartarstaðanúpur í baksýn. Ljósmynd: TF3EK.

Fjarskiptaaðstaða TF3EK í bifreiðinni: Yaesu FT-857D og LDG 100 loftnetsaðlögunarrás. Ljósmynd: TF3EK.

TF3UA virkjaði TF3IRA 1. og 2. ágúst í TF útileikunum.

TF8KY notaði veglegt stangarloftnet í TF útileikunum, fest aftan á Volvo bifreiðina. Ljósmynd: TF8KY.

TF3AWS virkjaði TF3IRA 31. júli í TF útileikunum.

TF3MH virkjaði TF3IRA 1. ágúst í TF útileikunum.



Fjarskiptaaðstaða TF1AM í bifreiðinni. Icom IC-7300 HF stöð, loftnetsaðlögunarrás og fleiri búnaður. Ljósmynd: TF1AM.

Fjarskiptaaðstaða TF3JB í TF útileikunum 2021. Á mundinni má m.a. sjá IC-7600 sendi-/móttökustöð. Loftnet: Steppir SmallIR.

Andrés Þórarinsson, TF1AM setti skemmtilega færslu á FB síðu félagsins:

„Vinnuaðstaðan hjá TF1AM í útileikunum ÍRA, íslenskra radíóamatöra, um verslunarmannahelgina. Aðrar stöðvar voru vítt og breytt um landið og færðu sig um set til að fá fleiri stig. Þetta tókst allt hið besta.

Eitt vandamál við að vinna í bíl er spennan. Rafgeymirinn fyrir radíóið var 50Ah og spennan lækkar fljótt í 12V í sendingu sem er óþarflega lágt. Það var aðgangur að 220V í bílnum sem var notað á spennugjafa sem hélt rafgeyminum uppi. Sjá má loftnetsskiptarann milli sætanna sem var mikilvægur enda var loftnet fyrir hvert af böndunum fjórum. Gamli góði trékassinn undan Egilsgosi var eins og kallaður til að halda radíóinu í hæfilegri vinnuhæð. Hljóðneminn er við hægri höndina sem og minnisbókin. Bara gott en það var líka þurrt og lítill vindur og þá gengur að vinna í bíl. Takk fyrir loggbókina á vefnum sem virkar svona líka ágætlega. Netsamband fékkst í gegnum farsímann og þá var hægt að færa inn hvert samband jafnóðum í gegnum fartölvuna. Á tölvuskjánum má sjá loggbókina hægra megin, en vinstra megin er tafla þar sem haldið var utan um á hversu mörgum böndum var búið að ná í hvert kallmerki. Þegar myndin var tekin þá var QTH við eyðibýlið Austurbæ á Vatnsleysuströnd, og það var orðið rokkið. Þar er sjór til austurs og yfir í norður (sem er gott) en hraun í aðrar áttir (sem er verra).

Aðrir staðir sem TF1AM notaði voru hjá Dagverðarneskirkju á Fellsströnd, rétt norðan við Hafnir á Reykjanesi og í sumarhúsi í Grafningi. Ég þakka fyrir mig, bestu kveðjur til allra sem tóku þátt“.

6.1 Verðlaun og viðurkenningar í TF útileikunum.
Vegna Covid-19 faraldursins tókst ekki að afhenda verðlaun og viðurkenningar vegna TF útileikana á árinu 2021.

Líkt og á síðasta starfsári var ákveðið í samráði við umsjónarmann, að auglýsa ekki sérstaklega hefðbundna afhendingarviðhöfn, heldur var verðlauna- og viðurkenningahöfum tjáð persónulega um, að þeir gætu vitjað þeirra í félagsaðstöðunni á fimmtudagskvöldum í janúar (2022). Þetta fyrirkomulag var til að forðast að of margir félagar mæti í einu í félagsaðstöðuna vegna Covid-19 faraldursins.

Viðurkenningar í útileikunum eru tvennskonar. Annars vegar er vandaður verðlaunaplatti, ágrafinn á viðargrunni fyrir bestan árangur og hins vegar eru skrautrituð viðurkenningarskjöl fyrir fyrstu fimm sætin.

Myndin er af glæsilegum verðlaunaplatta sem veittur er fyrir bestan árangur í TF útileikunum.

Fyrstu TF útileikarnir ÍRA voru haldnir árið 1979 í formannstíð Kristjáns Benediktssonar, TF3KB, sem var upphafsmaður og aðalhöfundur reglna leikanna. Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX er sá félagsmaður sem oftast hefur tekið þátt í TF útileikunum í meir en 40 ára sögu þeirra. Vilhjálmur hefur árlega tekið þátt, að undanskildum tveimur árum þegar hann ásamt XYL, Guðrúnu Hannesdóttur, TF3GD, voru stödd erlendis. Þess má geta, að Guðrún hefur ennfremur oft tekið þátt í TF útileikunum.

Andrés Þórarinsson, TF1AM varð í 1. sæti í TF útileikunum 2020 með 1284 heildarstig.

Hann fékk verðlaunaplatta félagsins vegna leikana 2021 til eignar ásamt skrautrituðu viðurkenningarskjali.

Andrés er handhafi G-leyfisbréfs radíóamatöra nr. 88.

Einar Kjartansson TF3EK varð í 2. sæti í útileikunum 2021 með 1110 heildarstig.

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY varð í 3. sæti í útileikunum 2021 með 1020 heildarstig.

Íslenskir radíóamatörar TF3IRA urðu í 4. sæti í útileikunum 2021 með 213 heildarstig.

Eiður Magnússon TF1EM varð í 5. sæti í útileikunum 2021 með 147 heildarstig.

Þátttakendur 1.-5. sæti í TF útileikunum 202 fengu skrautritað viðurkenningarskjal frá félaginu.

7. Páskaleikar ÍRA 2021

PÁSKALEIKAR: 3,5 – 50 – 70 – 144 – 430 – 1200 MHz.

Páskaleikar ÍRA 2021 fóru fram um páskahelgina 2.-4. apríl. Þetta voru fjórðu leikarnir frá upphafi, en þeir voru fyrst haldnir árið 2018. Þátttaka var ágæt þrátt fyrir óvenjulegar aðstæður. Alls voru 24 TF kallmerki skráð í ár, en dagbókarupplýsingar voru sendar inn fyrir 21 kallmerki. Samkomubann vegna Covid-19 var í gildi og því var ekki hægt að halda kynningu fyrir leikana í Skeljanesi eins og venja hefur verið. Kynning á FB síðum og heimasíðu ÍRA varð því að duga þetta árið. Umsjónarmaður er Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY.

4-stafa reitir virkjaðir 2021 eru merktir með grænu V-merki.

Reitir sem voru virkir í páskaleikunum 2021		
HP75TM	HP84XD	HP94BC
HP75UM	HP84XH	HP94BD
HP75WN	HP85OA	HP94CC
HP83SX	HP85PB	HP94CD
HP83TX	HP93BX	HP94CF
HP83VX	HP93IW	HP94DE
HP84ES	HP93LU	HP94EQ
HP84IT	HP93LW	HP94HR
HP84NW	HP94AB	HP94JF
HP84QB	HP94AD	IP03EM
HP84WO	HP94AM	

7.1 Yfirlit.

- Alls lék 21 stöð til stiga í leikunum í ár, samanborið við 15 í fyrra (2020).
- QSO voru skráð frá 32 reitum (6 stafa). Það sýnir m.a. góða virkni færanlegra stöðva (*e. portable/mobile*).
- Skráð QSO í kerfinu voru alls 621 nú, en 552 árið 2020.
- Sex bönd voru notuð í leiknum þetta árið, en nú teljast böndin 7 því endurvarpar voru skilgreindir sem band. Að þessu sinni var ekkert QSO skráð á 4 metrum.

Tafla 1 Upplýsingar um Páskaleikana 2018-2021.

ÁR	SKRÁÐ KALLMERKI	INNSENDAR DAGBÆKUR
2021	24	21 kallmerki
2020	17	15 kallmerki
2019	20	17 kallmerki
2018	24	23 kallmerki

Tafla 2. Lengstu fjarskiptavegalengdir eftir böndum/tíðnisviðum í leikunum 2021.

Band	Tíðnisvið, MHz	Vegalengd	QSO milli
23 cm	1240	112	TF1A – TF1OL
70 cm	430	195	TF1A – TF4AH
2 metrar	144	208	TF4AH – TF1OL
6 metrar	50	92	TF2MSN - TF1OL
80 metrar	3.6	162	TF4AH – TF1JI
Endurvarpar	144	318	TF4AH – TF1JI

7.1.1 Úrslit 2021, fyrstu þrjú sætin.

1. sæti. Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL.
Alls 176.925 stig. Ólafur sigraði leikinn með yfirburðum, sem var verðskuldaður sigur. Hann var víðförull og átti sambönd úr 9 mismunandi reitum, þar af 5 fjögurra stafa: HP83, HP84, HP85, HP93 og HP94. Hann fór m.a. vestur á Öndverðarnes (að vísu án þess að ná QSO'i þar) og á Suðurnes. Það að hann var svona víðförull gaf honum 75 margfaldara, flesta margfaldara af öllum þátttakendum. Óli hafði 144 staðfest QSO í leiknum og meirihluti sambanda hans var yfir langar vegalengdir sem telur vel til stiga, alls 2.359 stig.

Samtala TF1OL: Stig x margfaldarar => 2359 x 75 = 176.925 stig.

Ólafur Örn Ólafsson TF3OL/M við Svörtuloftavita, vestast á Snæfellsnesi (suður frá Öndverðarnesi). Ljósmynd: TF3OL.

2. sæti. Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY.
Alls 89.350 stig. Keli hafði 120 staðfest QSO. Hann átti sambönd í leiknum úr 4 mismunandi reitum, þar af 3 fjögurra stafa: HP83, HP84 og HP94. Hann var „portable" frá 3 stöðum á Suðurnesjum og 1 í Hafnafirði. Þetta skilaði Kela 1787 stigum og 50 margföldurum.
Samtala TF8KY: Stig x margfaldarar => 1787 x 50 = 89.350 stig.

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY/M fyrir ofan byggðina í Hafnarfirði. Ljósmynd: TF8KY.

3. sæti. Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN.
Alls 71.968 stig. Óðinn var „QSO kóngur“ Páskaleika 2021, hann hafði 205 staðfest QSO í loggnum sínum. Þetta skilaði honum 3. sætinu þó hann hafi haft öll sín sambönd úr einum reit, HP84XH. Hann náði sér í 32 margfaldara og 2249 stig.

Samtala TF2MSN: Stig x margfaldarar => 1142 x 24 = 71.967 stig.

Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN var virkur frá heima QTH á Akranesi. Ljósmynd: TF2MSN.

7.1.2 Heildarúrslit.

Tafla 3. Úrslit í Páskaleikum ÍRA 2021.

Nr.	Kallmerki	Nafn	QTH	Heildarstig
1.	TF1OL	Ólafur Örn Ólafsson	/M frá 9 mismunandi reitum	176.925
2.	TF8KY	Sigurður Hrafnkell Sigurðsson	Vogar (og víðar)	89.350
3.	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	Akranes	71.968
4.	TF4AH	Árni Helgason	Patreksfjörður (og víðar)	38.000
5.	TF3GZ	Georg Kulp	Borgarfjörður	33.460
6.	TF2CT	Ægir Þór Ólafsson	Stykkishólmur	31.065
7.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	Hafnarfjörður	22.368
8.	TF1JI	Jón Ingvar Óskarsson	Undir Eyjafjöllum	21.612
9.	TF8TY	Björn Þór Hrafnkelsson	Vogar (og víðar)	20.034
10.	TF1EM	Eiður Kristinn Magnússon	Reykjavík	14.140
11.	TF1A	Ari Þórólfur Jóhannesson	Reykjavík	9.324
12.	TF3IRA	Félagsstöð ÍRA	Reykjavík	8.848
13.	TF3JB	Jónas Bjarnason	Reykjavík	7.770
14.	TF2LL	Georg Magnússon	Borgarfjörður	7.579
15.	TF1AM	Andrés Þórarinsson	Grímsnes	4.038
16.	TF3E	Erling Guðnason	Reykjavík	2.392
17.	TF3LM	Jón G. Guðmundsson	Reykjavík	552
18.	TF3Y	Yngvi Harðarson	Reykjavík	156
19.	TF8YY	Garðar Vilberg Sveinsson	Kópavogur	115
20.	TF3PKN	Pier Albert Kaspersma	Hafnarfjörður	46
21.	TF3DC	Óskar Sverrisson	Reykjavík	30

Eftirminnileg QTH komu við sögu í leikum 2021. TF4AH var QRV frá Látrabjargi í reit HP75. Þetta QTH hefur ekki komið við sögu áður í Páskaleikum. Áhugavert var þegar TF3Y náði nokkrum samböndum með ½λ vertíkal fyrir 80 metrana, hangandi í dróna. Þá náði TF1OL góðum árangri frá Stykkishólmi á 70 cm og með Hamstick bílneti á 80 m. TF2CT var með greiður (*e. Yagi*) fyrir 70 cm og 2 m. TF8KY sá mikinn mun á styrk þegar TF2CT sneri greiðunum frá Reykjavík til Njarðvíkur þar sem TF8KY var staddur. Góð stefnuvirkni.

Umsjónarmaður Páskaleika 2021 þakkar öllum sem tóku þátt að þessu sinni. Afhending verðlauna verður kynnt með góðum fyrirvara á heimasíðu ÍRA og fésbókarsíðum. Sjáumst í VHF/UHF leikum næsta sumar.

7.1.3 Verðlaun í Páskaleikunum.

Vegna Covid-19 faraldursins tókst ekki að afhenda verðlaun vegna leikana á árinu 2021. Líkt og á síðasta starfsári var ákveðið í samráði við umsjónarmann, að auglýsa ekki sérstaklega hefðbundna afhendingarviðhöfn, heldur var verðlaunahöfum tjáð persónulega um, að þeir gætu vitjað þeirra í félagsaðstöðunni á fimmtudagskvöldum í janúarmánuði.

Þetta fyrirkomulag var til að forðast að of margir félagar mæti í einu í félagsaðstöðuna vegna Covid-19 faraldursins.

Viðurkenningar í Páskaleikunum eru vandaðir verðlaunagripir fyrir fyrstu þrjú sætin.

Ólafur Örn Ólafsson TF1OL varð í 1. sæti í Páskaleikum ÍRA árið 2021 með 176.925 heildarstig.

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY varð í 2. sæti í Páskaleikum ÍRA árið 2021 með 89.350 heildarstig.

Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN varð í 3. sæti í Páskaleikum ÍRA árið 2021 með 71.968 heildarstig.

Glæsilegir verðlaunagripir voru veittir fyrir fyrstu þrjú sætin í Páskaleikum ÍRA 2021.

MYNDIR FRÁ PÁSKALEIKUNUM 2021.

TF4AH/M staddur á Kleifaheiði. Ljósmynd: TF4AH.

Fjarskiptaaðstaða TF3JB í Reykjavík. Ljósmynd: TF3JB.

Pier TF3PKN í „sjakknum“ í Hafnarfirði.
Ljósmynd: TF3PKN.

TF3LM: Svona var „sjakkurinn“ í byrjun á páskaleikunum. Rafhlaðan var svo steindauð að maður notaði 12 volta „bakkið“.



Fjarskiptaaðstaða TF2CT í Stykkishólmi.
Ljósmynd: TF2CT.

MÖSTRIN Á VATNSENDAHÆÐ FELLD.

Loftnetsmöstur langbylgjunnar hafa verið felld. Sigurður Harðarson, TF3WS sagði á FB síðu sinni 11. ágúst: „Núna um hádegisbilið var seinna mastur gömlu Langbylgjunnar á Vatnsendahæð fellt því það er verið að rýma hæðina fyrir nýrri byggð. Þetta var tignaleg sjón og heppnaðist vel“.

Loftnetsmöstrin tvö voru sett upp árið 1991 (70 metra há) eftir að 150 metra hátt mastur langbylgjustöðvarinnar hrundi í miklu óveðri þann 3. febrúar sama ár. Að sögn Henrys, TF3HRY héldu turnarnir tveir uppi T-loftneti fyrir langbylgjuútsendingar RÚV.

Stöðvarhúsið og umhverfi á Vatnsendahæð. Myndin var tekin augnabliki áður en síðara mastrið var fellt. Ljósmynd: TF3WS.

Á FB síðu Andrésar Þórarinssonar, TF3AM voru m.a. þessar fróðlegu upplýsingar: „Talandi um Vatnsendahæðina þá er önnur hæð ekki langt frá, sjálf Rjúpnahæðin, þar sem allir (velflestir) sendarnir til fjarskipta innanlands og til útlanda voru staðsettir, línustýrðir frá Gufunesi, þ.e. Reykjavík radíó og e.t.v. fleiri. Nú er allt horfið, öll loftnet og byggingin sjálf. Þessi mynd var tekin í maí 2008 af Guðmundi Sigurðssyni, TF3GS við einn af elstu sendunum. Guðmundur starfaði þá við Rjúpnahæðarstöðina. Þegar myndin var tekin þá var allri starfsemi þar hætt.

Texti TF3WS með myndinni: „Oft hef ég klifrað í möstrum um ævina en aldrei getað faðmað toppinn á 70 m. háu mastri á eins auðveldan hátt eftir að það féll á Vatnsendahæðinni í morgun“. Ljósmynd: TF3WS.

Menn virða fyrir sér fallna turneininguna. Fyrir miðju: Henry A. Hálfdánarson TF3HRY. Ljósmynd: TF3WS.



Guðmundur Sigurðsson TF3GS við gamla langbylgjusendinn árið 2008.
Ljósmynd: TF3AM.

8. VHF/UHF leikar ÍRA 2021

VHF/UHF LEIKAR: 50 – 70 – 144 – 430 – 1240 MHz.

VHF/UHF leikarnir eru haldnir með það í huga að hafa gaman af áhugamálinu á VHF bandinu og ofar. Hugmyndin er að örva þátttöku á hærri tíðnisviðunum innanlands, reyna búnaðinn og sérstaklega að hvetja þá sem eru nýir til að fara í loftið sem og þá sem hafa verið í dvala um tíma.

Markmið þátttakenda er að ná sem flestum samböndum, yfir sem lengstar vegalengdir og sem víðast um landið. Fyrir þá sem eiga þess kost að vera „færanlegir“, má ná fleiri stigum með að færa sig á milli staða.

Hægt er að taka þátt frá heimahúsum, sumarbústöðum og hjólhýsum, eða með handstöðvum á fjallatoppum (eða annars staðar frá) eða í bílum, mótorhjólum eða (þess vegna) reiðhjólum eða öðrum farartækjum. Umsjónarmaður er Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY.

8.1 Yfirlit.
Leikarnir fóru fram helgina 9.-11. júlí. Þátttaka var góð; alls voru 26 kallmerki skráð en 18 virkar stöðvar með QSO. Það er einni stöð fleiri en í fyrra (2020). QSO voru alls 306 í gagnagrunni og heildarvegalengd var alls 18.930 km.

Áhugavert er, að nú voru heldur færri QSO en í fyrra (2020) en heildarvegalengdin heldur hærri. Það bendir til þess að stöðvar hafi verið dreifðar um stærra svæði. Landfræðileg dreifing var með ágætum að þessu sinni, m.a. frá Borgarfirði, Akranesi, Hveragerði, Stokkseyri, Keflavík, Garðskaga, Vogum, Eyjafjöllum, Grímsnesi, fjallinu Þríhyrningi, Kleifaheiði og Látrabjargi, auk stöðva á stór-Reykjavíkursvæðinu.



Reitir sem voru virkjaðir í leikunum 2021 eru merktir með grænum lit.

Leikarnir fóru fram á 2, 4, og 6 metrum, á 70 og 23 sentímetrum og um endurvarpa. Allar tegundir útgeislunar voru heimilar. Hafa mátti samband hvenær sem var þessa 2 sólarhringa og við sömu stöð oftar en einu sinni, en a.m.k. 6 klukkustundir þurftu að líða á milli sambanda til að fá punkta.

Blásið var til leiks kl. 18:00 föstudaginn 9. júlí og stóðu leikar yfir til kl. 18 sunnudaginn 11. júlí. Þessi tímasetning var fyrst prófuð í fyrra (2020) og kom þetta breytta fyrirkomulag mjög vel út. Hugmyndin er að sami háttur verði á framvegis í leikunum.

Eins og venjulega var “on-line” leikjavefur þar sem þátttakendur gátu skrá sig til leiks. Vefurinn var endurbættur og gekk nú hnökralaust. Hægt var að skrá sig í leikinn allan tímann sem hann stóð yfir.

Umsjónarmaður kynnti leikana á heimasíðu ÍRA og FB síðum 29. júní og 7. júlí en vegna Covid-19 var ekki hægt að bjóða upp á hefðbundna kynningu í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

Allar upplýsingar komu fram á netinu, s.s. um leikjavefinn, um reitakerfið, auk snjallsíma-forritsins „QTH Locator“ sem má nota til að komast að reitanúmeri sínu.

8.1.1 Úrslit 2021, fyrstu þrjú sætin.
Bráðabirgðaniðurstöður leikanna sumarið 2021 voru kynntar á FB þann 17. júlí, en hér fyrir neðan eru birt heildarúrslit. Bestur árangur í þremur efstu sætunum var sem hér segir:

1. verðlaun, Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL, 68.550 stig.
2. verðlaun, Magnús Ragnarsson, TF1MT, 19.980 stig.
3. verðlaun, Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM, 8.400 stig.

Myndin er af glæsilegri fjarskiptabifreið Ólafs Arnar Ólafssonar TF1OL á Kleifaheiði sem er liðlega 400 metra há og er ekið af Barðaströnd í Patreksfjarðarbotn. Ólafur Örn sigraði með yfirburðum í leikunum í ár. Ljósmynd: TF1OL.

8.1.2 Verðlaun og viðurkenningar.
Verðlaun og viðurkenningar í VHF/UHF leikunum eru tvennskonar. Annars vegar eru vandaðir verðlaunagripir fyrir efstu þrjú sætin og hins vegar eru viðurkenningarskjöl fyrir bestu ljósmyndina sem tekin var í leikunum 2021 og fyrir skemmtilegustu færsluna sem sett var á netinu í leikunum.

Bæði viðurkenningarskjölin féllu í skaut Magnúsar Ragnarssonar, TF1MT í VHF/UHF leikunum fyrir árið 2021.

Verðlaunamyndina tók Magnús á símann sinn eftir að hafa klifið fjallið Þríhyrning. Auðveldlega má greina tíðnina á Yaesu VX-8R stöðinni (145.650 MHz) sem er tíðnin á endurvarpanum í Bláfjöllum.

Verðlaunamyndin 2021. Magnús Ragnarsson TF1MT staddur á fjallinu Þríhyrningi í 678 metra hæð yfir sjávarmáli með Yaesu VX-8R 5W handstöð í QSO'i við TF2MSN á Akranesi. Loftnetið er 4 staka Yagi handloftnet frá Arrow Antennas fyrir VHF/UHF böndin. Ljósmynd: TF1MT.

Magnús átti ennfremur skemmtilegustu færsluna á netinu: „Takk fyrir góða helgi. Ákvað að skella mér í keppnina. Var bara „QRP“ með Yaesu VX-8R 5W handstöð og Yaesu FT-817 HF/VHF/UHF 5W bílstöð.

Það skemmtilega við þessa keppni er, að það eru margir möguleikar til að taka þátt og margar leiðir til að safna stigum. Það er hægt að bæta upp lítið afl og einfaldan búnað með því að vera meira færanlegur og fara á milli staða og hátt upp.

Tók QSO úr Fljótshlíð, af fjallinu Þríhyrningi, við Rauðavatn, af Vatnsendahæð, úr Kömbunum, gamalli námu á Hamragarðsheiði og svo á sunnudagskvöldinu frá Höttu við Vík í Mýrdal. Skemmtilegast var að ná QSO við TF1OL á Látrabjargi frá Þríhyrningi beint á 145.500 MHz. Samkvæmt kerfinu eru það 283 km. Svo hugsar maður hvað maður getur gert næst.“

8.1.3 Lengstu QSO vegalengdir.

Tafla 1. Lengstu QSL vegalengdir eftir böndum (tíðnisviðum).

Band/tíðnisvið	Kallmerki og vegalengdir í km	
23 cm (1240 MHz).	Engin sambönd voru höfð í leikunum 2021 á þessu bandi.	
70 cm (430 MHz)	TF1AM og TF1OL	213 km
2 metrar (144 MHz)	TF1OL og TF1MT	283 km
4 metrar (70 MHz)	TF2MSN og TF8SM	40 km
6 metrar (50 MHz)	TF3IRA og TF1OL	129 km
EV (endurvarpar)	TF1OL og TF1JI	315 km

Langdrægustu stöðvarnar á bandi í leiknum (án endurvarpa) voru þeir TF1MT og TF1OL.

8.1.4 Úrslit samkvæmt heildarstigum.

Tafla 2. Úrslit í VHF/UHF leikunum 2021 samkvæmt heildarstigum.

Nr.	Kallmerki	Nafn	QTH	Heildarstig
1.	TF1OL	Ólafur Örn Ólafsson	M.a. Kleifaheiði	68.550
2.	TF1MT	Magnús Ragnarsson	M.a. fjallið Þríhyrningur	19.980
3.	TF8SM	Sigurður Smári Hreinsson	Garður	8.400
4.	TF1AM	Andrés Þórarinsson	Grímsnes	7.984
5.	TF1EM	Eiður Kristinn Magnússon	Reykjavík	6.720
6.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	Hafnarfjörður	6.032
7.	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	Akranes	4.510
8.	TF3E	Erling Guðnason	Reykjavík	3.612
9.	TF3JB	Jónas Bjarnason	Reykjavík	2.892
10.	TF3IRA	ÍRA (ops. TF1ET, TF3AWS, TF3JB)	Reykjavík	2.724
11.	TF1GW	Þór Þórisson	Stokkseyri	1.764
12.	TF1JI	Jón Ingvar Óskarsson	M.a. Miðbælisbakkar og /M.	1.355
13.	TF3LM	Jón G. Guðmundsson	Reykjavík	1.134
14.	TF3AWS	Wilhelm Sigurðsson	Reykjavík	490
15.	TF3JA	Jón Þ. Jónsson	Grímsnes	309
16.	TF1ET	Kjartan Birgisson	Reykjavík	176
17.	TF3KB	Kristján Benediktsson	Reykjavík	14
18.	TF3VS	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	Grímsnes	12

Undirbúningur VHF/UHF leikanna var einkum í höndum TF8KY, umsjónarmanns leikanna og TF2MSN. TF8KY annaðist og endurbætti sérstakan gagnagrunn leikanna (og hjálparsíðu) á netinu vegna innsetningar á samböndum. Óðinn Þór, TF2MSN aðstoðaði við kynningu, undirbúning og veitti notendaaðstoð við vefkerfi.

8.1.5 Verðlaun í VHF/UHF leikunum 2021.
Vegna Covid-19 faraldursins tókst ekki að afhenda verðlaun vegna leikana á árinu 2021. Líkt og á síðasta starfsári var ákveðið í samráði við umsjónarmann, að auglýsa ekki sérstaklega hefðbundna afhendingarviðhöfn, heldur var verðlaunahöfum tjáð persónulega um, að þeir gætu vitjað þeirra í félagsaðstöðunni á fimmtudagskvöldum í janúarmánuði 2022. Þetta fyrirkomulag var til að forðast að of margir félagar mæti í einu í félagsaðstöðuna vegna Covid-19 faraldursins.

Við sama tækifæri voru afhentar viðurkenningar fyrir bestu ljósmyndina sem tekin var í leikunum 2021 og fyrir skemmtilegustu færsluna á netinu. Báðar viðurkenningarnar féllu í skaut Magnúsar Ragnarssonar, TF1MT árið 2021.

Ólafur Örn Ólafsson TF1OL varð í 1. sæti VHF/UHF leika ÍRA árið 2021 með 68.550 heildarstig.

Magnús Ragnarsson TF1MT varð í 2. sæti í VHF/UHF leika ÍRA árið 2021 með 19.980 heildarstig.

S. Smári Hreinsson TF8SM varð í 3. sæti í VHF/UHF leika ÍRA árið 2021 með 8.400 heildarstig.

Glæsilegir verðlaunagripir voru veittir fyrir fyrstu þrjú sætin í Páskaleikum ÍRA 2021.
Neðri mynd: Glæsileg viðurkenningaskjöl fyrir bestu ljósmyndina og skemmtilegustu færsluna á Facebook í leikunum.

MYNDIR FRÁ VHF/UHF LEIKUNUM 2021.

Wilhelm Sigurðsson TF3AWS virkjaði TF3IRA í VHF/UHF leikunum laugardaginn 10. júlí.

Kjartan Birgisson TF1ET virkjaði TF3IRA í VHF/UHF leikunum sunnudaginn 11. júlí.

Fjarskiptaaðstaða TF3JB í VHF/UHF leikunum.

TF3IRA notaði Diamond X-700HN VHF/UHF húsloftnet í VHF/UHF leikunum 2021. Það er 7.20 metrar á hæð. Ávinningur er 9.3 dBi á VHF og 13 dBi á UHF. Myndin er af Georg Kulp TF3GZ þegar hann setti netið upp í Skeljanesi árið 2020.

Magnús TF1MT á toppi Þríhyrnings með sendi RÚV á Suðurlandi í baksýn. Ljósmynd: TF1MT.

Yaesu FT-817 HF/VHF/UHF QRP stöð Magnúsar TF1MT var á milli sætanna í bílnum. Mynd: TF1MT.

9. Vitahelgin, kallmerki og keppnir

VITA- OG VITASKIPAHELGIN, SÉRSTÖK KALLMERKI ÍRA, KEPPNIR.

Í þessum kafla er veitt yfirlit yfir þátttöku í Alþjóðlegu vita- og vitaskipahelginni og yfirlit yfir sérstök kallmerki ÍRA sem virkjuð voru á starfsárinu, þ.m.t. í keppnum. Kallmerkin voru: TF1IRA, TF3IRA, TF3W, TF3WARD og TF3YOTA.

9.1 ALÞJÓÐLEGA VITA- OG VITASKIPAHELGIN.

Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin fór fram helgina 21.-22. ágúst 2021. Þetta var 24. árið sem viðburðurinn var starfræktur. Þátttaka var frá 366 vitum í 50 þjóðlöndum, þ.á.m. frá öllum Norðurlöndunum. Um er að ræða tveggja sólarhringa viðburð og er miðað við, að flestir sem koma til dvalar í vita, á vitaskipi eða í nágrenni vita hafi komið sér fyrir upp úr hádegi á laugardegi.

Einn íslenskur viti var skráður til þátttöku 2021, Knarrarósviti. Það var Svanur Hjálmarsson, TF3AB sem virkjaði vitann báða dagana. Andrés Þórarinsson, TF1AM heimasótti hann í kaffi fyrri daginn (21. ágúst) og fylgir frásögn hans sem hann birti á FB hér á eftir.

Svanur Hjálmarsson TF3AB virkjaði kallmerkið TF1IRA frá Knarrarósvita um vitahelgina. Hér er hann við tækin sem hann setti upp í fortjaldi við hjólhýsi sitt við vitann. Ljósmynd: TF1AM.

"Vitahelgin er um þessa helgi. Svanur, TF3AB var mættur við Knarrarósvita með sitt hjólhýsi og fortjald og hafði sett upp þessa fínu stöð. Tækin eru öll í færanlegum og sterkbyggðum skáp og þarf einungis að tengja 230V og loftnet við og þá er allt tilbúið. Úti var vertikall með SGC 230 „autótjúner" svo og dípóll á priki. Á myndinni situr Svanur við tækin og unir sér hið besta. Aðrir gestir á þessum tíma voru Þór, TF1GW svo og Benedikt, TF3T sem skaust sem snöggvast frá sinni fínu stöð í Mónum. Þetta var góður hópur. Ekki má láta hjá líða að nefna þetta fína spjall, svo og kaffi „und alles"; já og skonsur sem Þór kom með og hafði sjálfur og í eigin persónu útbúið fyllinguna sem var ekkert venjuleg. Ég þakka góðar móttökur". Þakkir til Andrésar Þórarinssonar, TF1AM fyrir þessa skemmtilegu frásögn ásamt ljósmynd.

Knarrarósviti er staðsettur sunnan við Stokkseyri. Hann er sá viti sem radíóamatörar hafa oftast virkjað á vita- og vitaskipahelgi hér á landi. Hann var QRV í 19. skipti þegar kallmerkið TF1IRA var sett í loftið á vita- og vitaskipahelginni 2021. Ljósmyndin var tekin árið 2005 af TF3AO.

Alþjóðlega vita- og vitaskipakeppnin; þátttaka frá Íslandi 1998-2021 eftir vitum og kallmerkjum.

VITI	KALLMERKI	ÁR
Akranes	TF3DT	2016
Garðskagi Garðskagi Garðskagi	TF8IRA TF8RX TF7ØIRA	2010, 2011, 2012, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017 2001, 2003 2016
Knarrarós Knarrarós	TF1IRA TF6ØIRA	1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005, 2007, 2008, 2009, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017, 2018, 2019, 2021 2006
Mararrif Malarrif	TF3DT TF3JA	2018 2018
Reykjanes	TF8RX	2000
Selvogsviti	TF1OL	2020
Vatnsnes	TF8GX	2004

Heimild: Ayr Amateur Radio Group.

9.2 SÉRSTÖK KALLMERKI ÍRA QRV Á STARFSÁRINU.

9.2.1 TF3WARD; 18. APRÍL.

Alþjóðadagur radíóamatöra var haldinn hátíðlegur hér á landi 18. apríl 2021 líkt og annarsstaðar í heiminum, en þann mánaðardag árið 1925 voru alþjóðasamtök landsfélaga radíóamatöra, *International Amateur Radio Union, IARU* stofnuð, fyrir 96 árum. Aðildarfélög voru í upphafi 25 talsins, en í dag eru starfandi landsfélög radíóamatöra í yfir 160 þjóðlöndum heims með yfir fjórar milljónir leyfishafa.





Haldið var upp á daginn með því að virkja sérstakt kallmerki félagsins, TF3WARD. ÍRA fetaði þannig annað árið í röð, í fótspor systurfélaganna á Norðurlöndum (og um allan heim), sem starfrækja þennan mánaðardag á ári hverju, kallmerki með hliðstæðum viðskeytum. Okkur barst heimild frá Póst- og fjarskiptastofnun (í dag Fjarskiptastofa) fyrir kallmerkinu 17. mars 2020. Viðskeytið er óvanalegt, því það er fjórir bókstafir sem standa fyrir *World Amateur Radio Day*. Kallmerkið er eingöngu starfrækt einn dag á ári (18. apríl), a.m.k. fyrst um sinn.

TF3WARD var að þessu sinni QRV á morsi og tali á HF böndunum og um gervihnöttinn OSCAR 100 til DX fjarskipta og á 2 metrum og 70 sentímetrum til fjarskipta við TF stöðvar innanlands. Skilyrðin á HF böndunum voru afar erfið vegna truflana í segulsviðinu. Allt í allt náðust þó nær 200 sambönd, þar af voru 126 sambönd um QO 100. TF1A, TF3JB og TF3Y virkjuðu kallmerkið á alþjóðadaginn.

Í ár reyndist heldur ekki unnt að hafa opið hús í Skeljanesi á alþjóðadaginn (frekar en 2020) vegna kórónuveirunnar. Við lítum hins vegar bjartsýn til næsta árs (2022). Þá er stefnt að víðtækari starfrækslu TF3WARD, m.a. að félagsmenn (sem áhuga hafa) geti virkjað kallmerkið frá heimastöð. Verkefnið verður undirbúið með góðum fyrirvara, en m.a. þarf að sækja um sérstaka heimild til Fjarskiptastofu.

9.2.2 TF3IRA; 18. JÚNÍ.

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA virkjaði félagsstöðina TF3IRA frá Skeljanesi og tók þátt í „CQ Kids Day“ viðburðinum (haldinn á vegum ARRL) 18. júní.

9.2.3 TF1IRA; 21.-22. ÁGÚST.

Kallmerkið TF1IRA var virkjað frá Knarrarósvita sunnan við Stokkseyri 21.-22. ágúst á alþjóðlegu vita- og vitaskipahelginni. Það var Svanur Hjálmarsson, TF1AB sem virkjaði kallmerkið.



QSL kort fyrir TF1IRA var hannað af Vilhjálmi Í. Sigurjónssyni TF3VS.

9.2.4 TF3YOTA; 26.-31. DESEMBER.

Kallmerkið TF3YOTA var virkjað 26., 29., 30 og 31. desember. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA, setti stöðina í loftið frá Skeljanesi á hádegi sunnudaginn 26. desember. Hún var m.a. virk í YOTA keppninni 30. desember og á gamlársdag. Síðasta daginn (31. desember) var hún QRV um QO-100 gervitunglið frá Skeljanesi.

YOTA verkefnið „Youngsters on the air“ er sameiginlegt verkefni landsfélaga radíóamatöra innan IARU og er viðburðurinn rekinn í desembermánuði ár hvert. Verkefnið hófst árið 2018. ÍRA hefur tekið þátt frá upphafi. Það eru þau Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi félagsins og YOTA verkefnisstjóri og Árni Freyr Rúnarsson, TF8RN, aðstoðarverkefnisstjóri YOTA sem hafa annast starfræksluna.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ setti TF3YOTA í loftið frá félagsaðstöðunni í Skeljanesi sunnudaginn 26. desember 2021.

9.3 VIÐBURÐIR OG KEPPNIR; ÞÁTTTAKA FRÁ TF3IRA OG TF3W

Kallmerki félagsstöðvar ÍRA, TF3IRA, TF3W og TF3YOTA, voru virkjuð í eftirfarandi innlendum og erlendum keppnisviðburðum á starfsárinu 2021/22.

Yfirlit yfir þátttöku félagskallmerkja í innlendum og erlendum keppnisviðburðum 2021/22.

DAGS.	VIÐBURÐUR/KEPPNI	KALLMERKI	ÞÁTTTAKENDUR
2.-4. apríl	Páskaleikar ÍRA	TF3IRA	TF3JB
9.-11. júlí	VHF/UHF leikar ÍRA	TF3IRA	TF1ET, TF3AWS, JB, JL
31. júlí-2. ágúst	TF útileikar ÍRA	TF3IRA	TF3AWS, JB, MH, UA
September	Worked All Europe, WAEDC (SSB)	TF3W	TF3DC
Sept., okt., nóv.	CQ World Wide DX Contest (RTTY, SSB, CW)	TF3IRA	TF3DC
September	Scandinavian Actvity Contest (CW)	TF3W	TF3DC
Desember	YOTA | Round 3 (SSB)	TF3YOTA	TF2EQ

9.3.1 INNLENDIR KEPPNISVIÐBURÐIR.

Innlendir viðburðir voru þrír á starfsárinu: Páskaleikar ÍRA í apríl, VHF/UHF leikar um miðjan júlí og TF útileikarnir um verslunarmannahelgina í byrjun ágústmánaðar. Félagsstöðin TF3IRA var virkjuð í öllum þremur.

9.3.1.1 – Páskaleikar ÍRA.

Páskaleikarnir 2021 fóru fram um páskahelgina 2.-4. apríl. Félagsstöðin TF3IRA var á meðal þátttakenda. Þetta var fjórða árið sem þeir voru haldnir. Alls voru 24 kallmerki skráð, en gögn voru send inn fyrir 21. Þátttakendur voru þar með 6 fleiri samanborið við árið í fyrra (2020) en þá voru þeir alls 15. Skráð QSO í kerfinu voru 621 í ár samanborið við 520 árið 2020. Sjá nánari upplýsingar í kafla 7 í skýrslunni.

9.3.1.2 – VHF/UHF leikar ÍRA.

VHF/UHF leikarnir 2021 fóru fram helgina 9.-11. júlí. Félagsstöðin TF3IRA var á meðal þátttakenda. Þátttaka var góð og alls voru 18 virkar stöðvar með sambönd. Það er einni stöð færra en árið á undan (2020). QSO voru alls 306 í gagnagrunni og heildarvegalengd var alls 18.930 km. Sjá nánari upplýsingar í kafla 8 í skýrslunni.

9.3.1.3 – TF útileikar ÍRA.

TF útileikarnir 2021 fóru fram TF um verslunarmannahelgina 31. júlí - 2. ágúst. Félagsstöðin TF3IRA var á meðal þátttakenda. Dagbókum var skilað inn fyrir 13 stöðvar, með 233 færslum um sambönd. Þrátt fyrir að þetta er einni stöð færra en árið áður, er samanlagður stigafjöldi 4.337 sem er næst mesta virkni samanborið við síðastliðin fimm ár. Sjá nánari upplýsingar í kafla 6 í skýrslunni.

9.3.2 ALÞJÓÐLEGIR KEPPNISVIÐBURÐIR.

Kallmerki félagsstöðvarinnar, TF3IRA og TF3W voru virk í 14 alþjóðlegum keppnum á starfsárinu. Starfrækslan var á einmenningsgrundvelli vegna Covid-19 faraldursins.

- CQ WW DX keppnin (SSB).
- CQ WW DX RTTY keppnin (RTTY).
- CQ WW DX CW keppnin (CW).
- Scandinavian Activity Contest, SAC (CW).
- Worked All Europe, WAE (SSB).
- YOTA Contest (SSB).

Óskar Sverrisson TF3DC virkjaði TF3IRA m.a. í CQ WW RTTY DX keppninni 25.-26. september.

11.-12. september - Worked All Europe, WAE (SSB).
Kallmerkið TF3W var virkjað frá Skeljanesi í WAE keppninni. Óskar Sverrisson, TF3DC starfrækti stöðina. Send var inn viðmiðunardagbók (*e. check-log*).

18.-19. september - Scandinavian Actvity Contest (CW).
Kallmerkið TF3W var virkjað í SAC keppninni. Óskar Sverrisson, TF3DC starfrækti stöðina á morsi á 14 MHz.

25.-26. september - CQ WW DX RTTY Contest.
Kallmerkið TF3IRA var virkjað í CQ RTTY keppninni. Óskar Sverrisson, TF3DC starfrækti stöðina á RTTY á 14 MHz.

30.-31. október - CQ World Wide DX SSB Contest.
Kallmerkið TF3IRA var virkjað í CQ WW SSB keppninni. Óskar Sverrisson, TF3DC starfrækti stöðina. Send var inn viðmiðunardagbók (*e. check-log*).

27.-28. nóvember - CQ World Wide DX CW Contest.
Kallmerkið TF3W var virkjað í CQ WW CW keppninni. Óskar Sverrisson, TF3DC starfrækti stöðina. Send var inn viðmiðunardagbók (*e. check-log*).

30. desember – YOTA Contest.
Kallmerkið TF3YOTA var virkjað í YOTA keppninni á SSB. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ starfrækti stöðina.

ÚR FÉLAGSSTARFINU.

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og Sigurður Harðarson TF3WS.

Georg Kulp TF3GZ, Baldur Sigurðsson TF6-009 og Þórður Adolfsson TF3DT í fjarskiptaherbergi TF3IRA.

Mathías Hagvaag TF3MH og Egill Þórðarson TF3CG skoða QSL kort.

10. Útgáfumál

FÉLAGSBLAÐIÐ CQ TF – HEIMASÍÐA – PÓSTLISTI – FB SÍÐUR.

10.1 YFIRLIT.
Á starfsárinu 2021/22 gaf ÍRA út félagsblaðið CQ TF og hélt úti á netinu heimasíðunni *www.ira.is*, FB síðunni Íslenskir radíóamatörar og póstlistanum *irapostur@groups.is*. Ávarpsbréf félagsins til nýrra félaga var uppfært og lokið við gerð nýs kynningarefnis um áhugamálið og félagið.

10.2 Félagsritið CQ TF.
Á starfsárinu komu út fjögur tölublöð félagsrits ÍRA, CQ TF. Blöðin komu út í mars, júní og september 2020 og í janúar 2021. Fjöldi blaðsíðna var alls 200, en engar auglýsingar eru birtar í blaðinu. Á starfsárinu létu 33 félagsmenn efni af hendi rakna til blaðsins.

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, ritstjóri CQ TF annaðist alla vinnu í sambandi við útgáfuna aðra en umbrot, þ.m.t. rafræna útsendingu blaðsins til félagsmanna. Umbrotsvinnu annaðist Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS. CQ TF kom út á PDF formi á heimasíðu félagsins í umsjón Ölvis Styrs Sveinssonar, TF3WZ, vefstjóra www.ira.is.

Ritnefnd starfaði á árinu undir stjórn ritstjóra CQ TF og var blaðið prentað í 25 eintaka upplagi (hvert tölublað). Óskar Sverrisson, TF3DC varaformaður, hafði umsjón með verkefninu.

Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB ritstjóri CQ TF.

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS annaðist umbrot.

Ölvir Styrr Sveinsson TF3WZ vefstjóri ÍRA.

CQ TF er gefið út með tilvísan til ákvæðis í 27. gr. laga félagsins.[14] Þar er ekki sérstaklega tiltekið um útgáfutíðni og tekur ný stjórn ákvörðun um fjölda tölublaða hverju sinni í starfsáætlun (við upphaf stjórnarárs). Í gegnum tíðina hefur gjarnan verið miðað við að blaðið komi út ársfjórðungslega.

Í lögum félagsins er ennfremur kveðið á um að CQ TF hafi það hlutverk að birta fundargerð aðalfundar. Þá eru ákvæði þess efnis, að birta skuli lög félagsins og sérstakar samþykktir eða ályktanir aðalfunda og félagsfunda. Útgáfa CQ TF féll niður á fimm ára tímabilinu 2013-18.

Yfirlit yfir útgáfu CQ TF á starfsárinu 2021-2022.

TÖLUBLÖÐ 2021/22	FJÖLDI BLS.	ÚTKOMUDAGUR/MÁNUÐUR
2. tbl. 2021	48	25. apríl
3. tbl. 2021	48	18. júlí
4. tbl. 2021	56	17. október
1. tbl. 2022	48	27. janúar

[14] 27. gr. Félagið skal halda úti blaði með heitinu CQ TF. Minniháttar útgáfu blaðsins má auðkenna sem fréttabréf. Stjórn skipar ritstjóra. Hann sér til þess að haldið sé saman tveimur söfnum blaðanna, annað aðgengilegt félagsmönnum en hitt í vörslu ritstjóra á hverjum tíma.

Forsíður þeirra fjögurra tölublaða CQ TF sem komu út á starfsárinu 2021/22. Frá vinstri: 2. tbl. 2021 (apríl); 3. tbl. 2021 (júlí); 4. tbl. 2021 (október) og 1. tbl. 2022 (janúar).

Ritnefnd CQ TF starfsárið 2021/22 skipuðu þeir: Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, ritstjóri, formaður; Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, sem annast umbrot; Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður og Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður. Nefndin hélt sjö formlega fundi á starfsárinu: 22. mars, 16. apríl, 11. júní, 10. ágúst, 21. september, 9. nóvember (2021) og 11. janúar 2022. Auk hefðbundinna verkefna, gerir ritnefnt hverju sinni tillögu til stjórnar um útgáfuáætlun (sjá töflu neðar). Þess má geta að áætlunin stóðst í öllum tilvikum upp á dag.

Ritnefnd ÍRA 2021/2022. Myndin var tekin á fundi nefndarinnar 11. janúar 2022 í Skeljanesi. Frá vinstri: Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, sem annast umbrot blaðsins, Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður, Jónas Bjarnason TF3JB formaður og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB ritstjóri. Ljósmynd: TF3JON.

Útgáfuáætlun CQ TF starfsárið 2021/22

TÖLUBLAÐ	AUGLÝST EFTIR EFNI	ÚTKOMUDAGUR	TÍMI FRÁ SÍÐASTA TÖLUBLAÐI
2. tbl. 2021	2.-14. apríl	**Sunnudagur 25. apríl**	3 mánuðir
3. tbl. 2021	26. júlí - 8. júlí	**Sunnudagur 18. júlí**	2¾ mánuðir
4. tbl. 2021	18. - 30. september	**Sunnudagur 17. október**	3 mánuðir
1. tbl. 2022	4.-16. janúar 2022	**Föstudagur 27. janúar**	3½ mánuðir

Sumarið 2021 uppgötvaðist að 6 tölublöð CQ TF vantaði á söfnunarsíðu blaðsins á heimasíðu ÍRA. Um var að ræða: 5. tbl. 1997; 1., 2., 3. og 4. tbl. 1998 og 5. tbl. 2004. Blöðin voru sett inn á heimasíðuna 5. júlí með aðstoð Brynjólfs Jónssonar, TF5B (þáverandi ritstjóra) sem átti þau enn í tölvunni hjá sér og gat sent félaginu.

10.3 Heimasíðan, *www.ira.is*

ÍRA heldur úti heimasíðunni *www.ira.is* á netinu. Heimasíða landsfélags eins og ÍRA er afar mikilvæg og má lýsa sem „líflínu“ tengsla við félagsmenn, jafnframt því að vera almenn upplýsingaveita til kynningar á áhugamálinu.

Síðan kom fyrst fyrir sjónir félagsmanna í núverandi mynd í *WordPress* vefumsjónarkerfi, en hún var uppfærð 9. mars 2017 þegar skipt var út eldra kerfi (*Confluence).* Yfirfærslan frá eldra kerfi yfir í nýtt var stórvirki og annaðist Ölvir Styrr Sveinsson, TF3WZ, vefstjóri ÍRA það verk.

Á starfsárinu 2021/22 kappkostaði stjórn félagsins virkan fréttaflutning á heimasíðunni og að nýjar upplýsingar sem varða starfsemi félagsins kæmu til birtingar eins ferskar og frekast var unnt. Þetta var einkum áríðandi með tilkomu Covid-19 faraldursins í mars 2020 – og ekki síður, þegar faraldurinn hélt áfram að geysa á árinu 2021 – þótt vissulega hafi ekki þurft að halda félagsaðstöðunni lokaðri jafn oft á starfsárinu 2021/22 og á fyrra starfsári. Fjöldi innsetninga á heimasíðu á starfsárinu 2021/22 var alls 239.



Stöplaritið nær yfir starfsárið 2021/22, frá 13. mars 2021 til 20. febrúar 2022. Á myndinni má sjá fjölda innsetninga á heimasíðuna www.ira.is eftir mánuðum. Innsetningar voru flestar í júlí, ágúst og september 2021 eða á bilinu 26-28 hvern mánuð. Þær voru fæstar í byrjun og enda starfsársins.

Vert er að vekja athygli á vel heppnaðri breytingu sem var gerð á opnunarsíðu heimasíðunnar (fréttasíðu) 1. desember 2021. Í dálknum hægra megin var sett inn ný fyrirsögn: SDR VIÐTÆKI YFIR NETIÐ. Þar undir eru vefslóðir á SDR viðtækin 5 hér á landi sem eru í boði yfir netið, þ.e. Bláfjöll, Bjargtanga, Raufarhöfn, Vík í Mýrdal og Perluna.

Aðeins neðar er fyrirsögnin TENGLAR. Þar undir eru vefslóðir á þrjár nýjustu ársskýrslur félagsins og þar fyrir neðan er slóð á undirsíðu CQ TF með öllum félagsblöðum frá árinu 1964. Þakkir fá Ölvir Styrr Sveinsson, TF3WZ og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS fyrir innsetninguna. Hægri dálkurinn á opnunarsíðunni var fyrst settur inn 28. mars 2020. Sú innsetning var ágætlega heppnuð, sérstaklega efnið undir fyrirsögninni Tenglar. Undir efri fyrirsögninni voru nýjustu fimm fréttir á heimasíðunni sem var síður notað. Breytingin nú var gerð eftir ábendingar frá félagsmönnum, en enginn einn staður var á heimasíðunni með upplýsingar um vefslóðir á viðtækin. Þegar þetta er skrifað er 6. viðtækið yfir netið

væntanlegt sem verður sett upp á Austurlandi og því til þæginda að hafa alla hlekki á viðtækin vistaða á einum stað sem auðvelt er að finna. Á sama hátt eru vefslóðir nú aðgengilegar fyrir ársskýrslur félagsins síðustu þrjú starfsár, 2020/21, 2019/20 og 2018/19 á sama stað.



Skjámynd af heimasíðu ÍRA sem tekin var 1. desember 2021 þegar breytingin var gerð.

Vefslóð á undirsíðu félagsblaðsins CQ TF er óbreytt frá því sem áður var, en þegar smellt er á CQ TF færist notandinn inn á undirsíðu fyrir blaðið og þar má velja nýjustu blöðin jafnt sem eldri blöð félagsins áður út komin – allt frá árinu 1964. Nýjustu blöðin eru birt efst á síðunni.

Á starfsárinu hefur jafnt og þétt verið unnið að uppfærslu heimsíðu félagsins. Þar með talið er vinna við að bæta, „þétta“ og uppfæra upplýsingar, enda verkefni sem þarf að sinna jafnt og þétt.

10.4 Facebook síða, Íslenskir radíóamatörar.

Á starfsárinu 2021/22 voru tvær almennar Facebook síður virkar á netinu fyrir íslenska radíóamatöra, þ.e. *Íslenskir radíóamatörar* og *Radíóamatörar á Íslandi*. Sú fyrrnefnda er undir stjórn félagsins og sú síðarnefnda undir stjórn þeirra Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A og Sigurðar Smára Hreinssonar, TF8SM.

síðurnar eru báðar mikið notaðar og hefur stærstur hluti félagsmanna ÍRA aðgang að báðum. Það er skoðun stjórnar ÍRA (líkt og fyrri starfsár) að það sé nægjanlegt rými fyrir báðar. Samkomulag og samvinna er með ágætum á milli aðila, og eru tilkynningar t.d. ávallt settar á báðar síður (á sama tíma með sama texta).



Skjámynd af Facebook síðu ÍRA, https://www.facebook.com/groups/TF3IRA.

Fésbókarsíðurnar hafa reynst félaginu vel og ekki síður eftir tilkomu Covid-19 faraldursins. Heildarfjöldi skráðra notenda [í árslok 2021] var annars vegar 323 (ÍRA) og 334 (TF1A/TF8SM).

Vinnulag er þannig, að tilkynningar frá félaginu sem eru innfærðar á heimasíðu eru samtímis innfærðar á FB síðurnar. Kostur þess er m.a. að sumir félagsmenn opna FB síðurnar oftar heldur en heimsíðuna. Þetta fyrirkomulag tryggir að skilaboð til félagsmanna berist til þeirra fyrr en síðar.

Annar kostur við FB síðurnar er, að þar gefst kostur að svara spurningum sem kunna að koma upp um efni af einu eða öðru tagi sem er örðugra hvað varðar heimasíðuna, þótt þar gefist vissulega möguleiki á innsetningu umsagna (*e. comments*).

10.5 Facebook síða; TF3OM, flóamarkaður.

Ágúst H. Bjarnason, TF3OM.

Facebook síða, sem Ágúst H. Bjarnason, TF3OM, setti upp á starfsárinu 2018/19 og heldur utan um „flóamarkað radíóamatöra“ hefur gengið með ágætum nú í rúm þrjú ár.

Skráningum hefur jafnt og þétt fjölgað frá stofnun og voru 156 notendur skráður í árslok 2021 samanborið við 141 notanda á sama tíma í fyrra (2020). ÍRA hefur veitt verkefninu brautargengi, m.a. með því að kynna síðuna í miðlum félagsins, auk þess sem félagið hefur stjórnunarréttindi á síðunni.

Til upprifjunar, skrifaði Ágúst eftirfarandi formála þegar síðan var opnuð þann 12. janúar 2019: „Þetta er flóamarkaður radíóamatöra þar sem hægt er að birta auglýsingar er varða áhugamálið. Vinsamlegast eyðið auglýsingum eða merkið með “Selt” eftir að viðskipti hafa farið fram.

Þessi vefur er ekki ætlaður fyrir hljómflutningstæki, sjónvörp og þess háttar. Hann er ekki ætlaður fyrir almennt spjall, til þess eru aðrir vefir. 73 de Ágúst, TF3OM“.

10.6 Póstlisti, irapostur@groups.io

Starfsemi Yahoo póstlista félagins var flutt og opnuð á nýrri vefslóð í byrjun starfsársins 2018/19, *irapostur@groups.io* þann 9. apríl 2018. Félagsmenn sem voru skráðir á eldri listann fengu boð um að skrá sig á groups.io Í árslok 2021 voru alls 84 félagar með skráningu. Til samanburðar voru 87 félagar með skráningu á sama tíma árið áður (árslok 2020).

Notkun póstlistans hefur dalað, sérstaklega allra síðustu ár, enda hafa Facebook síður um áhugamálið tekið yfir sem samskiptavettvangur. Umferð um listann var því lítil á starfsárinu 2021/22.

Forveri núverandi póstlista (svokallaður Yahoo listi) hafði nýst félaginu vel í hartnær 17 ár, en hann var upphaflega stofnaður af Brynjólfi Jónssyni, TF5B, þann 25. október 2001.



Skjáskot af póstlista ÍRA. Alls voru 84 félagsmenn með skráningu í árslok 2021.

10.7 Aðgangur félagsmanna að tímaritum norrænu systurfélaganna.
Landsfélög radíóamatöra á Norðurlöndunum, Experimenterende Danske Radioamatører (EDR), Íslenskir radíóamatörar (ÍRA), Norsk Radio Relæ Liga (NRRL), Föreningen Sveriges Sändareamatörer (SSA) og Suomen Radioamatööriliitto (SRAL), gerðu með sér gagnkvæmnisamning vorið 2017 þess efnis, að opna félagsmönnum landsfélaganna aðgang að PDF útgáfum félagsblaða félaganna.

Af tæknilegum ástæðum dróst að opna fyrir aðgang fyrir félagsmenn ÍRA til starfsársins 2018/19 þegar Ölvir Styrr Sveinsson, TF3WZ vefstjóri ÍRA, leysti málið. Tæknilegir hnökrar komu þó upp á ný (okkar megin) á árinu 2020. Þess er vænst að aðgangur skuldlausra félagsmanna ÍRA að blöðum hinna Norðurlandafélaganna á heimasíðu félagsins verði kominn í lag þegar þessi skýrsla verður lögð fram á aðalfundi 2022.

Tímarit norrænu systurfélaganna sem eru opin félagsmönnum ÍRA til lestrar á heimasíðu.

TÍMARIT	ÚTGEFANDI	TÖLUBLÖÐ Á ÁRI
OZ	EDR, Exsperimenterende Danske Radioamatører	6
Amatørradio	NRRL, Norsk Radio Relæ Liga	6
QTC	SSA, Föreningen Sveriges Sändareamatörer	12
Raioamatööri	SRAL, Suomen Radioamatooriliitto	12

Vert er að benda á, að útgáfa CQ TF féll niður í fimm ár, þ.e. frá 2013-2018, uns blaðið hóf að koma út á ný að loknum aðalfundi 2018 eftir viðtöku nýrrar stjórnar. ÍRA hefur því frá apríl 2018 geta boðið félagsmönnum hinna norrænu félagana að lesa okkar félagsblað á sama hátt og okkar félagsmönnum býðst að lesa þeirra blöð.

Eldri tölublöð tímarita norrænu landsfélaganna liggja frammi í tímaritasafni ÍRA í Skeljanesi til lestrar á opnunartíma á fimmtudagskvöldum. Þar eru einnig í boði tímarit frá landsfélögum radíóamatöra, s.s. í Bandaríkjunum Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu og Japan, auk CQ TF. Sjá nánar í 2. kafla skýrslunnar; „Félagsaðstaðan í Skeljanesi“.



10.8 Ávarpsbréf; Útgáfa 2022.
Ávarpsbréf til nýrra félaga var uppfært á starfsárinu og lauk vinnu við það 20. desember. Um er að ræða 3. útgáfu. Bæklingurinn er hluti af upplýsingum sem sendar eru til nýrra félaga, sem jafnframt fá send lög félagsins, CQ TF og nýjustu ársskýrsluna. Sjá má ávarpsbréfið í heild í viðauka B með skýrslunni. http://www.ira.is/wp-content/uploads/2022/01/Avarp_2022.pdf

Útgáfuform er óbreytt, þ.e. opna í stærðinni A4 (fjórar blaðsíður) sem eru prentaðar í lit. Ávarpsbréfið veitir innsýn í starfsemi ÍRA og tæpir á helstu þjónustuþáttum við félagsmenn. Efnið er til aflestrar á heimasíðu félagsins.

Verkefnið var unnið af stjórn félagsins en umbrot var í öruggum höndum Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS.



ÍSLENSKIR RADÍÓAMATÖRAR, ÍRA

Elín Sigurðardóttur TF2EQ og Árni Freyr Rúnarsson TF8RN í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi.

Ágæti nýi félagsmaður!

Velkomin(n) í félagið Íslenskir radíóamatörar, ÍRA. Við þetta tækifæri viljum við vekja athygli á markmiðum félagsins og þáttum í félagsstarfinu sem félagsmönnum standa til boða.
Markmið félagsins eru skilgreind í 3. gr. félagslaga:

- Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radíófjarskipta.
- Örva radíóíþróttir meðal radíóamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói á meðal ungs fólks.

Þetta eru í sjálfu sér háleit markmið en lýsa í reynd vel kjarnanum í starfsemi félagsins í þá rúmlega sjö áratugi sem það hefur starfað, en ÍRA var stofnað 14. ágúst 1946.
Starfsemin miðast við að unnið sé að þessum markmiðum og má m.a. sjá þess merki í nýjum verkefnum sem félagið ræðst í hverju sinni, en í heildina séð er rekstur félagsins í föstum skorðum. Í textanum hér á eftir viljum við vekja athygli á nokkrum þáttum í félagsstarfinu sem félagsmönnum standa til boða. Það er von stjórnar félagsins, að þú sem nýr félagsmaður, komir til með að nýta þér þá og taka þátt í starfinu.

10.9 Nýr kynningarbæklingur; 1. útgáfa 2022.
Samhliða uppfærslu Ávarpsbréfs var lokið við gerð nýs kynningarefnis um amatör radíó og félagið á starfsárinu og lauk verkefninu 28. desember. Útgáfuform er álíka og ávarpsbréfið, þ.e. opna í stærðinni A4 (fjórar blaðsíur) sem eru prentaðar í lit. Efnið er til aflestrar á heimasíðu félagsins. Sjá á vefslóð: http://www.ira.is/wp-content/uploads/2021/12/Kynning-2022.pdf

Verkefnið var unnið af stjórn félagsins en umbrot var í öruggum höndum Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS. Til skoðunar er að gera stutt kynningarmyndband sem byggir á þessu efni fyrir YouTube og heimasíðuna. Þess má geta að þetta er í annað sinn sem ÍRA vinnu efni af þessu tagi, en frumraunin var gerð í tilefni 30 ára afmælis félagsins árið 1976.

ÍSLENSKIR RADÍÓAMATÖRAR, ÍRA

Ljósmynd úr fjarskiptaaðstöðu Íslenskra radíóamatöra í Skeljanesi í Reykjavík. Sigurður Ó. Óskarsson TF2WIN var í sambandi við radíóamatör í Ástralíu frá félagsstöðinni TF3IRA þegar myndin var tekin.

ÍRA

Íslenskir radíóamatörar, skammstafað ÍRA, er landsfélag radíóamatöra á Íslandi og var stofnað 14. ágúst 1946. Félagið á aðild að samtökum landsfélaga radíóamatöra, http://iaru.org/ International Amateur Radio Union, IARU, svæðissamtökum þeirra *IARU Region 1 og samtökum norrænna landsfélaga, Nordisk Radio Amatør Union, NRAU.* ÍRA hefur formlegt samstarf við Fjarskiptastofu um málefni radíóamatöra hér á landi.

Amatör radíó

Í reglugerð stjórnvalda um starfsemi okkar er amatör radíó skilgreint á þennan hátt: „Þráðlaus fjarskiptaþjónusta sem hefur að tilgangi eigin þjálfun, samskipti á ljósvakanum og tæknilegar athuganir sem radíó-áhugamenn annast, þ.e. einstaklingar sem fengið hafa til þess heimild".

Og einnig: „Þjónustan er eingöngu í þágu einstaklinga og má ekki nota til fjárhagslegs ávinnings."

Til að öðlast leyfi þarf viðkomandi að gangast undir próf hjá Fjarskiptastofu. Þess má geta, að amatör radíó er eina áhugamálið sem hefur réttarstöðu samkvæmt alþjóðasamningum.

Amatör radíó er áhugamál, bæði hér á landi og erlendis. Það hefur gjarnan verið nefnt vísindalegt áhugamál. Sumir vilja þó halda því fram að amatör radíó sé lífsstíll eða ódrepandi baktería og geta flestir radíóamatörar tekið undir það. Fjöldi radíóamatöra í heiminum í dag er nær 5 milljónir og hér á landi hafa verið gefin út yfir 500 leyfisbréf frá upphafi (1947).

Eftir að prófi er náð

Eftir að hafa staðist próf til amatörleyfis, sem er í tveimur hlutum, annars vegar tæknipróf og hins vegar próf í reglugerð og viðskiptum, gefur Fjarskiptastofa út leyfisbréf með sérstöku kallmerki. Forskeytið er TF, þar á eftir kemur tala og síðan einn til þrír bókstafir. Dæmi um kallmerki: TF3IRA.

11. Samskipti við stjórnvöld

TÍÐNI- OG AFLHEIMILDIR; 4, 6, 60 OG 160 METRAR.

Í þessum kafla er farið yfir það helsta sem verið hefur til umfjöllunar á starfsárinu og varðar heimildir íslenskra radíóamatöra sem tengist reglugerð[15] og sérheimildir samkvæmt sérstökum tíðni- og aflheimildum.

Fyrst er stutt yfirlit yfir viðræður við Fjarskiptastofu (FST)[16] og forvera hennar, Póst- og fjarskiptastofnun (PFS). Þar á eftir er fjallað um sérheimildir eftir tíðnisviðum: Á 4, 6, 60 og 160 metrum. Að lokum er umfjöllun um nýjar [mögulegar] tíðniheimildir. Við umfjöllun um hvert tíðnisvið, er bætt yfirliti (sögulegs eðlis) til að skýra bakgrunn núgildandi heimilda.

11.1 Viðræður við stjórnvöld.

Viðræður fóru fram á starfsárinu um tíðni- og aflheimildir leyfishafa, m.a. utan hefðbundinna heimilda. Viðræður fóru fram: 10. mars, 28. maí, 1. júní, 27. og 31. júlí, 2. og 30. ágúst, 10., 14. og 22. desember og 26. janúar (2022).

Auk framangreindra viðræðna voru regluleg samskipti með aðilum allt starfsárið, m.a. í tengslum við próf PFS til amatörleyfis sem haldið var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi.

11.2. Sérheimild á 4 metrum (70.200-70.250 MHz).

Ánægja hefur ríkt með sérheimild til handa íslenskum leyfishöfum um afnot af 70 MHz tíðnisviðinu (4 metrum) í þann rúma áratug sem liðinn er frá því heimild var fyrst veitt, 19. febrúar 2010. Tilraunir hafa skilað áhugaverðum niðurstöðum, m.a. samböndum yfir lengri vegalengdir innan- og utanlands. Jákvætt er, að ekki hafa borist kvartanir vegna starfsemi radíóamatöra í 70 MHz tíðnisviðinu þann tíma sem heimildin hefur verið í gildi.

Á starfsárinu 2021/22 fóru ekki fram sérstakar viðræður um 70 MHz tíðnisviðið, en ÍRA barst jákvætt svar frá Póst- og fjarskiptastofnun 7. desember 2020 við ósk félagsins um framlengingu heimildar til notkunar 70.000-70.250 MHz sviðsins. Tilraunaheimildin var endurnýjuð til 2 ára, og gildir til 31.12.2022. Samráð ÍRA og PFS á starfsárinu 2018/19 leiddi til rýmkunar tíðniheimildar á 4 metrum úr 70.000-70.200 MHz í 70.000-70.250 MHz; 9. október 2018. Þessi viðauki í tíðni hefur reynst einkar mikilvægur fyrir þá sem stunda tilraunir á 70 MHz. Rýmkun heimildarinnar (umfram 70.200 MHz) eykur sérstaklega notagildi hjá leyfishöfum sem stunda fjarskipti yfir langar vegalengdir, þ.e. fjarskipti við radíóamatöra í öðrum löndum (DX). Loks er jákvætt að geta um að á starfsárinu fjölgaði

Nýrri HF stöðvar fyrir radíóamatöra eru gjarnan búnar 50 og 70 MHz. Þ.á.m. er Icom IC-7300 sendi-/móttökustöðin sem hefur 50W sendi á 4 metrum.

[15] Hér er átt við reglugerð um starfsemi radíóáhugamanna nr. 348/2004 og reglugerð með síðari breytingum nr. 1306/2017.

[16] Fjarskiptastofa (FST) tók til starfa 1. júlí 2021 og tók við verkefnum Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) sem var lögð niður 30. júní 2021. Fjarskiptastofa er sjálfstæð stofnun sem heyrir stjórnarfarslega undir ráðherra. Hlutverk hennar er m.a. að annast stjórnsýslu og eftirlit með framkvæmd fjarskipta- og netöryggismála, þar á meðal: framkvæmd laga um fjarskipti.

áfram í hópi íslenskra radíóamatöra sem eru virkir á 4 metrum.

Skilyrði PFS sem lögð eru til grundvallar leyfisveitingu á 70 MHz:

- Hámarksbandbreidd er 16 kHz. Engin skilyrði hvað varðar mótun.
- Hámarks útgeislað afl er 100W.
- Heimildin er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi verður að hætta sendingum strax.
- Kallmerki skal notast í upphafi og við lok fjarskiptasambands og með viðeigandi reglulegu millibili á meðan fjarskiptasamband varir.

Leyfishafar þurfa að sækja um heimild til Fjarskiptastofu áður en sendingar eru hafnar í tíðnisviðinu. Hafi menn haft heimild til notkunar þar áður þarf engu að síður að sækja um og uppfæra heimild fyrir nýtt tímabil. Það nægir að sækja einu sinni um fyrir allt tímabilið (þ.e. ekki þarf að endurnýja árlega).

11.3 Sérheimild á 6 metrum (50.000-52.000 MHz).
Ánægjuleg niðurstaða varð af samráðsfundi með Póst- og fjarskiptastofnun þann 28. maí (2021). ÍRA barst í framhaldi eftirfarandi erindi frá stofnuninni 31. maí:

> Póst- og fjarskiptastofnun heimilar radíóáhugamönnum tímabundið 1.6.2021 til 31.8.2021 aukið sendiafl á tíðnisviðinu 50,0-50,5 MHz, G-leyfishöfum allt að 1000 W og N-leyfishöfum allt að 100 W. Hámarks bandbreidd sendinga er 18 kHz.
>
> Ákvörðun um framlengingu verður síðan tekin í framhaldinu.
>
> Heimildin er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi af völdum sendinganna þá skal þeim hætt. Æskilegt er að sendingar fari fram utan byggðar.
>
> Þeir radíóahugamenn sem hug hafa á að nýta sér heimildina þurfa að sækja sérstaklega um heimild hjá PFS (hrh@pfs.is) á sama hátt og verið hefur um 1850 - 1900 kHz og 70 - 70,25 MHz.

Undanfari þessarar jákvæðu niðurstöðu var sá, að umræður voru teknar upp við PFS eftir umfjöllun á 7. stjórnarfundi starfsársins 2020/21 (2. febrúar). Á fundinum flutti formaður stjórn skýrslu um stöðu 50 MHz tíðnisviðsins með tillögu þess efnis, rétt væri að taka upp á ný viðræður við PFS. Stjórnin samþykkti að fela formanni að taka upp samráð við Póst- og símamálastofnun á ný um verkefnið þar sem frá var horfið. Samráð var í framhaldi tekið upp við stofnunina.

Á 3. stjórnarfundi 2020/21 (28. júlí) flutti formaður stjórn félagsins skýrslu um viðræðurnar við PFS og var farið yfir stöðuna. Fram kom m.a., að jafnvel komi til greina að fá samsvarandi tímabundna uppfærslu reglugerðarinnar líkt og DARC (sjá neðar), en stjórnarmenn voru sammála um að bíða heldur og fá þess í stað endanlega heimild, þar sem „vertíðin“ á 6 metrum væri hvort eð er nánast yfirstaðin þetta árið.

Fljótlega eftir að radíóamatörar byrjuðu að fá heimildir á 50 MHz komu einsbands sendi-/móttöku-stöðvar á 6 metrum á markað. Myndin er af Kenwood TS60S sem var framleidd allt til ársins 2000. Tíðnispan er 50-54 MHz; sendiafl er allt að 90W og tegund útgeislunar er á CW, SSB og FM. Eftir árið 2000 var almennt byrjað að bjóða 160-10 metra HF sendi-/móttökustöðvar þar sem 6 metra bandið var innbyggt.

Hlé var því gert á viðræðum við PFS síðsumars 2020 vegna faraldursins annars vegar, og hins vegar, vegna nauðsynlegrar gagnaöflunar. Viðræðurnar frestuðust hinsvegar fram á vorið 2021 (líkt og fram kemur að ofan). Niðurstaðan varð, eins og fram kemur í bréfi stofnunarinnar til félagsins að heimila tímabundið fullt afl á 50 MHz sumarið 2021. Framangreind bráðabirgðareglugerð í Þýskalandi (sem nefnd er að ofan) rann sitt skeið 31.12.2020 og virðist hafa verið ein „á báti“ meðal þjóðríkja í IARU Svæði 1.

Upplýsingar sem komið var á framfæri við félagsmenn í 3. tbl. CQ TF þann 7. maí 2020.

DARC varð fyrsta landsfélagið til að fá heimild hjá stjórnvöldum fyrir sína leyfishafa á 50 MHz eftir samþykkt frumvarps á radíótíðniráðstefnu ITU (WRC-19) í nóvember 2019. Heimildin er bráðabirgða- heimild (*e. preliminary provisional implementation)* til notkunar á 50 MHz, var veitt 6. maí og gildir úr árið 2020.

Heimildin nær til tíðnisviðsins 50.000-52.000 MHz, er á víkjandi grundvelli og leyfir allar tegundir útgeislunar með mest 12 kHz bandbreidd. Skilyrt er að nota loftnet sem senda út lárétt póluð merki. Aflheimild er tvískipt: 750W fyrir hærra leyfi og 100W fyrir lægra leyfi á tíðnisviðinu 50.000 MHz til 50.400 MHz og mest 25W á tíðnisviðinu fyrir báða leyfisflokka á 50.400-52.000 MHz.

Þegar þetta er skrifað (14. júní) hafa ekki fleiri þjóðlönd veitt bráðabirgðaheimildir til sinna leyfishafa á bandinu. WRC-19 samþykktin gerir ráð fyrir að stjórnvöldum veitist ráðrúm til að innleiða nýjar heimildir [samkvæmt WRC-19] að lágmarki til 1. janúar 2021. Stjórn ÍRA á í viðræðum við Póst- og fjarskiptastofnun um útfærslu heimilda á 50 MHz hér á landi.

Samkvæmt WRC-19 höfðu stjórnvöld ráðrúm a.m.k. til 1.1.2021 til undirbúnings þess að leiða niðurstöðurnar í lög. Covid-19 faraldurinn hefur almennt þó haft áhrif til seinkunar hjá stjórnvöldum hér á landi sem annars staðar, enda ekki vitað um uppfærslu(r) reglugerða í 50 MHz tíðnisviðinu í aðildarlöndum IARU Svæðis 1 (miðað við stöðu mála í árslok 2021).

Á ný voru hafnar viðræður við Fjarskiptastofu 14. desember 2021. Meðal umfjöllunarefna var uppfærsla reglugerðar (með síðari breytingum) og til vara, uppfærsla viðauka reglugerðarinnar sem tiltekur tíðnisvið, sendiafl og bandbreidd. Þegar þetta er skrifað (í árslok 2021) er málið í farvegi og allt bendir til að fullnaðarafgreiðsla náist vorið 2022, þ.á.m. að taka 50 MHz tíðnisviðið upp í reglugerð.

Kenwood TS-590SG er gott dæmi um HF sendi-/móttökustöð radíóamatöra sem vinnur á 6 metrum til viðbótar við 160-10 metrana. Sendiafl er allt að 100W á öllum böndum. Stöðin býður jafnframt upp á CW/FSK, AM, SSB, FM og stafrænar tegundir mótunar.

Í skýrslu sem þessari er nauðsynlegt að veita innsýn í þróun verkefnisins um 50 MHz sviðið, m.a. til að skýra hvers vegna það hefur tekið jafn langan tíma og raunin er. Hér á eftir er veitt stutt yfirlit yfir þróun málsins (í tímaröð) frá því ný stjórn ÍRA tók við eftir aðalfund þann 21. mars 2018. Yfirlitið nær til þess tíma sem formaður flutti skýrslu á stjórnarfundi 2. febrúar 2020, samanber frásögn að ofan.

Ár 2018; ný stjórn hefst handa.

Ný stjórn ÍRA var kjörin á aðalfundi 21. mars 2018. Meðal mikilvægra verkefna var vinna að undirbúningi uppfærslu heimildar á 50 MHz (6 metrum). Þegar leið á sumarið (2018) og forgangsverkefni voru frá, hófst ný stjórn undirbúning (sbr. fundargerðir frá þeim tíma)[17]. Að

[17] Fundargerðirnar eru birtar í Ársskýrslu ÍRA 2018/19. Sjá Viðauka-A, bls. 91-122. Vefslóð: http://www.ira.is/wp-content/uploads/2019/02/20190216-arsskrysla-tf3jb.pdf

því loknu, var sent erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar þann 5. október með beiðni um rýmkaðar aflheimildir í 50-52 MHz tíðnisviðinu. Þar var farið fram á heimild til G-leyfishafa um fullt afl, allt að 1kW. Í annan stað, var þess farið á leit, að aflheimild til N-leyfishafa yrði rýmkuð úr 50W í 100W.

Meginrök til stuðnings erindinu voru m.a., að mikilvægt sé að íslenskir radíóamatörar sem gera tilraunir í tíðnisviðinu geti haft aðgang að fullu afli til að standa jafnfætis leyfishöfum í öðrum löndum, m.a. á Norðurlöndunum. Hér koma m.a. til tilraunir sem fela í sér sambönd yfir langar vegalengdir (utanlands), þ.á.m. EME sambönd (*e. Earth-Moon-Earth*) og MS (*e. Meteor Scatter*).

Ennfremur kom fram í erindi félagsins, að eftir því sem sjónvarpssendingar eru aflagðar í sviðinu [í fleiri löndum] hafi aflheimildir til radíóamatöra verið auknar, samanber Nkom (norsk systurstofnun PFS) sem heimilar norskum leyfishöfum fullt afl (allt að 1kW) á 50 MHz (í forgangsflokki-1 í reglugerð Norðmanna sem tók gildi 8. ágúst 2018). Þá hafi dönsk stjórnvöld heimilað sínum radíóamatörum að nota fullt afl á 50 MHz árum saman.

Ár 2019: óvæntar upplýsingar.
Í byrjun starfsárs 2019/20 komu þær upplýsingar fram á samráðsfundi við stofnunina, að ekki væri formleg samþykkt að baki 50 MHz bandinu frá tíðniákvörðunarráðstefnu ITU (eins og venjan er). M.ö.o., byggði heimild til íslenskra radíóamatöra (og í öðrum löndum) um notkun á 50 MHz tíðnisviðinu á neðanmálsgrein í alþjóðareglugerðinni. Það er því í raun sama fyrirkomulag sem sérheimild okkar á 70 MHz byggir á.

Fram til þess tíma sem þessar upplýsingar urðu ljósar, hafði stjórn ÍRA gefið sér og ályktað, að tíðniupplýsingar fengju *ekki* birtingu í viðauka með reglugerð[18] nema að um væri að ræða tíðnisvið með ITU samþykktir að baki. Í framhaldi var athugað sérstaklega með aðrar heimildir í viðaukanum. Staðfest var, að þær eiga allar uppruna í samþykktum ITU. Með öðrum orðum, einvörðungu 50 MHz tíðnisviðið var undantekningin (sem sannaði regluna).

Ár 2019: WRC-19 og stuðningur PFS.
Þegar leið á starfsárið 2019/20 og WRC-19 radíótíðniákvörðunarráðstefna Alþjóðafjarskipta-sambandsins (ITU) var framundan – og frumvarp IARU um 50 MHz tíðnisviðið formgerðist, kom stjórn ÍRA tillögum IARU á framfæri við Póst- og fjarskiptastofnun. Stuðningur Póst- og fjarskiptastofnunar fékkst sem og stuðningur systurstofnana PFS á Norðurlöndum og reyndar víðast um heiminn.

Ár 2019: Samþykkt WRC-19 um 50 MHz.
Grunntillaga IARU um 6 metra bandið var síðan til umfjöllunar á WRC-19 ráðstefnunni í Egyptalandi í október/nóvember 2019. Góðar fréttir bárust til félagsins þann 21. nóvember þess efnis, að radíótíðniráðstefna Alþjóða fjarskiptasambandsins (ITU), WRC-19, hafi samþykkt frumvarp IARU þess efnis að 50 MHz sviðinu verði formlega úthlutað til radíóamatörþjónustunnar. Samþykktin var lagskipt (eins og við var búist), þ.e. 44 þjóðríki á Svæði 1 munu veita leyfishöfum ríkjandi aðgang á 500 kHz (á 50-54 MHz) og 26 ríki munu veita ríkjandi aðgang að öllu sviðinu.
Öll þjóðríki á Svæði 1 samþykktu að veita radíóamatörum víkjandi aðgang að tíðnisviðinu 50-52 MHz. Aðrar þjónustur sem fyrir voru með úthlutun á Svæði 1 og Svæði 3 munu halda heimildum. Núverandi ríkjandi aðgangur radíóamatöra að 50-54 MHz í Svæðum 2 og 3 helst þannig óbreyttur.

[18] Vefslóð á gildandi reglugeð um starfsemi radíóáhugamanna nr. 348/2004:
https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/samgonguraduneyti/nr/3732

Stjórn ÍRA sendi þegar erindi sama dag (21. nóvember 2019) til Póst- og fjarskiptastofnunar, til framkvæmdastjórnar IARU og til framkvæmdastjórnar IARU Svæðis 1 með þökkum, fyrir hönd íslenskra radíóamatöra.

Ár 2019: Kynning á niðurstöðum WRC-19.
Á fjórðu og síðustu sunnudagsopnun ÍRA samkvæmt vetrardagskrá 2019/20 (15. Desember), mætti Jónas Bjarnason, TF3JB, í Skeljanes og kynnti helstu niðurstöður radíótíðniráðstefnu Alþjóða fjarskiptasambandsins ITU, frá WRC-19 sem lauk 22. nóvember sama ár.

Þar kom m.a. fram, að nánari útfærsla á samþykktum WRC-19 er gerð af stjórnvöldum í hverju þjóðríki fyrir sig. Fram kom einnig, að væntingar væru til þess að ákvörðun verði tekin um nýskipan 6 metra bandsins hér á landi, líklega fyrir páska 2020. Félagar í þétt skipuðum fundarsalnum í Skeljanesi klöppuðu þegar þær upplýsingar komu fram. Frásögn var birt frá viðburðinum í 1. tbl. CQ TF 2019, bls.19.[19]



Bráðabirgðaskýrsla ITU um niðurstöður WRC-19 ráðstefnunnar er alls 568 blaðsíður.

Ár 2020: Áframhaldandi samráð við PFS.
Eftir aðalfund ÍRA 15. febrúar 2020, var hafist við verkefnið á ný með viðræðum við PFS. Vegna Covid-19 faraldursins náðist þó aðeins einn fundur í lok febrúarmánaðar sem gerð var grein fyrir á næsta stjórnarfundi í félaginu.

Málið var hins vegar tekið aftur upp við stofnunina í maímánuði (2020), einkum fyrir áhrif innsetninga á FB síður þar sem félagsmenn gerðust óþolinmóðir – í ljósi frétta á netinu þess efnis, að þýskir radíóamatörar væru búnir að fá uppfærslu á 50 MHz heimildum samkvæmt samþykkt WRC-19 – en við ekki. Í ljós kom, að þýska landsfélagið, DARC, hafði fengið uppfærða heimild Bundesagentur samkvæmt tímabundinni bráðabirgðaheimild (samanber umfjöllun ofar).

Í 3. tbl. CQ TF 2020[20] sem kom út í maí var málið skýrt og óánægjuöldur lægði strax eftir að réttum upplýsingum hafði verið komið á framfæri í blaðinu og á FB síðum. Sjá áframhaldandi þróun mála fremst í umfjöllun um tíðnisviðið (bls. 114).

[19] CQ TF 1. tbl. 2019. Vefslóð:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/01/cqtf_34arg_2020_01tbl.pdf
[20] CQ TF 3. tbl. 2020, bls. 19. Vefslóð:
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/06/cqtf_34arg_2020_03tbl.pdf

11.4 Heimild á 60 metrum (5351,5 -5366,5 kHz).
Núverandi heimild íslenskra leyfishafa á 60 metra bandinu er á tíðnisviðinu 5351.5–5366.5 kHz; sem er 15 kHz bandbreidd. Hámarksafl er 15W (EIRP). Heimild Fjarskiptastofu byggir á samþykkt radíótíðniráðstefnu Alþjóða fjarskiptasambandsins (ITU) WRC-15, sem tók gildi 1. janúar 2017.

ÍRA hefur unnið að undirbúningi frumvarps til FS þar sem farið er fram á rýmkun tíðni- og aflheimildarinnar, m.a. í ljósi neðanmálsgreinar með samþykkt WRC-15, þar sem er fjallað um að aukin fjarlægð frá landamærum næsta þjóðríkis hafi áhrif, m.a. á aflheimildir. Með tilliti til útbreiðslu radíóbylgna í tíðnisviðinu og í ljósi þess að Ísland er eyja – tiltölulega langt frá öðrum þjóðríkjum, er það skoðun félagsins að stjórnvöld hér á landi geti, á þeim grundvelli, komið til móts við ósk ÍRA um aukið afl. Í annan stað er, við undirbúning frumvarpsins, skoðaður grundvöllur þess að fá 15 kHz tíðnisviðið útvíkkað.

Vinna til undirbúnings, þ.m.t. gagnaöflun, hefur af ýmsum ástæðum, reynst tímafrek. Á hinn bóginn má segja, að tíminn vinni með okkur, þar sem þjóðlönd (sem svipað er ástatt um landfræðilega) hafa náð að koma til móts við sína leyfishafa um rýmkun heimilda eftir viðræður við stjórnvöld. Þróunin þessara mála er því áhugaverð og í raun jákvæð.

Segja má, að skilningur ríki hjá Póst- og fjarskiptastofnun, a.m.k. hvað það áhrærir að PFS hefur heimilað aukið afl (allt að 100W) á 60 metrum í TF útileikunum s.l. þrjú ár; 2019, 2020 og 2021.

Tíðniskipan IARU fyrir 60 metra bandið (uppfært 8.12.2019).

5351.5	5354	5357	5360	5363	5366–5366.5
CW and narrow digital modes	All modes, USB voice				Weak signal, narrow band
200 Hz	2700 Hz				20 Hz

Ár 2021; 10. desember.
Í ljósi þess sem segir að ofan, fóru fram viðræður við Fjarskiptastofu 10. desember 2021 á grundvelli formlegs erindis félagsins til stofnunarinnar dagsett 9. desember þar sem settar eru fram óskir um aukið tíðnisvið og afl. Þegar þetta er skrifað (í árslok 2021) hefur verið rætt um að framhaldsviðræður fari fram í janúar 2022.

60 metrar; yfirlit til upprifjunar.
Í skýrslu sem þessari er nauðsynlegt að veita innsýn í þróun verkefnisins um 60 metrana. Hér á eftir er veitt stutt yfirlit feril verkefnisins.

Íslenskir leyfishafar fengu fyrst tilraunaheimild á 60 metrum 1. janúar 2008. Heimildin var síðan framlengd fyrir almanaksárin 2009 og 2010. Fyrstu þrjú árin var skilyrt að nota 8 fastar tíðnir, eingöngu á morsi og tali.

Heimildin var endurnýjuð fyrir almanaksárin 2011 og 2012. Að beiðni ÍRA, samþykkti PFS að heimila 150 kHz í tíðnisviðinu 5260-5410 kHz. Í annan stað, var heimilað að nota VFO tíðnistýringu í stað 8 fastra tíðna áður (þ.e. rásaskiptingar). Á móti kom að afl var skert frá fyrri heimild úr 200W í 100W.

Þann 6. júní 2012 barst ÍRA barst jákvætt svar frá stofnuninni við ósk félagsins um heimild til að nota PSK-31 tegund útgeislunar (6OH0J2B) á 60 metrum, til viðbótar við CW og SSB.

Sama heimild (þ.e. tíðnisvið og tegundir útgeislunar) var síðan framlengd almanaksárin 2013 og 2014 samkvæmt erindi PFS dags. 13. nóvember 2012. Skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar voru eftirfarandi:

- Heimilaðar mótunaraðferðir: J3E (USB), A1A (CW) og 6OH0J2B (PSK-31); hámarksbandbreidd 3 kHz.
- Hámarks leyfilegt útgeislað afl: 100W.
- Heimildin er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi, þá verður að hætta sendingum strax.
- Kallmerki skal notast við upphaf og endi fjarskiptasambands og með viðeigandi reglulegu millibili á meðan fjarskiptasamband varir. Þeir leyfishafar sem hug hafa á að vinna á umræddu tíðnisviði þurfa að sækja sérstaklega um það til stofnunarinnar.
- Hafi leyfishafar haft heimild fyrir til notkunar á tíðnisviðu, þurfti engu að síður að sækja sérstaklega um heimild fyrir nýtt leyfistímabil, þ.e. 1.1.2013-31.12.2014.

Um tíma hafði ríkt bjartsýni um úthlutun bandsins 5260-5410 kHz til radíóamatöra, en eftir úthlutun WRC-12 á tíðnisviðinu 5250-5275 kHz til annarra nota varð ljóst að ekki gat orðið af því, þar sem slík úthlutun hefði skaraðist verulega við tímabundnar tilraunaúthlutanir í tíðnisviðinu 5260-5410 kHz.

Staða mála skýrðist loks á radíótíðniráðstefnu Alþjóða fjarskiptasambandsins (ITU) WRC-15, (þann 27. nóvember 2015) þegar samþykkt var úthlutun á 5351.5–5366.5 kHz (15 kHz) til radíóamatörþjónustunnar.

Hámarksafl var miðað við 15W (EIRP) með undanþágu fyrir allt að 25W (EIRP). Samþykkt WRC-15 tók síðan gildi hér á landi 1. janúar 2017.

Eftir samþykkt WRC-15 um nýtt tíðnisvið radíóamatöra á 60 metrum (5351.5–5366.5 kHz) frá og með 1.1.2017 eru flestar nýjar HF sendi-/móttökustöðvum radíóamatöra á markaði í dag jafnframt búnar 5 MHz tíðnisviðinu. Yaesu FTdx101D er dæmi um slíka stöð en hún var frumsýnd ný á Hamvention sýningunni í Bandaríkjunum í maí 2018.

11.5 Sérheimild á 160 metrum (1850-1900 kHz).
ÍRA barst jákvætt svar frá Fjarskiptastofu 7. desember 2021 við ósk félagsins um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 1850-1900 kHz vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum á almanaksárinu 2022. Heimildin nær til eftirtalinna keppna:

Heimild á 1850-1900 kHz gildir um tilgreindar alþjóðlegar keppnir á árinu 2022.

ALÞJÓÐLEG KEPPNI	TEG. ÚTG.	DAG- OG TÍMASETNINGAR	ALLS
CQ World Wide 160 metra keppnin	CW	28.-30. janúar, kl. 22:00-21:59	48 klst.
ARRL International DX keppnin	CW	19.-20. febrúar, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ World Wide 160 metra keppnin	SSB	25.-27. febrúar, kl. 22:00-21:59	48 klst.
ARRL International DX keppnin	SSB	5.-6. mars, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ WW WPX keppnin	SSB	26.-27. mars, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ WW WPX keppnin	CW	28.-29. maí, kl. 00:00-23:59	48 klst.
IARU HF World Championship	CW/SSB	9.-10. júlí, kl. 12:00-11:59	24 klst.
CQ World-Wide DX keppnin	SSB	29.-30. október, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ World-Wide DX keppnin	CW	26.-27. nóvember, kl. 00:00-23:59	48 klst.
ARRL 160 metra keppnin	CW	2.-4. desember, kl. 22:00-15:59	40 klst.

Heimildin er veitt með fullu samþykki Vaktstöðvar siglinga sem hefur forgang til notkunar tíðna á þessu tíðnibili. Um þessa notkun gilda sömu kröfur og gilda fyrir tíðnisviðið 1810-1850 kHz í reglugerð, en aukin skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar eru eftirfarandi:

- Heimildin er einvörðungu veitt þann tíma sem tilgreindar alþjóðlegar keppnir standa yfir (sjá töflu).
- G-leyfishafar hafa heimild til að nota fullt afl, allt að 1kW. N-leyfishafar njóta sömu tíðniréttinda, en aflheimild þeirra miðast við mest 10W.

Leyfishafar þurfa að sækja um heimild til stofnunarinnar áður heldur en sendingar eru hafnar í tíðnisviðinu. Hafi menn haft heimild til notkunar á tíðnisviðinu áður – *þarf* engu að síður að sækja sérstaklega um heimild fyrir nýtt leyfistímabil. Núverandi heimild er fyrir almanaksárið 2022 og nægir ein umsókn fyrir allar 10 keppnirnar. Tilgreina skal, að sótt sé um heimild fyrir nýtt tímabil; 1.1.2022.-31.12.2022.

Íslenskir radíóamatörar hafa heimild til að nota tíðnisviðið 1850-1900 kHz á víkjandi grunni í tilraunaskyni í tilgreindum alþjóðlegum keppnum. Heimild til G-leyfishafa að mega nota allt að 1kW (fullt afl) var fyrst veitt með erindi PFS til ÍRA, dags. 6.1.2011, en áður höfðu leyfishafar haft sambærilega heimild til notkunar á tíðnisviðinu á mest 10W afli.

Líkt og með 70 MHz sérheimildina, þurfa þeir sem hafa áhuga á að nýta sérheimild á 1850-1900 kHz, að senda erindi til Fjarskiptastofu þar sem tilgreint er QTH og heiti keppni. Þegar heimild er fengin, er jákvætt að senda tölvupóst til stofnunarinnar þar sem fram kemur að fyrirhuguð sé þátttaka í tilgreindri keppni. Það á við um allar 10 keppnirnar. Þetta er gert þar sem Vaktstöð siglinga hefur úthlutaðar nokkrar tíðnir í sviðinu.

Þess má geta, að PFS heimilaði íslenskum leyfishöfum að vinna í tíðnisviðinu 1850-1900 kHz í tilgreindum alþjóðlegum keppnum radíóamatöra árin 2007, 2008 og 2010 (en ekki var sótt um heimild fyrir árið 2009). Þau ár var aflheimild mest 10W. Frá og með 6. janúar árið 2011 hefur hins vegar verið veitt full aflheimild til G-leyfishafa, þ.e. 1kW.

11.6 Nýjar afl- og tíðniheimildir til skoðunar.
Stjórn ÍRA vann á starfsárinu 2021/22 að undirbúningi framtíðarerinda er varða afl- og tíðniheimildir til Fjarskiptastofu.

Í skoðun er að sækja um aukið afl í alþjóðlegum keppnum á 160-10 metrum. Til viðmiðunar er að sækja um allt að 1,5kW heimild fyrir G-leyfishafa. Meginástæðan er, að íslenskir leyfishafar geti staðið jafnfætis leyfishöfum öðrum löndum sem veita svipaðar (eða meiri) aflheimildir, en 1,5kW er hæsta leyfilegt afl í stærstu alþjóðlegum keppnum.

Frekari rök eru staðsetning landsins sem löngum hefur verið lýst svo, að hún sé sú versta á hnettinum til fjarskipta í stuttbylgjusviðinu. Sem dæmi, þá kom fram í erindi þeirra Yngva Harðarsonar, TF3Y og Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW sem flutt var í Skeljanesi 17. febrúar 2011, að truflanir vegna norðurljósa voru að meðaltali 243 daga á ári hér á landi. Til samanburðar er dagafjöldi fyrir Bretland 10 á ári og fyrir Suður-Frakkland 1 dagur á ári.

Vinnu við undirbúning að frágangi erindis með beiðni um aukið afl í alþjóðlegum keppnum er tilbúið þegar þetta er skrifað. Reiknað er með að senda það til Fjarskiptastofu á fyrsta ársfjórðungi 2022.

ÍRA hefur haft til skoðunar s.l. starfstímabil, að sækja um tíðnisvið á 40.0-44.0 MHz (8 metrum) og á 54.0-69.9 MHz (5 metrum). Til hliðsjónar eru heimildir írskra radíóamatöra í þessum sviðum.

Undirbúningur verkefnisins hefur þokast áfram á starfsárinu 2021/22 er töluverð gagnavinna eftir framundan á starfsárinu 2022/23. Til upplýsingar má benda á áhugaverða grein Guðmundar Sigurðssonar, TF3GS sem birtist í 1. tbl. CQ TF 2021 40-45 MHz tíðnisviðið (á 8 metrum).[21]

Frá því grein Guðmundar birtist, hefur radíóvitinn S55ZMS bæst við sem er virkur á 40.570 MHz. Hann sendir út á morsi og PI4 stafrænni mótun. Hann varð virkur 9. febrúar 2021. Sendiafl er 7W og loftnet er láréttur tvípóll. Loftnet vitans er staðsett á einum af loftnetsturnum keppnisstöðvarinnar S53M í norðausturhluta Slóveníu. Þetta er fjórði radíóvitinn á 8 metrum.



Reiknuð útbreiðsla fyrir merki frá radíóvitanum EI1CAH sem er staðsettur skammt frá Galway á vesturströnd Írlands.

Annar viti bættist ennfremur við á starfsárinu. Það er EI1CAH, varð virkur 17. maí á 40.016 MHz á 8 metra bandi. Hann sendir út á morsi og PI4 (Pharuslgnis4) stafrænni tegund útgeislunar (MGM). Sendiafl er 25W og loftnet er láréttur tvípóll. QTH er skammt frá Galway á Vestur-Írlandi. Vefslóð á upplýsingar um EI1CAH:
https://ei7gl.blogspot.com/2021/05/new-40-mhz-propagation-beacon-in-west.html

[21] http://www.ira.is/wp-content/uploads/2021/01/cqtf_35arg_2021_01tbl.pdf

VIÐAUKI
Tíðnisvið radíóáhugamanna, sendiafl og bandbreidd.

Tíðnisvið	Forgangs-flokkur	N-leyfi	G-leyfi	Bandbreidd
135,7-137,8 kHz	2		100	1 kHz
472-479 kHz	2	5	5	1 kHz
1.810-1.850 kHz	1	100	1000	6 kHz
1.900-2.000 kHz	2	10	10	6 kHz
3.500-3.800 kHz	1	100	1000	6 kHz
5.351,5-5.366,5 kHz	2	15	15	3 kHz
7.000-7.100 kHz	1	100	1000	6 kHz
7.100-7.200 kHz	2	100	100	6 kHz
10.100-10.150 kHz	2	100	1000	1 kHz
14.000-14.350 kHz	1	100	1000	6 kHz
18.068-18.168 kHz	1	100	1000	6 kHz
21.000-21.450 kHz	1	100	1000	6 kHz
24.890-24.990 kHz	1	100	1000	6 kHz
28.000-29.700 kHz	1	100	1000	18 kHz
50-52 MHz	2	50	100	18 kHz
144 -146 MHz	1	50	500	18 kHz
430-440 MHz	1	50	500	30 kHz
1.240-1.300 MHz	2	50	100	20 MHz
2.300-2.450 MHz	2	50	100	20 MHz
5.650-5.850 MHz	2	50	100	20 MHz
10-10,5 GHz	2	50	100	50 MHz
24-24,05 GHz	1	50	100	50 MHz
24,05-24,25 GHz	2	50	100	50 MHz
47-47,2 GHz	1	50	100	50 MHz
76-77,5 GHz	2	50	100	100 MHz
77,5-78 GHz	1	50	100	100 MHz
78-81 GHz	2	50	100	100 MHz
122,25-123 GHz	2	50	100	40 MHz
134-136 GHz	1	50	100	100 MHz
136-141 GHz	2	50	100	100 MHz
241-248 GHz	2	50	100	100 MHz
248-250 GHz	1	50	100	100 MHz

Ath. Sendiaflið er toppgildi aflsins (PEP), þ.e. hæsta meðalafl sem sendirinn gefur frá sér á hverri periódu RF-merkisins við 50/300/600 ohma endurkastslaust álag.

Forgangsflokkur nr. 1 merkir að radíóáhugamenn eigi forgang að tíðnisviðinu ef til vill með öðrum notendum. Forgangsflokkur nr. 2 merkir að radíóáhugamenn megi ekki trufla aðra notendur í sama tíðnisviði sem eru í 1. forgangsflokki og að radíóáhugamenn njóta ekki verndar gegn truflunum frá þeim.

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2018

Viðauki við reglugerð nr. 358/2004 var uppfærður með reglugerð til breytingar nr. 1206/2017.

12. Endurvarpar, stafvarpar, radíóvitar

50 MHZ – 70.000-70.250 MHz – 144-146 MHz – 430-440 MHz – 1240-1300 MHz.

Í þessum kafla er fjallað um endurvarpa á 2 metrum, 70 sentímetrum og 23 sentímetrum; stafvarpa á 2 metrum; og radíóvita á 4 metrum og 6 metrum. Í öllum tilvikum eru veittar upplýsingar um staðsetningu, inngangs- og útgangstíðnir og tónstýringu (ef er í notkun).

12.1 YFIRLIT

Á starfsárinu 2021/22 voru alls starfræktir sex FM endurvarpar í metrabylgjusviðinu (VHF), þrír endurvarpar í sentímetrabylgjusviðinu (UHF), sjö stafvarpar og/eða internetgáttir í metrabylgjusviðinu (VHF) og tveir radíóvitar í metrabylgjusviðinu (VHF).

Endurvarpar í metrabylgjusviðinu (VHF):

- TF1RPB – Bláfjöll (2 metrar).
- TF1RPE – Búrfell (2 metrar).
- TF2RPJ – Mýrar (2 metrar).
- TF3RPA – Skálafell (2 metrar).
- TF3RPK – Skálafell (2 metrar).
- TF5RPD – Vaðlaheiði (2 metrar).

Endurvarpar í sentímetrabylgjusviðinu (UHF):

- TF3RPI – Bláfjöll (70 sentímetrar) (stafrænn endurvarpi fyrir D-STAR fjarskiptakerfið).
- FM hlekkur – Bláfjöll (70 sentímetrar) (tengdur við TF2RPJ).
- TF3RPL – Bláfjöll (23 sentímetrar).

Stafvarpar og/eða internetgáttir í metrabylgjusviðinu (VHF):

- TF1APA – Búrfell; stafvarpi (64°04.77' N 19°49.11' W).
- TF1APB – Reynisfjall; stafvarpi (63°24.85' N 19°01.70' W).
- TF1MT-1 – Landeyjar; stafvarpi/internetgátt (63°35.07' N 20°09.08' W).
- TF3IRA-1Ø – Reykjavík; stafvarpi/internetgátt (64°07.53' N 21°56.98' W) .
- TF3RPF – Reykjavík; stafvarpi (64°07.20' N 21°48.57' W).
- TF5SS – Akureyri; internetgátt (65°38.85' N 18°06.38' W).
- TF8APA – Grindavík; stafvarpi (63°51.91' N 22°26.20' W).
- TF1SS-1 – Úlfljótsfjall; stafvarpi (Gráður N-W N/A).

Radíóvitar í metrabylgjusviðinu (VHF):

- TF1VHF á 50 MHz – Álftanes á Mýrum.
- TF1VHF á 70 MHz – Álftanes á Mýrum.



Myndin er af aðstöðunni í Bláfjöllum sem er í 690 metra hæð yfir sjávarmáli. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

FM endurvarpar, DSTAR endurvarpar, stafvarpar og radíóvitar starfræktir á starfsárinu 2021/22.

QRG MHz	QRG inn	Tónn inn	Staðsetning	Kallmerki	Hnit	Eigandi
FM ENDURVARPAR						
145.575	-0,6 MHz	88,5 Hz	Skálafell, 771 m. yfir sjó	TF3RPK	HP94gf	TF3ML
145.600	-0,6 MHz	-	Skálafell, 771 m. yfir sjó	TF3RPA	HP94gf	ÍRA
145.625	-0,6 MHz	-	Vaðlaheiði, 550 m. hæð yfir sjó	TF5RPD	IP05xr	ÍRA
145.650	-0,6 MHz	88,5 Hz	Bláfjöll, 690 m. yfir sjó	TF1RPB	HP93ex	TF3ML
145.700	-0,6 MHz	88,5 Hz	Búrfell, 690 m. yfir sjó	TF1RPE	IP04cb	ÍRA
145.750	-0,6 MHz	88,5 Hz	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF2RPJ	HP84wl	TF3ML
439.975	-7.0 MHz	-	Bláfjöll, 690 m. yfir sjó	Hlekkur [1)]	HP93ex	TF3ML
1297.000			Bláfjöll, 690 m. yfir sjón	TF3RPL	HP93ex	TF1A
DSTAR ENDURVARPAR						
439.950	-5,0 MHz	-	Bláfjöll, 685 m. yfir sjó	TF3RPI	HP93ex	TF3ML
STAFVARPAR						
144.800	-	-	Búrfell, 669 m. yfir sjó	TF1APA	IP04cb	TF1MT
144.800	-	-	Reynisfjall, 340 m. yfir sjó	TF1APB	HP93lw	APRS [2)]
144.800	-	-	Landeyjar	TF1MT-1	HP93wo	TF1MT
144.800	-	-	Reykjavík (Skeljanes)	TF3IRA-1Ø	HP94ad	ÍRA
144.800	-	-	Reykjavík (Hraunbær)	TF3RPF	HP94cc	TF3JA
144.800	-	-	Akureyri (Kjarnaskógur)	TF5SS	IP05wp	APRS [2)]
144.800	-	-	Þorbjarnarfell, 244 m. yfir sjó	TF8APA	HP83su	ÍRA
144.800	-	-	Úlfljótsfjall, 248 m. yfir sjó	TF2SS-1	IP14ej	APRS [2)]
RADÍÓVITAR						
50.457	-	-	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF1VHF	HP84wl	TF3ML
70.057	-	-	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF1VHF	HP84wl	TF3ML

1) UHF hlekkur á 439.975 MHz tengdur við TF2RPJ.
2) APRS hópurinn.

12.2 Endurvarpar.

Líkt og fyrri ár, var töluvert um viðhalds- og viðgerðarvinnu á starfsárinu 2021/22 í tengslum við þá endurvarpa sem standa félagsmönnum til boða. Sú vinna hefur að mestu lent á Ara Þór Jóhannessyni, TF1A, og ber að þakka honum og þeim sem hann hefur kallað til aðstoðar fyrir það verðmæta framlag í misjöfnum veðrum. Vinnan er öll í sjálfboðavinnu.

2. júlí 2021. Endurvarpinn TF3RPJ hafði verið út í nokkra daga þegar Georg Kulp, TF3GZ gerði ferð í fjarskiptahúsið á Álftanesi á Mýrum. Í samráði við Ara Þórólf Jóhannesson, TF1A var byrjað á að endurræsa aflgjafann, sem dugði til að ræsa tækið á ný.

19. júlí 2021. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A gerði ferð í Bláfjöll ásamt Georg Kulp, TF3GZ, til að líta eftir. Frásögn hans var eftirfarandi: „Farið var upp í Bláfjöll til að kanna með ástand loftneta á endurvörpum og allt reyndist í 100% lagi“.

19. ágúst 2021. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ gerðu ferð í Bláfjöll og settu upp fyrsta endurvarpann í 1200 MHz tíðnisviðinu hér á landi. Notaður er 1,2 GHz hluti Alinco DJ-G7E FM Wide handstöðvar (sendiafl 1W) svo úr verður krossband endurvarpi á 1297 MHz sem er tengdur við VHF/UHF endurvarpskerfið í Bláfjöllum/ Skálafelli/Mýrum.

Í samtali við Fjarskiptastofu daginn eftir (20. ágúst) var tilkynnt um tilrauna-uppsetningu endurvarpans, en aðgangur okkar að 1,2 GHz bandinu er á víkjandi grundvelli samkvæmt reglugerð.

Tengikassinn er festur á einn af loftnetsturnunum á fjallinu. Loftnet er stangarnet sem er fest á flatjárn sem gengur til hægri út úr turninum. Ljósmynd: TF3GZ.

Alinco handstöðin er vistuð í þessum útikassa m.a. til að fá næga kælingu. Ljósmynd: Georg Kulp TF3GZ.

Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A fer yfir tengingar á loftneti endurvarpans TF3RPB í Bláfjöllum 19. júlí. Ljósmynd: TF3GZ.

Georg Kulp TF3GZ í Bláfjöllum 20. ágúst. Ljósmynd: TF1A

20. ágúst 2021. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ lögðu á fjallið eftir að allt varð rafmagnslaust þar á staðnum vegna bilunar í jarðstreng. Að sögn Ara, hafði hann ekki verið fullkomlega ánægður með nýja endurvarpann á 1,2 GHz eftir uppsetningu. Allt virkar, en stöðin er hugsanlega ekki alveg í lagi á þessu tíðnisviði. Eftir að hafa sannreynt að loftnetið var með standbylgju upp á 1:1, var haft samband við Valgeir Pétursson, TF3VP sem á samskonar stöð sem ætlar að lána sína stöð til verkefnisins. Síðar kom í ljós að Alinco handstöðin var í fullkomnu lagi.

10. desember 2021. Formlegt erindi var sent til Fjarskiptastofu í gær (föstudag) með umsókn um heimild fyrir starfrækslu endurvarpans á 1297 MHz (23 cm). Tækið hafði þá verið í loftinu í nær 4 mánuði og allt gengið hnökralaust og því komin tími til að sækja formlega um heimild til starfrækslu og fá úthlutað kallmerki; TF3RPL.

13. desember 2021. Erindi barst frá Fjarskiptastofu með formlegri heimild til starfrækslu 1200 MHz endurvarpans ásamt staðfestingu um skráningu kallmerkisins TF3RPL.

12.3 Stafvarpar og internetgáttir.

Áframhaldandi uppbygging fór fram á APRS-IS kerfinu á starfsárinu 2021/22 og kom m.a. nýr APRS stafvarpi til sögunnar. Það var TF1SS-1 á Úlfljótsfjalli. Auk þess var unnið við loftnet og búnað TF8APA á Þorbirni og TF3IRA-1Ø í Skeljanesi.

Það var APRS hópurinn sem vann að þessu verkefni líkt og fyrri ár. Það eru einkum þeir Magnús Ragnarsson, TF1MT, Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, Jón Þ. Jónsson, TF3JA, Samúel Þór Hjaltalín TF3SUT og Árni Þór Ómarsson TF3CE. Öll vinna er unnin í sjálfboðavinnu, en ÍRA hefur kostað hluta af búnaði úr félagssjóði, m.a. Microsat WX3in1 Mini APRS Digipeater/I-gate og PLXDigi.

30. maí 2021. Gengið var frá uppfærslu loftnetsbúnaðar APRS stafvarpans TF3IRA-1Ø í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

Skipt var um loftnet og sett upp sambyggt VHF/UHF Diamond X-200N net í stað VHF/UHF J-pól loftnets. X-200N er 2.5 metra langt og er með 4 radíölum. Ávinningur er 6dBi á VHF. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ önnuðust uppsetningu og frágang.

Skeljanesi 30. maí.
Nýtt loftnet tengt við TF3IRA-1Ø.

8. ágúst 2021. Nýr APRS stafvarpi, TF1SS-1, fór í loftið frá Úlfljótsfjalli. Staðsetning er í 248 metra yfir sjávarmáli. Nýi stafvarpinn er viðbót við APRS-IS kerfið. Það var Guðmundur Sigurðsson, TF3GS sem annaðist uppsetningu og frágang.



Þessi skúr er á Úlfljótsfjalli, í 248 m. hæð yfir sjávarmáli. Hann hýsir APRS búnað TF1SS-1. Staðsetning er með útsýni er til allra átta. Ljósmynd: TF3GS.

10. ágúst 2021. Gengið var frá uppfærslu APRS stafvarpans TF8APA á fjallinu Þorbirni við Grindavík.

Guðmundur Sigurðsson TF3GS.

Skipt var m.a. um loftnet og sett upp Diamond BC-103 VHF húsloftnet sem er 1,25 metra hátt (án radíala). Annar búnaður er óbreyttur; Motorola GM-300, Microsat WX2in1 mini APRS Digipeater/I-gate og PLXDigi, APRS Digipeater. Uppfærsla búnaðarins á Þorbirni mun þétta kerfið, auka gæði og notkunarmöguleika. Guðmundur Sigurðsson, TF3GS annaðist uppsetningu og frágang.

Búnaður fyrir APRS stafvarpann TF8APA er vistaður í þessum kassa í fjarskiptahúsinu.

Mynd af fjarskiptahúsinu á fjallinu Þorbirni. Ljósmyndir: TF3GS.

12.4 Radíóvitar á 50 og 70 MHz.

Radíóvitarnir TF1VHF voru virkir á starfsárinu 2021/22. Báðir nota sama kallmerki, en vinna á sitt hvoru tíðnisviðinu. Annars vegar á 50.457 MHz (á 6 metrum) og hins vegar á 70.057 MHz (á 4 metrum). Búnaður er staðsettur í húsi Neyðarlínunnar í Álftanesi á Mýrum. Vitarnir eru tengdir við sitt hvorn ½ λ tvípólinn í loftnetsturni á staðnum; 50 MHz loftnetið er lárétt í 26m og 70 MHz netið er lóðrétt í 16m.

Radíóvitarnir eru búnir 25W sendum. Tegund útgeislunar er þrískipt, þ.e. A1A, hefðbundin burðarbylgja og PI4 (Pharus-Ignis-4 digital modulation (MGM) for beacon purposes). Þeir voru hannaðir og smíðaðir af hópi danskra radíóamatöra, undir stjórn Bo Hansen, OZ2M. Radíóvitarnir voru fjármagnaðir af og eru í eigu Ólafs B. Ólafssonar, TF3ML.

Vert er að rifja upp, að radíóvitarnir fóru í loftið þann 12. maí 2018 og höfðu þjónað radíóamatörum hér og landi og erlendis í þrjú ár 12. maí 2021. Þeir Ólafur B. Ólafsson, TF3ML, Samúel Þór Hjaltalín TF3SUT, Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Baldvin Þórarinsson, TF3-Ø33 önnuðust uppsetningu og frágang búnaðar.

Loftnet radíóvitanna TF1VHF á 6 metrum og 4 metrum eru í 26 metra hæð annars vegar og 16 metra hæð hins vegar. Það er Samúel Þór Hjaltalín TF3SUT sem sést uppi í turninum. Ljósmynd: TF1A.

Í samtali við Ólaf B. Ólafsson, TF3ML sumarið 2021 kom fram, að sérsmíðaður viti fyrir 2 metra bandið bíður fullbúinn. Ólafur stefnir að uppsetningu sumarið 2022 en leitað er að heppilegri staðsetningu á Höfn í Hornafirði eða nágrenni.

Radíóvitarnir þrír (á 2, 4 og 6 metrum) eru hannaðir og smíðaðir af radíóamatörum í Herlev í Danmörku undir stjórn Bo Hansen OZ2M. Ljósmynd: TF3ML.

AF VETTVANGI FÉLAGSMANNA.

Erling Guðnason TF3E varð QRV um Es‘hail 2 / Oscar 100 gervitunglið í lok apríl. TF3E er 5. íslenska kallmerkið sem er virkjað til að vinna um gervitunglið, en fyrir eru TF1A, TF3LB, TF3VP og TF3IRA. Erling notar Adalm-Pluto SDR 10 mW sendi-/viðtæki fyrir 60 MHz til 3,8 GHz. Hann notar tvo RF magnara þar fyrir aftan sem gefa honum út allt að 20W á 2,4 GHz. Erling sagði, að hann væri mjög ánægður með búnaðinn sem tryggir honum sambönd allan sólarhringinn við amatörstöðvar um heiminn.



Diskloftnetin eru fest fyrir utan gluggann á íbúðinni í Álftamýri í Reykjavík. 60 cm diskurinn (neðri) er fyrir viðtöku og 40 cm diskurinn (efri) er fyrir sendingu. Ljósmynd: TF3E.

13. Viðtæki yfir netið

10 KHZ TIL 30 MHz – 24 TIL 1800 MHz.

Í þessum kafla er fjallað um viðtæki yfir netið sem eru í boði til notkunar fyrir íslenska radíóamatöra. Um er að ræða KiwiSDR SDR viðtæki fyrir tíðnisviðið 10 kHz til 30 MHz og Airspy R2 SDR viðtæki fyrir tíðnisviðið 24-1800 MHz.

13.1 Yfirlit.

Það er vaskur hópur félagsmanna sem standa að baki uppsetningu og annast rekstur og viðhald viðtækja yfir netið. Þeir leggja metnað í að halda þeim í gangi (svo ekki sé talað um tíma og fjármuni). Þetta eru þeir Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A (Reykjavík), Georg Kulp TF3GZ (Reykjavík), Árni Helgason TF4AH (Patreksfirði), Karl Georg Karlsson TF3CZ (Reykjavík), Jóhann Einarsson, TF1TJN (Vík í Mýrdal) og Rögnvaldur Helgason TF3-Ø55 (Raufarhöfn), auk annarra sem hafa aðstoðað og komið að uppsetningu og viðhaldi. ÍRA metur þetta framlag mikils og þakkar þessum félagsmönnum fyrir dugnað og elju við að sinna verkefninu sem er mikilvægt fyrir radíóamatöra sem gera tilraunir í þessum tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem áhuga hafa á útbreiðslu radíóbylgna.

13.1.1 Upplýsingar um tæki og búnað.

Í eftirfarandi tveimur töflum eru upplýsingar um viðtækin.

Viðtæki yfir netið með staðsetningu á Íslandi 1. febrúar 2022.

STAÐUR	TEGUND VIÐTÆKIS	TÍÐNISVIÐ	FJÖLDI NOTENDA	VEFSLÓÐ
Bjargtangar	KiwiSDR	-	Mest 16 [22]	http://bjarg.utvarp.com/
Raufarhöfn	KiwiSDR	-	Mest 8	http://raufarhofn.utvarp.com/
Galtastaðir í Flóa	KiwiSDR	-	Mest 8	http://floi.utvarp.com/
Reykjavík	Airspy R2 SDR	24 MHz-1800 MHz	Mest 8	http://perlan.utvarp.com/

Upplýsingar um viðtækin; eigendur, rekstraraðila o.fl.

STAÐUR	REITUR	FYRST TENGT	LOFTNET	EIGANDI VIÐTÆKIS	EIGANDI LÉNS	KOSTUN REKSTRAR	TÆKNI-UMSJÓN	UMSJÓN Á STAÐ
Bjargtangar Bjargtangar	HP75rm HP75rm	13.8.2020 13.8.2020	Stangarloftnet 22m LW, 12m.	TF4AH TF3GZ	TF1A TF1A	TF4AH TF4AH	TF4AH TF4AH	TF4AH TF4AH
Raufarhöfn	IP26ak	10.8.2019	T-loftnet	TF3GZ	TF1A	TF3GZ	TF1A	TF3-Ø55
Galtastaðir	HP93nu	29.1.2022	T-loftnet	TF3GZ	TF1A	TF3GZ	TF1A	TF3TJN
Reykjavík	HP94ad	24.8.2021	Diamond D-190	TF3CZ	TF1A	TF3CZ	TF3CZ	TF3CZ

Til upplýsingar skal þess getið, að 29. janúar voru KiwiSDR viðtæki aftengd og tekin niður í Vík í Mýrdal og í Bláfjöllum. Tækið í Vík var flutt að Galtastöðum í Flóa og tengt sama dag. Tækið í Bláfjöllum bíður nýrrar staðsetningar til enduruppsetningar.

13.2 Viðtæki yfir netið; fyrirkomulag og möguleikar.

Til fróðleiks, er hér birtur hluti úr grein Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A: „Aðgengileg viðtæki á Íslandi yfir netið“ (4. tbl. 2020).[23] Sjá ennfremur fyrri grein Ara „Viðtæki yfir netið“ (3. tbl. CQ TF 2018).[24]

[22] Á Bjargtöngum eru 2 KiwiSDR viðtæki tengd. Annað er frá TF4AH og er tengt í stóra mastrið (sbr. ljósmynd). Hitt viðtækið er frá TF3GZ og er tengt í LW vírloftnet (12 m.). Þegar fyrra viðtækið fyllist (8 notendur) færist hlustunin sjálfvirkt inn á vefslóðina: http://bjarg.utvarp.com:8080

[23] Vefslóð: http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/09/cqtf_34arg_2020_04tbl.pdf

[24] Vefslóð: http://www.ira.is/wp-content/uploads/2018/10/cqtf_32arg_2018_03tbl.pdf

KiwiSDR viðtækin eru öll af sömu tegundar, nota sama hugbúnað, sama viðmót og hafa sömu getu og vinna frá 10 kHz upp í 30 MHz. Hægt er að hlusta á AM, FM, SSB og CW sendingar og velja má á bandbreidd sem hentar hverri mótun.

Fyrirkomulag.
Menn tengja sig inn á vafra á netinu og má t.d. skrá sig inn undir nafni eða kallmerki svo aðrir sem eru að hlusta geti „séð“ þig. Allir sem eru inni á móttakaranum geta séð aðra notendur og hvað þeir eru að hlusta á. Í raun er engin skylda að skrá sig með auðkenni; menn geta allt eins notað tækið sem óþekktir, sérstaklega þegar fyrirhugað er að hlusta í stuttan tíma.

Rekstraraðili viðtækis getur ákveðið hversu lengi hver og einn getur notað viðtækið. Hérlendis eru engin takmörk, en erlendis er víða 15 mínútna takmörkun. Þá skrá menn sig einfaldlega inn aftur ef þeir vilja halda áfram að hlusta. Þetta er gert í góðum tilgangi, t.d. ef menn gleyma viðtækinu á þegar gengið er frá tölvunni. Hafa þarf í huga að þótt notkun sé ókeypis ber að umgangast tækin með góðri háttsemi.

Viðtækin.
Hægt er að horfa á allt tíðnisviðið samtímis á einni skjámynd og ef áhugi er fyrir hendi, má stilla inn tiltekna tíðni, t.d. 3637 kHz, eða heilt tíðnisvið (band). Það eykur notagildi þessara viðtækja, að það er búið að merkja inn á skjámyndina amatörbönd, nafn útvarpsstöðva og/eða tegund mótunar. Spennandi möguleiki er einnig, að viðtækin búa yfir eiginleika til að þýða sendingar sem nota ýmsar mótanir, t.d. CW, RTTY, FAX, SSTV og FSK. Þær mótanir sem ekki bjóðast í viðtækjunum í dag, eins og t.d. FT8, er þó hægt að lesa með því að hafa FT8 forritið í tölvunni. FAX möguleikinn gerir kleift að taka á móti veðurkortum beint frá veðurstofum í heiminum og birtist veðurkortið á skjánum – allan sólarhringinn. Veðurstofur á Norðurlöndum senda t.d. kort yfir Norður Atlantshafið sem gagnast okkur hér á landi.



Myndin er af KiwiSDR viðtækinu, en samskonar tæki eru notuð í Bláfjöllum, Bjargtöngum; Raufarhöfn og í Vík í Mýrdal.



Dæmigerð skjámynd á KiwiSDR viðtæki á netinu. Auðvelt er að gera hinar ýmsu stillingar eins og lesa má um í textanum.

Hafa þarf í huga, að menn geta ekki skemmt viðtækin með röngum stillingum. Ef áhugi er á að „hreinsa út“ stillingar, skrá menn sig einfaldlega inn aftur og byrja upp á nýtt.

Tæknileg atriði.
Viðtækin eru GPS tengd og fyrir vikið búa þau yfir einhverri bestu tíðninákvæmni sem völ er á. Hægt er t.d. að stilla stöð á ákveðna tíðni, senda út og bera saman við aflestur á móttakaranum því hann er réttur. Viðtækin geta líka unnið sem tíðnirófsskoðarar (*e. spectrum analyzers*) í stuttbylgjusviðinu og bjóða upp á einfaldar stillingar.

Loks er hægt er að tengja öll viðtækin saman með einfaldri aðgerð og nota þá síðan til að finna staðsetningu tiltekins merkis, sem gæti t.d. verið týndur sendir eða truflun í loftinu eða eitthvað annars eðlis.

VIÐTÆKI YFIR NETIÐ – NOKKRAR LJÓSMYNDIR

Aðstaðan að Galtastöðum í Flóa. T-loftnetin eru efst á 15 metra háum tréstaurum. Ljósmynd: Landform.

Aðstaðan á Bjargtöngum, vestasta tanga Íslands og ysta odda Látrabjargs. Ljósmynd: TF3GZ.

Myndin sýnir aðstöðuna á Raufarhöfn. Ljósmynd: TF3GZ.

Mynd frá Raufarhöfn á Melrakkasléttu 10. ágúst 2019. Nýtt viðtæki yfir netið tengt, allt virkaði vel og menn ánægðir. Árni Helgason TF4AH og Georg Kulp TF3GZ. Ljósmynd: TF4AH.



Myndin sýnir staðsetningu Diamond D-190 loftnetsins á þaki Perlunnar. Ljósmynd: TF3CZ.

Airspy R2 SDR viðtækið ásamt aflgjafa og APRS búnaði.

Viðtækið hefur aðstöðu í Perlunni í Reykjavík.
Ljósmyndir: TF3CZ.

14. Erlendir gestir í Skeljanesi

Á hverju starfsári heimsækir félagið fjöldi erlendra radíóamatöra. Margt bendir til að það sé þó ekki nema hluti þess fjölda leyfishafa sem ferðast til landsins. Radíóamatörar eru nefnilega eins og annað fólk, stundum hentar ekki að binda sig tiltekinn vikudag í borginni til að koma í heimsókn í Skeljanes eða að einhverjar aðrar ástæður ráða, oft knappur tími og/eða samferðarfólk.

Á starfsárinu 2021/22 komu 11 erlendir gestir í Skeljanes. Um helmingur þeirra voru leyfishafar búsettir erlendis. Meira var um ferðalög um heiminn (þ.á.m. til og frá Íslandi) á árinu 2021 þrátt fyrir áhrif kórónuveirunnar samanborið við fyrra starfsár 2020, þegar enginn erlendur leyfishafi heimsótti félagsaðstöðuna.

Það lýsir ástandinu hvað best, að stærstu viðburðum á vettvangi áhugamálsins í heiminum var aflýst 2021 (annað árið í röð) vegna kórónuveirunnar, þ.e. Ham Radio 2021 í Friedrichshafen í Þýskalandi, Dayton Hamvention 2021 í Ohio í Bandaríkjunum og Tokyo Hamfest 2021 í samnefndri höfuðborg Japans.

22. júní – TF3WK / OZ1OM.
Ómar Magnússon, TF3WK (OZ1OM) kom í heimsókn í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi mánudaginn 28. júní og skilaði m.a. af sér QSL kortum til félagsmanna. Nú er mánudagur ekki opnunardagur félagsaðstöðunnar, en einmitt á þessum degi voru stjórnarmenn við vinnu í Skeljanesi þannig að hann hitti vel á þar sem hann átti bókað flug heim til Danmerkur morguninn eftir. Ómar er búsettur í Odense í Danmörku.

Ómar Magnússon TF1WK lét vel af dvölinni í Danmörku.
Hins vegar væri alltaf gott að koma í heimsókn heim til Íslands.

1. júlí – TF2EQ / PA2EQ.
Elín Sigurðardóttir, TF2EQ (PA2EQ) kom í heimsókn í Skeljanes 1. júlí og aftur 26.-31. desember þegar hún virkjaði TF3YOTA. Elín er ungmennafulltrúi ÍRA og verkefnisstjóri YOTA. Hún hefur verið búsett um 2 ára skeið í borginni Delft í suðurhluta Hollands þar sem hún stundar háskólanám í jarðeðlisfræði við Technische Universiteit Delft.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ
í fjarskiptaherbergi TF3IRA
í fimmtudaginn 1. júlí.

8. júlí – TF3ANT / W1ANT.
Heimir Þór Sverrisson, TF3ANT (W1ANT) heilsaði upp á mannskapinn í félagsaðstöðunni í Skeljanesi fimmtudaginn 8. júlí.

Hann hrósaði starfi félagsins (sagðist fylgjast með á netinu) og sagðist alltaf hlakka til að lesa nýtt CQ TF. Heimir Þór hefur verið búsettur um árabil í Boulder í Colorado í Bandaríkjunum.

Heimir Þór Sverrisson TF1ANT, Kristján Benediktsson TF3KB og Ágúst H. Bjarnason TF3OM í Skeljanesi 8. júlí.

12. ágúst – EA3NA.
Marcel B. Badia, EA3NA var gestur félagsins í Skeljanesi fimmtudaginn 12. ágúst. Marcel er hress, mikill DX-maður og er m.a. á heiðurslista DXCC með 368 einingar (geri aðrir betur). Hann fékk sitt fyrsta leyfi 1959 og er QRV á morsi, tali og stafrænum tegundum útgeislunar. Hann var mjög hrifinn af félagsstöð ÍRA, hafði nokkur sambönd og náði m.a. sambandi við tvo leyfishafa í heimaborginni Reus, í Katalóníu. Marcel færði félaginu útskrift af samböndum sínum við TF kallmerki í gegnum tíðina. Fyrsta sambandið var við Kára Þormar, TF3KA (3. ágúst 1959). Alls eru þetta hátt í 60 mismunandi TF kallmerki:

(TF1) TF1A, TF1EIN, TF1MM, TF1OL, TF1PS, TF1SS.
(TF2) TF2CT, TF2CW, TF2JB, TF2LL, TF2MSN, TF2000, TF2R.
(TF3) TF3AC, TF3AM, TF3ARI, TF3AWS, TF3CF, TF3CY, TF3CW, TF3DC, TF3DT, TF3EJ, TF3GB, TF3GL, TF3GN, TF3HP, TF3IG, TF3IM, TF3IMD, TF3IRA, TF3IYL, TF3JAM, TF3JB, TF3KA, TF3MH, TF3ML, TF3PPN, TF3T, TF3UA, TF3SV, TF3VE, TF3W, TF3ZA, TF3XEN, TF3YH.
(TF4) TF4CW, TF4RRC.
(TF5) TF5B, TF5BW, TF5TP.
(TF6) TF6JZ.
(TF7) TF7GX, TF7X.
(TF8) TF8GX, TF8SM.

Ársæll Óskarsson TF3AO og Marcel B. Badia EA3NA í fjarskiptaherbergi TF3IRA.

Rætt um DX'inn og DXCC. Jónas Bjarnason TF3JB, Jón G. Guðmundsson TF3LM og Marcel B. Badia EA3NA. Ljósmynd: TF3KB.

19. ágúst – TF3LJ / VE2AO.
Loftur E. Jónasson, TF3LJ var gestur félagsins fimmtudags-kvöldið 19. ágúst. Hann hafði frá mörgu fróðlegu að segja enda mikil gróska í áhugamálinu þar í landi. Loftur hefur verið búsettur í Montreal í Kanada um árabil.

Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA og Loftur Jónasson TF3LJ ræða málin. Ljósmynd: TF3KB.

26. ágúst – TF3CW / EA/TF3CW.
Sigurður R. Jakobsson, TF3CW / EA/TF3CW heimsótti félagsaðstöðuna fimmtudagskvöldið 26. ágúst. Mikið var rætt um skilyrði, alþjóðlegar keppnir og nýjustu tækin á markaðnum. Siggi hefur verið búsettur í Los Dolses á Spáni (15 km fyrir vestan Torrevieja) frá 2019.

Slegið á létta strengi. Sigurður R. Jakobsson TF3CW, Kristján Benediktsson TF3KB og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

2. september – HB9RYV.
Peter Ens, HB9RYV heimsótti félagsaðstöðuna í Skeljanesi fimmtudaginn 2. september ásamt Yngva Harðarsyni, TF3Y. Peter er mikill áhugamaður um SOTA (*e. Summits On The Air*) verkefnið. Málið snýst um að fara á fjöll með fjarskiptatæki og búnað og hafa sambönd við aðra leyfishafa á amatörböndunum. Fjallatindar eru skilgreindir sérstaklega í hverju landi og hérlendis eru þeir alls 910.

2021 var hann þegar búinn að virkja Eldfell, Dalsfjall og Heimaklett í Vestmannaeyjum. Í fyrra (2020) virkjaði hann m.a. Drangshlíðarfjall, Sandkúlur, Heiðarfjall, Fagradalsfjöll, Sönghofsfjall og Stafdalsfell. Árið 2017 virkjaði hann m.a. Stafdalsfell, Pétursey, Hatta, Búrfell (í Mýrdal), Skálafell, Kirkjufell (í Eyrarsveit) og Heklu.

Peter Ens, HB9RYV og Kristján Benediktsson TF3KB í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3Y.

10. og 17. september – HB9GKR.
Ralf Doerendahl, HB9GKR mætti í félagsaðstöðuna í Skeljanesi ásamt Yngva Harðarsyni, TF3Y fimmtudagskvöldið 10. september. Þeir Yngvi hafa m.a. virkjað saman fjallatinda. Ralf er mikill áhugamaður um SOTA (*e. Summits On The Air*) verkefnið og hefur verið QRV frá mörgum löndum, m.a. frá Færeyjum. Hann er búsettur í Aarau skammt frá Zürich í Sviss.

Ralf kom aftur við í Skeljanesi viku síðar, þá nýkominn til borgarinnar frá Vestfjörðum þar sem hann virkjaði SOTA tinda. Ralf var mjög hrifinn af starfseminni hjá okkur, m.a. aðstöðunni í Skeljanesi og fjarskiptaherbergi TF3IRA. Honum fannst afrek að gefa út félagsblað fjórum sinnum á ári (en nýjasta CQ TF lá frammi á stóra fundarborðinu).

Ralf HB9GKR náði m.a. sambandi við leyfishafa heima í Sviss frá félagsstöðinni TF3IRA. Yngvi TF3Y fylgist með.

Hann er embættismaður USKA systurfélags ÍRA í Sviss og tók eftir að félagsblað þeirra „HB Radio“ [sem kemur út 6 sinnum á ári] var ekki að finna í bókaskápunum okkar. Hann sagðist ætla að fá því breytt þegar heim kæmi til Sviss.

Jónas Bjarnason TF3JB og Ralf Doerendahl HB9GKR.

Ralf stóð við það, því 17. nóvember barst félaginu stór pakki frá USKA og var um að ræða árganga félagsblaðs þeirra, HBradio, fyrir árin 2016-2021. Þeir gefa út 6 tölublöð á ári og er hvert blað 50-80 bls. að stærð. Ný blöð munu hverju sinni berast til félagsins í pósti.

Félaginu barst síðan 6. tbl. HBradio í byrjun desember og lá það frammi í Skeljanesi 9. desember. Á bls. 46-49 er skemmtileg frásögn eftir Ralf frá ferðinni til Íslands í sumar þegar hann var hér á landi í 9. skiptið.

USKA gefur út 6 tölublöð á ári og er hvert blað 50-80 bls. að stærð. Það veitir áhugaverða innsýn í viðamikið og vandað starf Svissneskra radíóamatöra.

Myndin er af sendingunni sem barst til félagsins frá USKA 17. nóvember.

17. október – HB9CXZ.

Luigi Casari, HB9CXZ var á Íslandi í október. Fjölskyldan ferðaðist um landið og komu þau m.a. í heimasókn til Óðins Þórs Hallgrímssonar, TF2MSN laugardaginn 16. október.

HB9CXZ í fjarskiptaherbergi TF2MSN á Akranesi. Ljósmynd: TF2MSN.

Luigi hafði upphaflega ætlað að koma við í Skeljanesi fimmtudagskvöldið á undan, en náði því ekki vegna þess að fluginu seinkaði. Hann kom hins vegar við í Skeljanesi sunnudaginn 17. október og hitti fyrir Odd Helgason hjá ORG ehf., sem tók á móti umslagi með QSL kortum til félagsins. Luigi hafði síðan símasamband frá Oddi við TF3JB. Fram kom m.a. að fjölskyldan væri mjög ánægð með ferðina til Íslands og að þau hafi hug á að heimsækja landið aftur. Þá ætlar hann örugglega að koma við í Skeljanesi. Luigi er búsettur í Sant'ntonino í Sviss.

16. desember – TF3EY / OH2LAK.

Erik Finskas, TF3EY/OH2LAK heimsótti félagið fimmtudaginn 16. desember. Erik færði félaginu afmælisgjöf í tilefni 75 ára afmælis ÍRA frá systurfélagi okkar í Finnlandi, SARL. Sjá umfjöllun í 15. Kafla.

Erik heimsótti Skeljanes á ný 6. janúar 2022. Þá var meðfylgjandi mynd tekin.

Erik Finskas TF3EY/OH2LAK við gervihnattastöð TF3IRA í Skeljanesi 6. janúar.

6. janúar 2022 – PA3GRX.

Pieter Lageweg, PA3GRX var staddur á landinu í byrjun janúar 2022. Hann hafði samband við félagið og langaði til að hitta félagana í Skeljanesi. Af því gat þó ekki orðið vegna annarra skuldbindinga hans. Pieter flaug heim til Hollands 8. janúar en hefur hug á að heimsækja ÍRA á næsta ári (2023).

13. janúar 2022 – YT1AD.

Dr. Hranislav Milosevic, YT1AD var staddur á landinu í byrjun janúar 2022. Hann hafði samband við félagið (með aðstoð TF1A) og langaði til að koma í heimsókn í Skeljanes fimmtudaginn 13. janúar. Því miður þurfti að hafa félagsaðstöðuna lokaða þann dag vegna Covid-19 faraldursins. Hrani flaug heim til Serbíu 18. janúar.

GREIN UM AMATÖR RADÍÓ Á ÍSLANDI.

Tímaritið Raflost, ársrit VÍR, félags verkfræði- og tölvuverkfræðinema við Háskóla Íslands kom út í sumarbyrjun 2021.



Meðal efnis í blaðinu er greinin „Amatör Radíó“ eftir þá Kristinn Andersen, TF3KX og Sæmund E. Þorsteinsson, TF3UA. Þeir félagar gera áhugamálinu góð skil.

Umfjöllunin skiptist eftirfarandi:

- Upphaf amatör radíós.
- Merkjategundir.
- leyfi fyrir amatör radíó.
- búnaður radíóamatöra.
- félagsstarf radíóamatöra; og
- Lokaorð.

Greininni fylgir m.a. ljósmynd af þeim Elínu Sigurðardóttur, TF2EQ og Árna Frey Rúnarssyni, TF8RN ungmenna-fulltrúum ÍRA. Þakkir til þeirra félaga fyrir áhugaverða og vel skrifaða grein.

https://www.flipsnack.com/brynjath/raflost.html?fbclid=IwAR2hl82RurGAxQSR5XqIhWhc60uXYUlhtWgFRWCHZgKnk2dWyclTqgeN990

Amatör radíó

Alltaf hefur fólk verið til sem hefur ríkan tæknilegan áhuga og þörf fyrir að sinna áhugamáli sínu. Áhugi á bílum og akstri er af þessum meiði, einnig áhugi á ljósmyndun, hljómflutningstækjum, tölvum, forritun og svo má telja áfram. Oftast er mjög jákvætt að hafa áhugamál af þessu tagi, áhugina hvetur fólk til að afla sér þekkingar á sviðinu og stundum öðlast slíkt áhugafólk yfirburðaþekkingu sem nýtist því í lífinu, bæði við störf og leik. Kringum áhugamálið er iðulega öflugt félagsstarf þar sem þeir áhugasömu læra félagslega færni. Amatör radíó er áhugamál af þessu tagi sem all margir stunda, ilkega um fimm milljónir karla og kvenna. Á Íslandi hafa verið gefin út um 500 leyfisbréf fyrir radíóamatöra.

Upphaf amatör radíós

Amatör radíó leit dagsins ljós stuttu eftir upphaf radíófjarskipta. Hertz sýndi fram á tilvist rafsegulbylgna með tilraun árið 1886 en með því að leysa jöfnur Maxwells frá 1864 með réttum randskilyrðum var hægt að spá fyrir um tilvist slíkra bylgna. Við tilraun Hertz byrjaði mikil hreyfing um það hvernig nýta mætti rafsegulbylgjur til fjarskipta. Fremstur í flokki var Ítalinn Marconi sem fæddur var 1874 og því enn táningur þegar hann byrjaði tilraunir með radíófjarskipti. Fjöldi fólks víða í heiminum hóf slíka tilraunastarfsemi í upphafi 10. áratugar 19. aldar. Segja má að þetta hafi verið fyrstu radíóamatörarnir, fólk sem setur upp búnað fyrir þráðlaus fjarskipti, frekar knúið af áhuga en tekjumöguleikum. Fyrstu sendarnir voru neistasendar sem sendu merki á mjög víðu tíðnisviði. Viðtækin voru búin til úr tilteknu efni sem breytir viðnámi sínu í takt við hátíðnistraum sem flæðir um það, (e. *coherer*, þ. *Fritter*). Með þessa gerð búnaðar tókst Marconi að ná sambandi yfir Atlantshafið árið 1902. Radíóbúnaðurinn tók miklum breytingum þegar hægt varð að magna merki með lömpum en lampatríóða leit dagsins ljós árið 1906. Þá varð unnt að senda nærn viðtæki og bandmjóa senda. Amatörum fjölgaði mikið, ekki síst fyrir tilstuðlan háskólanna. Fyrsti radíóklúbburinn var stofnaður við Columbia háskólann í New York árið 1908 og háskólar víða um heim fylgdu í kjölfarið. Til er kallmerki fyrir radíóklúbb Háskóla Íslands, TF3HI. Gaman væri að endurvekja hann og færi vel á því að hann fengi aðsetður í Loftskeytastöðinni, sem er gamla húsið milli Veraldar og VR3. Oft má sjá stór Yagi-Uda loftnet á háskólasvæðum erlendis. Þau eru örugg merki um tilvist radíóklúbbs við háskólann, mynd 1.

Mynd 1. *Yagi-Uda loftnet radíóklúbbs Tæknháskólans í Massachusetts, MIT, W1MX*

Merkjategundir

Merkin sem send voru í árdaga fjarskipta eftir merkjaflutningslínum voru morse-merki, (e. *telegraphy*). Þetta breyttist ekki þegar radíófjarskipti komu til sögunnar. Morse var eini fjarskiptahátturr radíóamatöra þar til á 4. áratugnum þegar þeir byrjuðu prófanir á talsendingum með styrkmótun (AM). Talsendingar á einu hliðarbandi (SSB) urðu vinsælar á 6. áratugnum og amatörar fóru smámsaman að nota tíðnimótun (FM) á metrabylgju. Morse kunnáttu er ekki lengur krafist til þess að fá amatörleyfi en morsið er engu að síður mjög vinsæll fjarskiptaháttur meðal amatöra, sem eru líklega eins höpurinn sem enn notar morse. Auk morse og tals senda amatörar sjónvarpsmerki milli sín og stafrænir mótunarhættir njóta sívaxandi vinsælda. Nefna má fjarskiptaháttinn FT8 sem radíóamatörar þróuðu árið 2017. FT8 þarf aðeins 50 Hz bandbreidd og merkið getur verið 100 sinnum daufara en suð og truflanir [1]. Þetta þýðir að radíóamatörar með erfiðar aðstæður fyrir loftnet og lítið sendiafl geta haft samband langar leiðir, jafnvel til Ástralíu.

Leyfi fyrir amatör radíó

Til þess að verða radíóamatör þarf að fá leyfi fjarskiptayfirvalda, hér á landi Póst- og fjarskiptastofnunar. Til þess að fá leyfið þarf að standast próf í radíófræðum, reglugerð og radíóvísiktiptum. Félagið Íslenskir Radíóamatörar (ÍRA) [2] gengst fyrir námskeiðum þar sem fólk lærir þau fræði sem þarf til að standast prófið. Þegar fólk hefur staðist prófið getur það sótt um kallmerki. Kallmerkjum er úthlutað fyrir radíostöðvar en í daglegu tali verður kallmerkið eins konar nýtt nafn fyrir eiganda radíóstöðvarinnar. Íslensk kallmerki byrja á TF, þá kemur tala og síðan einn til þrír stafir sem hver og einn velur sér. Til dæmis hafa höfundar þessarar greinar kallmerkin TF3UA og

Mynd 2. *Sendiviðtæki IC-7100 frá Icom. Tækið er stillt á tíðnina 7,073 MHz. Það er með riffjá sem sýnir mótekin merki í nálægð við tíðnina*

TF3KX sem hafa orðið að eins konar nöfnum þeirra í samfélagi radíóamatöra.

Að leyfinu fengnu geta menn keypt eða smíðað fjarskiptatæki, sett upp loftnet og „farið í loftið“. Radíóamatörar mega senda út á fjölmörgum tíðnisviðum sem ná allt frá 136 kHz upp í 250 GHz. Stuttbylgju- og metrabylgjusviðin eru mest notuð. Á stuttbylgju er hægt að ná sambandi yfir langar vegalengdir sem er háð radíóskilyrðum á hverjum tíma. Hylgjumar endurkastast milli yfirborðs jarðar og jónahvolfsins. Með þessu nást sambönd um allan heim og algengt er að ná sambandi frá Íslandi t.d. til Japans, Ástralíu og Nýja Sjálands.

Búnaður radíóamatöra

Búnaðurinn sem amatörar nota er margvíslegur, á mynd 2 er sýnt tæki sem er mikið keypt um þessar mundir en hægt er að sjá flestar tegundir búnaðar á vefnum [3]. Amatörar geta einnig smíðað eigin tæki, oftast eru það einfaldir sendar og viðtæki á lágu afli. Slík tæki eru iðulega lélt og lítil og vinsælt er að fara með þau í útilegu eða til fjalla og hafa samband. Fyrir fáum árum byrjuðu menn að keppa í því að hafa samband frá fjalltoppum [4]. Menn smíða einnig ýmis jaðartæki eins og tæki til loftnetsaðlögunar þar sem sýndarviðnámi loftnets er umbreyti í 50 Ω sem er algengasta útgangsviðnám sendu. Með tölvutækninni hefur amatör radíó tekið miklum breytingum og hefur notkun lóðbolta minnkað en notkun lyklaborðs vaxið. Nú byggjast flest amatörtæki á hugbúnaðarradíói (e. Software Defined Radio, SDR). Slík tæki eru í raun stafrænir merkjareiknar og virkni þeirra er ákveðin með hugbúnaði. Þannig er hægt að nota sama vélbúnað til að smíða sendi og viðtæki fyrir stuttbylgju eða búa til farsímastöð á 900 MHz [5].

Félagsstarf amatöra

Fjarskipti gera mönnum kleift að vera í sambandi þó að langar fjarlægðir aðskilji. Fyrir daga internetsins voru fáir aðrir en amatörar sem áttu kost á þessu. Margir amatörar hittast enn í loftinu og spjalla um heima og geima, annað hvort við vini og kunningja eða aðra amatöra sem þeir hafa aldrei hitt. Oft leiðir þetta til vinskapar. Félög og klúbbar amatöra starfa í hverju landi og starfa félögin saman alþjóðlega í sambandi sem nefnt er „International Amateur Radio Union“, IARU [6]. Sem fyrir segir heitir íslenska félagið „Íslenskir radíóamatörar“, ÍRA [7]. Félagið var stofnað árið 1946. Það hefur aðstöðu í Skeljanesi í Skerjafirði. Félagsmenn hittast á fimmtudagskvöldum og eru allir velkomnir sem vilja kynna sér starfsemi þess. Félagið gefur út blað á netinu sem nefnt er CQTF. Mynd 3 er tekin í fjarskiptastöð félagsins.

Mynd 3. *Radíóamatörarnir Elín Sigurðardóttir, TF2EQ og Árni Freyr Rúnarsson, TF8RN við tækin í félagsviðbótinni TF3IRA*

Amatörar stunda ýmiss konar radíóíþróttir. Til dæmis eru haldnar keppnir þar sem menn reyna að ná sem flestum samböndum yfir eina helgi. Þá eru sambönd höfð eins stutt og kostur er, aðeins skipst á kallmerkjum, upplýsingum um viðtökustyrk og staðfestingu að þær hafi borist. Menn safna líka viðurkenningarskjölum af ýmsu tagi, t.d. er hægt að fá viðurkenningu fyrir að hafa náð 100 löndum. Til þess þarf að hafa náð staðfestu sambandi við a.m.k. 100 lönd en staðfestingar fást með svonefndum QSL kortum. Þau eru eins konar póstkort sem skrifuð eru til staðfestingar þess að samband hafi náðst. Nú eru einnig komin rafræn QSL kort.

Lokaorð

Margir hafda að framgangur internetsins og tölvutækninnar hafi gert amatör radíó óþarft og að fólk fái áhuga fyrir fjarskiptaþarfir sínar með farsímum og tölvufjarskiptum. Í raun er þessu öfugt farið. Tölvutækninn hefur styrkt amatör radíó og vikkað

15. Gjafir til ÍRA

FJARSKIPTABÚNAÐUR, RADÍÓDÓT, HÚSMUNIR OG FLEIRA.

Á hverju starfsári berast félaginu gjafir. Hér á eftir er leitast við að gefa stutt yfirlit yfir gjafir og gefendur á starfsárinu 2021/22. Þar á meðal eru gjafir, þar sem félagsmenn vilja ekki láta nafns síns getið. Stjórn félagsins þakkar velvilja félagsmanna.

15.1 ÍRA fært listaverk að gjöf í tilefni 75 ára afmælis félagsins.
Oddur Helgason framkvæmdastjóri ORG, Ættfræðiþjónustunnar ehf., afhenti Jónasi Bjarnasyni, TF3JB formanni ÍRA listaverk í tilefni 75 ára afmælis félagsins í Skeljanesi 17. nóvember s.l. Afhending fór fram að viðstaddri stjórn ÍRA.

Verkið ber nafnið „Bylgjur“ og er eftir listamanninn Lúkas Kárason. Það er unnið úr rekaviði af Ströndum. Oddur sagði, að þeim Reyni Björnssyni (meðeiganda hans í ORG ehf.) hafi fundist verkið passa svo vel við starfsemi radíóamatöra sem væru jú alltaf að fást við radíóbylgjur.

Jónas þakkaði Oddi góð orð og sagðist taka við gjöfinni fyrir hönd félagsins með ánægju og þakkaði góðan hug þeirra félaga til ÍRA.

Oddur Helgason framkvæmdastjóri ORG, Ættfræðiþjónustunnar ehf. afhendir Jónasi Bjarnasyni TF3JB formanni ÍRA listaverkið Bylgjur að gjöf í tilefni 75 ára afmælis ÍRA sem var 14. ágúst 2021. Myndin var tekin þegar gjöfin var afhent formlega á stjórnarfundi í ÍRA þann 17. nóvember 2021. Ljósmynd: TF3DC.

ÍRA og ORG, Ættfræðiþjónustan ehf., hafa lengi haft aðstöðu í Skeljanesi. ÍRA frá ársbyrjun 2003 en ORG frá árinu 2002. Miðstöð nýbúa (sem áður hafði húsið) flutti í árslok 2001.

15.2 ÍRA færð gjöf frá SRAL í tilefni 75 ára afmælis félagsins.
Erik Finskas, OH2LAK (TF3EY) færði Jónasi Bjarnasyni, TF3JB formanni ÍRA gjöf frá systurfélagi okkar í Finnlandi, Suomen Radioamatööriliitto (SRAL) í tilefni 75 ára afmælis félagsins. Gjöfinni var veitt viðtaka í Skeljanesi 16. desember.

Gjöfin er áletraðar morspöllur (af KBX-380 gerð) smíðaðar af þekktum finnskum radíóamatör, Tapio Hirvioski, OH1KB. Gjöfinni fylgdi bréf frá Markku Tuhkanen, OH4UI framkvæmdastjóra SRAL með eftirfarandi texta:

Innilegar hamingjuóskir á 75 ára afmæli Íslenskra radíóamatöra!

Fyrir hönd allra finnskra radíóamatöra viljum við óska kærum félögum okkar á Íslandi til hamingju.

Íslendingar eiga sér sérstakan stað í huga Finna og þegar við hittumst finnum við strax tengingu. Hugrekki, sjálfstæði og kannski smá þrjóska ásamt góðu skopskyni, eru eiginleikar sem sameina okkur.

Þar sem heimsfaraldur hindrar nú að við getum fagnað stórum áföngum saman, getum við aðeins vonast til að hittast fljótlega til að fagna saman í stærri hóp.

Megi Erik Finskas OH2LAK/TF3EY vera góður fulltrúi Finnskra radíóamatöra á Íslandi.

Við óskum öllum íslenskum félögum okkar alls hins besta, fjölda sambanda og góðra fjarskipta-skilyrða.

Jónas þakkaði Erik fyrir hlýlegar kveðjur og sagðist taka við gjöfinni fyrir hönd félagsins með ánægju og þakkaði góðan hug frá félögum okkar í Finnlandi til félagsmanna ÍRA.

Jónas Bjarnason TF3JB, formaður ÍRA veitir gjöf SRAL formlega viðtöku í Skeljanesi og þakkar Erik Finskas OH2LAK/TF3EY. Ljósmynd: TF3DC.

Gjöf SRAL, morspöllur smíðaðar af OH1KB, verða hafðar í fjarskiptaherbergi TF3IRA .

Stjórnarmenn ÍRA sem voru viðstaddir viðburðinn. Frá vinstri: Georg Kulp TF3GZ meðstjórnandi, Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri, Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður, Erik Finskas OH2LAK/TF3EY, Jónas Bjarnason TF3JB formaður og Heimir Konráðsson TF1EIN varamaður. Ljósmynd: Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.

15.3 – Radíódót af ýmsu tagi (TF3FG).
Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG færði félaginu töluvert af radíódóti fimmtudaginn 6. mars, samanber meðfylgjandi myndir. Þakkir til Hans Konrad fyrir velvild í garð félagsins.

Hans Konrad kom með margvíslegt dót í pappakössunum.

Hann kom einnig með þessa gráu kassa með stýribúnaði.

15.4. – Húsamálning (TF2BE).
Gunnar Bergþór Pálsson, TF2BE færði félaginu óátekna fötu af ljósgrárri útimálningu sem hann sagðist eiga afgangs 14. apríl. Hann sagðist vilja koma henni til félagsins ef ske kynni að hug myndir væru uppi um viðhald í félagsaðstöðunni í sumar. Um var að ræða 10 lítra fötu af Kópal Steintex útimálningu frá Málningu hf. Þakkir til Gunnars fyrir velvild í garð félagsins. Því miður gafst ekki tími til að nota málninguna frá Gunnari í sumar (2021) en hugmyndin er að hefjast handa strax næsta vor þegar veður leyfir.

15.5 – Radíódót af ýmsu tagi (TF3FG).
Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG kom færandi hendi í Skeljanes 15. apríl með ýmislegt radíódót sem félögunum stendur til boða, m.a. góðir kassar (til smíða) og dót sem kemur til með að nýtast vel, bæði tengi og íhlutir. Þakkir til Hans Konrad fyrir velvild til félagsins.

Radíódótið komið í hús. Hans Konrad Kristjánsson TF3FG í ganginum í Skeljanesi.

15.6. – Álrör og veggfestingar fyrir loftnet (TF3ID).
Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID færði félaginu álrör og galvaníseraðar veggfestingar fyrir loftnet 16. apríl.

Þakkir til Sveins Goða fyrir velvild í garð félagsins.

15.7. – Radíódót af ýmsu tagi (TF3WS).
Sigurður Harðarson, TF3WS sagðist hafa verið að taka til í bílskúrnum hjá sér þegar honum varð hugsað til félagsins og færði í framhaldi í hús í Skeljanesi radíódót af ýmsu tagi þann 6. maí. Umrætt dót er á hvíta borðinu (til hægri). Þakkir til Sigurðar fyrir velvild í garð félagsins.

15.8. – „Cavity“ síur (TF3WS).
Sigurður Harðarson, TF3WS færði félaginu tvö sett af VHF „Cavity“ síum þann 20. maí. Hvor er fjórföld. Meðfylgjandi ljósmynd er af öðru settinu. Þakkir til Sigurðar fyrir velvild í garð félagsins.

„Cavity“ síur eru notaðar við endurvarpa.

15.9. – Radíódót af ýmsu tagi (TF2BE).
Gunnar Bergþór Pálsson, TF2BE færði félaginu radíódót af ýmsu tagi fimmtudaginn 10. júní (sbr. ljósmynd).

Á myndina vantar handmorslykil sem hann kom einnig með frá M.P. Pedersen. Lykilinn verður seldur á uppboði á flóamarkaði félagsins og mun andvirðið renna í félagssjóð. Þess má geta, að Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB hefur skoðað Pedersen lykilinn og hans úrskurður er að um sé að ræða „original“ Pedersen, en ekki lykil af Amplidan gerð.

Þakkir til Gunnars fyrir velvild í garð félagsins.

Meðal dótsins sem Gunnar færði félaginu var Sencore tíðniteljari, gerð FC45. Hann þekur tíðnisviðið frá 30Hz upp í 230 MHz.

15.10 – Radíódót frá dánarbúi TF3GB; sending 2 (TF1GW, TF3AO, TF3PPN).
Ársæll Óskarsson, TF3AO, Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN og Þór Þórisson, TF1GW mættu í Skeljanes laugardaginn 12. júní. Erindið var að færa í hús síðari sendingu af radíódóti úr dánarbúi Bjarna Sverrissonar, TF3GB. Sjá nánari upplýsingar í máli og myndum í kafla 2.3 í skýrslunni.

Mestur hluti af radíódótinu úr sendingu 2 frá dánarbúið TF3GB kominn upp í fundarsalinn í Skeljanesi.

Þór Þórisson, TF1GW, hafði áður fært félaginu radíódót frá dánarbúinu þann 16. febrúar 2021, sem gerð er skil í ársskýrslu 2020/21 (bls. 133). Þór færði félaginu síðan 3. sendinguna 22. júlí (sjá neðar).

Þakkir til aðstandenda Bjarna Sverrissonar, TF3GB fyrir rausnarlegar gjafir til félagsins.

15.11 – Radíódót úr dánarbúi TF3GB; sending 3 (TF1GW).

Þór Þórisson, TF1GW færði félaginu þriðju og síðustu sendinguna úr dánarbúi TF3GB þann 22. júlí. Um er að ræða Yaesu FT-101ZD HF sendi-/móttökustöð, FV-101Z utanáliggjandi VFO, FC-902 loftnets-aðlögunarrás og YD-148 borðhljóðnema. Tækin verða seld á uppboði á flóamarkaði félagsins og mun andvirðið renna í félags-sjóð. Þakkir til Þórs og dánarbúsins.

Yaesu FT-101ZD notar tvo 6146B lampa í útgang og 12BY7A lampa í knýstigi (e. driver).

15.12. – Radíódót af ýmsu tagi (TF3WS).

Sigurður Harðarson, TF3WS færði félaginu spenna/spennugjafa og húsloftneti fyrir 430 MHz, ásamt fleiru vönduðu dóti 24. ágúst. Sumir aflgjafarnir eru merktir Landsímanum (m.a. með spennum Spennubreytum ehf.) og fl. Allt saman kjörið efni til nota í heimasmíða. Þakkir til Sigurðar fyrir velvild í garð ÍRA.

Dótið komið inn í Skeljanesið á stóra borðið í ganginum niðri.

Sigurður Harðarson TF3WS flytur radíódótið í hús í Skeljanesi.

15.13. – Yagi loftnet fyrir 2 metra bandið (TF1OL).

Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL kom með 3 staka Yagi loftnet fyrir 2 metra bandið í Skeljanes 2. september. Þakkir til Ólafs Arnar fyrir velvild í garð félagsins.

Ljósmynd af Yagi loftnetinu fyrir 144-146 MHz bandið.

15.14. – Radíódót (TF3FG).

Hans Konrad Kristjánsson færði félaginu radíódót 10. september. Um er að ræða átta PC borð m.a. með 7400 rásum í sökklum, Eprom, OP mögnurum og fleiru áhugavert.

Þakkir til Hans Konrad fyrir velvild í garð félagsins.

15.15. – Radíódót af ýmsu tagi (TF3WS).

Sigurður Harðarson, TF3WS færði félaginu radíódót í Skeljanes 16. september. Myndin sýnir hluta af dótinu, rúllur með 0,5 kvaðrata "bjölluvír" bæði einn og fleiri samþættir vírar. Einnig rúllur með 6-32 víra stýriköplum og mælitæki (í trékassanum undir rúllunum). Þakkir til Sigurðar fyrir velvild í garð félagsins.

Gráu rúllurnar eru fjölþátta stýrikaplar ýmist 16, 24 eða 32 þátta.

15.16. – Diskloftnet með festingum (TF3GZ).

Georg Kulp kom með 90 cm. gervihnattadisk í Skeljanes 6. október. Diskurinn hentar jafnframt fyrir viðtöku sjónvarpsmerkja frá gervitunglum jafnt sem fyrir þá sem hafa hug á að koma upp búnaði fyrir Oscar 100 gervitunglið.

Með disknum fylgdu allar festingar, þ.m.t. veggfesting. Þakkir til Georgs fyrir velvild í garð félagsins.

Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB skoðar gervihnattadiskinn í Skeljanesi.

15.17. – Radíódót af ýmsu tagi (TF3WS).

Sigurður Harðarson, TF3WS mætti í Skeljanes með fullan bíl af radíódóti 11. október. Sigurður hefur verið duglegur í gegnum árin, að „gauka“ að félaginu dóti fyrir félagana til að nýta á einn eða annan hátt. Þetta hefur verið dót af góðum gæðum enda gjarnan stoppað stutt við. Svo var einmitt að þessu sinni, samanber meðfylgjandi ljósmyndir. Þakkir til Sigurðar fyrir velvild í garð félagsins.

TF3WS færir félaginu fullan bíl af áhugaverðu dóti.

M.a. viðtæki, mælitæki, spólukassar o.m.fl.

Myndin sýnir hluta af dótinu sem barst til félagsins frá Sigurði Harðarsyni TF3WS 11. október.

15.18. – Radíódót af ýmsu tagi (TF3FG)

Hans Konrad Kristjánsson, TF3FB færði félaginu radíódót 28. október. Um er að ræða m.a. stýritækið í 19“ kössum. Þakkir til Hans Konrad fyrir velvild í garð félagsins.

Hluti af radíódótinu í ganginum í Skeljanesi. Hans Konrad Kristjánsson TF3FG færði okkur þrjú ný 19" stýritæki 28. október sem sjá má efst fyrir miðju myndarinnar.

15.19. – Tölvur, tölvuskjáir og radíódót (TF3FG).
Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG færði félaginu tölvur og tölvuskjái 18. nóvember. Um er að ræða fartölvu og þrjár turntölvur, auk 3 tölvuskjáa. Þakkir til Hans Konrad fyrir velvild í garð félagsins.

Hans Konrad Kristjánsson TF3FG færði félaginu tölvur, tölvuskjái og tvö eldri tæki, 100W VHF sendi og loftnetsaðlögunarrás 18. nóvember.

15.-20. – Radíódót (TF3FG).
Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG færði félaginu fjórar „bandpass" síur í 19" kössum 25. nóvember. Þakkir til Hans Konrad fyrir velvild í garð félagsins.

Síurnar eru af gerðinni Quantar og eru í fullkomnu lagi að sögn Hans Konrad.

15.-21. – Radíódót af ýmsu tagi (TF3FG).
Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG færði félaginu ýmislegt radíódót 2. desember, m.a. mælitæki frá Motorola. Þakkir til Hans Konrad fyrir velvild í garð félagsins.

Hans Konrad Kristjánsson TF3FG gengur frá dótinu 2. desember í Skeljanesi.

15.-22. – Gólfteppi á fundarsal (N.N.).
Félaginu barst nýtt gólfteppi í fundarsalinn í Skeljanesi að gjöf þann 9. desember. Nýja teppið kemur í stað annars sem er minna. Það eldra var fært og sett undir fundarborðið, samanber meðfylgjandi ljósmyndir. Gefandi óskaði eftir að láta nafns síns ekki getið.

Nýja gólfteppið er mun stærra og fer vel. Eldra teppið var flutt og sett undir stóra fundarborðið.

MINNINGAR ÚR FÉLAGSSTARFINU FRÁ 1975 og 1977.

Hópurinn sem fór til Vestmannaeyja í júlí 1975 og virkjaði TF7V. Guðjón Einarsson TF3AC, Axel Sölvason TF3AX, Kristinn Daníelsson TF3KD, Stefán Sæmundsson TF3SE, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Ólafur Axelsson TF3AW. Ljósmynd: TF3KM.

Frá heimsókn Victor C. Clark, W4KFC varaforseta ARRL til ÍRA 1977. Kristján Benediktsson TF3KB, Björgúlfur Bachmann TF3EL, Ólafur Axelsson TF3AW, Haraldur Þórðarson TF3HP, Stefán Sæmundsson TF3SE og Jónas Bjarnason TF3JB. Ljósmynd: W4KFC.

Báðar ljósmyndirnar voru teknar í þáverandi félagsaðstöðu ÍRA að Vesturgötu 68 í Reykjavík.

VIÐAUKI-A

Fundargerðir stjórnar ÍRA
starfsárið 2021-2022

Stjórnarfundir	Dagsetning	Fundarstaður	Bls.
Stjórnarskiptafundur	25. mars	Skeljanes	154
Fundur 1/2021	25. mars	Skeljanes	155
Fundur 2/2021	6. maí	Skeljanes	158
Fundur 3/2021	22. júní	Skeljanes	161
Fundur 4/2021	31. ágúst	Skeljanes	164
Fundur 5/2021	28. september	Skeljanes	168
Fundur 6/2021	17. nóvember	Skeljanes	171
Fundur 7/2022	18. janúar	Skeljanes	174

Íslenskir radíóamatörar, starfsárið 2021/22

Fundargerðir stjórnarskiptafundar og fundar nr. 1 í nýrri stjórn ÍRA; haldnir í Skeljanesi 25. mars 2021 kl. 18:00.

Fráfarandi stjórn: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3GS ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varamaður og TF3EIN varamaður.

Viðtakandi stjórn: TF3JB formaður (endurkjörinn), TF3DC og TF3PW (endurkjörnir til 2 ára), TF3GS og TF3GZ (sitja síðara tímabil) og TF3UA og TF1EIN, varamenn (endurkjörnir).

Tillaga að dagskrá stjórnarskiptafundar:

a. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
b. Fundargerð 8. fundar 2019/20 frá 3. febrúar lögð fram.
c. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.
d. Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, skila gögnum og húslyklum.
e. Fundarslit og fundarhlé.

Tillaga að dagskrá 1. stjórnarfundar (eftir fundarhlé).

1. Fundarsetning 1. fundar í stjórn félagsins 2021/22.
2. Tillaga að dagskrá lögð fram.
3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

33.03.2021...Erindi frá: Guðbjörgu Guðmundsdóttur þáttargerðarkonu á RÚV með hugmynd að útvarpsþætti.
04.03.2021...Erindi frá: IARU Svæði 1; upplýsingar um World Amateur Radio Day 2021.
04.03.2021... Erindi frá: Ísavia með ósk um upplýsingar um búnað í Bláfjöllum.
05.03.2021...Erindi til: Ísavia frá ÍRA þess efnis erindið hafi verið framsent á TF1A til afgreiðslu.
08.03.2021...Erindi frá: TF1A með afriti af svarpósti hans til Ísavia.
08.03.2021...Erindi frá: PFS til félagsins með ósk um umsögn um breytingu kallmerkisins TF3EE í TF3E.
08.03.2021...Erindi til: PFS með jákvæðri umsögn ÍRA um breytingu á kallmerki.
09.03.2021...Erindi frá: Ísavia með þökkum fyrir góð svör.
11.03.2021...Erindi frá: Útgefanda tímaritsins In-Sight Publishing.
11.03.2021...Erindi til: Spurningar sendar til In-Sight er varða erindið.
13.03.2021...Erindi frá: In-Sight með svörum við spurningum félagsins.
15.03.2021...Erindi til: PFS til staðfestingar á samráði um prófdag 15. maí 2021.
16.03.2021...Erindi til: Útgefanda In-Sight Publishing með niðurstöðu félagsins.
21.03.2021...Erindi frá: TF1A um stöðu heimildar á 6 metra bandinu.
21.03.2021...Erindi til: TF1A með svörum við spurningum um 6 metra bandið.
22.03.2021...Erindi frá: SRAL vegna 100 ára afmælis finnska landsfélagsins.
22.03.2021...Erindi frá: IARU Svæði 1 v. undirbúningsfundar yfir netið 24.3. v. ráðstefnu svæðisins í október n.k.
22.03.2021...Erindi frá: TF3KB vegna vinnuhóps um að fá mors samþykkt sem menningarminjar UNESCO
Mars 2021 ...Erindi frá: Formanni til stjórnar á milli stjórnarfunda: 4., 6., 9. 11., 15., 16., 18., 19., 19. (síðari sending), 20., 23. og 24.3.

4. Stjórn skiptir með sér verkum.
5. Aðalfundur félagsins 2021: Fundargögn – kostnaður – drög að fundargerð aðalfundar lögð fram.
6. Við upphaf nýs starfsárs: Verkefni – fyrirkomulag verkefna – fundartími/staður stjórnarfunda.
7. Námskeið ÍRA til amatörprófs.
8. Starfsáætlun 2021/22; fyrsta umfjöllun.
9. Páskaleikar ÍRA 2021; 2.-4. apríl.
10. Alþjóðadagur radíóamatöra 2021; 18. apríl; starfræksla TF3WARD.
11. CQ TF, útgáfuáætlun 2021/22. Tillaga ritnefndar lögð fram.
12. Önnur mál.
    Undirritun eyðublaða að ósk LÍ; m.a. RSK 17.28 f. félagasamtök og tilk. um raunverulega eigendur.
13. Næsti fundur stjórnar.
14. Fundarslit.

STJÓRNARSKIPTAFUNDUR.

a. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
Formaður, TF3JB, setti und kl. 18:02 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF3JB, TF3DC, TF3PW, TF3GZ, TF3UA og TF1EIN. TF3GZ hafði boðað fjarveru vegna vinnu. Tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

b. Fundargerð 8. fundar 2020/21 frá 3. febrúar lögð fram.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

c. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.
Samþykkt að vísa útafstandandi málum til nýrrar stjórnar.

d. Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, skila gögnum og húslyklum.
Formaður, TF3JB, þakkaði fráfarandi stjórn fyrir framúrskarandi gott samstarf og viðkynningu. Stjórnarmenn tóku undir með lófaklappi.

e. Fundarslit og fundarhlé.
Formaður, TF3JB, sleit stjórnarskiptafundi kl. 18:10.

FYRSTI FUNDUR NÝRRAR STJÓRNAR.

1. Fundarsetning 1. fundar í stjórn félagsins starfsárið 2021/22.
Formaður, TF3JB, setti fundinn kl. 18:13.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.
Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.
Formaður kynnti erindi milli funda og bauð mönnum að ræða einstök erindi eða afgreiðslur á milli funda. Umræður. Engar athugasemdir komu fram.

4. Stjórn skiptir með sér verkum
Ný stjórn félagsins skipti með mér verkum og er þannig skipuð starfsárið 2021/22:

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður.
Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður.
Jón Björnsson, TF3PW, gjaldkeri.
Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, ritari.
Georg Kulp, TF3GZ, meðstjórnandi.
Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, varamaður.
Heimir Konráðsson, TF1EIN, varamaður.

5. Aðalfundur félagsins 2021: Fundargögn – kostnaður – drög að fundargerð.
Aðalfundur félagsins 2021 var haldinn í safnaðarheimili Neskirkju laugardaginn 13. mars. Embættismenn fundarins voru kjörnir þeir Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS og Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA, fundarstjóri og fundarritari. 25 félagar mættu. Fundur var settur kl. 13:00 og slitið kl. 14:00. Kostnaður félagssjóðs vegna húsaleigu nam 15 þúsund krónum. Gögn sem lögð voru fram í aðalfundarmöppu:

- Dagskrá fundarins.
- Útprentun á lögum félagsins.
- Skýrsla um starfsemi ÍRA 2020/21 (171 bls. að stærð).
- Ársreikningur ÍRA fyrir rekstrarárið 2020.
- Upplýsingablað um Íslandsmet TF3ML og TF1JI í vegalengd fjarskiptasambands á 1,2 GHz sem sett var í VHF/UHF leikunum 2020 (155 km).

Jónas Bjarnason, TF3JB, fráfarandi formaður ÍRA flutti skýrslu um starfsemi félagsins 2020/21. Greinargóðri skýrslunni var einnig dreift til félagsmanna á aðalfundinum en í henni má m.a. finna fundargerðir stjórnar á starfsárinu. Skýrslan er auk þess aðgengileg á heimasíðu félagsins. Jón Björnsson, TF3PW, fráfarandi gjaldkeri, flutti ársreiknings félagssjóðs 2020. Embættismennirnir TF3DX formaður prófnefndar, TF3MH QSL stjóri, TF2EQ ungmennafulltrúi og TF3KB NRAU/IARU tengiliður, fluttu fundinum starfsskýrslur sinna embætta. Fundarritari aðalfundar 2021, TF3UA, lagði fram drög að fundargerð aðalfundar. Sæmundur skýrði frá því að fundargerðin verði til birtingar í 2. tbl. CQ TF 2021, sem er í samræmi við ákvæði í 23. gr. laga félagsins.

6. Við upphaf nýs starfsárs: Verkefni – fyrirkomulag verkefna – fundartími/staður stj.funda.
Stjórnin er sammála um að viðhafa sama/svipað fyrirkomulag hvað varðar fjölda stjórnarfunda (8-9 alls) á starfsárinu. Innkomin erindi og afgreiðsla þeirra á milli funda verði formlega frágengin á næsta stjórnarfundi og tíunduð í fundargögnum. Formaður mun áfram senda 1-blaðsíðu bréf í tölvupósti á milli funda, eftir þörfum.

7. Námskeið ÍRA til amatörprófs.
Umsjónarmaður námskeiða, TF3PW, greindi frá að námskeiði sem hófst 22. mars og var mæting góð (16). Ljóst væri, að faraldurinn og aðgerðir stjórnvalda sem kynntar voru síðdegis í dag (25. mars) muni hafa áhrif á námskeiðshald, en þegar hefði verið gerð áætlun um að vinna upp þau skipti sem fresta þarf.

8. Starfsáætlun 2021/22; fyrsta umfjöllun.
Fyrir liggur, starfsáætlun stjórnar fyrir síðasta ár þarf að yfirfara og uppfæra. Verkefninu sinnir varaformaður, TF3DC, sem kalla mun eftir áherslubreytingum frá stjórn, eftir því sem við á og leggur fram drög að áætlun fyrir starfsárið á næsta fundi.

9. Páskaleikar ÍRA 2021; 2.-4. Apríl.
Mikil og góð stemning er fyrir væntanlegum páskaleikum. Hrafnkell, TF8KY er umsjónarmaður og sinnir því hlutverki af mikilli alúð. Félagsmenn hafa á orði á að verðlaunagripir í leikunum séu glæsilegir og stjórnin staðfestir að svo verði áfram á starfsárinu 2021/22.

10. Alþjóðadagur radíóamatöra 2021; 18. apríl; starfræksla TF3WARD.
Formaður bar upp hvort áhugi væri fyrir slíkri starfrækslu meðal stjórnarmanna þennan dag, um lengri eða skemmri tíma, frá félagsstöðinni. Málið sett í hendur keppnisstjóra, TF3DC og stöðvarstjóra, TF3JB en ljóst er, að ekki gefst tækifæri til að bjóða gestum eða félagmönnum að koma í Skeljanes og því síðar að fara í loftið frá félagsstöðinni vegna krafna í reglugerð um sóttvarnir.

11. CQ TF, útgáfuáætlun 2021/2022. Tillaga ritnefndar lögð fram
Formaður greindi frá fundi ritnefndar og tillögu hennar um útgáfuáætlun sem liggur fyrir með svipuðum hætti og á nýliðnu starfsári, en fyrirhuguð er útgáfa á fjórum tölublöðum í apríl, júlí, október og janúar (2022) samanber meðfylgjandi töflu. Ritnefnd gerir ennfremur tillögu um að áfram verði prentuð 25 eintök af hverju blaði til nota í þágu félagsins. Tillaga ritnefndar samþykkt samhljóða.

TÖLUBLAÐ	AUGLÝST EFTIR EFNI	ÚTKOMUDAGUR	TÍMI FRÁ SÍÐASTA TÖLUBLAÐI
2. tbl. 2021	2.-14. apríl	Sunnudagur 25. apríl	3 mánuður
3. tbl. 2021	26. júní-8. júlí	Sunnudagur 18. júlí	2¾ mánuðir
4. tbl. 2021	3.- 15. október	Sunnudagur 31. október	3¼ mánuðir
1. tbl. 2022	4. -16. janúar 2022	Sunnudagur 30. janúar	3 mánuðir

12. Önnur mál.
a. Undirritun eyðublaða að ósk L.Í.; m.a. RSK. 17.28 f. félagasamtök og tilk. um raunverul. eigendur.
Landsbanki Íslands, viðskiptabanki félagsins, hefur óskað eftir frekari upplýsingum tengjast skráningu á „raunverulegum eigendum“. Nýkjörin stjórn gekk í að undirrita eyðublöð á fundinum. Fundargerðin, með upplýsingum um verkaskiptingu stjórnarmanna o.fl., þarf ennfremur að fylgja með til bankans til staðfestingar.

b. Spjall á FB síðum um áherslur til framtíðar, hvað hafi áunnist eða mætti betur fara o.s.frv.
Nánast án undantekningar eru skoðanaskipti af þessu tagi jákvæð á FB síðum í garð félags og stjórnar, þar sem lof er borið á gott starf hjá ÍRA. Í hagsmunagæslunni, útgáfumálum, stjórnun viðburða (Páskaleikar, VHF/UHF leikar, Útileikar o.fl.). Ennfremur eru góð viðbrögð við aðgerðum félagsins í glímunni við heimsfaraldurinn og þeim takmörkunum sem faraldurinn leiðir af sér.

Fram kom, að sjaldan í sögunni hafi eins margir haft áhuga á að vera félagar í ÍRA og 99% innheimtuhlutfall hjá gjaldkeranum beri merki um það, þrátt fyrir erfiðar aðstæður varðandi samkomur og að hittast fleiri saman í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

13. Næsti fundur stjórnar.
Tillaga um næsta fund þriðjudaginn 30. apríl. Til staðfestingar þegar nær dregur.

14. Fundarslit.
Formaður, TF3JB, þakkaði stjórn góðan fund og sleit fundi kl. 19:17.

Fundargerð ritaði í fjarveru ritara:
Óskar Sverrisson / TF3DC
varaformaður

AF VETTVANGI FÉLAGSMANNA.

Fjarskiptaaðstaða Jóhanns Grétars Einarssonar TF6GE heima á Seyðisfirði. Sendi-/móttökustöðin er Kenwood TS-820S. Á borðin má einnig sjá M.P. Pedersen handmorslykil, Bencher BY-1 morspöllur og heimasmíðaðan rafmagnsmorslykil. Ljósmynd: TF3WK.

Jóhann Grétar Einarsson TF6GE og Ómar Magnússon TF3WK/OZ1OM í heimsókn hjá TFY á Seyðisfirði. Mynd: TF3WK.

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2021/22

Fundur nr. 2 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 6. maí 2021 kl. 18:00.

Mættir voru: Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður, Óskar Sverrisson, TF3DC varaformaður, Jón Björnsson, TF3PW, gjaldkeri, Georg Kulp, TF3GZ, meðstjórnandi, Heimir Konráðsson, TF1EIN, varamaður og Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA, varamaður. Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, ritari, var fjarverandi vegna vinnu.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning 2. stjórnarfundar 2021/22.
2. Tillaga að dagskrá lögð fram.
3. Fundargerðir lagðar fram; stjórnarskiptafundur og 1. fundur nýrrar stjórnar 2021.
4. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

24.03.2021...*Erindi frá:* IARU R-1 Glærur til kynningar v. fyrirhugaðra verkfunda yfir netið til undirbúnings IARU R1 ráðstefnunnar í Serbíu í október.
06.04.2021...*Erindi til:* Póst- og fjarskiptastofnunar; tilkynning um nýja stjórn ÍRA starfsárið 2021/22.
06.04.2021...*Erindi til:* IARU; tilkynning um skipan nýrrar stjórnar ÍRA starfsárið 2021/22.
06.04.2021...*Erindi til:* IARU Svæðis 1; tilkynning um skipan nýrrar stjórnar ÍRA starfsárið 2021/22.
06.04.2021...*Erindi til:* NRAU; tilkynning um skipan nýrrar stjórnar ÍRA starfsárið 2021/22.
06.04.2021...*Erindi frá:* NRAU; árnaðaróskir frá framkvæmdastjóra f.h. stjórnar til nýrrar stjórnar ÍRA.
07.04.2021...*Erindi frá:* IARU Svæði 1; árnaðaróskir frá varaformanni f.h. framkvæmdastjórnar til nýrrar stjórnar ÍRA.
08.04.2021...*Erindi frá:* IARU Svæði 1; ársreikningur 2020 fyrir IARU Svæði 1.
09.04.2021...*Erindi frá:* IARU; árnaðaróskir frá ritara f.h. stjórnar til nýrrar stjórnar ÍRA.
30.04.2021...*Erindi frá:* IARU Svæði 1; tilkynning um fjárhagsstuðning vegna kostnaðar við að senda fulltrúa á ráðstefnuna í Serbíu í október n.k.
12.04.2021...*Erindi frá:* Póst- og fjarskiptastofnun; fyrirspurn DG5SM um úthlutun sérstaks kallmerkis sumarið 2021.
12.04.2021...*Erindi til:* Póst- og fjarskiptastofnunar; umsögn um fyrirspurn DG5SM með tilvísan í reglugerð.
05.05.2021...*Erindi frá:* TF3KX formanni prófnefndar um seinkun á prófdegi til 5. júní.
05.05.2021...*Erindi til:* TF3KX þar sem erindinu er svarað jákvætt og að haft verði samband við PFS 6. maí vegna erindisins.
Mars/apríl 2021...*Erindi frá:* Formanni til stjórnar á milli stjórnarfunda: 30.3. og 4., 7., 12., 14., 15., 17., 18., 21., 25., 26., 29. og 30.4. og 5. maí.

5. Staða félagssjóðs; skýrsla gjaldkera.
6. Námskeið ÍRA til amatörprófs 2021; stöðuskýrsla umsjónarmanns.
7. Starfsáætlun stjórnar 2021/22, drög (framhaldsumræða).
8. CQ TF, 2. tbl. kom út 25. apríl.
9. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.
    a. Starfræksla TF3IRA í páskaleikum félagsins 2.-4. apríl.
    b. Starfræksla TF3WARD á alþjóðadegi radíóamatöra 2021; 18. apríl.
    c. Starfræksla TF3W í CQ World Wide WPX CW keppninni 29.-30. maí.
10. Önnur mál.
    a. Verkfundir yfir netið til undirbúnings Ráðstefnu IARU Svæðis 1 í október n.k.
    b. Fjárhagsstuðningur IARU Svæðis 1 vegna fulltrúa ÍRA á ráðstefnuna í Serbíu í október n.k.
    c. Ráðstöfun Xiegu G-90 stöðvar ÍRA (gjöf TF3EO 6.12.2020); minnisblað TF3DC dags. 30.4.
    d. Innrömmun viðurkenninga í fjarskiptaherbergi; m.a. Digital DXCC TF3IRA.
    e. Viðhald og uppsetning loftneta félagsstöðvarinnar.
    f. Viðvera stjórnarmanna í Skeljanesi á fimmtudagskvöldum á næstunni.
11. Næsti fundur stjórnar.
12. Fundarslit.

1. Fundarsetning.
Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:12.
Hann bað Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformann, um að rita fundargerð í fjarveru ritara.

2. Tillaga að dagskrá.
Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá fundarins og var hún samþykkt:

3. Fundargerðir lagðar fram; stjórnarskiptafundur og 1. fundur nýrrar stjórnar 2021.
Umræður og fundargerðir samþykktar.

4. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.
Formaður, TF3JB, kynnti erindi milli funda og bauð stjórnarmönnum að ræða einstök erindi eða afgreiðslur. Umræður og fyrirspurnir. Engar athugasemdir komu fram.

5. Staða félagssjóðs; skýrsla gjaldkera.
Gjaldkeri, TF3PW, greindi frá að innheimta 2021 (samkvæmt félagaskrá) hafi verið send í heimabanka til félaga. Þegar hafi um helmingur félagsmanna greitt árgjaldið. Eindagi er þann 1. júlí n.k. Fram kom undir dagskrárliðnum, að á heimasíðu ÍRA eru upplýsingar um bankareikning félagsins og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að greiða félagsgjald, námskeiðsgjöld og/eða önnur gjöld eða framlög til félagsins. (Á heimasíðu er farið undir „félagið“ og smellt á undirsíðuna „um félagið“ og í framhaldi farið alveg neðst á síðuna).

6. Námskeið ÍRA til amatörprófs 2021; stöðuskýrsla umsjónarmanns.
Umsjónarmaður námskeiða félagsins, TF3PW, skýrði stöðu mála varðandi þátttöku og framkvæmd á vornámskeiði ÍRA til amatörprófs. Heimsfaraldurinn hefur truflað, þannig að fresta hefur þurft námskeiðshaldi tímabundið. Jón er samt bjartsýnn á framhaldið og að úr rætist.

7. Starfsáætlun stjórnar 2021/22, drög (framhaldsumræða).
Varaformaður, TF3DC, fór yfir drög að starfsáætlun stjórnar. Drög að starfsáætlun voru lögð fram á síðasta fundi stjórnar (25.3.2021). Ekki hafa komið fram viðbrögð frá stjórnarmönnum um breytingar í framhaldi af síðasta fundi. Umræður og í framhaldi var starfsáætlunin samþykkt.

8. CQ TF 2. tbl. kom út 25. apríl.
Formaður, TF3JB, greindi frá að blaðið hafi komið út samkvæmt útgáfuáætlun 25. apríl. Engin vandamál væru með efnisöflun. Og aðsendar greindar um tæknimál hafi slegið í gegn – ef marka má viðbrögð félagsmanna. Stjórnarmenn voru ánægðir með vel unnin störf fyrir félagið og þakka ritnefnd CQ TF. Nefndina skipa þeir TF3SB, ritstjóri og formaður ritnefndar, TF3VS sem annast umbrot, TF3JB, formaður og TF3DC, varaformaður.

9. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.
a. Starfræksla TF3IRA í páskaleikum félagsins; 2.-4. apríl.
Formaður, TF3JB, starfrækti félagsstöðina í páskaleikunum. Höfð voru 57 sambönd á VHF og UHF.

b. Starfræksla TF3WARD á alþjóðadegi radíóamatöra; 18. apríl.
TF1A, TF3JB og TF3Y starfræktu kallmerkið á alþjóðadegi radíóamatöra 2021. Skilyrði voru ekki góð til DX sambanda á HF og fjöldi sambanda aðeins um 200. TF1A hafði meirihluta sambanda um gervitunglið QA-100. TF3JB var QRV á 14 MHz á SSB og TF3Y var QRV á 14 MHz á CW.

c. Starfræksla TF3W í CQ WW WPX CW keppninni 29.-30. maí n.k.
Óvissa er um framvindu mála varðandi heimsfaraldurinn og hugsanlega fjölmennisþátttöku frá félagsstöðinni. Almenn hvatning stjórnar til félagsmanna er um að taka þátt í þessari og öðrum alþjóðlegum keppnum, eins og verið hefur.

10. Önnur mál.
a. Verkfundir yfir netið til undirbúnings Ráðstefnu IARU Svæðis 1 í október n.k.
Formaður gerði grein fyrir þátttöku og undirbúningsvinnu TF3KB, NRAU/IARU tengiliðar félagsins, vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu IARU Svæðis 1 í október n.k. Um er að ræða m.a.

SVÓT greiningu vegna umfjöllunar um framtíðarmál amatör radíós sem verða þar til umfjöllunar.

b. Fjárhagsstuðningur IARU Svæðis 1 vegna fulltrúa ÍRA á ráðstefnuna í Serbíu í október n.k.
Fyrir liggur yfirlýsing um fjárhagstuðning frá IARU Svæði 1 vegna kostnaðar við að senda fulltrúa ÍRA á ráðstefnuna. Félagssjóður þarf að greiða flugfargjald sem er áætlað að geti [mest] verið um 50 þúsund krónur.

c. Ráðstöfun Xiegu G-90 stöðvar ÍRA (gjöf TF3EO 6.12.2020); minnisblað TF3DC dags. 30.4.
Í fundargögnum var upplýsingablað TF3DC til stjórnar með lýsingu og tillögu um nýtingu stöðvarinnar fyrir nýliðastarf/YOTA og hugsanleg útlán við sérstaka viðburði. Umræða og stjórn tók jákvætt í framkomna tillögu.

d. Innrömmun viðurkenninga í fjarskiptaherbergi; m.a. Digital DXCC TF3IRA.
TF3IRA, „DXCC digital“ viðurkenning hefur verið sett í innrömmun en áður höfðu útgjöld vegna þessa verið samþykkt í stjórn (þann 5. janúar á 6. fundi 2020/21).

e. Viðhald og uppsetning loftneta félagsstöðvarinnar.
Loftnetahópur (stjórnarmennirnir: TF3GS, TF3GZ og TF3DC) bíða færis og tíma til að sinna viðhaldi og uppsetningu loftneta.

f. Viðvera stjórnarmanna í Skeljanesi á fimmtudagskvöldum á næstunni.
Formaður bað stjórnarmenn styðja við markmiðið um að ávallt séu ekki færri en tveir stjórnarmenn viðstaddir á opnunarkvöldum á fimmtudögum til að svara fyrirspurnum og veita upplýsingar til félagsmanna og gesta í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

11. Næsti fundur stjórnar.
Næsti fundur stjórnar er áætlaður þann 22. júní.

12. Fundarslit.
Formaður þakkaði mönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 19:25.

Fundargerð ritaði í fjarveru ritara
Óskar Sverrisson / TF3DC
varaformaður

AF VETTVANGI FÉLAGSMANNA.

Glæsileg fjarskiptaaðstaða Jóns E. Guðmundssonar TF8KW í Keflavík í Reykjanesbæ.

Hann var einn af þeim sem náði prófi til amatörleyfis 5. júní 2021. Ljósmynd: TF8KW.

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2021/22

Fundur nr. 3 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 22. júní 2021 kl. 18:00.

Mættir: Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður; Jón Björnsson, TF3PW, gjaldkeri; Georg Kulp, TF3GZ, meðstjórnandi; Heimir Konráðsson, TF1EIN, varamaður og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, varamaður. Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, ritari og Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður voru fjarverandi.

Tillaga að dagskrá.

1. fundarsetning 3. stjórnarfundar.
2. Tillaga að dagskrá lögð fram.
3. Fundargerð 2. stjórnarfundar lögð fram.
4. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi milli stjórnarfunda.

05.05.2021...*Erindi frá:* IARU Svæði 1; niðurstöður úr kosningu um breytingu á stjórnarskrá; samþykkt með 67 atkvæðum (72 af 85 kusu).
05.05.2021...*Erindi frá:* Des Warzel, ND3L, með fyrirspurn um TF3IM vegna QSL mála; QSO frá árinu 1990.
05.05.2021...*Erindi til:* ND3l með upplýsingum um að Ívar hafi ekki verið QRV eftir alvarlegt umferðarslys.
05.05.2021...*Erindi frá:* Laurent Egli, Svisslendingi (sem býður eftir leyfisbréfinu) en ætlar að ferðast til landsins í sumar og fara í loftið.
05.05.2021...*Erindi til:* L. Egli með upplýsingum við fyrirspurn hans.
07.05.2021...*Erindi til:* TF3KX, formanns prófnefndar, með upplýsingum um staðfestingu PFS á prófdegi, 5. júní 2021.
11.05.2021...*Erindi til:* Sameiginlegs vefsvæðis norrænu félaganna; 2. tbl. CQ TF 2021 sent á vefinn með aðstoð NRRL.
11.05.2021...*Erindi til:* IARU Svæðis 1 með tillögu stjórnar ÍRA (með samráði við TF3KB) að ráðstefnan í haust verði haldin yfir netið.
14.05.2021...*Erindi frá:* Neyðarfjarskiptastjóra IARU Svæðis 1 með boð um þátttöku í fjarfundi yfir netið 15. maí.
14.05.2021...*Erindi til:* Neyðarfjarskiptastjóra IARU Svæðis 1 með þökkum fyrir boð og aðgangslykla; þátttaka staðfest í fundinum.
19.05.2021...*Erindi frá:* IARU Svæði 1; frá DK6SP, ungmennafulltrúa svæðisins; um nýju YOTA keppnirnar og þá fyrstu sem hefst 22. maí.
20.05.2021...*Erindi frá:* Guðmundi Sveinssyni, TF3SG, þar sem hann biður um skráningu fyrir dóttur sína, Júlíu, í próf 5. júní.
20.05.2021...*Erindi til:* TF3SG þar sem erindi hans er fagnað og að skráningu dóttur hans verði komið á framfæri við PFS.
21.05.2021...*Erindi frá:* Roland, HB9VQQ með fyrirspurn um áhugasama TF leyfishafa til að annast rekstur WSPR radíóvita frá Íslandi.
21.05.2021...*Erindi til:* HB9VQQ m. upplýsingum um að erindi hans verði komið á framfæri og birt í næsta tölublaði CQ TF, 3. tbl. 2021.
22.05.2021...*Erindi frá:* Roman, RA3R, sem sendir erindi til kynningar á The RDA Diploma Program.
22.05.2021...*Erindi til:* RA3R þar sem honum er tjáð að kynning verði sett í næsta tölublað CQ TF, 3. tbl. 2021.
25.05.2021...*Erindi frá:* Doug, K1RDD, þar sem hann gerir fyrirspurn um neyðartíðnir á hálendi Íslands.
25.05.2021...*Erindi til:* K1RDD með upplýsingum um neyðartíðnir og fjarskipti á hálendi Íslands.
29.05.2021...*Erindi til:* Allra þeirra 20 sem staðfestu þátttöku í námskeiði ÍRA vorið 2021 með tilkynningu um próf PFS 5. júní.
30.05.2021...*Erindi frá:* Karli, syni TF3KJ, þar sem tilkynnt er um andlát hans.
30.05.2021...*Erindi til:* Karls, sonar TF3KJ, þar sem þakkað er fyrir erindið og honum sendar samúðarkveðjur f.h. stjórnar ÍRA.
30.05.2021...*Erindi til:* TF3KX, formanns prófnefndar, með ósk um munnlegt próf fyrir þátttakanda í námskeiði ÍRA til amatörprófs.
30.05.2021...*Erindi frá:* TF3KX þess efnis að hann sjá ekkert gegn því að koma til móts við viðkomandi hvað varðar munnl. próf.
30.05.2021...*Erindi frá:* TF3KX þess efnis að hann sjá ekkert gegn því að koma til móts við viðkomandi hvað varðar munnl. próf.
31.05.2021...*Erindi til:* PFS með ósk um munnlegt próf 5. júní fyrir þátttakanda á námskeiði ÍRA til amatörprófs.
31.05.2021...*Erindi frá:* PFS þar sem samþykkt er að standa fyrir munnlegu prófi samhliða skriflegu í Skeljanesi 5. júní.
31.05.2021...*Erindi frá:* Póst- og fjarskiptastofnun með tilkynningu um tímabundna aukna afheimild á 50 MHz; júní-ágúst 2021.
31.05.2021...*Erindi til:* PFS þar sem fagnað er, fyrir hönd stjórnar ÍRA, framkominni heimild.
02.06.2021...*Erindi frá:* Joseph, KG4JGJ, sem hlakkar til að koma til landsins í sumar og fara í loftið.
02.06.2021...*Erindi til:* KG4JGJ þar sem hann er boðinn velkominn og útskýrt m.a. að hann geti notað kallmerkið TF/KG4JGJ.
04.06.2021...*Erindi frá:* Laurent Egli (sjá bréfaskipti 5.5.2021) þar sem hann tilkynnir um nýja kallmerkið sitt, HB9HKE.
04.06.2021...*Erindi til:* HB9HKE þar sem honum er m.a. óskað til hamingju með nýja kallmerkið og boðinn velkominn í sumar.
06.06.2021...*Erindi til:* TF3PW, gjaldkera, v. nýrra félaga: Kjartan Birgisson, TF1ET, 109 R. og Pálmi Árnason, 110 R.
08.06.2021...*Erindi frá:* IARU Svæði 1; staðfesting á fundi verknefndar um fund yfir netið 12. júní n.k.
12.06.2021...*Erindi frá:* Einari Sandoz, 107 Reykjavík með ósk um að gerast félagsmaður.
12.06.2021...*Erindi til:* Einars með viðeigandi upplýsingum.
15.06.2021...*Erindi frá:* IARU Svæði 1; Philipp, DK6SP, ungmennafulltrúa svæðisins; um nýju YOTA keppnimar 2021.
31.06.2021...*Erindi frá:* Formanni til stjórnar í maímánuði (eftir 5.6.): 7., 8., 11., 12., 15., 17., 19., 21., 25., 28., 29. og 31.
19.06.2021...*Erindi frá:* Formanni til stjórnar á milli stjórnarfunda. Í júnímánuði (til 16.6.): 2., 3., 4., 5., 6., 8., 10., 11., 12., 14. og 16.

5. Staða félagssjóðs; skýrsla gjaldkera.
   a. Innheimta árgjalds 2021.
   b. Námskeið til amatörleyfis; fjárhagsleg útkoma félagssjóðs.
   c. Frekara námskeiðahald á vegum félagsins á þessu ári.
6. Próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis fór fram í Skeljanesi 5. júní 2021.
7. Heimild Póst- og fjarskiptastofnunar um aukið sendiafl í 50 MHz tíðnisviðinu frá 1. júní 2021.
8. VHF/UHF leikar ÍRA 2021, 10.-11. júlí.
9. CQ TF, 3. tbl. kemur út 18. júlí.
10. 75 ára afmæli ÍRA 14. ágúst.
11. Önnur mál.
   a. Gjöf til ÍRA 8. maí (radíódót) frá Sigurði Harðarsyni, TF3WS.
   b. Gjöf til ÍRA 12. júní (radíódót) frá aðstandendum Bjarna Sverrissonar, TF3GB.
   c. Vinna í Skeljanesi 31. maí: Uppsetning loftnets fyrir APRS stöð félagsins og verkefni í fjarskiptaherbergi.
   d. Málningarvinna utanhúss í Skeljanesi 8. júní.
   e. Tiltekt lauk í stjórnarskáp í fjarskiptaherbergi 28. maí.
   f. Fjögur ár liðin frá uppfærslu heimasíðu félagsins (9. mars 2017).
   g. Viðhald og uppsetning loftneta félagsstöðvarinnar.
   h. Viðvera stjórnarmanna í Skeljanesi á fimmtudagskvöldum á næstunni.
12. Næsti fundur stjórnar.
13. Fundarslit.

1. Fundarsetning

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:10. Hann bað Sæmund E. Þorsteinsson, TF3UA um að rita fundargerð í fjarveru ritara.

2. Tillaga að dagskrá

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt.

3. Fundargerð 2. fundar frá 6. maí 2021 lögð fram.
Samþykkt.

4. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.
Formaður, TF3JB, gerði grein fyrir erindunum.

5. Staða félagssjóðs; skýrsla gjaldkera.

a. *Innheimta árgjalds 2021.*
106 hafa greitt, 67 eiga eftir að greiða. Eindagi er 1. júlí og búist er við mörgum greiðslum þá. Staða félagssjóðs er 2.013.078 kr.

b. *Námskeið til amatörleyfis; fjárhagsleg útkoma félagssjóðs.*
Tveir hafa greitt fyrir námskeiðið en einn þarf að rukka. Innkoma var 60 þús. kr. en útgjöld um 130 þús. kr. Til eru gögn sem nýtast í næsta námskeiði.

c. *Frekara námskeiðahald á vegum félagsins á þessu ári.*
Finna þarf heppilegra fyrirkomulag á námskeiðshaldi. Stefna skal að fundi með prófnefnd. Skoða þarf m.a. möguleikann á því að halda námskeið og jafnvel próf yfir netið, sem er gert í sumum löndum. Námsefni þarf að endurnýja.

6. Próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis fór fram í Skeljanesi 5. júní.
Prófið var haldið með pomp og prakt. Allt gekk vel. TF3PW, umsjónarmanni námskeiðsins, færðar þakkir fyrir gott framlag. Prófnefnd eru færðar sérstakar þakkir fyrir að hafa staðið vel að þessu vandasama verkefni. Samskipti við PFS voru afar góð. Von er á tveimur YL til námskeiðs/prófs í haust.

7. Heimild PFS um aukið sendiafl í 50 MHz tíðnisviðinu frá 1.6.2021.
30. maí sl. fékkst heimild til að nota 1 kW á 6 m bandinu fyrir G-leyfishafa og 100 W fyrir N-leyfishafa. Þetta er á reynslugrundvelli. Reglugerð um radíóamatöra á að uppfæra um næstu áramót. Þá er búist við að þetta leyfi verði fest.

8. VHF/UHF leikar ÍRA 2021, 10.-11. júlí
Formaður, TF3JB, er í sambandi við Hrafnkel, TF8KY sem er umsjónarmaður leikanna og hefur dagsetning þeirra verið fastsett.

9. CQ TF, 3. tbl. kemur út 18. júlí
Búist er við veglegu blaði að venju. Formaður, TF3JB, skýrði frá síðasta fundi ritnefndar 11. júní s.l. og lagði fram vinnutillögu nefndarinnar að forsíðu og yfirlit yfir innkomið efni m.v. 22. júní.

10. 75 ára afmæli ÍRA 14. ágúst
Rætt um það hvernig halda beri upp á 75 ára afmæli félagsins þ. 14. ágúst nk. Félagið á tjald sem hægt væri að setja upp vestan við húsið í Skeljanesi. Þar væri hægt að hafa virka stöð til sýnis fyrir gesti. Einnig hægt að bjóða gestum kaffi og súkkulaði ásamt t.d. vöfflum. Afmælisdaginn ber upp á laugardag.

11. Önnur mál

a. *Gjöf til ÍRA 8. maí (radíódót) frá Sigurði Harðarsyni, TF3WS.*
TF3WS færðar bestu þakkir fyrir góðar gjafir.

b. *Gjöf til ÍRA 12. júní (radíódót) frá aðstandendum Bjarna Sverrissonar, TF3GB.*
Aðstandendur TF3GB hafa gefið félaginu mikið af radíóefni og eru þeim færðar innilegar þakkir. Formaður nefndi að kaupa þarf um 10 plastkassa til þess að flokka radíóefnið og geyma. Var það samþykkt.

c. *Vinna í Skeljanesi 30. maí: Uppsetning loftnets fyrir APRS stöð félagsins og verkefni í fjarskiptaherbergi.*
Þeim félögum TF1A, TF3JB og TF3GZ eru færðar bestu þakkir fyrir góð störf í þágu APRS stöðvar félagsins og vinnu í fjarskiptaherbergi þar sem þeir unnu ýmis þarfaverk.

d. *Málningarvinna utanhúss í Skeljanesi 8. júní.*
Baldvin, TF3-033 þökkuð frábær störf við málningu utanhúss á húsi félagsins.

e. *Tiltekt lauk í stjórnarskáp í fjarskiptaherbergi 28. maí.*
Formanni, TF3JB þökkuð tiltektin í stjórnarskápnum. Nú er laust pláss m.a. fyrir fartölvu félagsins.

f. *Fjögur ár liðin frá uppfærslu heimasíðu félagsins (9. mars 2017).*
Ölvi, TF3WZ þökkuð góð störf við heimasíðuna undanfarin 4 ár. Nú þarfnast heimasíðan uppfærslu.

g. *Viðhald og uppsetning loftneta félagsstöðvarinnar.*
Félagið á fimm vírloftnet sem setja þarf upp. TF3DC, TF3GZ og TF3GS hyggjast ganga í málið. TF3UA bauð fram sína krafta.

h. *Viðvera stjórnarmanna í Skeljanesi á fimmtudagskvöldum á næstunni.*
Þakkir til þeirra stjórnarmanna sem hafa mætt og aðrir hvattir til dáða.

i. *Undirbúningur IARU ráðstefnu*
TF3KB hefur setið fundi til undirbúnings IARU ráðstefnu Svæðis 1 sem verður væntanlega haldin í haust á netinu. Þakkir til Kristjáns, fyrir gott framlag.

12. Næsti fundur stjórnar
Stefnt er að næsta stjórnarfundi þriðjudaginn 7. september kl. 18:00

13. Fundarslit
Fundi slitið kl. 18:59.

Fundarritari:
Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA.

AF VETTVANG FÉLAGSMANNA.

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY í glæsilegri fjarskiptaaðstöðu sinni heima í Vogum. Ljósmynd: TF3TY.

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2021/22

Fundur nr. 4 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 31. ágúst kl. 18:00.

Mættir voru: Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður, Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður, Jón Björnsson, TF3PW, gjaldkeri, Georg Kulp, TF3GZ, meðstjórnandi, Heimir Konráðsson, TF1EIN og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, varamenn. Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, ritari var fjarverandi.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning.

2. Myndataka af stjórn starfsárið 2021/22.

3. Tillaga að dagskrá lögð fram.

29.06.2021...Erindi frá: N4IFD; spurningar sem varða starfrækslu TF/N4IFD í júnímánuði.
30.06.2021...Erindi frá: IARU; IARU Calendar nr. 202.
08.07.2021...Erindi frá: KB1HQS; spurningar sem varða starfrækslu TF/KB1HQS (SOTA stöðvar) í júlímánuði.
08.07.2021...Erindi frá: NQ6N; spurningar sem varða væntanlega heimsókn til landsins; m.a. áhugi á að hitta íslenska leyfishafa.
12.07.2021...Erindi frá: Asgard-Gaddi; hann leitaði að VHF endurvarpa til leigu í 2-3 vikur.
12.07.2021...Erindi frá: DC8AJ; hann safnar upplýsingum um landsfélög radíóamatöra (er að skrifa bók fyrir radíóamatöra).
13.07.2021...Erindi frá: QO-100 DX Club; fyrirspurn um hnitaskráningu (e. grid locator) TF3WARD (sem reyndist þurfa leiðréttingar við).
21.07.2021...Erindi frá: DC8AJ; sendi erindi og bað um yfirlestur á uppkasti með upplýsingum um ÍRA.
01.08.2021...Erindi frá: Jared Liimu; leitar að VHF endurvarpa til leigu eða kaups vegna námavinnslu á Austur-Grænlandi.
06.08.2021...Erindi frá: IKØPUL; spurningar sem varða starfrækslu TF/IKØPUL hér á landi í ágústmánuði.
17.08.2021...Erindi frá: Fjarskiptastofu; staðfesting á útgáfu TF3D v/sameiginlegrar stöðvar í Mónum við Stokkseyri. TF3T ábyrgðarmaður.
17.08.2021...Erindi frá: Olgu Zawadzka; fyrirspurn um framboð á námskeiði til amatörleyfis.
30.06.2021...Erindi frá: Formanni til stjórnar á milli stjórnarfunda. Í júní (eftir 3. stjórnarfund 22.6.): 23.6., 24.6., 27.6. og 29.6.
31.07.2021...Erindi frá: Formanni til stjórnar 1., 2., 4., 6., 8., 11., 13., 15., 17., 19., 20., 24., 25., 27., 28., 29., 30. og 31.7.
31.08.2021...Erindi frá: Formanni til stjórnar 3., 4., 5., 9., 10., 14., 16., 17., 18., 19., 20., 21., 23., 24. og 26.8.

6. Staða félagssjóðs; skýrsla gjaldkera.
   a. Innheimta 2021.
   b. Námskeið til amatörleyfis 16.3-3.6.2021; fjárhagsleg útkoma.

7. Skýrsla formanns til stjórnar: Starfsemin á milli 3. og 4. stjórnarfunda 2021/22.

8. 75 ára afmæli ÍRA 14. ágúst 2021; hugmynd um sérstakt aukablað í tilefni afmælisins.

9. Félagsblaðið CQ TF.
   a. 3. tbl. 2021 kom út 18. júlí.
   b. 4. tbl. 2021; tillaga ritnefndar um að flýta útgáfu um tvær vikur, til 17. október.
   c. Samráðsfundur með Fjarskiptastofu 27. júlí.
   d. Boð til félagsmanna um kaup á prentútgáfu blaðsins.

10. Námskeið ÍRA til amatörleyfis yfir netið í október til desember
   a. Fundir stjórnar og prófnefndar 10.8. og 17.8.
   b. Netfundur 18.8.
   c. Nauðsynlegar fjárfestingar félagssjóðs vegna námskeiðsins.

11. Fjarskiptaviðburðir.
   a. TF útileikar ÍRA 2021 voru haldnir 31. júlí til 2. ágúst.
   b. Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 21.-22. ágúst.

12. Önnur mál.
   a. Loftnet fyrir 160 m. bandið var sett upp fyrir TF3IRA 26. júní.
   b. Heimild fyrir kaupum á loftnetsvír vegna 160 m. loftnets.
   c. Samráðsfundur með Fjarskiptastofu 27. júlí.
   d. Gjöf móttekin 19. ágúst (radíódót) frá Gunnari Bergþóri Pálssyni, TF2BE.
   e. Gjöf móttekin 24. ágúst (radíódót) frá Sigurði Harðarsyni, TF3WS.
   f. Málningarvinna innan- og utanhúss í Skeljanesi 24. ágúst.
   g. Tréskúlptúr

13. Næsti fundur stjórnar.

14. Fundarslit.

1. Fundarsetning.
Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:50. Hann bað Sæmund E. Þorsteinsson, TF3UA um að rita fundargerð í fjarveru ritara.

2. Myndataka af stjórn ÍRA starfsárið 2021/22.
Jón Svavarsson, TF3JON er ljósmyndari af Guðs náð og var hann mættur til að taka mynd af stjórninni. Hann tók margar myndir framan við innganginn í félagsheimilið. Honum er færðar bestu þakkir fyrir.

3. Tillaga að dagskrá lögð fram.
Samþykkt.

4. Fundargerð 3. fundar frá 22. júní 2021 lögð fram.
Samþykkt.

5. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli funda voru lögð fram stjórn til kynningar.
Formaður kynnti erindin.

6. Staða félagssjóðs; skýrsla gjaldkera.
a. Innheimta 2021.
157 félagsmenn hafa greitt árgjaldið og 16 hafa ekki greitt. Félagssjóður stendur í kr. 2.016.944,- Tryggingar eru ógreiddar og gjaldkeri lagði út fyrir skjalamyndavél að upphæð um 210 USD. Honum verður endurgreitt. Gjaldkeri sendir ítrekun til þeirra sem ekki hafa greitt félagsgjaldið.

b. Námskeið til amatörleyfis 16.3-3.6.2021; fjárhagsleg útkoma.
Hún liggur ekki enn fyrir en ljóst er að tap varð á námskeiðinu. Námsgögn eru fyrir hendi sem e.t.v. má nýta á næsta námskeiði.

7. Skýrsla formanns til stjórnar: Starfsemin á milli 3. og 4. stjórnarfunda 2021/22.
Formaður lagði fram ítarlega skýrslu um starfsemina frá seinasta fundi. Formanni var þökkuð frábær skýrsla og frábær störf og lýstu fundarmenn mikilli ánægju.

8. 75 ára afmæli ÍRA 14. ágúst 2021; sérstakt aukablað í tilefni afmælisins.
Fram hefur komið mikil ánægja félagsmanna með frestun hátíðarhalda í tilefni af 75 ára afmæli félagsins vegna Covid-19 faraldursins. Margar árnaðaróskir hafa borist félaginu, einnig frá útlöndum. TF3VS liggur undir feldi vegna hugmyndar um sérstakt aukablað CQ TF vegna afmælisins.

9. Félagsblaðið CQ TF.
a. 3. tbl. 2021 kom út 18. júlí.
Félagsmenn hafa lýst mikilli ánægju með blaðið.

b. 4. tbl. 2021; tillaga ritnefndar um að flýta útgáfu um tvær vikur, til 17. október.
Ánægjulegt er að ritnefnd treystir sér til að flýta útgáfu næsta blaðs um tvær vikur.

c. Samráðsfundur með Fjarskiptastofu 27. júlí.
Á þessum fundi var veitt heimild fyrir 100 W afli á 60 metrunum í TF útileikunum helgina 31. júlí til 2. ágúst. Bjartsýni ríkir um að 100 W heimild fáist varanleg og jafnvel meira tíðnisvið.

d. Boð til félagsmanna um kaup á prentútgáfu blaðsins.
Þetta mál var rætt í þaula. Nokkrir félagsmenn vilja fá blaðið prentað út. Þetta kostar um 1700 kr. fyrir hvert eintak (þ.e. prentkostnaður, umbúðir og póstkostnaður). Stjórn ÍRA

samþykkti að leggja til við þá sem eru áhugasamir að fá prentað eintak að þeir myndi hóp um málið sem tekur prentun og dreifingu í sínar hendur og sér um þetta mál. Þessi hópur myndi sjálfur standa straum af kostnaði án atbeina félagssjóðs.

10. Námskeið ÍRA til amatörleyfis yfir netið í október til desember.
a. Fundir stjórnar og prófnefndar 10.8. og 17.8.
Greint var frá fundum stjórnar og prófnefndar.

b. Netfundur 18.8.
Netfundur var haldinn um val á hentugu netfundarkerfi sem nota má til kennslu á námskeiðum félagsins. Niðurstaða fundarins var sú að Google Meet myndi henta mjög vel fyrir þarfir ÍRA. Fundurinn mælti því með Google Meet og samþykkti stjórn það val.

c. Nauðsynlegar fjárfestingar félagssjóðs vegna námskeiðsins.
Samþykkt var að kaupa tölvu fyrir allt að 200 þús. kr. Einnig smærri fjárfestingar, t.d. í myndavél og 4G beini ásamt áskrift. Jafnframt þarf að kaupa hljóðnema.

11. Fjarskiptaviðburðir.
a. TF útileikar ÍRA 2021 voru haldnir 31. júlí til 2. ágúst.
TF3IRA var starfrækt á útileikunum, það voru þeir TF3AWS, TF3MH, TF3JB og TF3UA. Þátttaka var nokkur en niðurstöður hafa ekki borist.

b. Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 21.-22. ágúst.
Svanur Hjálmarsson, TF3AB virkjaði Knarrarósvita. Veður var ekki gott en nokkrir gestir komu.

12. Önnur mál.
a. Loftnet fyrir 160 m. bandið var sett upp fyrir TF3IRA 26. júní.
Georg, TF3GZ fær bestu þakkir fyrir uppsetningu vírs fyrir 160 m.

b. Heimild fyrir kaupum á loftnetsvír vegna 160 m. loftnets.
Samþykkt að kaupa vír fyrir 160 m loftnet sem þarf að setja upp á ný vegna þess að fyrri vír slitnaði í vondu veðri.

c. Samráðsfundur með Fjarskiptastofu 27. júlí.
Á þessum fundi var veitt heimild fyrir 100 W afli. Bjartsýni ríkir um að 100 W fáist einnig á 60 m bandinu og jafnvel meira tíðnisvið.

d. Gjöf móttekin 19. ágúst (radíódót) frá Gunnari Bergþóri Pálssyni, TF2BE.
TF2BE færðar bestu þakkir fyrir góðar gjafir, þ.á m. Pedersen morslykil.

e. Gjöf móttekin 24. ágúst (radíódót) frá Sigurði Harðarsyni, TF3WS.
TF3WS færðar bestu þakkir fyrir góða gjöf á radíódóti.

f. Málningarvinna innan- og utanhúss í Skeljanesi 24. ágúst.
Þeir félagar, Baldvin Þórarinsson, TF3-033 og Jónas Bjarnason, TF3JB hafa stundað mikla málningarvinnu fyrir félagið í sumar, bæði utan- og innanhúss. Stjórn klappaði fyrir þeim í þakkarskyni.

g. Tréskúlptúr
Oddi Helgasyni, nágranna okkar, færðar innilegar þakkir fyrir gjöf til félagsins í tilefni 75 ára afmælisins á tréskúlptúr sem heitir Bylgjur og er eftir er Lúkas Kárason, sem nýlátinn er. Þetta er mjög fagur gripur.

13. Næsti fundur stjórnar.
Stefnt er að næsta fundi þriðjudaginn 28.9.2021 kl. 18:00.

14. Fundarslit.
Formaður þakkaði fundarmönnum setuna og sleit fundi kl. 20:09.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA
fundarritari

ÚR FÉLAGSSTARFINU.

Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

Vorið 2021 voru liðin 50 ár frá því Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, var fyrst valinn ritstjóri félagsblaðsins okkar, CQ TF. Það gerðist á aðalfundi 1971 og kom fyrsta blaðið út undir hans stjórn í mars sama ár (1. tbl. 1971).

Ný stjórn leitaði til Sigurbjörns Þórs eftir aðalfundinn 15. mars 2018 um að taka að sér að endurreisa CQ TF eftir 5 ára hlé. Það var mikið lán fyrir ÍRA að hann brást vel við og hefur sinnt þessu vandasama embætti samviskusamlega frá þeim tíma, við framúrskarandi góðar undirtektir félagsmanna.

Frá því Doddi tók við á ný sem ritstjóri CQ TF 2018, hafa alls 16 félagsblöð komið út undir hans stjórn: Þrjú tölublöð 2018, fjögur tölublöð 2019, fjögur tölublöð 2020, fjögur tölublöð 2021 og eitt tölublað það sem af er árinu 2022.

Myndin er af 1. tbl. CQ TF de ÍRA sem Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB ritstýrði og kom út í mars 1971.

Á þessum árum voru félagsblöðin vélrituð á stensla og sett í handsnúinn fjölritara. Verkefni ritstjóra var þannig ekki einskorðað við að safna efni í blaðið, heldur þurfti hann einnig að vélrita það, fjölrita, frímerkja og póstleggja.

Fjölritari félagsins bilaði oft enda var hann úr sér genginn og slitinn. Þegar hann stoppaði alveg, gerðist stóð upp á ritstjóra leita á náðir félagsmanna um að útvega fjölritara að láni.



8. árgangur 1. tölublað marz 1971

ORÐ FRÁ FORMANNI

Nýafstaðinn aðalfundur I.R.A. gefur tilefni, til umhugsunar um félagið okkar og framtíð þess . Á þennan fund mættu aðeins 17 félagsmenn, en samkvæmt félagaskrá fyrir árið 1970 eru félagsmenn um 140 og það er sá eintakafjöldi, sem hefur verið sendur út af þessu blaði að undanförnu. Innheimta félagsgjalda hefur gengið mjög dræmt. Á aðalfundi heyrðust þær raddir, að félagsgjöld væru of há. Að sjálfsögðu eru mjög skiptar skoðanir á því máli, en fleiri eru þeir, að mínu áliti, sem telja þau hófleg.

Helztu útgjaldaliðirnir eru: Félagsheimilið, hiti, rafmagn og ræsting, kostnaður við útgáfu þessa blaðs, póstkostnaður og aðrir smærri liðir. Varla getur farið á milli mála, að eitt stærsta skrefið; sem stigið hefur verið í félagsmálum I.R.A. var þegar ráðist var í að leigja húsnæði undir félagstarfið. Aðsóknin að heimilinu á fimmtudagskvöldum bæði af leyfishöfum og öðrum sýnir það.

Fráfarandi formaður gat þess í skýrslu sinni á síðasta aðalfundi að svo virtist, sem félagið okkar væri að færast inn í lægð. Ef til vill er nokkuð til í þessu, en sé nokkuð eitt atriði í félagsstarfinu, sem getur dregið félagið upp úr þeirri lægð, þá er það félagsheimilið.

I.R.A. er að vísu ekki skyldufélag leyfishafa, en vonandi, sýna þeir og aðrir áhugamenn félaginu þá ræktarsemi, að framtíð félagsheimilisins verði tryggð.

Félaginu hefur borizt bréf frá póst og símamálastjórninni og er m.a. í því ný gjaldskrá fyrir "amatör-leyfi", er tók gildi þ. 1. nóvember 1970. Gjöldin eru nú eins og hér segir:

Leyfisbréf vegna "amatör-stöðva" ásamt upphafsskoðun	kr. 500.-
Gjald vegna árlegrar framlengingar "amatör-leyfis"	kr. 200.-
Gjald vegna aukaskoðunar "amatör-stöðva"	kr. 300.-

Framlengingargjöld ber að greiða fyrir 1. apríl hvers árs. Bréfi þessu fylgir listi yfir leyfishafa, er greitt hafa og þá er eiga ógreitt. Þá er það tekið fram, að þeir leyfishafar, er eiga ógreidd framlengingargjöld eigi það á hættu að missa kallmerki sin. Það eru vinsamleg tilmæli stjórnar I.R.A., að viðkomandi kippi þessu í liðinn hið fyrsta

TF3AW

CQ TF DE I. R. A. Útgefandi "Íslenzkir radíóamatörar"
Vesturgötu 68 R. Po box 1058 Reykjavik.
Ritstjóri og ábm.Sigurbjörn Þ.Bjarnason.

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2021/22

Fundur nr. 5 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 28. september 2021 kl. 18:00.

Mættir voru: Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður; Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður; Jón Björnsson, TF3PW, gjaldkeri; Georg Kulp, TF3GZ, meðstjórnandi; og Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA, varamaður. Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, ritari var fjarverandi vegna veikinda og Heimir Konráðsson, TF1EIN, varamaður var fjarverandi vegna veðurs (býr í Hveragerði). Kristinn Andersen, TF3KX, formaður prófnefndar ÍRA, var gestur fundarins og var hann sérstaklega boðinn velkominn.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.

3. Fundargerð 4. fundar frá 31. ágúst 2021 lögð fram.

4. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli funda.

31.08.2021...*Erindi frá:* Luis, HB9CXZ; spurningar um að fara í loftið sem TF/HB9CXZ í væntanlegri heimsókn hans til landsins í september.
01.09.2021...*Erindi frá:* Ritara IARU R1; upplýsingar um skipan í nefndir C2 (Credentials and Finance Committee) og C6 (Election and Ballot Committee) á ráðstefnu S-1 í október.
17.09.2021...*Erindi frá:* Ritara IARU R1; gögn vegna ráðstefnunnar í Svæði-1 í október.
17.09.2021...*Erindi frá:* Ritara IARU R1; ábending til aðildarfélaganna um að skila þarf tillögum til framkvæmdastjórnar fyrir 30.9. um fundarstað (fundarland) fyrir ráðstefnu R1 2023.
17.09.2021...*Erindi frá:* Gianluca, IK6GZM; óskar eftir ábendingum um TF kallmerki sem eru QRV um gervihnetti (aðra en QO-100).
22.09.2021...*Erindi frá:* LA6IM; Tilkynning um nýjan fulltrúa SSA í stjórn NRAU; Jens Zander, SM0HEV.
September...Erindi frá formanni til stjórnar: 1.9, 3.9., 6.9., 7.9., 10.9., 14.9., 16.9., 17.9., 18.9., 22.9., 23.9. og 26.9.

5. Staða félagssjóðs; skýrsla gjaldkera.

6. Námskeið til amatörleyfis yfir netið 4. október til 11. desember 2021.
   a. Skýrsla formanns: Námskeið ÍRA til amatörleyfis 4. október til 11. desember.
   b. Útlagður kostnaður félagssjóðs vegna fjárfestinga í tækjum og búnaði.
   c. Fjöldi þátttakenda sem er skráður við upphaf fundar (28.9. kl. 18).
   d. Ákvörðun um hvort námskeið verður haldið eða frestað.

7. Félagsstarfið framundan (október-desember) í ljósi stöðu kórónafaraldursins.

8. CQ TF, 4. tbl. 2021 kemur út 17. október.
   a. Fundur ritnefndar 21. september.
   b. Verkefni til skoðunar: Sérstakt rit í tilefni 75 ára afmælis ÍRA.

9. Útbúa þarf staðlað vinnuferli/verklýsingu um svör við fyrirspurnum sem berst á póstfang félagsins.
   a. Fyrirspurnir um áhugamálið og/eða félagið.
   b. Fyrirspurnir um námskeið.
   c. Fyrirspurnir um námsefni.
   d. Fyrirspurnir; önnur atriði.

10. Helstu alþjóðlegir fjarskiptaviðburðir og félagsstöðin TF3W.
   a. SAC CW keppnin 18.-19. september s.l.
   b. SAC SSB keppnin 9.-10. október n.k.
   c. CQ WW DX SSB keppnin 31.-21. október n.k.
   d. CQ WW DX CW keppnin 27.-28. nóvember n.k.

11. Önnur mál.
   a. Þakkir til Jóns Svavarssonar, TF3JON fyrir myndatöku af stjórn félagsins starfsárið 2021/22 (31.10.).
   b. Þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ fyrir viðgerðir á innihurðum í Skeljanesi (2. og 10.9.).
   c. Þakkir til Jónasar Bjarnsonar, TF3JB fyrir innrömmun DXCC viðurkenningar TF3EA (14.9.).
   d. Þakkir til Sigurðar Harðarsonar, TF3WS fyrir radíódót til félagsins (fært í hús 16.9.).
   e. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar 2022; 19. febrúar.

12. Næsti fundur stjórnar.

13. Fundarslit.

1. Fundarsetning.
Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:10. Hann bað Óskar, TF3DC, að rita fundargerð í fjarveru ritara.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.
Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá fundarins sem var samþykkt.

3. Fundargerð 4. fundar frá 31. ágúst lögð fram.
Umræður og fundargerðin samþykkt.

4. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli funda.
Formaður kynnti innkomin erindi milli funda og bauð stjórnarmönnum að ræða einstök erindi eða afgreiðslur. Umræður og fyrirspurnir. Engar athugasemdir komu fram.

5. Staða félagssjóðs; skýrsla gjaldkera.
Jón Björnsson, TF3PW, gjaldkeri, fór yfir stöðuna sem verður að teljast mjög góð. Alls 159 hafa greitt félagsgjald en ógreidd félagsgjöld eru 14, þar sem í flestum tilvikum liggja fyrir skýringar. Staða félagssjóðs í dag er um 1,8 m.kr. samkvæmt gjaldkera. Jóni var þökkuð skýrsla og frammistaða, en ljóst er að árangur má einnig skýra með öflugu félagsstarfi almennt, útgáfu CQ TF o.fl.

6. Námskeið til amatörleyfis yfir netið 4. október til 11. desember 2021.
a. Skýrsla formanns: Námskeið ÍRA til amatörleyfis 4. október til 11. desember.
Formaður gaf skýrslu varðandi fyrirhugað námskeið (sbr. og sérstaka samantekt formanns um námskeið í fylgigögnum). Hann skýrði ónóga þátttöku sem væri áfall miðað við væntingar okkar. Umræður m.a. um hvort þetta skýrðist að einhverjum hluta af því að um fjarnámskeið væri að ræða.

b. Útlagður kostnaður félagssjóðs vegna fjárfestinga í tækjum og búnaði.
Gerð var grein fyrir fjárfestingu í myndavél (*e. document camera*) um 30 þús. kr. og tölvu um 160 þús. kr. vegna námskeiðs. Ljóst væri að þessi tæki myndu einnig nýtast á fræðslukvöldum, í félagsstöð og annarri starfsemi félagsins.

c. Fjöldi þátttakenda sem er skráður við upphaf fundar (28.9. kl. 18:00).
Skráning á námskeiðið var langt undir væntingum. Rætt um hvort og þá hver ætti að vera lágmarksfjöldi á slíku námskeiði. Stjórn sýndist að 10 gæti verið hæfilegt í þessu sambandi án þess að formleg ákvörðun hafi verið tekin um það.

d. Ákvörðun um hvort námskeið verður haldið eða frestað.
Ákveðið var, í ljósi framangreindra staðreynda og umræðna, að fresta námskeiði til næsta vors. Athugað verði við Fjarskiptastofu með að halda próf (fyrir þá sem stunda sjálfsnám) þó svo að námskeið félli niður – ef spurn væri eftir að þreyta próf.

e. Nettenging í Skeljanesi.
Nettenging í félagsaðstöðu / félagsstöð (liður féll niður við gerð dagskrár). Umræður en ákvörðun frestað.

7. **Félagsstarfið framundan (október - desember) í ljósi heimsfaraldurs.**
Umræður um núgildandi fyrirmæli stjórnvalda. Ákveðið að bíða frekari ákvarðana stjórnvalda í þessu efni þegar fram vindur (frestun).

8. **CQ TF, 4. tbl. 2021 kemur út 17. október.**
a. Fundur ritnefndar 21. september.
Formaður greindi frá fundi ritnefndar 21. september. Engin vandkvæði eru með efnisöflun og vinna við blaðið gengur samkvæmt áætlun.

b. Verkefni til skoðunar: Sérstakt rit í tilefni 75 ára afmælis ÍRA.
Formaður greindi frá hugmyndum um útgáfu sérstaks rits í tilefni af 75 ára afmæli ÍRA. Málið er til skoðunar hjá ritnefnd (umsjón verkefnis: Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS).

9. Útbúa þarf staðlað vinnuferli/verklýsingu um svör við fyrirspurnum sem berast til félagsins.
Formaður gerði grein fyrir hugmynd sinni um skilvirkt og staðlað kerfi fyrir fyrirspurnir um áhugamálið og félagið, námskeið og námsefni og önnur atriði. Og hvort stjórnarmenn væru reiðubúnir til að taka verkefnið að sér. Óskar, TF3DC bauð sig fram til að taka verkefnið að sér og var það samþykkt.

10. Helstu alþjóðlegir fjarskiptaviðburðir og félagsstöðin TF3W.
Formaður gerði grein fyrir SAC og CQ WW keppnunum (alls 4 viðburðir) sem framundan eru í haust og vetur. Ljóst væri að okkur eru takmörk sett með fjölda eða hópþátttöku og verður svo enn um hríð.

11. Önnur mál.
a. Jóni Svavarssyni, TF3JON þakkað sérstaklega fyrir myndatöku af stjórn félagsins á starfsárinu 2021/22. Og nú sem fyrr.

b. Georg Kulp, TF3GZ, þakkað sérstaklega fyrir viðgerðir á innihurðum í Skeljanesi.

c. Jónasi Bjarnasyni, TF3JB, þakkað sérstaklega fyrir innrömmun á DXCC viðurkenningu TF3EA, (SK) (handhafa leyfisbréfs nr. 1 og stórkostlegum radíóamatör á sinni tíð).

d. Sigurði Harðarsyni, TF3WS þakkað sérstaklega fyrir radíódót til félagsins.

e. Formaður lagði til að aðalfundur félagsins verði haldin 19. febrúar 2022. Samþykkt samhljóða.

f. TF3GZ spurði formann um hvort hann gæfi kost á sér áfram. Jónas sagði fjögur árin brátt komin, en neitaði ekki. Varðar sjálfbærni félagsins til lengri tíma, var sagt – að hafa slíkan dugnaðarfork sem formaðurinn er að störfum áfram fyrir félagið. Ítrekaðar eru þakkarkveðjur til öðlinganna í lið a) – d) bókað hér að ofan og fengu góðar undirtektir hjá stjórnarmönnum.

g. TF3DC spurði um ráðstefnu IARU Svæðis 1 sem framundan væri um miðjan október. Formaður svaraði til að hann búist við að TF3KB, fulltrúi okkar á síðari hluta ráðstefnunnar, geri grein fyrir niðurstöðum og umfjöllun um tillögur ÍRA, að henni lokinni – samanber greinargróða samantekt TF3KB um fyrri hluta ráðstefnunnar sem hann sat í fyrra (2020) – í grein í 1. tbl. CQ TF 2021.

12. Næsti fundur stjórnar.
Samþykkt að stefna að næsta fundi þriðjudaginn 17. nóvember.

13. Fundarslit.
Formaður þakkaði stjórnarmönnum og Kristni Andersen, TF3KX, formanni prófnefndar félagsins fundarsetuna og sleit fundi kl. 19:56.

Fundargerð ritaði - í fjarveru ritara
Óskar Sverrisson / TF3DC

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2021/22

Fundur nr. 6 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 17. nóvember 2021 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varamaður og TF1EIN varamaður.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning.
2. Tillaga að dagskrá lögð fram.
3. Fundargerð 5. fundar frá 28. september lögð fram.
4. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli funda.

06.10.2021...*Erindi frá:* Gerhart, OE3GHA. Spurning um viðtækið yfir netið á Íslandi / *erindinu svarað með upplýsingum um viðtækin þrjú á HF hérlendis.*
07.10.2021...*Erindi til: QSL stjóra ÍRA með samantekt og vinnslu heildarupplýsinga um QSL stofur aðildarfélaga IARU um heiminn.*
10.10.2021...*Erindi frá:* Hans, DL9RDZ. Flytur til TF 2022 og spyr um TF kallmerki / *erindi svarað með upplýsingum um tilskylda 3 mánaða dvöl.*
21.10.2021...*Erindi frá:* Guðmundi Kristjánssyni, fagstjóra rafm. hjá HR í iðn- og tæknifræði um aðstoð félagsmanna við niðurrif Marconi sendisins á Vatnsenda.
22.10.2021...*Erindi til:* Guðmundar. Vel tekið í erindið og sagt að beiðnin verði sett inn á heimasíðu félagsins og FB síður / *þakkir bárust frá Guðmundi sama dag.*
24.10.2021...*Erindi frá:* David, AA2KF. Hefur áhuga á að heimsækja Skeljanes / *erindinu svarað þar sem hann var boðinn velkominn.*
24.10.2021...*Erindi frá:* Roger, NA4RR. Hefur áhuga á að heimsækja Skeljanes / *erindinu svarað þar sem hann var boðinn velkominn.*
25.10.2021...*Erindi frá:* Fannari Birgissyni, kvikmyndagerðarmanni. Leitar gamalla fjarskiptatækja vegna gerðar stuttmyndar / *erindinu svarað og vísað á TF3SB.*
31.10.2021...*Erindi frá:* Mike, GØJXX. Skipuleggur ferð til TF 2022; spyr um úthlutun íslensks kallmerkis / *erindi svarað m. upplýs. um tilskylda 3 mánaða dvöl.*
05.11.2021...*Erindi frá:* Ómari Þórdórssyni, fasteignastjóra Borgarinnar á umhverfis- og skipulagssviði um ástandsúttekt á húsinu í Skeljanesi.
05.11.2021...*Erindi til:* Ómars þar sem tilkynnt er að fulltrúar félagsins muni mæta á staðinn 9. nóvember vegna úttektarinnar.
08.11.2021...*Erindi frá:* Sylvain, F4GKR formanni IARU Svæðis 1. Þakkir til aðildarfélaganna fyrir þátttöku í síðari hluta ráðstefnu svæðisins í október.
11.11.2021...*Erindi frá:* Kristjáni, TF3KB þar sem hann skýrir frá því að hann hafi tilnefnt ÍRA til viðurkenningar Rannís árið 2021 fyrir vísindamiðlun.
12.11.2021...*Erindi frá:* Vilhjálmi Í. Sigurjónssyni, TF3VS þar sem hann bendir á niðurstöður rannsóknar á gerð kennslumyndbanda með tilliti til námskeiða ÍRA.

September: *Erindi frá:* Formanni til stjórnar (á milli funda): 29.9.
Október: *Erindi frá:* Formanni til stjórnar (á milli funda): 1., 4., 6., 7. 9., 11., 12., 14., 16., 18.
Nóvember: *Erindi frá.* Formanni til stjórnar (á milli funda): 1., 6., 8., 9., og 11.11.

5. Staða félagssjóðs; skýrsla gjaldkera.
6. Helstu fjarskiptaviðburðir og félagsstöðin; skýrsla keppnisstjóra.
7. Félagsstarfið framundan í ljósi versnandi stöðu kórónufaraldursins.
   a. Reglugerð heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar 13.11.-8.12.2021
8. Undirbúningur námskeiðs í febrúar-maí 2022.
9. CQ TF, 4. tbl. 2021.
   a. 4. tölublað kom út á heimasíðu félagsins 17. október.
   b. Fundur ritnefndar 9. nóvember.
10. Ástandsúttekt Reykjavíkurborgar á húsinu í Skeljanesi.
    a. Forvinna VSÓ 9. nóvember.
    b. Úttekt fagteymis VSÓ 11.-12. nóvember.
    c. Vettvangsskoðun starfshóps borgarinnar 15.1.2021Tillaga að nýju deiliskipulagi; skýrsla dags. 26.6.2020.
    d. Tillaga að nýju deiliskipulagi; skýrsla dags. 26.6.2020.
11. Önnur mál.
    a. Samantekt og vinnsla heildarupplýsinga um QSL stofur aðildarfélaga IARU. Sent: 7. október.
    b. Tilnefning orðuþega til orðunefndar forsætisráðuneytis. Sent: 12. október.
    c. Framleiðsla verðlaunagripa og viðurkenninga v/fjarskiptaviðburða ÍRA 2021. Tilbúið: 14. október.
    d. Spóla fyrir 80 metra bandið á stangarloftnet TF3IRA. Pöntuð: 5. nóvember.
12. Næsti fundur stjórnar.
13. Fundarslit.

1. Fundarsetning.
TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.
Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð 5. fundar frá 28. september lögð fram.
Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

4. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli funda.
Formaður, TF3JB fór yfir og útskýrði innkomin og útsend erindi.

5. Staða félagssjóðs; skýrsla gjaldkera.
Staða félagssjóðs er góð, 1.737.145 kr. 161 félagi hefur greitt félagsgjald en 12 eru ógreiddir.

6. Helstu fjarskiptaviðburðir og félagsstöðin; skýrsla keppnisstjóra.
Helstu fjarskiptaviðburðir sem hafa verið að undanförnu eru CQ DX WW keppnirnar, en Covid-19 hefur verið að valda okkur vandræðum. Óskar Sverrisson, TF3DC lagði fram minnisblað með drögum að stefnumörkun stjórnar ÍRA um keppnisþátttöku félagsstöðvar og TF í alþjóðlegum fjarskiptakeppnum.

7. Félagsstarfið framundan í ljósi versnandi stöðu kórónufaraldursins.

a. Reglugerð ráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar 13.11. 8.12.2021.
Samþykkt var að setja á grímuskyldu; ekkert kaffi á boðstólum, þrír félagar mest samtímis í fjarskiptaherbergi og einn í QSL herbergi

8. Undirbúningur námskeiðs í febrúar-maí 2022.
Prófnefnd hefur verið að vinna í námsefninu. Búið er að senda þeim námsefni frá systur-samtökum okkar í Danmörku og í Svíþjóð. Námsefni hefur verið pantað frá Noregi. Stefnt er að námskeiðahaldi í HR í febrúar 2022 (með fyrirvara um stöðu faraldursins).

9. CQ TF, 4. tbl. 2021.

a. 4. tölublað kom út á heimasíðu félagsins 17. október.
Síðasta tölublað CQ TF á árinu kom út 17. október s.l. Það er alls 56 bls. að stærð.

b. Fundur ritnefndar 9. nóvember.
Ritnefnd blaðsins hélt 6. fund sinn á starfsárinu 2021/22 þann 9. nóvember s.l. Til umfjöllunar var m.a. útgáfa 75 ára afmælisrits ÍRA. Verkefnið er enn á umræðugrundvelli innan nefndarinnar.

10. Ástandsúttekt Reykjavíkurborgar á húsinu í Skeljanesi.

a. Forvinna VSÓ 9. nóvember.
Jónas Bjarnason, TF3JB mætti í Skeljanes kl. 14:15 þann 9. nóvember. Á staðnum voru fulltrúar VSÓ og Borgarinnar, auk fulltrúa annarra leigjenda í húsinu. Fram kom m.a. að okkar hluti var reistur árið 1934 en sá hluti sem Oddur, Sniglarnir og vatnstjórar SVR hafa til afnota var reistur árið 1974. Öll rými hússins voru skoðuð og ljósmynduð hátt og lágt.

b. Úttekt fagteymis VSÓ 11.-12. nóvember.
Úttekt fagteymis VSO fór fram 11.-12. nóvember. Niðurstöður höfðu ekki borist til félagsins fyrir fundinn.

c. Vettvangsskoðun starfshóps borgarinnar 15.1.2021.
Formaður, TF3JB fór stuttlega yfir aðdraganda ástandsúttektarinnar. Um er m.a. að ræða vettvangsskoðun starfshóps borgarinnar í byrjun 15. janúar 2021. Formaður vísaði á greinargerð í ársskýrslu 2020/21, bls. 169-170 til frekari upplýsingar.

d. Tillaga að nýju deiliskipulagi; skýrsla dags. 26.6.2020.
Formaður, TF3JB fór stuttlega yfir tillögu að nýju deiliskipulagi „Nýi Skerjafjörður" sem ennfremur er kynnt í ofangreindri ársskýrslu félagsins (bls. 170).

11. Önnur mál.

a. Samantekt og vinnsla heildarupplýsinga um QSL stofur aðildarfélaga IARU frá 7.10.2021.
Formaður, TF3JB kynnti framlagða samantekt heildarupplýsinga um QSL stofur aðildarfélaga IARU í heiminum. TF3JB vann verkefnið fyrir QSL stjóra félagsins í ljósi þess, að QSL stofan þarf að skila tölvupóstfangi og/eða símanúmeri QSL stofa sem kort eru send til. Þessar nýju reglur tóku gildi i vor (2021). Upplýsingarnar voru ekki til heildstæðar áður og fékk QSL stjóri samantektina afhenda 7. október.

b. Tilnefning orðuþega til orðunefndar forsætisráðuneytis.
Send var tilnefning orðuþega til orðunefndar forsætisráðuneytisins þann 12. október. Formaður og varaformaður gengu frá erindinu með samráði við stjórn félagsins.

c. Framleiðsla verðlaunagripa og viðurkenninga vegna fjarskiptaviðburða ÍRA 2021.
Framleiðsla verðlaunagripa og viðurkenninga vegna Páskaleika, VHF/UHF leika og TF útileika félagsins á árinu 2021 fór fram í október. Brynjólfur Jónsson, TF5B skilaði skrautrituðum viðurkenningaskjölum 14. október og verðlaunagripirnir voru sóttir til Markomerkingar ehf., 15. október. Hugmyndin er að afhenda gripina fljótlega eftir að faraldurinn gengur niður. Ef það frestast fram yfir áramót er hugmyndin að bjóða viðkomandi að nálgast verðlaunin á opnunarkvöldum í janúar eða á aðalfundi 19. febrúar 2022.

Samþykktar voru þakkir til Brynjólfs Jónssonar, TF5B fyrir skrautritun viðurkenningaskjala vegna fjarskiptaviðburða félagsins á árinu 2021 (7 talsins).

d. Spóla fyrir 80 metra bandið fyrir stangarloftnet TF3IRA er komin í hús.
Formaður, TF3JB skýrði frá því að spóla fyrir 80 metra bandið fyrir Hustler 5-BTV stangarloftnet félagsins væri komin til landsins (gerð RM-80S). Hún var pöntuð frá WiMo í Þýskalandi og kostaði 16.082 krónur með öllum gjöldum.

12. Næsti fundur stjórnar.
Samþykkt að halda næsta stjórnarfund þriðjudaginn 18. janúar 2022 kl. 18 í Skeljanesi.

13. Fundarslit.
Formaður, TF3JB, þakkaði stjórnarmönnum góðan fund og sleit fundi kl. 19:30.

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson / TF3GS
Ritari ÍRA

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2021/22

Fundur nr. 7 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 18.janúar 2022 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varamaður og TF1EIN varamaður.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.

3. Fundargerð 6. fundar frá 17. nóvember lögð fram.

4. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli funda.

18.11.2021...*Erindi til: Þakkir stjórnar ÍRA sendar til USKA fyrir sendingu á félagsblaði þeirra, HBradio.*
18.11.2021...*Erindi frá: IARU R1. ECC ERC Recommendation 74-01; ábending um skjal til umsagnar.*
23.11.2021...*Erindi frá: IARU R1. Stöðuskýrsla um skipan vinnuhópa; „Shaping the Future of Amateur Radio".*
23.11.2021...*Erindi frá: Benedikt Sveinssyni, TF3T með ósk um endurinngöngu í félagið.*
23.11.2021...*Erindi til: Benedikts, TF1T með upplýsingum vegna endurinngöngu í félagið.*
29.11.2021...*Erindi frá: Benedikt Sveinssyni TF1T um internet tengingu Vodafone í Skeljanesi.*
30.11.2021...*Erindi til: Benedikts TF1T með upplýsingum um internet tengingu í Skeljanesi.*
07.12.2021...*Erindi til: Fjarskiptastofu. Ósk ÍRA um endurnýjun heimildar á 1850-1900 kHz vegna þátt. í alþjóðl. keppnum 2022.*
09.12.2021...*Erindi frá: Fjarskiptastofu. Jákvætt svar frá Fjarskiptastofu (FST) við ofangreindri ósk félagsins.*
07.12.2021...*Erindi til: Fjarskiptastofu. Þakkir fyrir afgreiðslu á endurnýjun heimildar á 160 metrum.*
10.12.2021...*Erindi til: Fjarskiptastofu. Umsókn um heimild fyrir starfrækslu endurvarpa á 1297 MHz.*
12.22.2021...*Erindi frá: Fjarskiptastofu. Bráðabirgðasvar við umsókn um heimild fyrir starfrækslu endurvarpa á 1297 MHz.*
25.12.2021...*Erindi frá: Luca Clary, IW7EEQ, Ambassador for Europe & Italy for the MFJ Enterprises Inc.*
31.12.2021...*Erindi frá: Áramótakveðjur frá IARU R1.*
10.01.2021...*Erindi frá: Hans Konrad Kristjánssyni, TF3FG. Ábending um fyrirkomulag amatörprófa í Þýskalandi.*

Yfirlitsblað... Vegna sendra orðsendinga til stjórnar á milli stjórnarfunda 6. og 7.
Nóvember: *Erindi frá:* Formanni til stjórnar (á milli funda): 18., 20., 22., 24., 25., 26., 27., 29., 30. (fyrri) og 30.11. (síðari).
Desember: *Erindi frá:* Formanni til stjórnar (á milli funda): 1., 2., 3., 5., 8., 10., 11., 15., 17., 22., 26. og 30.12.
Janúar (2022): *Erindi frá:* Formanni til stjórnar (á milli funda): 4., 6., 11., 12., 13. og 18.1.

5. Undirbúningur ársreiknings félagssjóðs 2021; skýrsla gjaldkera.

6. Undirbúningur aðalfundar laugardaginn 19. febrúar 2022.
   a. Ákvörðun um fundarstað.
   b. Fundarboð aðalfundar, sbr. 17. gr. félagslaga.
   c. Dagskrá aðalfundar, sbr. 19. gr. félagslaga.
   d. Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi, sbr. 29. gr. félagslaga.

7. Undirbúningur námskeiðs til amatörprófs í febrúar-maí.

8. Útgáfumál.
   a. CQ TF, 1. tbl. 2022 kemur út 28. janúar.
   b. Nýtt kynningarefni um amatör radíó og félagið kom út og var kynnt á heimasíðu 2. janúar.
   c. Ávarpsefni til nýrra félaga, 3. útgáfa, kom út 3. janúar.

9. Ársskýrsla ÍRA 2021/22.

10. Önnur mál.
   a. ÍRA fært listaverk að gjöf í tilefni 75 ára afmælis félagsins frá ORG ehf. (17. nóvember).
   b. Áttræðisafmæli Odds Helgasonar framkvæmdastjóra ORG ehf. (29. nóvember).
   c. Nýjung á heimasíðu ÍRA (1. desember).
   d. Endurnýjun FST á sérheimild á 1850-1900 kHz vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum fyrir árið 2022 (1. desember).
   e. Tenging ljósnets í Skeljanesi (9. desember).
   f. ÍRA færð afmælisgjöf í tilefni 75 ára afmælis félagsins frá SRAL (16. desember).
   g. TF2EQ virkjaði TF3YOTA í YOTA mánuði og tók þátt í „YOTA\|Round 3" keppninni 30. desember.
   h. Björgun loftnetsvirkis TF3IRA (13.-16. janúar).
   i. Síðasti stjórnarfundur starfsársins 2021/22; þakkarávarp formanns.

11. Fundarslit.

1. Fundarsetning og dagskrá.
Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Hann lagði fram meðfylgjandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.
Samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð 6. fundar frá 17. nóvember lögð fram.
Samþykkt samhljóða

4. Yfirlit yfir innkomin erindi á milli funda.
Formaður, TF3JB fór yfir og skýrði innkomin og útsend erindi.

5. Undirbúningur ársreiknings félagssjóðs 2021; skýrsla gjaldkera.
Greidd félagsgjöld fyrir starfsárið 2021 voru 162 en 11 voru feld niður um áramót. Staða félagsjóðs er 1.699.435. kr. Gjaldkeri vinnur að ársreikningi sem í framhaldi verður kynntur skoðunarmönnum reikninga til undirritunar.

6. Undirbúningur aðalfundar 19. febrúar 2022.
Stefnt er að því að halda aðalfund 2022 laugardaginn 19. febrúar kl. 13:00.

a. Ákvörðun um fundarstað.
Til skoðunar er að halda fundinn í safnaðarheimili Neskirkju líkt og í fyrra (2021). Hugsanlega þó í öðrum fundarsal í safnaðarheimilinu. Samþykkt að fela formanni og varaformanni að ganga frá leigu á fundarsal. Gangi það ekki eftir (ef allt er upptekið) er þeim falið að leita samninga annars staðar.

b. Fundarboð aðalfundar, sbr. 17. gr. félagslaga.
Fundarboð verður sent til félagsmanna í tölvupósti 28. janúar n.k. Það er ennfremur útgáfudagur 1. tbl. CQ TF en þar verður einnig birt tilkynning um fundinn. Fundarboð verður póstlagt sama dag til þeirra félaga sem ekki hafa tölvupóstfang.

c. Dagskrá aðalfundar, sbr. 19. gr. félagslaga.
Dagskrá aðalfundar er bundin í félagslögum. Samþykkt undir dagskrárliðnum að haft verði til hliðsjónar að ræða við sömu félagsmenn og síðast hvað varðar tilnefningar í embætti fundarstjóra og fundarritara.

d. Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi, sbr. 29. gr. félagslaga.
Engar tillögur um lagabreytingar bárust til félagsins innan tilskilins frests samkvæmt 19. gr. félagslaga, hvorki á tölvupóstfang né í pósthóf félagsins.

7. Undirbúningur námskeiðs til amatörprófs í febrúar-maí.
Stjórn félagsins hafði forgang um pöntun á námsefni frá SSA, EDR og NRRL. Efnið er allt komið í hendur prófnefndar til skoðunar. Félaginu hefur jafnframt borist ábending um námsefni og fyrirkomulag prófa í Þýskalandi frá Hans Konrad Kristjánssyni, TF3FG. Stefnt er að því að halda námskeið til amatörprófs á vormánuðum, hvorutveggja í stað- og fjarnámi í húsnæði HR. Fyrirvari er gerður vegna stöðu Covid-19 faraldursins hvað varðar endanlegar dagsetningar.

8. Útgáfumál.
a. CQ TF, 1. tbl. 2022 kemur út 28. janúar.
Mikið hefur borist af góðu efni í blaðið. Það er á áætlun 28. janúar og kemur út á heimasíðu félagsins á PDF-formi.

b. Nýtt kynningarefni um amatör radíó og félagið kom út og var kynnt á heimasíðu 2. janúar.
Efnið var kynnt 2. janúar á heimasíðu og FB síðum. Um er að ræða fjórblöðung sem verður settur á heimasíðu og prentaður í takmörkuðu magni í lit. Umbrot var í höndum Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS. Hugmyndin er að dreifa efninu til kynningar á aðalfundi 2022.

c. Ávarpsefni til nýrra félaga, 3. útgáfa, kom út 3. janúar.
Uppfært ávarpsefni til nýrra félaga kom út í 3. útgáfu þann 3. janúar. Um er að ræða fjórblöðung líkt og nýja kynningarefnið. Það verður sett á heimasíðu og prentað í takmörkuðu magni í lit. Umbrot var í höndum Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS. Hugmyndin er að dreifa efninu til kynningar á aðalfundi 2022.

9. Ársskýrsla ÍRA 2021/22.
Formaður, TF3JB lagði fram á fundinum til kynningar, vinnuhandrit að nýju ársskýrslunni (handrit dagsett 17.1.2022), en hún verður formlega lögð fram á prentuðu formi á aðalfundi 19. febrúar n.k. Skýrslan verður síðan til niðurhals á heimsíðu félagsins eftir fundinn. Ársskýrslan er alls 188 blaðsíður að stærð að þessu sinni.

10. Önnur mál.

a. ÍRA fært listaverk að gjöf í tilefni 75 ára afmælis félagsins frá ORG ehf. (17. nóvember).
Stjórn ÍRA þakkar kærlega fyrir gjöfina.

b. Áttræðisafmæli Odds Helgasonar framkvæmdastjóra ORG ehf. (29. nóvember).
Varaformaður, TF3DC var fulltrúi félagsins í afmælinu sem haldið var í salnum í Skeljanesi. Keyptur var konfektkassi og færði Óskar honum hann á staðnum. Afmælisbarnið þakkaði fyrir sig og þakkaði félaginu og félagsmönnum kærlega fyrir góða samvinnu í Skeljanesi.

c. Nýjung á heimasíðu ÍRA (1. desember).
Opnunarsíða heimasíðu ÍRA var uppfærð í desember. Í dálknum hægra megin er ný fyrirsögn: SDR VIÐTÆKI YFIR NETIÐ. Þar undir eru vefslóðir á SDR viðtækin fimm hér á landi sem eru í boði yfir netið, þ.e. Bláfjöll, Bjargtanga, Raufarhöfn, Vík í Mýrdal og Perluna. Aðeins neðar er fyrirsögnin TENGLAR. Þar undir eru vefslóðir á þrjár nýjustu ársskýrslur félagsins og þar fyrir neðan er slóð á undirsíðu CQ TF með öllum félagsblöðunum frá árinu 1964. Formaður gat þess að mikil ánægja væri með uppfærsluna.

d. Endurnýjun Fjarskiptastofu á sérheimild til notkunar á 1850-1900 kHz tíðnisviði vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum á árinu 2022 (7. desember).
Sérheimildin var endurnýjuð af Fjarskiptastofu fyrir árið 2022 þann 7. desember samkvæmt beiðni ÍRA.

e. Tenging ljósnets í Skeljanesi (9. desember).
Uppfærsla var gerð á nettengingu félagsins í ljósnet í fjarskiptaherbergi félagsins í Skeljanesi 9. desember. Benedikt Sveinsson, TF3T annaðist verkefnið en hann er starfsmaður Vodafone. Nethraði er mun betri eftir breytinguna. Benedikt rifjaði upp samning við Vodafone um fyrri tenginguna árið 2016 (við þáverandi stjórn). En samkvæmt því ber félaginu að láta koma fram á heimasíðu og í CQ TF upplýsingar þess efnis að Vodafone styrki félagið. Hugmyndin er að birta einskonar „styrktarborða“ á heimasíðu og í blaðinu. Útfærsla verður unnin í samvinnu við Benedikt.

f. ÍRA færð afmælisgjöf í tilefni 75 ára afmælis félagsins frá SRAL (16. desember).
Stjórn þakkar fyrir gjöfina sem þegar hefur verið tekin í notkun í fjarskiptaherbergi TF3IRA.

g. TF2EQ virkjaði TF3YOTA í YOTA mánuði og tók þátt í „YOTA“ keppninni 30. desember.
Kallmerkið TF3YOTA var virkjað 26., 29., 30 og 31. desember. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA, setti stöðina í loftið frá Skeljanesi á hádegi sunnudaginn 26. desember. Hún var m.a. virk í YOTA keppninni 30. desember og á gamlársdag. Síðasta daginn (31. desember) var hún QRV um QO-100 gervitunglið frá Skeljanesi.

h. Björgun loftnetsvirkis TF3IRA (13.-16. janúar).
12. janúar. Um kl. 14 miðvikudaginn 12. janúar uppgötvaðist, að einn af þremur fótum turnsins sem heldur uppi OptiBeam Yagi loftneti TF3IRA hafði brotnað frá festingunni, en mjög hvasst hafði verið í Skeljanesi dagana á undan. Vegna þessa hallaði turninn sjáanlega. Benedikt Sveinsson, TF3T (sem býr í nágrenninu) var snöggur á staðinn með bönd og strekkjara og upp úr kl. 15 var vinnu lokið við að treysta turninn eins vel og hægt var.
13. janúar. Vaskur hópur félagsmanna mætti í Skeljanes í birtingu daginn eftir (fimmtudag) til að treysta loftnetsvirkið. Georg Kulp, TF3GZ kom og rauf op í bárujárnsvegginn (sjávarmegin) á lóðinni til að opna aðgang að turnfestingunni. Sigurður Harðarson, TF3WS tók við og festi öflugan handstrekkjara til að rétta turninn af og var tóg bundið í dráttarkúluna á jeppabifreið hans til öryggis. Síðan festi Sigurður flatjárn við turnfótinn (þar sem festingin hafði brotnað). Bráðabirgðaviðgerð var lokið fyrir myrkur.
16. janúar. Mæting var í Skeljanes upp úr birtingu laugardaginn 16. janúar. Verkefni dagsins var að ljúka við að treysta loftnetsvirki TF3IRA. Það gekk eftir og var aðgerðum lokið um kl. 13. Turn, loftnet og rótor eiga því að standast íslenskt vetrarveður á ný. Sigurður Harðarson, TF3WS og Georg Kulp, TF3GZ kláruðu verkið í sameiningu. Sigurður hafði hannað og smíðað öflugan ramma sem boraður var á skorsteininn og náði utan um turninn. Þeir Georg Kulp, TF3GZ hjálpuðust síðan við að við að setja upp og stilla búnaðinn. Sigurður hafði einnig smíðað nýjan og öflugri „hjálparfót“ í stað þess sem hafði verið settur upp til bráðabirgða tveimur dögum fyrr.

Bókaðar voru sérstakar þakkir til þeirra Sigurðar Harðarsonar, TF3WS, Georg Kulp, TF3GZ og Benedikts Sveinssonar, TF3T fyrir aðkomu að verkefninu. Ennfremur þakkir til Henrys A. Hálfdánarsonar, TF3HRY og Þórðar Adolfssonar, TF3DT sem veittu ráðgjöf. Einnig þakkir til þeirra mörgu félagsmanna sem höfðu samband, ýmist til að fylgjast með framvinu verkefnisins eða bjóða fram aðstoð.

i. Síðasti stjórnarfundur starfsársins 2021/22; þakkarávarp formanns.
Formaður, TF3JB þakkaði stjórnamönnum fyrir frábært samstarf. Vel hafi heppnast að stýra félaginu í gegnum faraldurinn, nú annað árið í röð. Framlagt vinnuhandrit að ársskýrslu 2021/22 sýni svo ekki verði um villst, að gott starf hafi verið innt af hendi í þágu félagsmanna. Formaður sagðist að lokum vonast til að þeir stjórnarmenn sem eigi að hætta í embætti á aðalfundinum, gefi kost á sér áfram því vart sé hægt að hugsa sér betri menn til að vinna með í stjórn. Jónas sagðist hafa í hyggju að bjóða sig fram til endurkjörs í embætti formanns.

11. Fundarslit.
Formaður, TF3JB, þakkaði stjórnarmönnum og sleit fundi kl. 19:15

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson / TF3GS
Ritari ÍRA

ÚR FÉLAGSSTARFINU.

Andrés Þórarinsson TF3AM og Richard Desauliniers VE2DX í Skeljanesi 2018.

Brynjólfur Jónsson TF5B og Gísli G. Ófeigsson TF3GÍ Skeljanesi 2018.

Anna Henriksdóttir TF3VB og Elín Sigurðardóttir TF2EQ í Skeljanesi 2018. Í bakgrunni má m.a. sjá Eið Kristinn Magnússon TF1EM og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

VIÐAUKI-B

Yfirlit yfir tilgreind skjöl og sértækt efni sem vísað er til í skýrslunni

Efni	Dagsetning	Bls.
Starfsáætlun stjórnar ÍRA fyrir starfsárið 2021/22	6.5.2021	180
Ástandsskoðun í Skeljanesi	9.11.2021	182
Fundargerð stjórnar ÍRA og Prófnefndar (fyrri fundur)	10.8.2021	184
Fundargerð stjórnar ÍRA og Prófnefndar (síðari fundur)	17.8.2021	185
Skipulag námskeiðs ÍRA til amatörprófs 2021	22.3.2021	186
Listi yfir kallmerki sem nefnd eru í skýrslunni	13.2.2022	188
Vetrarstemning í Skeljanesi	31.12.2021	189

Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2021/22

Á fundi í stjórn ÍRA þann 6. maí 2021 var samþykkt starfsáætlun fyrir starfsárið 2021/22. Það er í samræmi við ákvæði í 9. gr. laga félagsins, þar sem segir m.a. að „varaformaður sinni starfsáætlun og framkvæmd hennar“. Áætlunin er birt hér á eftir.

Rekstur.
Stjórn félagsins mun halda stjórnarfundi samkvæmt áætlun sem samþykkt var á fyrsta fundi stjórnar, þ.e. u.þ.b. mánaðarlega og birta fundargerðir á heimasíðunni, á tilkynningatöflu í fjarskiptaherbergi og í CQ TF. Heimasíðan verður áfram miðpunkturinn í miðlun upplýsinga til félagsmanna og annarra. Útgáfu CQ TF verður haldið áfram en félagsblaðið er birt jafnóðum á PDF-formi á heimasíðu ÍRA.

Samskipti.
Áfram verðu lögð áhersla á fagleg og jákvæð samskipti og samstarf við Póst- og fjarskiptastofnun sem viðheldur því trausti sem félagið nýtur hjá stjórnvöldum. Það sama gildir um samstarf við aðildarfélög IARU og NRAU og annað alþjóðlegt samstarf.

Félagsaðstaðan.
Félagsaðstaðan og rekstur hennar er mikilvægur þáttur í starfi félagsins, þ.e. samkomusalur, fjarskiptaherbergi, kortastofa og smíðaaðstaða ásamt geymsluherbergi í kjallara. Almenn opnunarkvöld eru á fimmtudögum en til greina kemur að staðið verði fyrir viðburðum á öðrum vikudögum sem þá verða auglýstir sérstaklega.

Félagsstöðin TF3IRA.
Markmiðið hefur verið að félagsstöðin sé þannig búin að hún geti svarað þörfum félagsins með því að hægt sé að stunda fjarskipti í sem flestum tíðnisviðum radíóamatöra og á sem flestum tegundum útgeislunar. Áfram verður unnið að uppbyggingu á búnaði stöðvarinnar og viðhaldi og uppsetningu loftneta, ásamt því að einfalda skipulag og aðgang félagsmanna. Stuðlað verður að þátttöku í helstu alþjóðlegum keppnum og leikum og að stöðin sé opin og virk á opnunarkvöldum.

Fræðsludagskrá.
Fræðsludagskrár á haustmisseri og síðar vormisseri verða í boði og kynntar með góðum fyrirvara í CQ TF. Viðburðir verða einnig kynntir jafnóðum á heimasíðu félagsins. Stefnt verður að framboði viðburða á laugardögum og sunnudögum um sértæk málefni. Kannað verði með fjaraðgang félaga að fræðsluerindum og fundum félagsins í takt við almenna þróun á því sviði.

Miðlar.
Heimasíðan og samfélagsmiðlar verða áfram nýttir til upplýsingamiðlunar og samskipta við félagsmenn. CQ TF kemur áfram út á rafrænu formi (PDF) á heimasíðu félagsins og miðað við að gefin verði út fjögur tölublöð á starfsárinu.

Kynningarmál.
Áfram verður unnið að því kynna félagið fyrir almenningi. Heimasíða, blaðaútgáfa og samfélagsmiðlar sem lýst er að framan nýtast til kynningar fyrir áhugasama, auk kynningarefnis sem stjórn félagsins hefur útbúið. Stjórn ÍRA vill gera enn betur í stefnumótun og skilgreiningu á kynningarstarfi, þ.á.m. kynningu í fyrirtækjum og skólum og með kynningargreinum í dagblöðum og tímaritum, eftir því sem kostur er á. Sérstakt samráð verður haft við TF2EQ, ungmennafulltrúa ÍRA.

Námskeið.

Námskeiðshald til undirbúnings fyrir próf til amatörleyfis, hefur ávallt tilheyrt kjarnastarfsemi félagsins og mun svo verða áfram í góðri samvinnu við prófnefnd félagsins, TF3PW, umsjónarmann námskeiða ÍRA og Fjarskiptastofu.

Námskeiði er einmitt nýlokið (í júní 2021) sem mun ljúka mun með prófi til amatörleyfis 5. júní.

Áfram verður unnið að mótun stefnu um námskeiðshald, þ.m.t. uppfærslu námsefnis. Þá verður lögð áhersla á að skilgreina markhópa sem komi til með að endurspeglast í auglýsingum félagsins.

Myndin er af 4 staka OptiBeam OB4-20OWA Yagi loftneti TF3IRA sem sett var upp í Skeljanesi 25. nóvember 2018.

Endurvarpar / stafvarpar / radíóvitar.

ÍRA mun áfram styðja við uppbyggingu og viðhald endurvarpa í samráði við VHF stjóra ÍRA og vaxandi hóp félagsmanna með áhuga á því sviði.

Tíðnimál og önnur réttindi radíóamatöra.

Stjórn ÍRA mun áfram huga að núverandi réttindum okkar og verndun þeirra, auk þess að sækja um rýmri tíðnisvið og aukið afl í góðri samvinnu við stjórnvöld.

Til frekari upplýsingar og grundvallar. Tilvísun í lög ÍRA, 3. gr.:

Markmið félagsins eru að:

1. Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
2. Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
3. Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.
4. Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
5. Efla amatör radíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
6. Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radíóviðskipta.
7. Örva radíóíþróttir meðal radíóamatöra.
8. Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
9. Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amtör radíói á meðal ungs fólks.

Ástandsskoðun í Skeljanesi 2021

Ástandsskoðun 9. nóvember. TF3JB mætti í Skeljanes kl. 14:15 þriðjudaginn 9. nóvember. Á staðnum voru fulltrúar VSÓ og Borgarinnar, auk undirritaðs og fulltrúa annarra leigjenda í húsinu. Fram kom m.a. að okkar hluti hússins var reistur árið 1934 en sá hluti sem Oddur, Sniglarnir og vatnstjórar SVR hafa til afnota var reistur árið 1974.

Öll rými hússins voru skoðuð og ljósmynduð hátt og lágt. Síðan mætir teymi frá VSÓ á staðinn sem vinnur hina eiginlegu úttekt. Það er áætlað að hún fari fram á fimmtudaginn 10. og föstudaginn 11. nóvember.

Fram kom, að verkbeiðni Borgarinnar til verkfræðistofu felst í eftirfarandi liðum:

1. Meta ástand byggingar í heild.
2. Fyrirskrifa tillögur að viðgerðum á byggingum.
3. Kostnaðarmeta og gefa út kostnaðaráætlun byggðum á viðgerðartillögu.

ÍRA og ORG ehf., hafa leigt lengst í húsinu. Við fengum inni upp úr áramótunum 2003, en ORG ehf. fyrr. Miðstöð nýbúa sem hafði aðsetur í húsinu mun hafa flutt þaðan í árslok 2001.

Skeljanesi 9. nóvember. Til vinstri: Davíð Skarphéðinsson er byggingafræðingur og húsasmíðameistari með framkvæmdamat og ástandsmat sem sérsvið hjá VSÓ. Rúnar Ingi Guðjónsson er byggingarfræðingur BFÍ og verkefnastjóri framkvæmda og viðhalds hjá Borginni. Á myndina vantar þriðja manninn, Kristinn sem er starfsmaður hjá Rúnari Inga.

Ofangreindar upplýsingar voru kynntar á 6. stjórnarfundi starfsárið 2021/22; 17. nóvember 2021. Fram kom m.a. á fundinum að ákvörðunar Reykjavíkurborgar sé að vænta fyrir aðalfund ÍRA sem haldinn verður 20. febrúar 2022.

(Sjá nánar verkbeiðni borgarinnar nr. 209104 á næstu blaðsíðu).

Skeljanes 23 – (gamla Skeljungsvæðið Skerjafirði)

Verkbeiðni 209104
Skeljanes 23.

USK óskar eftir fyrir hönd eignasjóðs Reykjavíkurborgar, ástandsskoðun , tillögum á viðgerðum/uppgerð ásamt kostnaðarmati sambyggðum byggingum á lóð Skeljanes 23. Húsnæðið er dag leigt út til hinna ýmsu félagssamtaka m.a. til radíóamatöra og Sniglanna. Að auki hafa bílstjórar Strætó starfsmannaaðstöðu í húsinu. Niðurstöður kostnaðarmats verða hluti af ákvörðum eignasjóðs um framtíð bygginga á lóðinni Skeljanes 23.

Verkbeiðni til verkfræðistofu felst í eftirfarandi liðum:
1.Meta ástand byggingar í heild
2.Fyrirskrifa tillögur að viðgerðum á byggingum
3.Kostnaðarmeta og gefa út kostnaðaráætlun byggðum á viðgerðartillögum

Tengiliður verkkaupa:
Rúnar Ingi Guðjónsson
Verkefnastjóri framkvæmda og viðhalds
Sími/Tel.: +354 411 8133 / 891 9231 / 411 1111
runar.ingi.gudjonsson@reykjavik.is

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is

ÚR FÉLAGSSTARFINU.

Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður og Jónas Bjarnason formaður í heimsókn hjá ORG ehf. 3. mars 2021.

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2021/22

Fundur stjórnar ÍRA og prófnefndar í Skeljanesi 10. ágúst 2021 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3GS ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varamaður, TF3KX formaður prófnefndar og TF3VS ritari prófnefndar.

1. Fundarsetning og dagskrá.
TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:10. Farið var síðasta námskeið og þann áhuga sem er fyrir næsta námskeiði. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

2. Tímasetning fyrir næsta próf .
- Stefnan er sett á próf til amatörleyfis laugardaginn 11. desember.

3. Framkvæmdaratriði fyrir næsta námskeið.
- Stjórn ÍRA mun sjá um að auglýsa námskeiði
- Stjórn ÍRA mun sjá um að halda utan um þátttakendalista
- Stjórn ÍRA og námskeiðstjóri munu hafa samband við leiðbeinendur
- Prófnefnd er falið að skoða uppfærslu á námsefni
- Stjórn ÍRA mun sjá um samskipti við Fjarskiptastofu.

4. Kostir fjarkennslu eða staðkennslu.
- Rætt var um hvað væri hægt að gera mið stöðu mála og hvað aðstaða væri fyrir hendi til að halda námskeið. Fundarmenn voru sammála að stefna að því að þetta námskeið verði haldið í fjarkennslu.
- Internet aðgangur, tækjabúnaður, upptaka og staðsetning fyrir kennara. Farið var yfir málið og rætt; ýmsar lausnir. Niðurstaðan var að kennari muni koma í Skeljanes þar sem búnaður verður uppsetur og að hafa tæknistjóra sem getur aðstoða við útsendingu og upptöku.
- Rætt var um helsta hugbúnað sem notaður er við svona viðburði, ZOOM, Teems og Google Meet. TF3VS ætlar að ræða þetta við son sinn (TF3VH) sem er að vinna í málum af þessu tagi.

5. Sérstakur búnaður við kennslu
- TF3KX sýndi okkur myndavél sem hann hefur verið að nota við kennslu hjá sér. Stjórn ætlað að skoða vélar frá þessum framleiðanda.
- Kaupa þarf hljóðnema til að hengja á kennarann til að hljóð verði gott. Innbyggði hljóðneminn í fartölvum er ekki mjög góður.
- Passa þarf að lýsing hjá kennara sé í lægi. Skoða þarf hvort kaupa þurfi ljós

6. Aðdragandi og framkvæmd prófs, þ.e. upplýsingar til próftaka þegar próf nálgast.
- Hjálpargögn til aðstoðar í prófi að tilkynna fyrir 2 vikum fyrir próf (t.d. v/lesblindu).
- Skoða þarf útfærslu á því hvort prófin eigið að vera samliggjandi eða í sitt hvoru lægi eins og nú er.
- Rætt um með hvaða fyrirvara próftakar þurfi að tilkynna um þátttöku til að upplag sé nægilegt af prófum á staðnum. Hugmynd um að hafa það klárt með viku fyrirvara.
- Aðstaða fyrir próf þarf að uppfylla þær reglur sem verða á þeim tíma. Samstaða var um að prófið verði ekki á netinu, skoða á með þá sem ekki eru búsettir á suðvestur-horninu hvort aðstaða verði útveguð fyrir próftöku í heimahéraði.

7. Önnur mál.
- Stefnt að því að námskeið hefjist 4. október / próf 11. desember.
- Námskeiðsgjald ákveðið 22.000 kr.

9. Næsti fundur stjórnar og prófnefndar .
- **Þ**riðjudaginn 17. ágúst kl. 18:00

10. Fundarslit.
- Klukkan 19:20.

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson / TF3GS
Ritari ÍRA

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2021/22

Fundur stjórnar ÍRA og prófnefndar í Skeljanesi 17. ágúst 2021 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3GS ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varamaður, TF1EIN varamaður, TF3KX formaður prófnefndar, TF3VS ritari prófnefndar, TF3EK prófnefnd og TF3Y prófnefnd.

1. Fundargerð síðasta fundar frá 10. ágúst 2021 lögð fram og samþykkt.

2. TF3KX kynnti mögulega prófstaði á landinu; Hafnarfjörður, Akureyri, Egilsstaðir.
- Kostnaður ÍRA.
- Kostnaður þátttakenda.

3. Skýrsla TF3VS eftir viðræður við TF3VH um kaup á nauðsynlegum búnaði.

4. Fjárfestingar ÍRA ef hægt verður að fá afnot af húsnæði Menntaseturs HÍ við Lækinn í Hafnarfirði.
- Fartölva.
- Document myndavél.
- Hljóðnemi/hljóðnemar.
- Lýsing.
- Annað.

5. Hugsanleg samskiptaforrit.
- Zoom.
- Teams.
- Meet.

6. TF3JB kynnti uppkast að tilkynningu til innsetningar á heimasíðu ÍRA og FB síður.

7. Önnur mál.
- Samband/samráð við leiðbeinendur.

8. Fundarslit voru kl. 20:10.

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson / TF3GS
Ritari ÍRA

NÁMSKEIÐ TIL AMATÖRPRÓFS HALDIÐ Í FÉLAGSAÐSTÖÐU ÍRA Í SKELJANESI 22. MARS TIL 5. JÚNÍ 2021.

SKIPULAG NÁMSKEIÐS

NR.	VIKU- O. MÁNAÐARD.	KENNSLUEFNI	LEIÐBEINANDI
1.	Mánudagur 22. mars *Kl. 18:30-21:30*	DC-rásir, spenna, straumur og viðnám Lögmál Ohms. Afl, aflþol viðnáma Raðtenging og hliðtenging viðnáma Raðtenging og hliðtenging spennugjafa (rafhlaða)	**TF3HM**
2.	Þriðjudagur 23. mars *Kl. 18:30-21:30*	Rafsvið. Þéttir, hvað ræður rýmd Raðtenging og hliðtenging þétta Helstu gerðir þétta, hverfiþéttar Segulsvið, span. Sjálfspan Raðtenging og hliðtenging spólna Riðspenna, tíðni og fasi. Toppgildi og virka gildi sínus Spennar, vindingahlutfall og spenna, straumur	**TF3HM**
3.	Miðvikudagur 24.mars *Kl. 18:30-21:30*	Dæmaútreikningur úr DC-rásum Dæmaútreikningur um þétta (ekki þverviðnám) Dæmaútreikningur um spólur (ekki þverviðnám)	**TF3HM**
4.	Mánudagur 10. maí *Kl. 18:30-21:30*	Spenna og straumur í þétti (við sínussveiflu) Spenna og straumur í spólu (við sínussveiflu) 90°fasvik spennu og straums, á hvorn veg? Straumresónans við raðtengingu, lágt viðnám Spennuresónans við hliðtengingu, hátt viðnám Q og bandbreidd	**TF3KX**
5.	Þriðjudagur 11. maí *Kl. 18:30-21:30*	Notkun reiknigrafs Kvartskristall, helsta notkun Dæmaútreikningur um þverviðnám og resónans	**TF3KX**
6.	Miðvikudagur 12. maí *Kl. 18:30-21:30*	Hálfleiðarar. Díóður, leiðnistefna P/N skeyta NPN og PNP nórar, þekkja stýriskaut og hvernig snúa við veituspennu Afriðlun og mögnun Flokkur A, B og C	**TF3AU**
7.	Laugardagur 15. maí *Kl. 10:00-14:00*	Sínus ein tíðni, bjögun og yfirsveiflur Sumu- og mismunatíðni við blöndun/mótun LSB, USB, DSB-SC SSB með síuaðferð AM, umlykja, PEP	**TF3DX**
8.	Sunnudagur 16. maí *Kl. 10:00-14:00*	Bandbreidd mótaðs merkis Umlykjubjögun, skvettur Umlykjuskynjari og margfeldisskynjari FM og PM DSP	**TF3DX**
9.	Mánudagur 16. maí *Kl. 18:30-21:30*	Sveifluvakar, VFO, VXO, hlífistig (buffer), tíðnimargföldun Knýstig, aflmagnari Útgangssía, LP eða BP Lykling (mors) Prófsendirinn	**TF3HK**
10.	Þriðjudagur 17. maí *Kl. 18:30-21:30*	Dæmatími um prófsendi	**TF3HK**
11.	Miðvikudagur 18. maí *Kl. 18.30-21:30*	Skynjun á móttökutíðni, TRF og „direct conversion“ Viðtæki með millitíðni RF, LO, IF, BFO, AF, AGC Prófviðtækið	**TF3HK**
12.	Fimmtudagur 19. maí *Kl. 18:30-21:30*	Reynt að sameina degi á undan. Dæmatími um prófviðtækið annars á fimmtudag	**TF3HK**
13.	Þriðjudagur 25. maí *Kl. 18:30-21:30*	Loftnet. Straum- og spennumynstur rakið frá opnum enda Lengdir sem gefa resónans, háviðnáms og lágviðnáms Lengdir sem gefa spankennt og rýmdarkennt tvinnviðnám Val á fæðistað sem hentar sammiðjukapli, annars AUTO eða opin lína hálfbylgjutvípóll, kvartbylgjustöng, 3 staka Yagi Skautun og stefnuvirkni	**TF3DX**

14.	Miðvikudagur 26. maí *Kl. 18:30-21:30*	Dæmatími um loftnet Tíðni og bylgjulengd. LF, MF, HF, VHF og UHF Helstu tíðnisvið amatöra Jarðbylgja, kostur vaxandi bylgjulengdar Stökkbylgja (sky wave), heppileg tíðni innanlands og fyrir DX Dautt svæði (skip zone) Nöfn og röð jónhvolfslaga, D, E og F, hæð u.þ.b. Krítísk tíðni og MUF	**TF3DX**
15.	Laugardagur 29. maí *Kl. 10:00-14:00*	Fæðilínur. Bylgjuviðnám sem hlut. spennu og straums í sömu bylgju 50 Ω og 75 Ω kaplar og opin lína Skermur jarðtengdur, jafnvæg lína og balun Lauslegur samanburður á tapi, tap vex með SWR Bylgja í báðar áttir veldur standbylgju Standbylgja, spennu- og straummynstur (e. bylgja), skilgreining SWR SWR reiknað sem RL/ZO eða ZO/RL Kvartbylgjuspennir Aðlögun úti við loftnet eða inni við stöð, ATU	**TF3UA**
16.	Sunnudagur 30. maí *Kl. 18:30-21:30*	Truflanir. Yfirsveiflur, sníkjusveiflur, RF-afturverkun frá loftneti Yfirstýring tækis sem truflast LP-sía, HP-sía, rétt notkun við truflað tæki eða sendi Samháttarstraumur og kæfing hans Hindra RF straum út á húslagnir, einkum með LW Rétt stilling mótunar og afls, mótunarskvettur og lykilsmellir	**TF3UA**
17.	Mánudagur 31. maí *Kl. 18:30-21:30*	Dæmatími um fæðilínur og aðlögun Dæmatími um truflanir.	**TF3UA**
18.	Þriðjudagur 1. júní *Kl. 18:30-21:30*	Öryggisatriði varðandi rafmagn. Snertihætta. Einangrun með spenni, varnarsmáspenna Hlífðarjörð, tenging hennar í kló Tvöföld einangrun í stað hlífðarjarðar, merki Vör. Uppsetning loftneta. Sviðsstyrkur nærri loftnetum	**TF3AM**
19.	Miðvikudagur 2. júní *Kl. 18:20-21:30*	Reglur og viðskipti (nánar síðar)	**TF3DC**
20.	Fimmtudagur 3. júní *Kl. 18:30-21:30*	Farið í eldri próf og upprifjun	**TF3KX**
21.	Laugardagur 5. júní *Kl. 10:00-13:00*	Próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis. Raffræði og radíótækni Reglur og viðskipti Prófsýning	**PFS**
A1	Laugardagur í maí/júní	Félagsaðstaða ÍRA við Skeljanes heimsótt, þ.á.m. fjarskipta-herbergi TF3IRA og loftnet skoðuð. Þátttakendur í námskeiði gera prufuútsendingar undir kallmerki TF3IRA með stöðvarstjóra á staðnum.	**TF3PW/TF3JB**

ÚR FÉLAGSSTARFINU.

Jón G. Guðmundsson TF3LM í loftnetavinnu í Skeljanesi sumarið 2018.

Upplýsingar um TF kallmerki sem nefnd eru í skýrslunni. Í töflunni er skráð fyrsta blaðsíða þar sem kallmerki er birt.

KALLMERKI	BLS.	KALLMERKI	BLS.	KALLMERKI	BLS.
TF1A	19	TF3G	19	TF3VB	11
TF1AM	81	TF3GB	54	TF3VE	66
TF1APA	123	TF3GD	10	TF3VG	60
TF1APB	123	TF3GL	54	TF3VH	10
TF1EIN	6	TF3GN	134	TF3VP	125
TF1EM	11	TF3GS	6	TF3VS	9
TF1ET	59	TF3GZ	6	TF3WARD	4
TF1GW	47	TF3HK	18	TF3WK	133
TF1IRA	100	TF3HM	71	TF3WS	19
TF1JI	12	TF3HRY	71	TF3WZ	133
TF1MT	54	TF3HS	34	TF3XO	58
TF1MT-1	123	TF3ID	5	TF3Y	11
TF1OL	5	TF3IG	81	TF3YOTA	25
TF1RPB	123	TF3IRA	128	TF3YL	34
TF1RPE	123	TF3IRA-1Ø	123	TF3-Ø33	61
TF1SS-1	123	TF3IT	54	TF3-Ø44	62
TF1TJN	129	TF3JA	81	TF3-055	129
TF1VHF	123	TF3JB	6		
		TF3JL	49	TF4AH	87
TF2BE	5	TF3JON	6		
TF2CT	89	TF3KB	10	TF5AD	30
TF2EQ	11	TF3KD	34	TF5B	19
TF2LL	69	TF3KJ	54	TF5BW	54
TF2MSN	66	TF3KM	34	TF5RPD	123
TF2RPJ	123	TF3KX	10	TF5SS	123
TF2WIN	60	TF3LB	81	TF5TP	33
		TF3LJ	64		
TF3AB	11	TF3LM	58	TF6GE	153
TF3AC	148	TF3MH	11	TF6GI	33
TF3AM	28	TF3ML	12	TF6JZ	134
TF3AO	5	TF3NH	58	TF6M	56
TF3AU	71	TF3OM	5	TF6ØIRA	100
TF3AX	148	TF3OV	61	TF6-ØØ9	70
TF3AW	148	TF3PO	59		
TF3AWS	57	TF3PPN	5		
TF3BOI	70	TF3PW	6	TF7DHP	67
TF3BS	66	TF3RD	73	TF7V	34
TF3CE	126	TF3RJ	60	TF7ØIRA	100
TF3CG	68	TF3RPA	123		
TF3CZ	65	TF3RPF	123	TF8APA	123
TF3CW	64	TF3RPI	123	TF8GX	54
TF3DC	6	TF3RPK	123	TF8KW	66
TF3DT	58	TF3RPL	123	TF8IRA	100
TF3DX	10	TF3S	33	TF8KY	19
TF3E	11	TF3SB	10	TF8RN	19
TF3EA	33	TF3SE	148	TF8RX	100
TF3EK	7	TF3SF	46	TF8SM	54
TF3EJ	134	TF3SUT	126	TF8TN	60
TF3EO	154	TF3T	46	TF8TY	89
TF3EY	137	TF3TV	48	TF8YY	54
TF3FG	5	TF3UA	6	(Alls 149 kallmerki/hlustmerki).	

Vetrarstemning í Skeljanesi 31. desember 2021.